

Fornleifaskráning í Ólafsfirði



Ágústa Edwald, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson,
Sigríður Þorgeirsdóttir, Sædís Gunnarsdóttir og Uggi Ævarsson

Fornleifastofnun Íslands
FS320-04051
Reykjavík 2006



Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

© Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

*Mynd á forsiðu er af fjárhústóft í landi
Ytri-Ár EY-023:020*

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
2. Um fornleifaskráningu	6
3. Fyrri fornleifarannsóknir í Ólafsfirði	9
4. Byggðasaga	11
5. Fornleifaskrá	17
EY-022 Ytriá	19
EY-023 Syðriá	31
EY-024 Ósbrekka	39
EY-025 Ósbrekkukot	45
EY-026 Skeggjabrekka	49
EY-027 Garður	57
EY-028 Auðnir	63
EY-029 Þóroddsstaðir	66
EY-030 Hríúthóll	73
EY-031 Hringverskot	77
EY-032 Kvíabekkur	85
EY-033 Þverá	100
EY-034 Vermundarstaðir	102
EY-035 Bakki	111
EY-036 Bakkakot	114
EY-037 Hreppsá	116
EY-038 Reykir	124
EY-039 Karlsstaðir	137
EY-040 Hóll	143
EY-041 Grund	151
EY-042 Kálfsá	156
EY-043 Kálfsárkot	168
EY-044 Lón	171
EY-045 Vatnsendi	176
EY-046 Hólkot	180
EY-027 Burstabrekka	183
EY-048 Hornbrekka	192
EY-049 Brimnes	201
EY-621 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Þóroddsstaðahreppi	207
EY-622 Óstaðsetjanlegar fornleifar í Þóroddsstaðahreppi	207
EY-623 Lágheiði	208
6. Fornleifar og byggð	209
<i>Bæjarhólar og býli</i>	209
<i>Útihús og túngarðar</i>	211
<i>Kvíar og stekkir</i>	211
<i>Beitarhús og sel</i>	213
<i>Mógrafir og torfrista</i>	214
<i>Leiðir</i>	214
7. Niðurstöður	216
<i>Tölfræði og hættumat</i>	216
<i>Verndun og kynning minja</i>	220
8. Fornleifakort	223
Heimildaskrá	240

Kort

Kort 1, yfirlitskort	224
Kort 2, fornleifakort fyrir Ytri og Syðri Á	225
Kort 3, fornleifakort fyrir Ósbrekku, Ósbrekkukot, Skeggjastaði og Garð	226
Kort 4, fornleifakort fyrir Auðnir, Þóroddsstaði og Hríúthól	227
Kort 5, fornleifakort fyrir Hringverskot	228
Kort 6, fornleifakort fyrir Kvíabekk og Þverá	229
Kort 7, fornleifakort fyrir Vermundarstaði, Bakka og Bakkakot	230
Kort 8, fornleifakort fyrir Hreppsá	231
Kort 9, fornleifakort fyrir Reyki	232
Kort 10, fornleifakort fyrir Karlsstaði	233
Kort 11, fornleifakort fyrir Hól og Grund	234
Kort 12, fornleifakort fyrir Kálfsstaði og Kálfsstaðakot	235
Kort 13, fornleifakort fyrir Lón	236
Kort 14, fornleifakort fyrir Vatnsenda og Hólkot	237
Kort 15, fornleifakort fyrir Burstabrekku	238
Kort 16, fornleifakort fyrir Hornbrekku og Brimnes	239

1. Inngangur

Árið 2004 var gerður samningur milli Ólafsfjarðarkaupstaðar og Fornleifastofnunar Íslands (FSI) um skráningu fornleifa í sveitarfélaginu. Fornleifastofnun Íslands hafði áður unnið skráningu á svæðinu annars vegar árið 2000 vegna undirbúnings við hönnun Héðinsfjarðarganga og hinsvegar árið 2003 þegar unnin var skráning í landi Reykja vegna sumarbústaðabygðar. Sumarið 2004 hófst lokaáfangi skráningarinnar og sumrin 2004 og 2005 var meginþorri jarða í hreppnum skráður og eru niðurstöður þessara skráninga hér sameinaðar í einni skýrslu.

Efnisskipan í þessari skýrslu er svipuð og í öðrum skýrslum um skráningu fornleifa. Á eftir inngangi er kafli um fornleifaskráningu sem m.a. gefur yfirlit um löggjöf og aðferðir við fornleifaskráningu (2. kafli). Þá kemur kafli um fyrri fornleifaathuganir á svæðinu (3. kafli). Í kjölfarið fylgir byggðasögukafli með sérstökum undirkafla um aðferðir við fornleifaskráningu í kaupstöðum (4. kafli). Þá er birt skrá yfir fornleifar á svæðinu, (5. kafli). Í 6. kafla er samantekt um helstu minjaflokka og gefið yfirlit um sérkenni svæðisins. Að lokum eru svo settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á öllu svæðinu (7. kafli). Aftast eru minjakortin. Þar eru merktar inn skráðar fornleifar í hreppnum. Landamerki eru merkt inn þar sem upplýsingar fengust og eru þau fengin frá RALA. Engin ábyrgð er tekin á þeim.

Orri Vésteinsson safnaði upphaflega heimildum um fornleifar í hreppnum. Að skráningu í hreppnum unnu Orri Vésteinsson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Ágústa Edwald, Sigríður Þorgeirsdóttir og Uggi Ævarsson. Sædís Gunnarsdóttir sá um samhæfingu gagna, frágang og ritun þessarar skýrslu. Kort gerðu Sædís Gunnarsdóttir og Uggi Ævarsson. Rætt var við nokkra heimildamenn um svæðið og eru þeim öllum færðar kærar þakkir fyrir aðstoð og góðar móttökur. Listi yfir þá er aftast í skýrslunni.

2. Um fornleifaskráningu

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum og sér í lagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrir en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma.

Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum, og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum. ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförmum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu. Svæðisskráning er gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, aðalskráning fyrir aðalskipulagsgerð og deiliskráning fyrir deiliskipulagsgerð. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulegan hátt.

Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfunjarðnæðis.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðaðar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ... " Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mó gröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefð bundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 14. gr. þjóðminjalaga segir m.a.: „Nú telur ... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær

framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir ... skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum."

3. Fyrri fornleifarannsóknir í Ólafsfirði

Mikill áhugi var á fornaldarminjum í Danmörku í upphafi 19. aldar og lét konungleg nefnd um varðveislu fornminja þá skrá merkar minjar í öllu Danaveldi. Árið 1817 voru sendir út spurningalistar til sóknarpresta á Íslandi og þeir beðnir að gera grein fyrir fornum mannvirkjum og gripum í sóknum þeirra. Svörin sem bárust nefndinni á næstu árum eru mjög misjöfn að lengd og gæðum og frá sumum prestum komu engin svör. Þá var sóknarkirkja Ólafsfirðinga að Kvíabekk og var prestur þar Ólafur Þorleifsson. Hann nefnir nokkra fornleifastaði og má fyrst nefna hauga Vermundar og Karls sem getið er um í Svarfdælu. Hann nefndir að þrír ungir menn hafi reynt að rjúfa haug Vermundar en ekki tekist og sé hóllinn sennilega náttúrulegur. Hinsvegar sé þar við garður einn forn sem sé líklegri til að vera forn mannaverk. Einnig nefnir Ólafur Ausuhól í landi Vatnsenda þar sem annar formaður á að vera grafinn. Menn reyndu einnig að grafa hann en sýndist kirkjan standa í ljósum logum og hættu þá snögglega við verkið.¹ Reyndar var það svo að haugar fornmanna auk þingstaða, hofa og fornra sagna voru þær tegundir fornleifa sem mest ástæða þótti til að nefna á þessum tíma. Þessar áherslur voru að hluta til dregnar af spurningum nefndarinnar, sem greinilega hafði mestan áhuga á sýnilegum minnismerkjum um söguöldina, en reyndar lýsa þær líka almennri skoðun á fornminjum í byrjun 19. aldar. Þær áherslur áttu ekki eftir að breytast næstu áratugi en áhugi jókst hins vegar mjög á íslenskum fornleifum er leið á 19. öld. . Árið 1838 sendi Hið íslenska bókmenntafélag spurningalista til sóknarpresta á Íslandi til undirbúnings Lýsingu Íslands. Í svörunum geta flestir prestar um jarðir í sóknum sínum, eyðibýli, leiðir, bænhús og seljabúskap en segja fátt um aðrar fornleifar. Þegar spurningalistarnir bárust þjónaði sr. Ólafur Þorleifsson enn í sókninni en telur þá engar umtalsverðar fornleifar í henni.² Skipulegar rannsóknir á Íslendingasögunum áttu blómaskeið á seinni hluta 19. aldar, og voru þær, af hálfu Íslendinga að minnsta kosti, tengdar sjálfstæðisbaráttunni og þörf fyrir skýra mynd af eigin fortíð. Á þessum tíma gerðu menn sér grein fyrir að ein helsta leiðin til að sannreyna að hversu miklu leyti sögurnar segðu frá raunverulegum atburðum, væri að athuga staða- og leiðalýsingar þeirra. Í þeim tilgangi reið danski handritafræðingurinn Kristian Kalund um landið á árunum 1872-74, með

¹ FF: *Frásögur um fornaldaleifar*, 531-533

Íslendingasögurnar í farteskinu og kannaði staði og leiðir sem lýst er í sögunum. Kalund lagði mesta áherslu á að staðsetja atburði og staði sem getið er í Íslendingasögum og taldi hann fátt eftirtektarvert í hreppnum. Hann nefndir aðeins bæina Gunnólfsá, Karlsstaði og Kvíabekk en getur ekkert um fornleifar.³ Árið 1879 var Hið íslenska fornleifafélag stofnað og var markmið þess meðal annars að kanna forn mannvirki og einkum þau sem tengdust fornsögunum og samfélagi þjóðveldisaldar. Félagið gerði út leiðangra á sumrin en því miður virðast rannsóknarmenn félagsins ekki hafa stigið fæti við Ólafsfjörð og hefur ekki tekist að finna upplýsingar um aðrar fornleifarannsóknir þar. Þegar unnið var að könnun á mismunandi möguleikum á göngum milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar gerði Fornleifastofnun fornleifaskráningu á tveimur stöðum í Ólafsfirði, á Þverá og Kvíabekk annarsvegar og Skeggjabrekku og Ósbrekku annarsvegar. Kom sú skýrsla út árið 2001.⁴ Árið 2002 var Fornleifastofnun aftur á ferðinni í Ólafsfirði en þá skráði Elín Ósk Hreiðarsdóttir land Reykja vegna sumarbústaðabygðar.⁵ Fornleifarannsókn í landi Reykja og á Lágheiði í september árið 2004 var unnin af Fornleifastofnun Íslands fyrir Vegagerðina. Hún leiddi í ljós 3 tóftir og garðlag ásamt lítilli vörðu. Í skýrslu Magnúsar Á. Sigurgeirssonar um gjóskulög kemur fram að greining hans á þeim bendir til að minjarnar auðkenndar með nr. 3 og 4 séu frá því eftir 1300. Jarðlagaskipun bendir til þess að garðlagið (staður 2) hafi verið reist á undan mannvirki 1 (staður 1). En varðveisla jarðlaga undir garðlaginu bendir til að það hafi upphaflega verið hlaðið skömmu eftir landnám. Garðlagið hefur til dæmis verið reist fljótlega eftir landnám (staður 2). Heiðalöndin hafa aðallega verið nýtt sem beitiland fyrir sauðfé, og einnig hafa þar legið leiðir milli fjarða og dala. Líklega er tiltölulega snemma farið að nýta þessi svæði. Vísbending um hvenær það verður er bygging, sem líklega er yngri en 1300 (staður 3) og önnur tótt sem tilheyrir henni, einhvers konar aðhald (staður 4), sennilega má tengja þær sömu notum. Þegar byggt er mannvirki áfast við garðlagið (staður 1), er það vísbending um breytt eða aukin umsvif á heimalandi jarðarinnar (norðan við garðlag).⁶

² SSE: Sýslu- og sóknalýsingar Eyjajjarðar, 51-65

³ Kálund, Kristian: *Íslenskir Sögustaðir* III, 70

⁴ Orri Vésteinsson. *Fornleifakönnun. Jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar*. FS141-01061.

Fornleifastofnun Íslands.

⁵ Elín Ósk Hreiðarsdóttir: *Fornleifar í landi Reykja í Ólafsfirði* FS 196-03031, Fornleifastofnun Íslands

⁶ Aldred, Oscar: *Vegabætur á vegi frá Reykjum í Ólafsfirði upp á Lágheiði* Fornleifarannsóknir á Reykjum í Ólafsfirði og á Lágheiði Fornleifastofnun Íslands FS268-04281 Reykjavík 2005

4. Byggðasaga

Aðferðirnar sem hér verður beitt til þess að skoða byggð í Ólafsfirði eru þær að fyrst er gerð grein fyrir landnámi eins og frá því er sagt í Landnámabók en á grunni þess og örnefna, staðsetningu kumla og kirkna er hægt að setja fram tilgátur um hvaða jarðir byggðust fyrst. Kuml eru auðsjáanlega vísbending um byggð fyrir árið 1000, en kirkjur og bænhús eru yfirleitt talin hafa verið reist skömmu eftir kristnitöku. Nærtækasta skýringin á miklum fjölda guðshúsa á miðöldum er sú að þau hafi upphaflega verið byggð í heimagrafreitum, sem voru líklega við hvern bæ eins og kumlateigar í heiðni. Sé svo má nota bænhús eða kirkju sem vísbendingu um að viðkomandi bæ hafi verið komin í byggð á fyrri hluta 11. aldar. Jarðir þar sem kirkjur og bænhús hafa verið, eru að jafnaði stærri og dýrari en þær sem ekki höfðu slík hús og er því oft freistandi að álykta að minniháttar jarðir þar sem ekki hafa verið bænhús séu seinna til komnar, eða hafi að minnsta kosti ekki verið orðnar sjálfstæð býli á fyrri hluta 11. aldar. Ritaðar heimildir eru helstar Landnámabók, fornsögur og fornbréf.

Ólafsfjörður er frekar stuttur og eru snarbrött fjöll til beggja handa. Mjög undirlendisræma er meðfram vesturströndinni en nánast ekkert undirlendi er á austurströndinni. Inn af firðinum liggur um 15 km langur dalur til suðvesturs. Innan við fjarðarbotninn er Ólafsfjarðarvatn og innan þess eru víðlendir engjaflákar í botni dalsins en grónar brekkur ofan hans. Þær eru mjög grösugar og skiptast þar á mýrasund, grasbollar og lyngbrekkur, Úr botni dalsins liggja nokkrir afdalir, flestir kenndir við þá bæi sem eiga þá.⁷

Landnám skiptir miklu máli er byggðasaga sveitarfélaga er rannsökuð því þeir sem komu fyrstir gátu numið bestu löndin, höfðu mestra hagnuna að gæta og mótuðu oft þá byggð er fylgdi í kjölfarið. Ætla má að bæir hafi byggst snemma þar sem fóru saman góð skilyrði til búfjárræktar og fjölbreytileg hlunnindi, svo sem fjörubeit, sumarbeitiland, vetrarheit, reki, fiskveiði eða selveiði eftir því hvað við á. Landnámufrásagnir af svæðinu eru óglöggar. "Gunnólfr hin gamli ... fór síðan til Íslands; hann nam Ólafsfjörð fyrir austan til Reykjaár ok út til Vámúla ok bjó at

⁷ Steindór Steindórsson: *Lýsing Eyjafjarðar* I, 176-181

Gunnólfsá" Gunnólfur nam land við austanverðan fjörðinn en setti hinsvegar bú sitt að Gunnólfsá sem er í landi Ólafar bekks. "Úlfr víkingur ok Óláfr bekkur fóru samskipa til Íslands. Úlfr nam Úlfisdali ok bjó þar. Óláfr bekkur var son Karls ór Barkey af Hálogalandi ... Óláfr nam alla dali fyrir vestan ok Óláfsfjörð suman [eða sunnan] til móts við Þormóð [ramma í Siglufirði] ok bjó at Kvíabekki." Ólafur nam því vestanverðan fjörðinn. Hægt væri að samræma þessar frásagnir þannig að Gunnólfur hafi numið austanverðan fjörðin en flutt sig fljótlega að Gunnólfsá sem var innan landnáms Ólafs bekks og því sé frásögnin á þennan hátt. Hitt er eins líklegt að misræmið stafi af ókunnugleika Landnámuhöfunda og verður varla meira á þessu byggt en að landnámssagnir hafa verið tengdar við bæði Kvíabekk og Gunnólfsá á 12. og 13. öld. Engin kuml hafa fundist á svæðinu en þau eru órækur vitnisburður um byggð fyrir 1000.

Staðsetning kirkna og bænhusa gefur oft vísbendingar um elstu byggð, enda er talið að flest guðshús hafi verið komin til sögunnar fljótlega eftir árið 1000. Arnodds hins mikla á Kvíabekk er getið í Sturlungu er ekki annarsstaðar en ljóst er af samhenginu að hann hefur verið sveitarhöfðingi í Ólafsfirði og hefur Kvíabekkur þá þegar verið orðin miðstöð sveitarinnar undir lok 12. aldar. Kvíabekkur var orðinn staður í byrjun 14. aldar. Þá stofnaði Lárentíus Kálfsson Hólabiskup þar spítala fyrir aldraða presta á árunum 1323 til 1331. Sá spítali mun ekki hafa starfað lengi, sennilega aðeins í nokkur ár því að í sömu heimild og sagt er frá spítalastofnuninni er gefið í skyn að eftirmaður Lárentíusar hafi lagt spítalann niður.¹⁰ Eini miðaldamáldagi Kvíabekkjarkirkju er frá 1461 og sést afhonum að hún hefur þá verið sóknarkirkja allra Ólafsfirðinga og voru þá 24 bær í sókninni¹¹ - og má ætla að svo hafi verið frá 12. öld að minnsta kosti, þó kirkja hafi líka verið á Þóroddstöðum. Auk heimalands átti Kvíabekkjarkirkja Hringver og Þverárland - en það orðalag, "Þverárland" en ekki "Þverá", gæti bent til þess að jörðin hafi þá verið í eyði eins og margar aðrar smájarðir í þessum landshluta á 15. öld. Í máldaga Kvíabekkjarkirkju er getið um áðurnefnda kirkju á Þóroddsstöðum ásamt fjórum bænhúsum.¹² Vitað er að bænhús voru á Gunnólfsá (Ytriá), Hornbrekku og Kálfsá. Greinilegt er að þungamiðja hreppsins hefur verið við jarðir Þóroddsstaða og Kvíabekkjara. Sú

⁸ ÍF I, 245

⁹ ÍF I, 244

¹⁰ *Islenske annaler*, 269-271

¹¹ DI V, 256-257

¹² DI V, 355-356

síðarnefnda var talin landnámsjörð og þar var sóknarkirkjan. Á Þóroddsstöðum var einnig kirkja á miðöldum, þar var þingstaður Ólafsfirðinga og hún var líka hæst metna jörðin í hreppnum eða 50 hdr á miðöldum.¹³ Mest undirlendi og bestir landskostir í Ólafsfirði eru framan við Ólafsfjarðarvatn á dalnum vestanverðum og skýrir það líklega hversvegna þungamiðja byggðarinnar er einmitt þar.

Flestra lögbýla í Ólafsfirði, þar sem ekki stóðu guðshús, er getið í fornum ritum og skjölum, bæði í máldögum kirkna og sölu- og vitnisburðarbréfum. Árið 1195 er sagt frá nágrannaerjum bænda á tveimur bæjum í Ólafsfirði sem báðir hétu Brekka og lágu tún þeirra saman og enginn garður á milli að því best verður séð. Talið er víst að það muni vera Ósbrekka og Skeggjabrekka.¹⁴ Karlsstaða er fyrst getið í Svarfdælu.¹⁵ Syðri Gunnólfsár er getið í rekaskrá Hólastóls frá 1374 sem bendir til þess að þá hafi verið búið að skipta hinni fornu landnámsjörð í tvennt.¹⁶ Hreppsár er fyrst getið árið 1358 en jörðin varð síðar eign Hólastóls.¹⁷ Árið 1441 er Reykja fyrst getið er jörðin var seld, var þá metin á 30 hundruð en var síðan 20 hundraða jörð.¹⁸ Árið 1445 er Bakka getið í bréfi.¹⁹ Í jarðatali Hólastóls frá 1449 kemur fram að Burstabrekka, Hóll og Vermundarstaðir voru þá eign dómkirkjunnar.²⁰ Lón og Brimnes verða síðar eign dómkirkjunnar en jarðanna er getið í skrá yfir eignir hennar frá 1550.²¹ Einnig má hér minnst á frásögn úr Sturlungu sem á að gerast um 1187:

Björn hét maður. Hann var Gestsson. Hann bjó í Ólafsfirði þar er á Sandi heitir. Hann var fylgdarmaður Önundar [Þorkelssonar goðorðsmanns í Lönguhlíð í Hörgárdal] og þingmaður. Hann var mikilmenni og óeirinn um allt, bæði um menn og fjárluti. Hann dróst oft þá menn á hendur er óskil gerðu.²²

Ekki er vitað hvar þessi jörð var en í jarðabók Áma og Páls segir af eyðihjáleigu sem hét Sandkirkja og var í landi Hornbrekku.²³ Í bók Friðriks G. Olgeirssonar um sögu Ólafsfjarðar telur hann líklegt að í þessu koti hafi verið kirkja eða bænhús sem hafi síðar verið flutt að Hornbrekku en heimildir geta fyrst um bænhúsið þar á 15. öld.

¹³ Ekki er vitað um dýrleika Kvíabekkkjar frekar en annarra kirkjustaða.

¹⁴ *Sturlunga saga* II 81-182

¹⁵ ÍF IX 208

¹⁶ DI III, 277

¹⁷ DI III, 127

¹⁸ DI IV, 621-622

¹⁹ DI IV 663

²⁰ DI V, 38

²¹ DI XI, 862

²² *Sturlunga saga* I 129

Þessi kenning hans er studd þeim rökum að mannabein fundust í landi Hornbrekku þar sem prestsetrið gamla stendur nú og einnig fannst fornt eldstæði á svipuðum slóðum og sundlaug lafsfjarðar var byggð.²⁴

Margt er á huldu um þróun byggðar í Ólafsfirði á miðöldum en í ljósi þess sem hér hefur þegar komið fram má gera sér nokkrar hugmyndir um þróun byggðar. Þó vera megi að Gunnólfsá hafi verið númer fyrst og líklegt sé að menn hafi snemma sest að í brekkunum sitthvoru megin við ós Ólafsfjarðarvatns þá hefur þungamiðja byggðarinnar myndast í kringum landnámsjörðina Kvíabekk þar sem kirkja var byggð líklega á 11. öld. Ekki er vitað hve þingstaður var lengi á Þóroddsstöðum en örnefnið Aftökuvík er að finna í nágrenni bæjarins sem bendir til þess að þar hafi fólk verið tekið af lífi og finnast slíkir staðir oft í námunda við þingstaði. Auk Gunnólfsár, Hornbrekku og Skeggjabrekku - sem var næsthæst í dýrleika á eftir Þóroddsstöðum - bendir bænhusið á Kálfsá til að sú jörð sé öðrum eldri á austanverðum dalnum. Jarðir í hreppnum eru margar um 20 hundruð sem var meðaldýrleiki á miðöldum og er líklegt að þar hafi byggst sjálfstæðar meðalstórar jarðir úr úr landnámunum.

Ólíkt því sem var annarsstaðar á landinu var ekki mikil uppsveifla í byggð í Ólafsfirði á seinni hluta 17. aldar og virðist ekki hafa verið mjög þéttbýlt í hreppnum og byggð þar haldist stöðug um aldir. Á árunum 1915-40 var stunduð útgerð frá Syðriá og myndaðist þá þorpið Kleifar í landi jarðarinnar²⁵ en annars eru engar skráðar hjáleigur frá landnámsbýlinu Gunnólfsá. Ósbrekkukot var hjáleiga Ósbrekku fyrir 1712. Sýrnes og Skeggjabrekkukot byggðust úr landi Skeggjabrekku og eru nefnd í Jarðabók 1712, þá bæði í eyði. Einnig er talið að býlið Finnbogakot hafi verið byggt úr landi Skeggjabrekku.²⁶ Auðnir voru hjáleiga frá Garði sem og Pálskot sem var í byggð um aldamótin 1900.²⁷ Jarðabókin nefndir einnig Þórustaðakot sem byggðist frá Þóroddsstöðum í kringum 1700 en ekki er vitað hvort það var síðar í byggð.²⁸ Hrúthóll var einnig hjáleiga frá Þóroddsstöðum. Langflestar hjáleigur voru í landi Kvíabekkjar, flestar á dalnum upp af kirkjustaðnum. Jarðabók Árna og Páls nefndir Háfagerði og Bræðratungu.²⁹ Bakkavellir eru nefndir í sóknarlýsingu frá

²³ JÁM X, 37

²⁴ Friðrik G. Olgeirsson: *Hundrað ár í horninu* I, 12-13

²⁵ Sjá bók Friðriks G. Olgerissonar um byggðina á Kleifum

²⁶ JÁM X, 23

²⁷ BE 1990, 72

²⁸ JÁMX, 25

²⁹ JÁMX, 28

1839.³⁰ Í örnefnaskrá eru nefndar til viðbótar jarðirnar Þúfnavellir, Sveinavellir, Sesseljusel og Nýibær.³¹ Í Hundrað árum í horninu eru nefndar tvær hjáleigur til viðbótar, ef til vill hafa þær verið nefndar hér að framan, Hákot (gæti verði misritun fyrir Háfkot) og nafnlaus hjáleiga.³² Bergskot byggðist úr landi Vermundarstaða og var í byggð í stuttan tíma um aldamótin 1900.³³ Bakkakot var hjáleiga frá Bakka sem og Kálfsárkot sem byggðist úr Kálfsá. Lækjarbakki var afbýli frá Kálfsárkoti." Reykjakot var hjáleiga í byggð fyrir 1700 byggð úr landi Reykja.³⁵ Í Jarðabók frá 1712 eru nefndar Grænutóftir í landi Vatnsenda og gæti þar hafa veið býli.³⁶ Árið 1712 voru Neskot og Hallfríðarstaðir eyðihjáleigur.³⁷ Neskot var byggt aftur um og eftir aldamótin 1900. Jarðabókin greinir einnig frá Sandkirkju og Háskála hjáleigum í landi Hornbrekku.³⁸ Í landi hennar byggðist einnig þurrabúðin Sandvellir (gæti verið sama og Sandkirkja), og er búðin talin fyrsti vísir að kaupstaðnum.³⁹ Jarðabók Árna og Páls nefndir einnig býlið Mýrarlón í landi Brimness. Í sóknarlýsingu sem rituð var um 1840 er nefnt býlið Mýrnakot sem líklega er sama býlið.⁴⁰

Fornleifaskráning í þéttbýli er vandkvæðum bundin af nokkrum ástæðum.

Þyngst vegur að langstærstur hluti minja er yfirleitt horfinn vegna byggðar og framkvæmda sem henni fylgja. Sú er raunin einmitt á Ólafsfirði en byggð þar óx mjög ört snemma á 20. öld og því hefur staðsetning margra minja og örnefna sem tengdust upprunalegu bæjunum, Brimnesi og Hornbrekku, glatast. Í fornleifaskráningu er reglan sú að skrá staðsetningu minja jafnvel þótt engar leifar þeirra sjáist lengur á yfirborði. Ástæðan er tvíþætt: Annars vegar geta mannvistarleifar leynst undir yfirborði og komið í ljós við framkvæmdir eða annað umrót og hins vegar hafa fornleifafræðingar áhuga á að geta staðsett hús og önnur mannvirki og þannig gert sér í hugarlund hvernig menningarlandslagið hefur litið út, breyst og þróast í tímans rás. Rætt var við heimildamenn um staðsetningu horfinna minja og auk þess stuðst við fyrirliggjandi heimildir. Sú mikilvægasta er án efa kortin sem birt eru í bók Friðriks G. Olgeirssonar af elstu byggð á Ólafsfirði. Þau sýna staðsetningu einstakra

³⁰ SSE, 60.

³¹ Ö-Ól, 36

³² Friðrik G. Olgeirsson: *Hundrað ár í horninu* II, 187

³³ BE 1990, 102

³⁴ BE 1900 82.

³⁵ JÁM, X, 31

³⁶ JÁM, X, 35

³⁷ JÁM, X 36

³⁸ JÁM, X 37-38

³⁹ SSE, 58

⁴⁰ JÁM X 39, SSE, 58

bygginga og gefa ágæta mynd af þróun bæjarins á þessum uppgangstíma. Þrátt fyrir þetta reyndist ekki unnt að ákvarða staðsetningu nokkurra minjastaða en þeirra er engu að síður getið í fornleifaskránni.

Það er umdeilanlegt hvað á að skrá í þéttbýlisskráningu. Samkvæmt þjóðminjalögum teljast minjar 100 ára og eldri til fornleifa eins og rakið var í 2. kafla, þ.m.t. búsetulandslag í víðasta skilningi. Eins og gefur að skilja falla nokkur timburhús á Ólafsfirði undir þessa skilgreiningu, enda var kominn þar vísir að þorpi í upphafi 20. aldar. Hefð hefur skapast fyrir því í fornleifaskráningu að taka hnit á slíkum byggingum og segja stuttlega frá ástandi þeirra, ef þær á annað borð eru enn uppistandandi. Að öðru leyti er timburhúsum ekki lýst nákvæmlega, enda er húsakönnun sérhæfð vinna sem krefst annarskonar og meiri vinnu en svigrúm er fyrir innan ramma fornleifaskráningar. Í mörgum tilvikum mætti vafalaust finna ítarlegri heimildir en hér eru raktar um einstök hús, t.d. á skjala- og ljósmyndasöfnum. Rétt er að taka fram að þar sem byggð hefur verið þétt hafa vafalaust staðið mörg mannvirki í aldanna rás sem hvergi er getið í heimildum eða á kortum og enginn man eftir lengur. T.d. er líklegt að ofan við höfnina/lendinguna hafi staðið naust, sjóbúðir og annað sem tengist sjósókn um aldaraðir og eftir að kaupstaðurinn tók að byggjast má ætla að skepnukofar, skemmur og hjallar hafi verið við flest byggð ból á eyrinni þótt ekki hafi þótt ástæða til að geta þeirra í rituðum heimildum. Að lokum er rétt að geta þess að ekki er ætlunin að fjalla náið um sögu Ólafsfjarðarkaupstaðar sem slíks í þessari skýrslu, enda hafa aðrir gert það nokkuð vandlega.⁴¹

⁴¹ Sjá t.d. Friðrik G. Olgeirsson: *Hundrað ár í horninu* 1-III

5. Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skiptingjarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: Ey-022:001). Fornleifaskrá hvernar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki

númer jarðar eins og í Jarðatali Johnsens 1847

númer fornleifar á tiltekinni jörð

sérheiti

tegund fornleifar

hlutverk fornleifar

hvatstaða í gráðum og mínútum (WGS84 vörpun)

64°29.404N 21°57.216V

BO-104:025: Gömlugömluhús

Við það sund rétt við gamla veginn er einstakur klettur, Grautarklettur [104:023]... Upp af Grautarkletti eru gamlar húsanústir, sem nefndar eru Gömlugömluhús. Þar voru fjárhús endur fyrir löngu," segir í örnefnalýsingu. Rústir sem passa við þessa lýsingu eru 230 m austur af Grautarkletti en um 2,8 km NNA af bæ 001.

Vestan undir litlu og lágu klapparholi með hundabúfu eftir. Í kring eru hálfgrónir melar og mýrarsund til ákveitts, sundurgráfin af smálekjum. Þessar rústir eru ekki jafn eillilegar og hefði mót vænta af lýsingunni og nafninu. Leifar sjást af tveimur samstæðum, aflöngum húsum sem smá austur-vestur með dyr í vestur. Stærð alla 12 x 10 m og er milliveggur þykkari en úteggirnir. Veggjahæð er mest um 0,7 m en veggir eru mikið hundir inn. Sér samt víða í grjóti í þeim. Hovorki vottar fyrir gördum né höðu eða heyparði.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Höfn, 6-7

heimild sem vitað er í, náttúrufari og heimildaskýr

hættu sem stöðvar að fornleif, t.d. á framkvæmda eða náttúrufari

Uppplýsingar, útdráttur veggja svartur, þýðingarlitir á litaháttum

Dæmi um hvernig á skráning á dæmigerðum minjastað lítur út


hefur verið mannvirki (álagaþleittur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling

hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um ... " t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Túnakort fyrir EY-022 Ytri-Á

EY-022 Ytriá

20 hdr. 1712. Bændaeign. "Gunnólfr enn gamli ... nam Ólafsfjörð fyrir austan upp til Reykjaár ok út til Vámúla ok bjó á Gunnólfsá" (S 216)(ÍF I, 246). Einnig getið í Þórðar sögu hreðu. "18.4.1434: Jörðin Gunnólfsá ... liggur ... i Kvijabeckiar.ijngum" (DI IV 540). 1461: Ájörðin Kvíabakker viðreka frá ósi til þriðjungs á mótis við Gunnólfsá (DI V, 256). 1647 er jörðin send Eyjólfsi Arnfinnssyni fyrir 20 hdr. (DI V, 477-478). Einnig Gunnólfsá en á með því nafni skiptir löndum Ytriár og Syðriár og hafa þær upphaflega verið ein jörð. Háfagerði hjáleiga á 17. öld. Á jörðinni var bænhús. Á land milli Gunnólfsár og Þrætuskers. 1917: 5.1 ha. 1/3 slétt. 1839: "Þar er stórt tún og graslítið, helzt þegar hafis liggur við land, snögg og slitrótt engi innan um lyngmóa, en hagakvisti gott fyrir sauðfénað og landrými mikið í Árdölunum og Fossdal ... eru lendingar brúkanlegar, en slæmt undansátur upp á örðugan sjóarbakka." (SSE, 61) "Reki gefst ... stundum á Gunnólfsá talsverður, en aftur koma mörg ár í samfellu, sem hann er lítills verður." (SSE, 62) 1918: "Tún er 5,75 ha að stærð og gefur af sér 180 hesta. Það er í góðri rækt og er þriðjungur þess sléttur. Það er girt með gaddavírgirðingu sem er 475 m löng. Engjar eru snöggar og

eru bæði þurrlandar og votar. heyfengur er 160 hestar og er heyið gott. Bithagi er góður og víðlendur en er snjóþungur. hann hentar betur fyrir sauðfé en gripi. Sérstakt upprekstrarland fylgir jörðinni. Mótekja er góð en torfrista slæm." (HHII, 133) 1973: "Beitiland allgott, en vetrarþétt stopul vegna snjóþýngsla. Beitiland fyrir nautgripi er lítið annað en ræktað land." (BE II, 9 1990): "Tún liggja á undirlendinu norðan við bæinn niður að sjónum." BE 1990, 95 "Gunnólfsárjarðirnar þóttu jafnan brúklegar sauðjarðir og tilheyra þeim afréttarlönd, Árdalurinn og ströndin út með firðinum. Sauðfjárbættin hefur þó löngum liðið fyrir fádæma snjóþýngsli, einkum í Árdalnum, en á móti kom einhver fjörubeit á vetrum. Lífsbjörg var þó ekki síður að hafa úr sjónum og var útgerð alla tíð stunduð af kappi frá bæjunum ... Einhver reki slæddist einnig upp í fjöruna og gerir enn." (BE 1990, 70)

EY-022:001 Gunnólfsá bæjarhóll bústaður 66°05.568.N 18°38.741.V
"Bærinn er yst húsa að Kleifum, utan við Gunnólfsána sem skilur að lönd Syðri- og Ytri-Ár", segir í örnefnaskrá. "Bærinn á Ytri-Á hafði lengi verið meðal reisulegustu bæja í Ólafsfirði en var um aldamótin 1900 orðinn gamall og mjög farinn að láta á sjá. Þar voru öll hús eða einingar til staðar: Bæjardyr, tvær skemmur, stofa og skáli, eldhús, búr og baðstofa." segir í bókinni Byggðin á Kleifum. Núverandi íbúðarhús er þar sem gamli bærinn stóð, á harla breiðum en ávölum hóli. Ytri-Á fór í eyði árið 1985 en afkomendur síðustu ábúenda hafa notað húsið mikið til frílystunar. Bærinn stendur á ávölum og grösugum hóli og liggja tún á undirlendinu norðan bæjar, niður að sjó. Ekkert sést lengur af gamla bænum en tvílyft steinhús er nú á sama stað og eldri bær stóð. Húsið stendur hátt, á víðáttumiklum og ávölum hóli, hér um bil 60 m norðvestan við fjöru. Hóllinn er greinilega að hluta, jafnvel stærstum hluta, náttúrulega myndaður þótt upphleðsla mannvistarlega hafi bæst við. Á milli húss og fjöru eru tún, smáhæðótt. Í bókinni Bærinn á Kleifum er lýsing á gamla bænum á Kleifum um 1900. Þar segir: "Þar voru öll hús eða einingar til staðar: Bæjardyr, tvennar skemmur, stofa og skáli, eldhús, búr og baðstofa. Framhliðin var stór og reisuleg eða hafði verið það. Bæjardyrnar, sem voru sérstakt hús, voru 5,65x1,9 metrar. Í miðjum bæjardyrnum voru dyr til beggja handa. Lágu aðrar þeirra til skála en hinar til stofu. Skálinn var 3,8x2,2 metrar á stærð en stofan með afhúsi var 5,65x2,5 metrar. Um innra útlit þessara húsa er ekkert hægt að segja með vissu en yfirleitt var skáli þiljaður og notaður til geymslu margvíslegra hluta. Við hliðina á skálanum voru tvær jafnstórar skemmur, 8,8x2,5 metrar að stærð. Þær mynduðu framhlið bæjarins ásamt þeim húsum sem þegar hafa verið nefnd en óvíst er hvort innangengt hafi verið í þær úr skálanum eða aðeins dyr á gaffi. Í skemmunum voru geymd verkfæri og matvæli. Geymslupláss á Ytri-Á var meira en gerðist á öðrum bæjum í Ólafsfirði. Úr bæjardyrnum lágu göng inn eftir bænum að baðstofu. Á leiðinni voru dyr til beggja handa, að búi og eldhúsi. Búið var 3,8x1,9 metrar að stærð en eldhúsið 4,4x1,9 metrar. Innst var baðstofan. Hún var stærsta hús bæjarins, 10x3,8 metrar. Á hlaðinu stóð 3,45x2,8 metra hjallur. Fjós var fyrir fimm kýr, fjárhús fyrir 106 kindur og hlöður sem tóku 200 hesta afheyi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917, BE 1990, 95 og Byggðin á Kleifum, 23.

EY-022:002 heimild um útihús 66°05.564.N 18°38.766.V
Örfáum metrum sunnan við bæ 001 mun hafa verið útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Á hólum hvar bær 001 stendur; hlaðinu. Engin ummerki gamalla bygginga. Steyptur súrheysturn er rétt við þar sem útihúsin voru.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-022:003 heimild um útihús 66°05.574.N 18°38.733.V
Örfáum metrum norðaustan við bæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Á þeim slóðum sem húsið hefur staðið er nú sleginn blettur umhverfis núverandi íbúðarhús og snúrastaður. Engin ummerki gamalla húsa sjást á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-022:004 þúst útihús 66°05.535.N 18°38.664.V
Um 100 m suðaustur af bæ 001 eru tóftabrot þar sem útihús er merkt inn á túnakort frá 1917. Tóftasvæðið er á sjávarbakkanum neðan við bæ 001. Eiginlegar tóftir ekki sjáanlegar en sokknar leifar tóftabrota eru greinilegar, á svæði sem er um 15 X 8 m austur-vestur. Þústasvæðið rennur saman við þúfnabakka umhverfis.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

EY-022:005 heimild um útihús

66°05.609.N 18°38.781.V

Um 80 m norðnorðvestur af bæ 001 var útihús samkvæmt túnakort frá 1917.

Slegið tún.

Engin ummerki mannvirkja eru sjáanleg fyrir utan smávægilegar ójöfnur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-022:006 heimild um útihús

66°05.660.N 18°38.730.V

Um 150 m NNA við bæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917.

Í túni - syðst á ávöllum hólrana.

Engin afgerandi ummerki eru sjáanleg um húsið fyrir utan að á svæði sem er um 4 X 4 m stórt er gras heldur dekkra en umhverfis.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-022:007 heimild um útihús

66°05.663.N 18°38.722.V

Tæpa 10 m norðaustan við fornleif 006 og um 160 m NNA af bæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917.

Í túni. Vegarslóði í sumarhús liggur fast austan við svæðið. Húsið hefur verið á sama ávala hólrana og fornleif 006.

Engin ummerki sjáanleg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-022:008 Kirkjuhóll þúst bænhús

66°05.590.N 18°38.653.V

Bænhús var á Ytriá. Í Jarðabók Áma og Páls frá 1712 segir: "Bænhús er sagt að hjer hafi að fornu verið, og stendur hjer eitt skemmuhús, sem so kallast." Örnefnið Kirkjuhóll í túni hefur varðveist og gefur vísbendingu um staðsetningu hússins. Í örnefnaskrá segir: "Sitt hvoru megin sjávargötunnar upp eftir túninu eru Syðri- og Ytri-Dagsláttar Norðan við Dagsláttur er Mjóastykki og utar Breiðastykki, en ofan við það er Kirkjuhóllinn", Kirkjuhóll er tæpa 80 m norðaustur af bæ 001. Í Hundrað árum í Horninu segir: "Um 1940 þegar verið var að grafa fyrir húsi að Gunnólfsá komu upp mannabein. Sýnir það að greftrun hefur verið þar að kirkju í fyrndinni."

Í túni.

Hóllinn er flatur í kollinn, um 10 X 8 m stór og snýr norður-suður. Ekki má greina eiginlegar hleðslur en þó er áberandi rask á hólnum. Austantil á honum er

1712: Bænhús er sagt að hjer hafi að fornu verið, og stendur hjer eitt skemmuhús, sem so kallast; JÁM X, 19 "Sitt hvoru megin sjávargötunnar upp eftir túninu eru Syðri og Ytri Dagsláttar Norðan við Dagsláttur er Mjóastykki og utar Breiðastykki, en ofan við það er Kirkjuhóllinn." - "Í sambandi við Kirkjuhóllinn ... má á það minnst, að fyrir 36 árum (1928) fundust þar þrjár mannabeinagrindur. Litlu var þar rótað og lokað aftur, en þar eru án efa fleiri. Beinagrindurnar lágu allar, eins og rétt er talið að kristinna manna hætti. Við engu hefur verið hreyft þarna síðan og ekki rannsakaður staðurinn, sem vert þó væri." ÖDÓL, 6D7 gryfja, um 1,5 m á kant en á háhólum er lítill þúfnablettur, um 4 m á kant. Hóllinn rís hæst mót suðaustri. Í örnefnaskrá segir ennfremur um hólinn: "Í sambandi við Kirkjuhóllinn ... má á það minnst, að fyrir 36 árum (1928) fundust þar þrjár mannabeinagrindur. Litlu var þar rótað og lokað aftur, en þar eru án efa fleiri. Beinagrindurnar lágu allar, eins og rétt er talið að kristinna manna hætti. Við engu hefur verið hreyft þarna síðan og ekki rannsakaður staðurinn, sem vert þó væri."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 19; Ö-ÓL, 6-7; HH I, 17

EY-022:009 Taðþúfa örnefni

66°05.599.N 18°38.627.V

"Utan við [Kirkjuhóllinn - 008] er Taðþúfan, eða eiginlega norðan í hólnum", segir í örnefnaskrá. Á milli Kirkjuhóls 008 og uppistandandi fjárhúsa er hólrani og var það Taðþúfa.

Í túni.

Á milli Kirkjuhóls og fjárhúsa er grösugur hólrani sem teygir sig til suðausturs. Þar mun að líkindum tað hafa verið þurrkað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-ÓL, 6

EY-022:010 Gerði örnefni

66°05.608.N 18°38.520.V

"[utan og ofan við Taðþúfu 009 og Kirkjuhól 008] eru Efra- og Neðragerði, og Húsálækur rennur fram þar norðan við, í jaðri gamla túnsins.", segir í örnefnaskrá. Um 100 m norðvestur af bæ 001 er Gerði.

Neðan við núverandi fjárhús er tún sem nær niður að sjávarbakka.

Túnið sem nær frá núverandi fjárhúsum niður á sjávarbakka kallast Gerði. Heimildamenn kannast ekki við Efra- og Neðra-Gerði. Ekki er úr vegi að álíta að eldri fjárhús hafi staðið þar sem núverandi fjárhús eru og Gerðin verið í samhengi við fjárhúsin. Bæði norðan- og sunnan við eru örnefni sem benda til fjárhúsa, Húsálækur 011 og Húsavík 018 sunnan við.

Hættumat: hætta

Heimildir: Ö-Öl, 6

EY-022:011 Húsálækur örnefni

66°05.628.N 18°38.532.V


"[utan og ofan við Taðþúfu 009 og Kirkjuhól 008] eru Efra- og Neðragerði [010], og Húsálækur rennur fram þar norðan við, í jaðri gamla túnsins", segir í örnefnaskrá. Um 180 m norðaustur af bæ 001 er Húsálækur.

Húsálækur hefur markað norðurmörk gamla túnsins þótt það nái nú lengra til norðurs. Samkvæmt túnakorti frá 1917 hafa þá engin hús staðið við Húsálæk. Hugsanlega er lækurinn kenndur við forn hús, þ.e. Háfagerði/Kotstún 014.

Vélgrafið hefur verið í Húsálækinn sem nú rennur suðvestan við Kinnina, ofar, en svo suðvestan við Kotsnef og að endingu ofan í Húsavíkina. Lítil göngubrú er á læknum, á neðri leiðinni út ströndina að vitanum; Fossdali; Hvanndali. Hugsanlegt er að Húsálækur sé kenndur við Háfagerði (014) eða eitthvert eftirtalinna húsa 004, 005, 006 eða 007.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Öl, 6



EY-022:013
úthúsatóft

EY-022:012 Hesthúsvöllur örnefni hesthús

66°05.631.N 18°38.771.V

"Ofan við túngötuna er Hesthúsvöllur", segir í örnefnaskrá. Um 100 m NNV bæjar 001 er slegið tún sem nefnist Hesthúsvöllur. Slegið tún sem er nokkurskonar tjaldstæði.

Á sléttuðum túninu eru tvær þústir. Sú eystri er raunar bara stórt grjót en hin er stór, hörð þúfa. Annars eru engin ummerki gamalla bygginga. Líklegt er að eitthvert eftirtalinna húsa 004, 005, 006 eða 007 sem merkt eru inn á túnakort frá 1917 séu það hesthús sem völlurinn er viðkenndur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Öl, 6

EY-022:013 tóft útihús

66°05.636.N 18°38.661.V

"Utan við Húsálækinn [011] heitir Kotstún. Þar er Kotnefsslétta yzt. [...] [Utan við] Maðkavík ... er Kotsnef. Kotsbakkaklöpp er niðri í víkinni en Kotsbakkinn nokkru ofar.", segir í örnefnaskrá.

Um 140 m norðaustur af bæ 001 er tóft í Kotstúni. Líklegast er þó að

tóftin sé að útihúsi fremur en koti og kotsömfefnið eigi fremur við Háfagerði (sjá 014)

Óslétt túnhorn - gömul heyvinnsluvél, rekaviður og grjót er á svæðinu. Tóftin er fast suðvestan Húsálækjar. Tóftin er eitt hólf og er opin til suðvesturs. Hún er um 6 X 4 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Byggingin virðist þó ekki mjög gömul og ber nokkuð það yfirbragð að hafa verið hróflað upp í skyndi. Ekki er grjót að sjá í hleðslum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Öl, 6, 7

EY-022:014 Háfagerði bæjarstæði býli

66°05.692.N 18°38.471.V

Í Jarðabók Áma og Páls frá 1712 segir: "Háfagerde. Forn eyðihjáleiga utanvert við heimatúnið, hefur í auðn verið yfir 20 ár, og so áður köflum saman ... Kvöð var skipsáróður þar heima, sem helst orsakaði bygging þessarar hjáleigu. Fóðrast kunni i kýr naumlega þegar bygt var. Ekki má hjer aftur upp byggja, því túnið er í hrjóstur upp blásið." Í örnefnaskrá segir um sama stað: "Sunnar og ofar [en Kotstún - 013] er Háfagerði. (Háfagerði: Jarðab. ÁM.)" Heimildamenn hafa skilið það sem svo að Háfagerði og Kotstún sé sami bærinn, þ.e. bær Gunnólfs landnámsmanns. Hann á að hafa staðið um

300 m norðaustur af bæ 001, á hólruna.

Mikill og grösugur hóll eða hólrani er á þessum stað. Hann rís mót suðaustri. Af hólnum sér vel yfir Kleifamar og lengst inn í sveit og þykir mönnum því sennilegt að á hólnum hafi fyrsti bærinn staðið. Hvorki tóftir né tóftabrot eru sjáanleg á hólnum enda kafgras á honum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 20; Ö-ÖL, 6

EY-022:015 Kvíaból þúst kvíar

66°05.723.N 18°38.793.V

"Kvíabólið var þar sunnan við [Háfagerði - 014], en þar er nú jafnan nefnt hæðin. [...] Þar sem gömlu kvíarnar voru, heitir Kvíabölsslétta.", segir í örnefnaskrá. Kvíabölsslétta er um 300 m norður af bæ 001. Kvíarnar voru alveg nyrst í túni, við gaddavírgirðingu.

Örlítill tóftabrot á mjórri, vallgróinni, tungu sem teygir sig til suðurs. Ekki hægt að greina eiginlega tóftalögun, einungis að tóftin hefur staðið á þessum stað.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-ÖL, 6

EY-022:016 Hornhúsaslétta örnefni útihús

66°05.678.N 18°38.774.V

"Kvíabólið [015] var þar sunnan við [Háfagerði - 014], en þar er nú jafnan nefnt Hæðin. Svo er Hornhúsaslétta, sem liggur að heimreiðinni", segir í örnefnaskrá. Hornhúsaslétta er um 200 m norður af bæ 001.

Í sléttuðu túni.



EY-022:019 Stekkjartóft í Stekkjarvík

Börn byggðu sér bú, lítinn kofa, á Hornhúsasléttu og léku sér að hornum. Ekki er vitað hvort búið var byggt ofan í gamalli tóft eða hvort örnefnið er dregið af barnabúinu. Á svæðinu sjást ekki tóftabrot, aðeins lítill og ávalur hóll. Ekki er alveg á hreinu hvort téð Hornhús hafi staðið hér því mögulega geta þau hafa verið þar sem fornleifar 004 eða 006 eru.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-ÖL, 6

EY-022:017 Bæjarvík náttúrumin lending

66°05.513.N 18°38.679.V

"[Utan við túnið] verður fyrst fyrir lendingin, sem heitir Bæjarvík.", segir í örnefnaskrá. Lendingin var um 120 m SSA af bæ 001.

Á þessum stað er löng grjótfjara sem snýr austurvestur. Hún er um 100 m löng og 10-20 m breið (inn til lands). Engar flúrur eru sjáanlegar úti fyrir landi en þó kann að hafa verið ágætis lending frá náttúrunnar hendi á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-ÖL, 7



Stekkjartóft EY-022:019 horft til austurs

EY-022:018 Húsavík örnefni útihús

66°05.587.N 18°38.464.V


"[Utan við túnið] verður fyrst fyrir lendingin, sem heitir Bæjarvík [017]. Þá er Bæjarklöppin og því næst Húsavík, Húsavíkurnef og Maðkavík", segir í örnefnaskrá. Um 200 m austur af bæ 001, fyrir neðan (austan) steypt fjárhús, er fjara.

Á þessum slóðum er hnúllungafjara, um 80 X 10-20 m austur-vestur.

Engin merki bygginga eru alveg í eða við fjöruna þótt fjárhús 011 standi nokkuð vestur frá og ofan við fjöruna sem gæti skýrt örnefnið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-ÖL, 7



EY-022:020, tóftir A og B

skiptist í 3 hólfi og er innangengt á milli hólfa. Ekki er grjótt að sjá í hleðslum. Mesta hleðsluhæð er um 0,8 m. Tóft er opin til norðvesturs og eru hólfin svipuð á stærð, miðjuhólfi þó stærst.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 7, 9

EY-022:019 Stekkjarvík tóft stekkur

66°05.908.N 18°37.828.V

"[Utan við Kotslækinn - 013] er Helgunöf og Helguvík, því næst Breiðanöf og Hleinarfjara, Stekkjarhleinn og Stekkjarvík. [...] Næst er Stekkjarnef, og af því fram fellur Syðri-Stekkleikur. Þá er Ytri-Stekkleikur með Ytri-Stekkleiknum. Stekkjarsker er framan við Stekkjarnefið." segir í örnefnaskrá. Á öðrum stað í skránni segir enn fremur: "... Stekkjartungur og Stekkjarleikur ... koma ofan úr Stekkjargrænum, en þær eru djúgvætur ofarlega í [Stekkleikfelli]. Fjallshrunin heitir Eggjar. Þá er komið að Stekkjarskriðu, Sunnan undir henni er Grafarholt niðri á sjávarbakka. Stekkjarhæð heitir bungan milli skriðunnar og holtins, neðst" Stekkjartóftin er enn greinileg um 900 m norðaustur frá bæ 001.

Grösugur mói sem hallar til suðausturs.


Tóft er iðjagræn og vel greinileg.

Hún er 12 X 6 m

stór og snýr


norðvestur-

suðaustur. Hún




EY-022:020, tóft D

EY-022:020 Ytriársel tóftir sel
66°06.242.N 18°37.401.V



EY-022:020, tóft E



EY-022:020, tóft C

Í Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðar frá

1839 er getið um sel á Ytriá. Þar segir: "Frá Gunnólfsá hef ég heyrt sel hafi brakað verið þar út á ströndinni, en þó ekki í minni þeirra, sem nú lifa." Í örnefnaskrá segir: "[utan við Grænunöf] tekur við löng strandlengja, er kallast Selfjörur, og ná þær að Flyðrubekkjara. Um miðjar Selfjörur rennur Sellækurinn og þar er skúti, sem nefnist Selhellir." Nokkru síðar í sömu skrá segir enn fremur: "Upp frá Flyðrubekkjargili eru Hrutatungur. Þaðan heitir Selfjall suður að Stekkjarfelli. Undir þessari hlíð er Ytriársel á sjávarbakkanum. Innar eru Sellautir og Selskriða". Um 1,6 km norðaustur af bæ 001 eru seltóftir, sennilega í Sellautum.

Selið er í grónum hlíðarrótum Selfjalls þar sem landi hallar til suðurs, að sjó.

Tóftasvæðið er nokkuð stórt, um 80 X 40 m stórt austur-vestur. Á því eru a.m.k. 5 tóftir. Fyrst ber að nefna tóft E en hún hefur sennilega verið 2 hólfi en er mikið hrunin og hlaupin í þúfur. Dyr eru syðst á austurvegg. Tóftin er á harla miklum hólfi sem rís hæstur um 2 m til suðurs og vesturs. Tóftin er um 13 m A - V og um 6 m á breidd og ekki er grjótt að sjá í hleðslum. Uppsprettulæna er fast ASA við hólinn

og neðan við tóftasvæðið stendur vatn uppi. Um 30 m suður af E er nokkuð hringlaga tóft, A. Hún er einföld, 6 X 5 m stór og snýr austur-vestur. Tóftin er lynggróin og hvorki sér í grjóti né eru dyr



greinilegar. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m og eru hleðslur eru signar. Um 30 m SSA við tóft E er mjög sigin og hringlaga tóft B, sem er um 6 m í þvermál og er meira eins og þúfnahnaður heldur en eiginleg tóft. Hún er einföld og ekki er greinileg op á henni. Hún gæti heystæði. Um 30 m ANA af tóft E er greinileg tóft C, sem skiptist í 4 hólf. Hún er 11 X 7 m stór og snýr austur-vestur. Töluvert grjóti er að sjá neðst í hleðslum og er innangengt á milli stærri hólfanna tveggja; syðri hólfanna. Dyr eru austast á suðurvegg stærsta hólfins og einnig nyrst á vesturvegg næststærsta hólfins. Mesta hleðsluhæð um 0,9 m. Hleðslur standa grónar. Um 60 m SSA frá tóft E er alveg lynggróin tóft D, á þurru bletti. Hún


Tóft EY-022:020 D, horft til austurs

urvegg minna hólfins og einnig austast á suðurvegg sama hólfins. Tóftin virðist gömul en þó óvenju vel köntuð og minnir óneitanlega á kálgarð. Land hallar lítillega mót suðri. Ekkert grjóti er að sjá í hleðslum og er mesta hleðsluhæð um 0,9 m en að jafnaði um 0,5 m og eru heldur signar. Svo virðist sem tóftirnar tilheyri allar einu byggingarstigi, þ.e. hafi verið í notkun samtímis.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: SSE, 61 og Ö-Ól, 7, 9

er 10 X 6 m stór og snýr austur-vestur. Tóftin er tvískipt. Vestara hólfid er talsvert stærra en það eystra en innangengt er milli hólfanna. Dyr eru nyrst



EY-022:021 tóft útihús

66°05.545.N 18°38.614.V

Um 100 m suðaustur af bæ 001 er útihústóft, neðst í túni

Alveg á blásjavarbakkanum, neðst í túni, er tóft.

Á þessum stað er stór tvískipt tóft, 16 X 6 m stór.

Raunar mætti þó kannski fremur segja að um tvær tóftir að ræða frekar en eina stóra, tvískipta. Norðaustari tóftin (hólfid) er fremur ógreinileg. Hún er um 5 X 4 m að stærð og snýr suðvesturnorðaustur. Op er fyrir miðjum suðvesturvegg. Hin tóftin (hólfid) er um 5 m sunnar og er 5 m SV - NA og 3 m á breidd og er op á henni til norðausturs. Fast norðvestan við þá tóft er eins og hálfopid hólf sem op er á til suðvesturs. Ekkert grjóti er sjáanlegt á svæðinu.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

EY-022:021 útihústóft




Beitarhústóft EY-022:022, horft til austurs

EY-022:022 Sauðhúslaut tóft beitarhús

66°07.142.N 18°36.631.V

Í Lýsingu Eyjafjarðar segir: "Beitiland kjarngott er í [Foss]dalnum og voru þar fyrrum beitarhús frá Á. En erfið var beitarhúsagan þangað, því að hlíðin út með firðinum er mjög giljum grafin og snjóflóðahætt er þar með afbrigðum. Segir sagan, að beitarhúsin hafi lagzt þar niður eftir að beitarhúsamaðurinn, er Illugi hét, fórst í snjóflóði í gili því, er við hann er kennt síðan og Illugagjá heitir.". Um sama stað segir í örnefnaskrá: "[í austurhlíð Fossárdals] er örnefnalaust þar til komið

er á Sauðhúsmel, sem er undir fjallsöxlinni og í mynni dalsins. Sauðhúslaut er innan við melinn, og heildamafi á þessu svæði er Úthálsar" Beitarhúsatóftin er um 10 m vestan við steiptan vita, Brikurvita, sem er um 3,3 km norðvestur frá bæ 001.



EY-022:022 Sauðhúslaut beitarhúsatóft

Vitinn, og tóftin, er á grónu nefi sem skagar fram til austurs.

Tóft er einföld, 6 X 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Dyr eru á henni til austurs. Talsvert grjót er í hleðslum og er austurendi suðurveggjar grettistak. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Fast norðan við tóft er dokk jafulöng tóftinni og um 2 m breið. Ekki sér fyrir greinilegum garða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: LE I, 177 og Ö-Ól, 9

EY-022:023

Grafarsund

náma

mógrafir

66°05.796.N 18°38.264.V

"Sunnan undir Stekkjarskriðu [019] er Grafarholt niðri á sjávarbakka. [...] Grafarsund er mýri, sem nær suður að Kotslæk [019]. Þar ofan við eru Lambahjallar.", segir í ömefuaskrá. Um 550 m norðaustur frá bæ 001

eru mógrafir í Grafarsundi.

Mógrafimar eru í mýri í hlíðarrótum Amfinnsfjalls, niðri við sjávarbakka.

Mógrafasvæðið er um 60 X 40 m norðaustur-suðvestur. Grafimar eru háltþurrar, grónar og grunnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 9

EY-022:024 tóft hjallur

66°05.522.N 18°38.724.V

10-15 m norðvestan við fornleif 039 er hjallur.

Hjallurinn er neðst í túnhorni, rétt norðaustan við þar sem Gunnólfsá rennur til sjávar, uppi á háum sjávarbakka.

Hjallurinn er úr timbri með skarsúð og hangir fiskur uppi. Hjallur þessi virðist vera eldri en hjallur 039 þar eð hann er veðraðri og þakið mosagróðið. Sennilega hefur þessum hjalli einnig verið komið fyrir ofan í eða suðaustan í eldri tóft. Í hana glittir, fast við hjallinn og undir rekaviðarbunka. Hún er 6 X 5 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sér fyrir innveggjum vegna rekasviðsins en þó glittir í grjóthleðslur. Tóftinni hefur töluvert verið raskað.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

EY-022:025 Rauðskarð heimild um leið

66°06.629.N 18°43.559.V

Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1839 segir: "Frá [Árfinni (Finninum)] liggur nokkuð lækkandi fjallsegg til vesturs fyrir norðan Árdalinn að Rauðskörðum, yfir hver gengið er en ekki riðið frá Gunnólfsá að Vík í Héðinsfirði". Um sömu leið segir í ömefuaskrá: "[uppi yfir Jókuhjöllum], í fjallsegginni, eru Loftskörðin. Um þau er fært niður í Vík í Héðinsfirði. Tindar fjallseggjarinnar þar heita Loftskarðahnjúkar. Dýpsta sýlingin í fjallsbrúnina þarna heitir Rauðskarð, 640 m ofan sjávar. Það er fjárrekstrarleið yfir til Víkur. Sunnan við Rauðsskarð eru Rauðskarðshnúkar, en í Rauðskarðinu er Gjáin og bezt þar yfir að komast. Hún er undir klettunum í norðanverðu skarðinu". Rauðsskarð er í um 4 km fjarlægð norðvestur frá bæ 001.

Skarðið er sýling í klettabelti; fjallsbrún.

Frá bæ 001 er gengið upp í Árdal (sjá leið 031) og farið yfir ána þar sem dalurinn fer að kvíslast, í Syðrárdal, Ytrárdal og Rauðsárdal (Rauðskarðsdal). Farið er eftir nyrsta dalnum, Rauðsárdal, og svo er beygt upp bratta fjallshlíð í átt að skörðunum í sneiðing, þ.e. farið er talsvert innan við Rauðskarð og þaðan gengið á skakk upp í skarðið (út dalinn). Ekki er greinilega merkt leiðin í sjálfru skarðinu en að fjallinu er merkt leið, sjá 031.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 10

EY-022:026 Svarðarhvammur náma mógrafir

66°06.004.N 18°41.029.V

"Utan við [Stóruskriðu] eru Selbakkar kallaðir. Þar er Svarðarhvammur við ána [Hrafuaskálará] og

klettastapinn Horn. Þá er komið heim að Bæjarskriðu.", segir í örnefnaskrá. Tæpa 2 km norðvestur frá bæ 001 eru mógrafir í Svarðarhvammi.

Mýri er meðfram fjalli, um 100 m og langleiðina niður að á.

Blautar og hálfgrónar grafir eru á spildu sem er um 100 m á kannt meðfram Ytraárfjalli sem ná til suður að á (frá fjalli).


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 11

EY-022:027 Útburðarskál örnefni

"[Engisfjall er] fremri hluti Þverfjallsins. Í því fjalli er Útburðarskál.", segir í örnefnaskrá. Útburðarskál varð ekki staðsett við fornleifaskráningu sumarið 2004. Hvorki fannst staðurinn á kortum né heldur þekktu heimildamenn til örnefnisins. Örnefnið virðist því vera týnt.

Heimildir: Ö-Ól, 11



EY-022:029 útihúsatóft

EY-022:028 Þrætusker þjóðsaga

66°07.909.N

18°37.130.V

" Í Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðar segir: " ... [takmörk Kvíabekkjarsóknar] að vestan er Þrætusker, fyrir innan Sýrdalsvoga og Hvanndali - líklega svo nefnt af þrætu og bardaga milli Þormóðar á Siglunesi og Ólafs Bekks, þegar þeir börðust um Hvanndali ". Er þar vísað í Landnámu en þar segir: "Þormóðr enn rammi nam Siglufjorð allan á milli Úlfsdala [ok Hvanndala] ok bjó á Siglunesi. Hann deildi um Hvanndali við Ólafbekk ok varð sextán manna bani, áðr þeir sættusk, en þá skyldi sitt sumar hvárr hafa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: S 215 sbr H 182; ÍF I, 244,246, SSE, 52 sbr. Ö-Ól, 8



EY-022:029 útihúsatóft, horft til vesturs

EY-022:029 tóft útihús

66°05.637.N 18°38.957.V

Í norðvesturhorni túns er tóft, um 200 m norðvestur frá bæ 001.

Tóft er á lágu hól fast við háan bakka ár. Tóftin er einföld og 5 X 3,5 m að stærð. Hún snýr norðaustur-suðvestur og op er á henni í suðurhorni. Mesta hleðsluhæð er um 1, 1 m. Ekki er grjót sjáanlegt í hleðslum fyrir utan einn nokkuð voldugan stein.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



EY-022:030, stekkjartóft horft til suðurs

EY-022:030 tóft stekkur

Á Stekkjarbölum, um 50 m norðan Gunnólfsár, og um 850 m norðvestan við bæ 001 er tóft, að öllum líkindum af stekk.

Árdalur. Harla slétt mólendi í hlíðarrótum, gott beitarland.

Tóft er vallgróin og tvískipt. Hún er um 7 X 3,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Mesta hleðsluhæð er 0, 7 m en að jafnaði eru veggir tóftarinnar um 0,4 m háir. Grjót er ekki sjáanlegt í hleðslum. Vestara hólfið, er mun stærra en hitt og er innangengt milli hólfa. Op eru á vesturhlið vestara hólfs. Gata (031) liggur inn Árdalinn fast við tóft.

Hættumat: engin hætta



EY-022:030, stekkjartóft

EY-022:031 gata leið

66°05.810.N 18°39.930.V

Um 1 km norðvestur frá bæ 001 er greinileg gata, leið, inn Árdal og/eða að stekki, 030. Sjá fornleifar 025 og 030.

Mólendi milli ár og fjalls.

Gata sést frá mynni Árdals langleiðina upp að Rauðskörðum, norðan ár. Stundum er gatan einföld fjárgata en annarsstaðar eru 3 - 4 paldrar.

Hættumat: engin hætta

EY-022:032 náma mógrafir

66°05.801.N 18°40.029.V

Rétt rúman 1 km norðvestur frá bæ 001 eru mógrafir, utarlega í Árdal.

Utarlega á dalnum, á lágum hól, á háum bakka Gunnólfsár.

Grafirnar eru á svæði sem er u.þ.b. 20 X 10 m stórt norður-suður. Þær eru hálfþurrar. Dýpstagröfmer um 1,5 m djúp. Rétt austan við svæðið er móþurrkunarstallar; móstæði, um 3 m í þvermál.

Hættumat: engin hætta

EY-022:033 tóftir sel

66°05.811.N 18°39.976.V

Rétt um 1 km norðvestur frá bæ 001 er tóftasvæði, sennilega seltóftir, sunnan við Gunnólfsá. Ekki er



EY-022:033 seltóftir, horft í suðaustur

getið um seltóftir í örnefualýsingu en heimildamaður benti á tóftirnar.

Tóftasvæðið er á grösugri grundu sem hallar lítið eitt til SSV að Gunnólfsá.

Tóftasvæðið er um 50 X 25 m stórt og snýr norður-suður. Á því eru 6 tóftir greinanlegar. Tóftir eru vallgrónar og þurr lækjarfarvegur er fast austan við tóftasvæðið sem er norðan Gunnólfsár. Hér verður öllum tóftunum gefmn bókstafur til aðgreiningar. Tóft F er eins og upphækkaður stallur, en ekki er hægt að tala um eiginlega vegg. Tóftin er 10 X 6 m stór og snýr austur-vestur og er einföld. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m. Dyr eru hvorki

sjáanlegar né grjót. Tóft A er um 15 m suður af tóft F. Hún er um 8 X 6 m stór og snýr

norður-suður. Tóftin er tvískipt og samanstendur af tveimur hólum hlið við hlið. Innangengt er milli hólfa. Stærra hólfið, vestara, er alveg opið til norðurs en dyr eru til norðurs á minna hólfi. Ekkert grjót er að sjá í hleðslum. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Tóft Ber um 20 m sunnan við tóft F. Tóft Ber 8 X 7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er tvískipt og eru hólfum hlið við hlið. Ekki innangengt milli hólfa. Dyr eru á báðum hólfum til suðurs. Ekkert grjót er sjáanlegt í tóftinni. Mesta hleðsluhæð er um 0,7 m. Um 30 m SSA við tóft F er enn önnur tóft (C). Hún er nokkurn veginn hringlaga, 5 X 4,5



EY-022:034 tóftir, horft til suðvesturs

norður-suður. Op eru bæði á norður- og suðvesturhliðum. Tóftin er harla skýr og garðlög yfirleitt um 0,8 m á hæð. Grjót er ekki sjáanlegt í tóftinni sem er einföld. Frá henni eru um 8 m eru suður í háan árbakka Gunnólfsár. Um 20 m SSA við tóft F er einföld tóft (D). Hún er 5 X 5 m að stærð. Op er austast á suðurvegg. Tóftin er grösug en ekkert grjót er sjáanlegt. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m. Tóft E er tæpa 50 m suður frá tóft F, á háum blábakka Gunnólfsár. Brött brekka er niður að á frá suðurenda tóftar. Tóftin er einföld og 3 X 2,5 m að stærð. Hún snýr norður-suður og er opin til suðurs: fram af bakkanum. Fast ofan tóftar er lítil dokk sem hallar til suðurs og situr vatn uppi í dokkinni. Ekki er grjót sjáanlegt í tóftinni.

Hættumat: engin hætta

EY-022:034 tóftir


66°05.782.N 18°39.748.V

Um 850 m norðvestur af bæ 001, norðan við Gunnólfsá, eru tvær litlar tóftir.

Grasi gróin grund niðri við Gunnólfsá.

Syðri tóftin, sem er nær ánni, er heldur stærri, eða 4 X 2,5 norður-suður. Engar dyr eru sjáanlegar á veggjum tóftarinnar og engar grjóthleðslur. Minni tóftin er um 4 m norðar og eins að öllu leyti nema hvað hún er aðeins minni, 3 X 2 m N - S. Hugsanlega hefur mór verið stunginn á árbakkanum en þess sjást þó ekki greinileg merki. Tóftirnar gætu því verið móstæði eða jafnvel heystæði.

Hættumat: engin hætta



EY-022:035 tóft

EY-022:035 tóft

66°05.923.N 18°37.828.V

Um 30 m norðan við stekk 019 og rétt tæpan 1 km norðaustur frá bæ 001 er tvískipt tóft.

Tóftin er í grösugum móa sem hallar til suðausturs.

Tóft er tvískipt og 12 X 6 m stór nokk N - S. Syðra hólfið er óhreyft en úr nyrðra hólfinu var útbúinn sundpollur á 5. áratug 20. aldar. Syðra hólfið er um 5 X 4 m á stærð og op ekki sjáanlegt. "Sundlaugin" er um 7 X 4 m að stærð og er opin til háls að norðan. Mesta hleðsluhæð er um 0,8 m. Það skín í grjóthleðslur á 2 stöðum, suðvesturhorni sundlaugar og norðausturhorni syðra hólfsins. Háltpurr skurður liggur úr vestri að norðurvegg sundlaugarinnar.

Hættumat: engin hætta

EY-022:036 garðlag vörslugarður

66°05.781.N 18°38.326.V


Um 500 m norðaustur frá bæ 001 er hlaðinn garður sem

hugsanlega hefur verið til að halda skepnum frá heimatúni.

Þar sem garðurinn liggur skiptast á mýrar, þúfur og mói.

Garðurinn nær frá Grafarsundi (023) sem er hallamýri og til norðvesturs, að fjalli. Hann er töluvert mikið siginn og lélegur á köflum, sérílagi á um 70 m kafla um miðbik garðsins, þar sem hann liggur yfir mýri. Garðurinn nær frá upphafspunkti um 270 m til norðvesturs en sveigir svo nokkuð skarpt til norðurs, 60 m. Breiddin er 1 - 1,5 m og mesta hleðsluhæð um 0,4 m. Ekki er grjót að sjá í garðinum en þó gæti það leynst neðst í hleðslunni.

Hættumat: engin hætta



EY-022:037 fjárhústóft

EY-022:037 tóft
fjárhús

Um 370 m NNV frá bæ 001 og um 80 m norðan við ystu túngirðingu er fjárhústóft.

Tóftin er í lyngmóa sem hallar lítið eitt til SSA. Tóft er tvískipt og samtals 16 X 11 m stór. Austara hólfið er sjálft fjárhúsið sem er 8 X 6 m stórt og snýr norður-suður. Í því er garði og er opið á mill krónna að sunnan og dyr eru bæði í norðvestur- og suðausturhornum. Ekki er opið á milli fjárhúsa og

annarra hólfa. Fast vestan við garðahúsið er óljóst hól, 10 X 11 m stórt og snýr austur-vestur og virkar yngra en fjárhúsið; meira eins og hól sem slegið hefur verið upp við gömlu tóftina (fjárhúsin). Grjót er nokkurt í hleðslum, mest á vesturhlið garðahúss, og er grjótið stórt, mest 3 - 4 umför. Hleðsluhæð er um 0,6 m. Austan við garðahús er ógreinilegt "hól", svæði sem er um 5 X 7 m stórt og snýr norðursuður, hugsanlega ummerki undan gaddavírgirðingu.

Hættumat: engin hætt

EY-022:038 garðlag


66°05.544.N 18°38.717.V

Um 50 m suður af bæ 001 er garðlagsstubbur, hugsanlega hluti af gerði.

Túnslakki sem hallar til suðausturs.

Hugsanlega er um að ræða hluta af gerði, þá líklega kálgarði. Garðurinn er úr torfi og liggur um 12 m norðvestur-suðaustur og er um 1 m breiður. Fast suðvestan garðsins er gróður ólíkur gróðri umhverfis - gisnari. Um 8 m suðvestar sér fyrir öðrum garði sem er samhliða hinum garðinum en mun ógreinilegri.

Hættumat: engin hætt



EY-022:039 útihúsatóft

EY-022:039

tóft

útihús

66°05.519.N

18°38.714.V

Rétt tæpa 100 m suður af bæ 001 er útihústóft í túni.

Tóftin er neðst í túnhorni, rétt norðaustan við þar sem Gunnólfsá rennur til sjávar, uppi á háum sjávarbakka.

Tóft er 10 X 5 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er tvískipt og það hól sem er suðaustar er mjög greinilegt en ofan í hitt hólfið hefur verið byggður nýlegur fiskihjallur. Þó sér fyrir útveggjum þess hólfs. Veggir suðaustara hólfsins eru að talsverðu leyti úr grjóti og það hól harla


djúpt, eða um 1,2 m þar sem dýpst er. Op er fyrir miðri norðausturhlið á suðaustara hólfinu, Norðvestara hólfið virðist vera opið til norðvesturs.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

EY-022:040 heimild um rétt

Í Hundrað árum í horninu segir: "Aðalrétt fyrir og eftir aldamótin [1900] var Reykjarétt ... Aukaréttir voru Skeggjabrekkurétt, Hornbrekkurétt og Ytri-Árrétt."

Heimildir: HH I, 96



Túnakort fyrir EY-023 Syðri-Á

EY-023 Syðriá

10 hdr. 1712. Hólastólseign. 1374 er Syðri Gunnólfsár getið í rekaskrá Hólastóls (DI III, 277) Upphaflega hluti af jörðinni Gunnólfsá. Á land frá Gunnólfsá og suður í Kleifarhorn. Á árunum 1915- 40 var stunduð nokkur útgerð frá Syðriá og myndaðist þá þorpið Kleifar í landi jarðarinnar. Voru seldar spildur úr jörðinni undir grasbýlin Búðarhól, Árgerði og Hof. Einnig voru íbúðarhúsin Holt, Ártún og Árbakki, Árbakki, Ártún, Efri-Á, Árgerði og Búðarhóll voru í byggð um 1918.

1917: 2.3 + 0.5 ha. 2/5 slétt. 1839: " ... meðlitlu túni og enn vesælla engi. ... eru lendingarbrúkanlegar, en slæmt undansátur upp á örðugan sjóarbakka." (SSE, 61) 1918: "Tún er 2,87 ha að stærð og má vel græða það út. Það er í meðalgóðri rækt og er um það bil fjórðungur þess sléttur. Heyfengur er 75 hestar. Túnið er girt með gaddavír sem er 570 má lengd. Af engjum má fá 75-100 hesta. Þær eru snöggglendar og votlendar. hagar fyrri búfé eru góðir og fylgir jörðinni upprekstrarland. En vegna snjóþynglsu er vetrarþétt lítil Mótak er á jörðinni en torfrista slæm. Útræði er frá jörðinni og er það allgott. Einnig hefur jörðin nokkrar tekjur af uppsátri." (HHII, 131-132) 1973:

"Ræktunarmöguleikar eru ekki góðir, því landið er grýtt Sumarþétt er nokkuð góð, en takmörkuð þétt á vetrum vegna snjóá. Lítilsháttar fjörubeit. Til hlunninda má telja ofurlítinn trjáreka af sjó." (BE II, 11); 1990: "Tún á Syðri-Á eru nokkuð brött á hjöllum umhverfis bæinn og upp með ánni.

Gunnólfsárjarðirnar þóttu jafnan brúklegar sauðjarðir og tilheyra þeim afréttarlönd, Árdalurinn og ströndin út með firðinum. Sauðfjárbæitin hefur þó löngum liðið fyrir fádæma snjóþýngsli, einkum í Árdalnum, en á móti kom einhver fjörubeit á vetrum. Lífsbjörg var þó ekki síður að hafa úr sjónum og var útgerð alla tíð stunduð afkappi frá bæjunum ... Einhver reki slæddist einnig upp í fjöruna og gerir enn." (BE 1990, 70)

EY-023:001 Syðriá bæjarhóll bústaður 66°05.465.N 18°39.018.V
Timburfjárhús eru nú þar sem gamli bærinn á Syðri-Á stóð, 30 - 40 m SSV af núverandi íbúðarhúsi sem er steipt þriggja hæða hús.

Fjárhúsin sem standa á grunni gamla bæjarins eru á miklum og bröttum hólí sem ris hæst mót suðaustri. Bærinn að Syðri-Á hefur staðið á miklum hólí sem sennilega hefur verið náttúrulegur að hluta en bæst hefur við hólinn vegna upphleðslu mannvistarlaga, gamalla og yngri, því fjárhús eru nú þar sem gamli bærinn stóð og þar af leiðandi töluvert rask á hólnum. Hóllinn ris harla hátt úr umhverfinu og er bratt niður afhólnum til suðausturs. Hóllinn er nokkuð ílangur, lengri SA- NV, hér um bil 60 m og um 40 m á breidd. Einu ummerki gamla bæjarins er hlaðið "horn" syðst á hólnum. Hlaðna hornið er um 8 m suðaustur-norðvestur og um 5 m norðaustur-suðvestur og er um 0,7 m há torfhleðsla sem gengur út úr brekkunni efst. Í bókinni Byggðin á Kleifum er bænum á Syðri-Á lýst nokkuð. Úttekt var gerð á húsum á jörðinni 1877: "Baðstofan var þá 4,65 metrar að lengd, 2,84 metrar á hæð frá gólfi til mænis og 2,96 metrar á breidd. Fyrir baðstofunni var nýleg hurð á járnum. Á baðstofunni voru tveir gluggar, annar með fjórum rúðum en hinn með tveimur. Frá baðstofu voru löng göng að útidyrum, einn metri á breidd og 1,7 metrar á hæð. Fremri partur ganganna lá frá eldhúsdryum til útidyra. Eldhúsið var 2,84x1,9 metrar á stærð. Við hlið eldhússins var 2,84x1,60 metra stórt búr." Síðar í sömu bók segir: "Jón endurnýjaði torfbærinn töluvert og árið 1917 byggði hann ásamt sonum sínum tveggja hæða timburhús framan við hann ... Á árunum 1925 - 28 byggði Árni Jónsson stórt tvílyft timburhús sem tengt var eldra húsi og stóð þvert á það ... Núverandi íbúðarhús á Syðri - Á var byggt árið 1959. Það er þriggja hæða steinsteypuhús." (Byggðin á Kleifum 2003).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Byggðin á Kleifum, 25-28 og Túnakort 1917

EY-023:002 þúst bústaður 66°05.412.N 18°39.073.V
Á túnakorti frá 1917 eru sýnd tvenn bæjarhús. Það sem hér er skráð var rúmlega 100 m SSV afbæ 001 (núverandi fjárhúsum) og er þetta líklega eitt af grasbýlunum. Í túni, norðvestur frá háum sjávarbakka (10 - 20 m frá).

Garðlög sjást ekki en þó eru nokkuð áberandi ójöfnur í túninu sem eru dökkgrænni en grasið umhverfið. Þetta svæði, þar sem líklegt er að mannvistarleifar kunni að leynast undir sverði er 15 X 5 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-023:003 heimild um útihús 66°05.441.N 18°38.942.V
Um 80 m suðaustur afbæ 001 varútihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið hefur verið við sjó, fast vestan við malarveg sem liggur niður á bryggju og snarhallar til suðvesturs niður að sjó.

Engin ummerki gamalla bygginga sjást en mikið rask er á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-023:004 heimild um útihús 66°05.430.N 18°38.954.V
Um 80 m suðaustur afbæ 001 og um 20 m SSV afútihúsi 003 varútihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið hefur verið við sjó, fast suðaustan við mikinn bárujárnsbragga, við malarveginn sem liggur niður á bryggju og í miklum halla til suðvesturs niður að sjó.

Engin ummerki gamalla bygginga sjást en mikið rask er á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-023:005 heimild um útihús 66°05.466.N 18°39.084.V
Um 40 m VSV afbæ 001 var útihús, samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsin hafa verið suðaustast á grösugum hólruna, sem gengur til suðausturs. Á þessum slóðum er nú kartöflugarður. Þar fast ofan við er rabbarbari og óslétt. Engin önnur ummerki en ósléttur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-023:006 Árbakki þúst útihús 65°05.402.N 18°39.193.V

Hús er merkt inn á túnakort frá 1917 sem útihús með túni umhverfis. Túnið virðist kallast "Árbakki".

Um 170 m suðvestur af bæ 001 eru ógreinileg tóftabrot sem koma heim og saman við húsið á túnakortinu. Í bókinni "Byggðin á Kleifum" kemur fram að lítið býli hafi verið byggt árið 1907 og nefndist það Árbakki. Mun byggingin hafa verið blönduð bygging, úr torfi og timbri.

Tóftin er í túni sem hallar til suðausturs, að sjó.

Mjög ógreinileg tóftabrot og þúfur. Svæðið er svo hlaupið í þúfur að ekki er hægt að greina lag. Þar sem má ætla að húsin hafi staðið er gras ljósgrænna heldur en umhverfis. Bletturinn er um 10 X 8 m stór og snýr norðvestur-suðaustur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1917; Byggðin á Kleifum, 33.

EY-023:007 náma mógrafir 66°05.670.N 18°40.674.V

Um 1,3 km VNV af bæ 001 eru stórar mógrafir og tvö móstæði.

Neðan (norðan) við ysta hluta Syðrárhymu, í hlíðarfætinum.

Grafirnar samanstanda af fremur litlum, en blautum aðskildum pyttum á um 500 fermetra svæði í mýri. Fast norðan við grafirnar eru tvö móstæði, hringlaga um 4 m í þvermál, á lágu holti. Tóftirnar eru í raun upphækkun í landið fremur en eiginlegar tóftir með standandi veggjum. Í norðvesturhorni vestari stæðisins eru nokkrir litlir steinar bundnir saman af nælonbandi og leifar nælon-strigadúks þar undir, hálfsokkið í svörðinn.

Hættumat: engin hætta

EY-023:008 Stekkur tóft stekkur 66°05.397.N 18°39.445.V



EY-023:008 Stekkjartóft

"Við Stóra-Forvaða [007] endar samfelld graslendi og við taka holt og grýttir mór allt út að ræktuðu landi byggðarinnar ytra. Næst utan við þennan forvaða er Surtsbás, þar næst Stekkjarbás, Stekkjarfjara og Stekkjarsker. Ganga skerin nokkuð í sjó fram. Stekkurinn stendur rétt við veginn uppi á bakkanum ... Utan við Stekk er Stekkjargil neðan vegar en Stekkjarlaut ofan vegar. Enn ofar er Stekkjartungan og utan hennar gróinn, grýttur fláki, sem Leiti kallast, og nær það heim undir ræktunarlönd byggðarinnar." segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 350 m VSV af bæ 001.

Stekkurinn er í grösugri móabrekku.

Tóft er tvískipt, 8 X 4 m að stærð og snýr NNA-SSV. Engar dyr eru

sjáanlega á tóftinni en innangengt er milli hólanna. Nyrðra hólfið er mun stærra en það syðra. Ekkert grjót er sjáanlegt



EY-023:008 Stekkjartóft, horft til austurs

EY-023:009 Langafjara heimild um uppsátur 66°05.394.N 18°39.050.V

"Innan túngirðingar er fyrst Löngufjörubás og svo Langafjara. Þar var uppsátur." segir í örnefnaskrá.

Langafjara erum 120 m suður af bæ 001.

Langafjara er grjótfjara sem sennilega hefur verið breiðari áður en hún er nú. Ekki eru nema um 10 má milli kletta og sjávarborðs, á flóði.

Ummerki uppsáturs eru engin greinileg.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Öl, 14

EY-023:010 Göngugarður garðlag göngugarður

66°05.418.N 18°39.551.V



EY-023:010, göngugarður horft til SSA

"Syðst úr [Löngufjöru - 009] lá upp á bakkann, eftir Leitinu og upp á Hlassmela fjárgata og fjárrekstrargarður; sést enn vel fyrir garði þessum á Leitinu. Hefur hann auðveldað rekstur fjárens úr fjöru og til beitar." segir í örnefnaskrá. Efsti (NV) hluti garðsins er um 400 m VSV afbæ 001. Garðurinn liggur um aflíðandi móabrekku sem hallar til suðausturs með mýrarkeldum á milli. Garðurinn er greinilegastur niðri við þjóðveg, á undirlendinu upp af sjávarbakkannum. Þar er hann um 1,5 má breidd og um 0,4 má hæð. Eftir því sem ofar (NV) dregur verður hann ógreinilegri en þó um 1,5 m á breidd þegar best lætur. Ekki sér í grjóti í garðinum sem er um 200 m langur og liggur nálæga norðvestur-suðaustur.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Öl, 14

EY-023:011 Grænutóftir tóftir fjárhús

66°05.429.N 18°39.401.V



EY-023:011 Grænutóftir

"Skammt utan við nefndan upprekstrargarð [010] ofan Leitis eru þrjú þúfnagerði í röð og á þeim öllum forn tóftabrot. Þetta heitir einu nafni Grænutóftir, og eru sennilega fremur fjárhúsminjar en rústir mannbústaða." segir í örnefnaskrá. Um 300 m vestan við bæ 001 er tóft.

Grösug móabrekka, talsvert þýfð.

Tóftasvæðið rís nokkuð úr umhverfinu og er um 12 X 6 m stórt og snýr norður-suður. Erfitt er að dæma um hvort þarna hafa verið tvær tóftir eða ein, stórt tvískipt tóft. Ekki eru hleðslur vel greinilegar því þær eru signar og afmyndaðar af þúfum. Hólfin eða húsin eru 2, nokkuð hringlaga og er op í norðausturhorni nyrðri tóftar (eða hólfs) og einnig í suðvesturhorni syðri tóftar (hólfs). Mesta hleðsluhæð er um 0,8 m. Ekki er grjóti að sjá á svæðinu.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Öl, 14

EY-023:012 Búðarhóll þúst sjóbúð

66°05.471.N 18°38.881.V

"Bæjarlækur ... fellur til sjávar er slakki í sjávarbakkann, kallaður Búðarhólslaut. Þar myndast dálítill hæð, kölluð Búðarhóll, kennd við sjóbúðir, er þar stóðu fyrrum.", segir í örnefnaskrá.

Búðarhóll er hár og grösugur hóll sem er snarbrattur - nánast þverhniptur - í suðaustur, til sjávar. Vestan hólfsins rennur lækur til sjávar eftir ílangri lautu sem snýr norður-suður og nefnist Búðarhólslaut.

Í Hundrað árum í Hornunu segir um Búðarhól: "Nokkru reisulegri var Búðarhóll, þurrabúð í landi Syðri-Ár sem reist var árið 1873. Baðstofan var 4,7 x 2,8 m, eldhúsið 2,5 x 2,5 m. Inn í bæinn var gengið um bæjardyr og skála, aðeins eitt hús, en stærðin er óþekkt." Syðst á hólnum eru tóftabrot sem hlaupin eru í þúfur. Svæðið er um 5 X 4 m stórt og snýr austur-vestur. Þúfurnar eru stórar og ekki er hægt að lesa úr þeim lögun tófta eða innri skipan.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Öl, 14, 15; HH II, 101

EY-023:013 Huldufólksklettur heimild um huldufólksbústað

66°05.582.N 18°39.051.V

"Heimarhorn nefnist hæð nokkur, er skagar fram í ána, norður og upp af íbúðarhúsunum, nú ræktað land. Sunnan í hæðinni er klettur, sem talinn var huldumannabústaður, en ekki nefndur annað en þá Huldufólkskletturinn." segir í örnefnaskrá. Rétt rúma 200 m norður afbæ 001 er Huldufólksklettur.

Kletturinn er í gömlu túni - grasbrekku - sem hallar til suðausturs.

Huldufólksklettur er stakt grettistak og nokkrir smásteinar við. Búið er að girða steininn af og planta trjám við hann.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Öl, 15

EY-023:014 *Svarðarhvammur* náma mógrafir 66°05.756.N 18°39.906.V

Fast sunnan Árdalsár, á bakkanum, eru mógrafir í Svarðarhvammi ef að líkum lætur. Þær eru tæpa 900 m norðvestur frá bæ 001.

Blaut grund niðri við á.

Mógrafirnar eru hálfgrónar og þurrar og ekki svo djúpar. Þær eru um 70 X 15 m að stærð og snúa austur-vestur.

Hættumat: engin hætt

EY-023:015 *Smalabyrgi* heimild um smalakofa 66°05.743.N 18°42.546.V

"Framan Nauthryggs eru sléttar grundir að ánni. Þar er Smalabyrgi, eða leifar þess."Ekki fannst þessi minjastaður við fornleifaskráningu sumarið 2004 en samkvæmt örnefnalýsingu er hann inni í Árdal, ofan (vestan) Ármóta. Hnit er ekki nákvæmt því tóft fannst ekki en er tekið á því svæði sem líklegt þótti. Sjá einnig fornleif 022 sem gæti hugsanlega verið leifar smalabyrgis en þó getur það ekki talist líklegt því tóftirnar þar eru 4.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Öl, 16

EY-023:016 *Selhyggur* örnefni sel 66°05.743.N 18°42.546.V

"Framan við byrgið [015] hækkar landið aftur og gil árinna fer þar dýpkandi. Framhlaupshryggur er um það bil, nefndur Selhyggur, þó að hvergi sjáist þar merki um sel.", segir í örnefnaskrá. Ekki varð þessi minjastaður staðsettur við fornleifaskráningu sumarið 2004, þrátt fyrir leit í dalnum, en er samkvæmt örnefnaskrá innarlega í Árdal. Heimildamenn könnuðust ekki við að sel væri á þessum slóðum. Hnit er það sama og 015: ekki nákvæmt og er tekið innarlega í Árdal.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Öl, 16

EY-023:017 *Fossabrekkur* heimild um leið 66°05.549.N 18°42.699.V

"Síðan eru gróðurlausar skriður alveg niður að á og örnefnalaust fram að dalsbotni, en þar heitir Fossabrekkur, og þar eru upptök Gunnólfsár. Fossabrekkur eru þrjár öldur yfir um þveran dalinn, allháar, gróðurlitlar en greiðfærar. Um þær liggur fjallvegur yfir til Héðinsfjarðar, niður í Möðruvallaskál, en Möðruvellir voru innsti bær í Héðinsfirði, austanverðum.", segir í örnefnaskrá.



Þar sem mesta gróðrinum sleppir í Árdal klofnar dalurinn og Syðriárdalur gengur til suðvesturs. Leiðin inn Árdalinn að Rauðskarði er merkt með hælum en leiðin inn Syðriárdal er ekki merkt og ekki sér vel fyrir götu nema hér og hvar.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Öl, 16

EY-023:018 garðlag kálgarður

66°05.445.N 18°39.098.V

Um 70 m suðvestur af bæ 001 er kálgarður.

Tún umhverfis reitinn.

Gerðið er ferhyrnt, um 12 X 6 m stórt og snýr suðaustur-norðvestur. Garðurinn hallar nokkuð, ekki mikið, mót SSV.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

EY-023:019 fjóstóft, horft til norðurs

EY-023:019 tóft fjós

Um 160 m norðvestan við bæ 001, og um 30 m ofan við húsið Hof sem byggt var 1930, er fjóstóft.

Grasbrekka sem hallar mót suðaustri.

Tóftin er 5 X 4 m stór og snýr suðvestur-norðaustur. Veggir út torfi og grjóti standa hæstir um 1,5 m en búið er að fjarlægja þekjuna þótt sperrur standi enn að einhverju leyti. Húsið er notuð sem geymsla og mun vera byggt eftir 1930 að sögn heimildamanns og því ekki fornleif í laganna skilningi en er hér

skráð sökum þess að hún er byggð í byggingahefð liðinna tíma. Dyr eru nokkru suðvestan við miðjan suðausturvegg en hæsnakofi úr hæsnaneti hefur verið byggður fast suðvestan við tóftina.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-023:020 tóft fjárhús

66°05.511.N 18°39.204.V



EY-023:020, fjárhústóft horft til suðausturs

Um 160 m norðvestur af bæ 001 er fjárhústóft.

Tóftin er í aflíðandi grasbrekku fast við húsabyrpinguna á Kleifum.


Fjárhúsið er 12 X 8 m stórt og snýr suðaustur-norðvestur. Það er úr torfi og grjóti og er enn undir þaki að hluta þótt þekjan sé að mestu hrunin. Hlaða er samföst fjárhúsi, norðvestanvert, og er töluvert minni en fjárhúsin. Garði er vel greinilegur í fjárhúsum. Dyrarop er fyrir miðjum suðausturvegg fjárhúsanna og er innangengt milli fjárhúsa og hlöðu. Hleðslur eru að jafnaði um 1 m þótt hæsta hleðslan, innveggurinn á milli fjárhúss og hlöðu, sé um 2 m. Mest má sjá 7 umför grjóts í veggjum. Samkvæmt heimildamanni var húsið byggt um 1930 og það telst því ekki fornleif samkvæmt skilgreiningu laganna en er hér skráð sökum þess að það er

byggt í byggingarhefð eldri tíma.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-023:021 tóft fjárhús

66°05.413.N 18°39.412.V



EY-023:021 fjárhústóft

Rúma 300 m vestur frá bæ 001 er fjárhústóft.

Tóftin er í móabrekku sem hallar nokkuð til suðausturs. Tóft er kargaþýfð og óskýr en er á ávölum, litlum hólum. Hún er 12 X 5 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er tvískipt er norðaustara hólfið mun stærra og er það sjálft fjárhúsið en suðvestara var að líkindum hlaða. Op er á austurhorni fjárhúss og einnig nálaga fyrir miðjum norðausturvegg. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Fast suðvestan við heytóft er sléttur holli, um 5 m á kant.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 14

EY-023:022 tóftir

66°05.717.N 18°40.735.V

Um 1,4 km VNV af bæ 001 og um 100 m norðvestur af mógrofum 007, eru tóftir.

Tóftirnar eru á litlu holti en allt umhverfis eru sjóblaut engi.

Á þessu svæði eru fjórar tóftir sem líklega eru annað hvort móþurrkunar- eða heystæði. Dvæðið er samtals um 20 A - V og um 12 m á breidd. Vestasta tóftin A, er um 8 X 4 m stór og snýr norður-suður. Dyrarop er á norðurvegg. Um 12 m austur við A, er hringlaga tóft B, 4 m í þvermál og op er á henni til norðurs. 2 m vestan við B er stærri tóft C, sem er tvískipt og alveg opin til norðurs. Hún er 6 X 5 m stór og snýr austur-vestur. Minnsta tóftin er 5 m vestan við C. Hún (D) er 3 X 2 m að stærð og snýr norðursuður. Op er á tóftinni til norðurs. Tóftirnar allar eru úr torfi og eru grónar. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m.

Hættumat: engin hætta



EY-023:022, tóftir A (til vinstri) og C (til hægri), horft til norðurs

EY-023:023 náma mógrafir

66°05.358.N 18°39.501.V

Um 400 m VSV af bæ 001 eru mógrafir.

Grafirnar eru í mýri þar skammt norðvestan þjóðvegjar.

Litlir grafablettir hér og hvar á um 200 fermetra svæði. Grafirnar eru ekki djúpar og hálfgrónar.

Hættumat: engin hætta

EY-023:024 Búðarhóll hús býli

66°05.486.N 18°38.865.V



EY-023:024, Búðarhóll, horft til norðurs

"Upphaflega var Búðarhóll torfbær sem Jón Guðmundsson og Dýrleif Jónsdóttir byggðu árið 1873 í landi Syðri-Ár. Baðstofan var 4,7x2,8 metrar og eldhúsið 2,5x2,5 metrar. Í bænum var gengið um bæjardýrnar og skála, aðeins eitt hús, en stærðin óþekkt. Bænum fylgdu fjárhús, fyrir 20 kindur og 30 hesta hlaða." segir í bókinni Byggðin á Kleifum. Núverandi íveruhús er um 120 ANA frá bæ 001.

Búðarhóll er hár og grösugur hóll sem er snarbrattur - nánast þverhniptur - í suðaustur, til sjávar. Vestan hólans rennur lækur til sjávar eftir ílangri lautu sem snýr norður-suður og nefnist Búðarhólslaut.

Á grunni gamla Búðarhóls er nú stórt tveggja hæða steinsteypt hús með risi sem byggt var árið 1918. Steyptur útihúsagrunnur er suðvestan

íveruhúss, 14 m NA - SV og 6,5 m á breidd og eru engar hleðslur að sjá (0241). Þar fast sunnan við eru 2 samfastir og steypdir skúrar (024J) undir þaki, 8 m NA - SV og 4 m á breidd. Suðaustan skúranna gætu verið gömul hleðslubrot en þó er það mjög ógreinilegt. Sjálfur hóllinn er talsvert mikill um sig, um 40 m í þvermál en er að líkindum mest náttúrulegur en þó er ekki gott að segja því að upphleðsla mannvistarlagar gæti verið töluverð frá fyrri tíð þótt þekkt búsetusaga sé ekki löng á staðnum. Ítarlegur kafli er um búsetusögu Búðarhóls í bókinni Byggðin á Kleifum á síðum 28 - 30. 024A: Túngarður sem samkvæmt heimildamanni tilheyrði Búðarhóli. Garðurinn liggur frá sjónum í suðri (SA) þar sem sem lækur rennur norðan úr Búðarlautu. Garðurinn liggur norður lautina og í sveig til norðausturs allt að Gunnólfsá; að stíflunni. Í heild er garðurinn um 130 m langur en er í nokkuð misjöfnu ástandi. Hæstur er hann um 0,9 m en lægstur um 0,3 m og er breiðastur um 1 m. Ekkert grjót er sjáanlegt í garðinum. Sumsstaðar er gaddavírgirðing ofan á garðinum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Byggðin á Kleifum, 28.

EY-023:025 náma mógrafir

66°05.798.N 18°42.020.V

Sunnan í rótum Þverfjalls, um 2,3 km VNV frá bæ 001 eru stórar mógrafir.

Mýri.

Grafirnar eru ekki djúpar en blautar. Svæðið er um 80 X 50 m stór og snýr austur-vestur.

Hættumat: engin hætta



"Árgerði var upphaflega torfbær sem hjónin Baldvin Ólafur Baldvinsson og Guðfinna Björnsdóttir byggðu árið 1899 á hæð ofan Búðarhólslautarinnar, rétt sunnan við Gunnólfsá. Bærinn var lítill...", segir í bókinni Byggðin á Kleifum. Árgerði er um 140 m norðaustur frá Syðri-Á. Nú stendur reisulegt og tvílyft bárujárnshús með risi, á steypum sökkli, nokkrum metrum norðvestan við þar sem bærinn Árgerði stóð áður.

Suðaustan húss er grösug brekka sem hallar nokkuð til suðausturs, að sjónum.

Gamli bærinn mun hafa staðið nokkru framar, suðaustar, en núverandi íveruhús er. Þar sem gamli bærinn stóð er nú grösugur hólrani, um 25 m SA - NV og um 15 m breidd og ris mest 1 - 2 m úr umhverfinu til suðausturs. Engin ummerki sjást eftir gamla bæinn. Árgerði byggðist út úr landi Syðri-Ár.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Byggðin á Kleifum, 31


EY-023:027 hús býli

Á Kleifum voru lengst af ekki nema 2 stórar jarðir, Ytri-Á og Syðri-Á, en þeim mun fleiri grasbýli svokölluð sem byggðust út úr stóru jörðunum tveimur, langmest reyndar úr landi Syðri-Ár, í blálök 19. aldar og á fyrrihluta þeirrar 20. Grasbýli er nokk það sama og tómthús eða þurrabúð, þ.e. landlítill jörð þar sem ábúandi leggur mest upp úr fiskveiðum. Eftirfarandi er listi yfir þau grasbýli þar sem húsin ýmist standa enn eða að komin eru ný hús, sumarbústaðir, sem bera nöfn grasbýlanna eða þá að húsin eru horfin. Eins og fyrr segir eru flest húsin sunnan Gunnólfsár, í landi Syðri-Ár og standa nokkuð í hnapp. Til frekari glöggvunar er hent á ítarlega úttekt á grasbýlunum í bókinni Byggðin á Kleifum. Efri-Á (Uppsáir) byggt 1911; Ártún byggt 1909; Hof byggt 1930; Tunga byggt 1933-34; Holt (Skólahúsið) byggt 1933; Sólheimarbyggt 1965.

Svæðið umhverfis húsapýrpinguna er gróið og hallar öllu nokkuð til suðausturs, að sjónum.

Heimildir: Byggðin á Kleifum, 33 - 40

EY-024 Ósbrekka



Túnakort fyrir EY-024 Ósbrekku

20. hr. 1712. Hólastólseign. 1195: "Á þeim bæ, er í Brekku heitir, í Ólafsfirði, bjó sá maðr, er Þorsteinn hét ok var Halldórsson. En á annari Brekku bjó Eyvindr Bjarnarson ok Sigríðr móðir hans. Þat var mælt, at Þorsteinn væri vel til Sigríðar [Eyvindr og Sighvatr mikli bróðir hans] gátu fyrir lokit heyverki sínu, en Þorsteinn átti úti nökkut ok hafði fært heim í tún þat, er úti var. En meystelpa ein var at fé þeira bræðra. Ok einn dag rak hon naut at túni en Þorsteinn fór á mót henni ok bað hana eigi þangat reka at heyjunum ok vísaði í brot fénu ... En síðan gengur þeir bræðr á Brekku til Þorsteins. En hann leiddi hross sitt ór garði - ok fundust þar." (Sturlunga saga 1, 181-82) 1449 á Hólakirkja "Jtem osbrekka vj kugyllde oc ross. 1. jc." (DI V, 38). 1525 er Ósbrekka talin meðal Hólastólseigna -(DI IX, 301). 1550 á Hólakirkja "Med Osbrecku .iiij. kugillde. landskylld .j. c." (DI XI, 862). 1569: "Med Osbrecku landsk .. vil. agiildi. kug .• iiiij." (DI XV, 230). (1570: Med Osbrecku .iiij. kug." DI XV, 460). Ósbrekka á land milli K.leifarhorns-Stóragils og Langalækjar. Ósbrekkukot hjáleiga á 17. öld og frá fyrri hluta 19. aldar til 1948. Í eyði frá 1932 og nú eign Ólafsfjarðarbæjar.

1917: 3.4 ha. 1/5 slétt. Garðar 257 m². 1839: "Þar er þýft en grasgefið tún, harðbalaengi framan um brekkur neðan undir fjallinu. sem jarðföll hafa víða gegnum grafið með giljum og skriðum; þar er beit nokkur í góðum vetrum." (SSE, 60). 1918: "Stærð túnsins er talin 3,2 ha. Það er í góðri rækt og er

frekar grösugt. heyfall er 130 hestar Engajmar liggja í mklum halla. Þær eru sléttar, þurrlandar og snöggar Heyfengur er 280 hestar og er heyið létt og hollt. haglendi fyrir búfé er gott og liggur stutt frá en er þröngt. Vegna snjóþyngsla er vetrararbeit ekki góð. engin mótekja er til staðar og torfrista slæm." (HHII, 131

EY-024:001 Ósbrekka bæjarhóll bústaður

66°04.297.N 18°40.676.V

Í Byggðum Eyjafjarðar segir um Ósbrekku: "Nokkurn veginn beint gegn Ólafsfjarðarbæ standa tóftirnar af Ósbrekku uppi á brekkunni undir Ósbrekkufjalli." Tóftum bæjarhúsanna í Ósbrekku var rutt út á síðustu árum. Bæjarhóllinn er þó enn greinilegur, svo til mitt á milli sumarbústaðar og húsbyggingar hitaveitunnar í brekkunni, en 120-130 m norðar. Hóllinn er beint fyrir ofan flugbrautina og til móts við syðstu húsalengjumar á Ólafsfirði.

Tóftum bæjarins var eingöngu rutt út en bæjarhóllinn ekki skemmdur neitt að ráði. Hann er á kafi í gróðri og nokkuð ójafn, það má sjá glitta í hleðslur eða steina á stöku stað án þess að þar sé hægt að greina leifar.



EY-024:002 útihúsatóft

Bæjarhóllinn er um 15-20 m á breidd en um 50 m (a.m.k.) á lengd og hann virðist vera 2-3 m á hæð. Líklegt verður að teljast að undir yfirborði séu nokkrar mannvistarleifar óhreyfðar. Framan í bæjarhólnum sést á einum stað leifar steinsteypts kofa. Bærinn fór í eyði 1932 og sáust tóftirnar greinilega 1990 en var jafnað út fljótlega þar á eftir.

Hættumat: hættu, vegna vegagerðar

Heimildir: BE 1990, 96 og Túnakort 1917

EY-024:002 tóft útihús

66°04.343.N 18°40.646.V

Rúmlega 40 m norðan við gamla bæinn (001) sjást enn leifar tófta sem voru bæði notaðar sem hesthús og hrútakofi. Tóftirnar eru 5-10 m hærra í hlíðinni en bæjarhóllinn og eru um 10 m neðan við túngarð þó á túnakorti frá 1917 virðist þau fast við hann. Húsin eru um 10 m ofan við Gerðahús (010).

Tóftin stendur á hæð, við hana og neðar er grasi vaxið og örlítið þýft svæði en ofar taka mórar við.

Tóftin virðist tvískipt en norðan við hana hefur

hugsanlega verið þriðja hólfið sem er nú vart merktanlegt. Tóftin er 11 X 6 m að stærð og grjóthleðslur eru merktanlegar inn í henni. Op er á vesturvegg hennar. Ofan við tóftina virðist torf hafa verið rist. Frá tóftinni gengur garðlagið sem er í kringum 010.

Hættumat: hættu, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1917



EY-024:002 útihúsatóft, horft til austurs

EY-024:003 Efra-Hesthúsgerði tóft hesthús

66°04.373.N 18°40.561.V


"Tvö hesthús stóðu utar [en Gerðahús - 010], og var þar kallað Efra- og Neðra-Hesthúsgerði." segir í örnefnaskrá. Um 80 m utan við Gerðin (010) er Efra-Hesthúsgerði sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Túngarðurinn (015) sést fyrir ofan tún og beygir til austurs 15 m norðvestan við tóftina. Tóftin er um 10-15 m ofan við Neðri-Hesthúsgerði (012).

Húsin standa efst í grasi grónu en þýfðu túni.

Tóftin er 8 X 7 m að stærð. Hún er tvö hól og op er á austurvegg nyrðra hólfsins. Greina má grjóthleðslur að innan á einum stað. Norðan við tóftina virðist ógreinilega hleðsla hafa legið í krók en hún er nú vart merktanleg.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ól, 18



EY-024:003, hesthúsatóft á Efra-Hesthúsgerði, mynd tekin til austurs

EY-024:004 *Lambabali* heimild um

66°04.312.N 18°40.886.V

"Sunnan við Ósbrekkutún og upp af Laugalækjareyri heitir Lambabali. Á uppvaxtarárum heimildamanna [Jóns Júl. Þorsteinssonar kennara og Willíams Þorsteinssonar smíðs] voru fráfæmalömbin setin þar, meðan þau voru í haftinu [ullarhöft þessi voru höfð á framfótum lambanna fyrstu dagana] og þangað til þau voru rekin til fjalls." segir í örnefnaskrá. Ofan við hæðina sem Ósbrekka stendur á er hóll sem bæði var nefndur Hjallhóll og Kvíahóll, ofan við hann er Lambabali, milli Kvíahóls og Hólsins sem Ósbrekkukot stendur á. Í balanum er nokkuð þýft og mjög rakt, skurður er í honum endilöngum.

Engar tóftir eru í balanum en Kvíahóll er beint neðan við hann og í honum eru tóftir á tveimur stöðum. Er vel hugsanlegt að þær hafi verið notaðar til fráfæru og því hafi engar tóftir verið í sjálfum balanum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ól, 18

EY-024:005 *Hjallhóll* tóft hjallur

66°04.311.N 18°40.742.V



EY-024:005, hjallatóft, mynd tekin til austurs

"Ofan við Ósbrekkubæ eru Kvíahóll og Hjallhóll." segir í örnefnaskrá. Hjallhóll og Kvíahóll eru eiginlega 2 nöfn á sama hólnum. Þó aðgreining var stundum gerð að Hjallhóll var nefndur neðri hluti hólins en Kvíahóll sá efri. Tóftir eru á tveimur stöðum á hólnum en ekki er vitað hvorar eru hvað enda eru þær í sömu hæð, misutarlega. Hér eru skráðar tóftirnar sem eru beint ofan við (25-30 m) bæinn, í hólnum miðjum. Hóllinn er grasi gróinn og svolítið þýfður.

Tóftin er einföld, með op nyrst á austurvegg, 6,5 X 5,5 m að stærð. Um 2 m norðan við hana er manngerð dæld eða gryfja, ríflega 1,5 X 0,5 m að stærð og með vatni í botninn. Gæti hugsanlega verið brunnur(?). Um 5 m sunnan við tóftina (og aðeins neðar) er svo þúst sem snýr eins en er illgreinanleg.


Hæðin er þó fagurgræn og 6 X 6 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Öl, 18

EY-024:006 Kvíahóll tóft kvíar

66°04.326.N 18°40.726.V



EY-024:006, kvíatóft, mynd tekin til suðausturs

"Ofan við Ósbrekkubæ eru Kvíahóll og Hjallhóll." segir í örnefnaskrá. Hjallhóll og Kvíahóll eru eiginlega 2 nöfn á sama hólnum. Þó aðgreining var stundum gerð að Hjallhóll var nefndur neðri hluti hólsins en Kvíahóll sá efri. Tóftir eru á tveimur stöðum á hólnum en ekki er vitað hvorar eru hvað enda eru þær í sömu hæð, misutarlega. Hér eru skráðar tóftirnar sem eru um 30 m norðan við 005. Tóft þessi er 10-15 m sunnan við lækinn sem rennur norðan bæjarhólsins. Ógreinilegur og gróinn slóði liggur utan í hólnum í sveig fast utan við tóftina. Hóllinn er grasi gróinn og svolítið þýfður.

Tóftin er einföld og 8 X 3,5 m að stærð. Austurveggur tóftarinnar er fremur óskýr og op hefur líklega verið á honum. Einstaka grjóthnullungar eru greinanlegir inn í tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Öl, 18

EY-024:007 Kotsgrafir gryfja mógrafir

66°04.309.N 18°41.071.V



EY-024:007 Kotsgrafir, horft til suðausturs

"... sunnan við Ósbrekkukot var mikil mótekja fyrrum. Þar eru Kotsgrafir."

segir í örnefnaskrá. Sunnan við túngarð Ósbrekkukots tekur við mikið mógrafa-svæði að merkjum. Svæðið er mjög rakt og mjög margar mógrafir eru á því.

Svæðið er rakt, vaxið mosa og lágvöxnu grasi.

Grafirnar eru nú grónar grasi og mosa og eru allt að 1,5 m að dýpt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 18

EY-024:008 Laugalækjareyri heimild um

66°04.176.N 18°40.650.V

"Á Laugalækjareyri við Ólafsfjarðarvatnið var um skeið lendingarstaður fyrstu farþegaflugvéla á Íslandi (Súlunnar og Veiðibjöllunnar). Voru flugvélnar, sem lentu á vatninu, stundum dregnar upp á eyrina." segir í örnefnaskrá. Laugalækjareyri er nú nokkuð röskuð. Hún var þar sem vegur liggur nú, beint neðan við sumarbústað og í suðurjaðri flugvallar.

Þar sem Laugarlækjareyri var er nú sléttlendi sem mikið hefur verið raskað vegna vegagerðar og lagningu nýrri flugvallar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 18

EY-024:009 Efri-fjánhús tóft fjárhús

66°04.280.N 18°40.718.V

"Syðst og neðst í túni er Vatnshóllinn. Spöl nokkurn upp frá honum stóðu Efri-Fjánhús suður frá bæ

... "segir í örnefnaskrá. Um 40-50 m sunnan við bæ og beint upp af Vatnshólnum (en neðan í honum er lítill skógreitur) sjást enn síðustu leifar fjárhúsanna. Tóftin er um 80-90 m norðan við hús rafmagnsveitunnar. Um 30 m suðaustan við tóftina er efri endi túngarðsins.

Tóftin stendur á grösugri hæð sem mætti í raun telja framhald bæjarhólsins. Neðan við er rakt svæði og ofan við er þýfð brekka.


Tóftin er nokkuð skemmd. Norðurveggur þess er alveg heill og mjög stæðilegur en einungis sjást veggstúfar til suðurs og suðvesturs. Norðurveggurinn er 15 m en veggstúfarnir tveir eru um 4 m á lengd.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ól, 18



EY-024:009, fjárhústóft, mynd tekin til suðurs



EY-024:010 Gerðahús fjárhústóft

EY-024:010 Gerðahús tóft fjárhús

66°04.340.N 18°40.616.V

"Syðst og neðst í túni er Vatnshóllinn. Spöl nokkurn upp frá honum stóðu Efri-Fjárhús suður frá bæ, en Neðri-Fjárhús, öðru nafni Gerðahús, stóðu út og niður frá bænum." segir í örnefnaskrá. Um 10-15 m neðan við 011 og um 40 m utan við þar sem bærinn (001) hefur staðið. Þetta eru að öllum líkindum Gerðahús þó þau séu í raun ekki neðar en bærinn. Garðlag er í kringum tóftina og taldi heimildamaður helst að þetta væru Gerðahúsin. Húsin standa á grónu en þýfðu svæði. Hústóftin er einföld og U-laga. Utan og ofan við hana liggur garðlag. Tóftin sjálf er eingöngu 4-5 X 4-5 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ól, 18

EY-024:011 frásögn fjós

66°04.311.N 18°40.662.V

Rétt um 10 m norðan við bæinn (001), á bæjarhólnum, var áður tóft affjósi semjöfnuð var út um leið og bæjarhúsin.

Tóftunum á bæjarhólnum var eingöngu rutt út en hóllinn var ekki skemmdur neitt að ráði. Hann er á kafi í gróðri og nokkuð ójafn, á nokkrum stöðum má sjá glitta í hleðslur eða steina á stöku stað án þess að þar sé hægt að greina leifar.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1917



EY-024:010, Gerðahús, ljósmynd tekin til norðurs

EY-024:012 *Neðra-Hesthúsgerði* tóft hesthús

66°04.362.N 18°40.530.V

Um 15-20 m beint neðan við Efri-Hesthúsgerði (003) er Neðri-Hesthúsgerði. Tóftirnar sjást enn um 20-30 m sunnan við þar sem má greina óljósar leifar túngarðs.

Í grasi grónu en þýfðu túni.

Tóftin stendur á hæð eða tungu í brekkunni. Hún er 10 X 7 m að stærð og er um 3 hólfr. Ekki er greinilegt hvar op hefur verið á tóftinni. Í stærsta hólfinu eru grjóthnullungar í gólfinu. Hæð tóftarinnar er 0,5 m en veggir eru ummetirá breidd.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ól, 18



EY-024:012, hesthúsatóft á Neðra-Hesthúsgerði, mynd tekin til austurs

EY-024:013 *göngugarður* heimild um

66°04.324.N 18°40.277.V

"Niðri á flatlendinu heitir Flæðar. Þar var fyrrum sýnilegur göngugarður allangur þvert frá fjalli, miðsvæðis á flatanum." segir í örnefuaskrá. Flugvöllurinn liggur á Flæðum en ekki eru merkjanlegar leifar garðsins á þessum slóðum og ekki mundi heimilamaður eftir honum. Garðlagið sést ekki upp frá flæðunum en hugsanlegt er að garðlagið sem gengur niður úr túngarði Ósbrekkukots sé leifar þessa garðs.

Flugvöllurinn er á sléttu en röku láglendi en ofan (vestan) við hann tekur við grasi gróin hlíð.

Engin merki Garðsins eru á Flæðunum þar sem hnit voru tekin. Garðleifarnar sem ganga niður úr túngarði Ósbrekkukots eru 2-3 má breidd en um 150-180 má lengd.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ól, 18

EY-024:014 *Tjörnin* álagablettur

66°04.438.N 18°39.958.V

"Yzt og ofan við Sandkamba er tjörn ofurlítill, alltaf nefnd Tjörnin; Þar var álagablettur." segir í örnefuaskrá. Tjörn þessi er horfin í dag. Hún var aldrei mikil en hvarf vegna lagningu flugvallar og vegar þar við. Tjörnin er beint norðan við húsbyggingamar sem standa á flugvellinum.

Norðan við er malarhlað og rakt svæði þar norðan við.

Heimildamaður kannaðist ekki við neinar sagnir um hvers vegna tjörnin var talin álagablettur.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ól, 18

**EY-024:015** *garðlag* túngarður

66°04.261.N 18°40.701.V

Túngarður hefur legið umhverfis mestan hluta túnanna í Ósbrekkku. Hann má greina um 30 m suðaustan við 009 og einnig ofan við tún norðan bæjarhóls þar sem hann beygir svo til austurs en verður fljótt ógreinilegur.

Að sunnan liggur garðurinn á röku svæði en ofan við tún liggur hann í brekkurótum grasi gróinnar en þýfðrar brekku.

EY-024:015 túngarður, horft til norðurs

Garðlagið sést á 15 m kafla sunnan við tún. Ofan við tún má hins vegar greina hann á um 150-160 m löngu svæði. Garðlagið er 1,5 m á breidd, 0,4-0,5 m hæð og alveg gróinn

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

EY-024:016 þúst heystæði


66°04.324.N 18°41.056.V

Á svæðinu sunnan við túngarð Ósbrekkukots er mikið mógrafasvæði (007) og þar inn á milli eru nokkrar fagurgrænar þústir þar sem líklegast verður að telja að mór hafi verið hlaðinn upp.

Svæðið er rakt, vaxið mosa og lágvöxnu grasi.

Á svæðinu eru a.m.k. 3-4 þústir, flestar um 2-3 m á breidd en 3-4 m á lengd.

Hættumat: engin hætta



Túnakort fyrir EY-025 Ósbrekkukot

EY- 025 Ósbrekkukot

Hjáleiga frá Ósbrekku, afdeild að túni og engjum. Byggð fyrir manna minni 1712 en hafði farið í eyði 1698. Er aftur byggð fyrir 1847 (ekki getið 1839) og fór í eyði 1948. Kotinu fylgdi land milli Ósbrekku og Skeggjabrekku. Fornleifum utantúns er lýst með Ósbrekku.

1917: 1.4 ha.1918: "Tún er 1,17 ha að stærð. Það er góðri rækt, að mestu leyti slétt og gefur af sér 50 hesta. Engjar eru snöggar, grýttar og votlendar. Af þeim fást 55 hestar af heyi. Búfjárhagar eru þröngir. Sumarheit er góð en vetrarheit lítil vegna sjónalaga. Mótekja er til staðar en trofrista er ekki góð." (HHII, 131)

EY-025:001 Ósbrekkukot bærjarhóll bústaður

66°04.374.N 18°40.953.V

"Ósbrekkukot stóð nokkru ofar í brekkunni en Ósbrekka ... " segir í Byggðum Eyjafjarðar. Bærjarstæði Ósbrekkukots er nálæga beint ofan við bærjarstæði Ósbrekku (örlítið utar) og báðir bærjarhólarnir eru fast

utan við sama bæjarlækinn sem rennur niður úr fjalli fast norðan við bæina. Bæjarstæði Ósbrekkukots er nærri því að vera 260-270 m ofan við Ósbrekkubæ. Rústir bæjarins eru á hæð.

Bærinn stendur á hæð í túni sem er örlítið þýft og nú nokkuð rakt. Svæðið er gróið lágu grasi. Bæjartóftin er ekki mjög stór eða um 12 X 12 m að stærð. Hún er nokkuð hrunin og gróin en þó virðist mega greina fjögur hólf og vel getur verið að henni hafi frekar verið skipt niður með timburpiljum enda er nokkuð aftimbri og bárujarni í tóftinni miðri. Op er á austurvegg tóftarinnar. Nokkrar grjóthleðslur má sjá á einstaka stað innan tóftar. Tóftin er mest um 1 m að hæð en veggir hennar eru allt upp í að vera 1,5 má breidd.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: BE 1990, 96 og Túnakort 1917



EY-025:001, bæjarhóll Ósbrekkukots, mynd tekin til norðausturs

EY-025:002 tóft fjárhús


66°04.374.N 18°40.976.V

Um 16 m ofan við bæjartóftina og örlítið innar er tóft sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Tóftin er fagurgræn og gróin og stendur á hæð sunnan við lækinn.

Tóftin stendur á lítilli hæð í túni sem er örlítið þýft og nú nokkuð rakt. Svæðið er gróið lágu grasi. Tóftin er tvískipt og 12 X 12 m að stærð. Op er á austurhlíð hennar. Í tóftinni eru grjóthleðslur greinilegar og hún er mest tæpur metir á hæð. Í austara hólfinu virðist sem garði gangi eftir endilöngu og er því líklegt að um fjárhús sé að ræða og hólfið sem er að baki hafi verið hlaða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917



EY-025:002, fjárhústóft, mynd tekin til austurs

EY-025:003 tóft fjárhús

66°04.395.N 18°41.078.V

Um 100 m ofan við bæjartóftina (001) og 80 m ofan við 002 (og örlítið innar) eru leifar útihúss sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Tóftin er fast sunnan við lækinn sem rennur norðarlega f túni.

Tóftin stendur á lítilli hæð f túni sem er örlítið þýft og nú nokkuð rakt. Svæðið er gróið lágu grasi.

Tóftin er 12 X 10 m að stærð og er 3-4 hólf. Tvö hólfanna snúa fram og op er á tóftinni til austurs. Að

baki er eitt hól sem gæti hugsanlega verið tvískipt þó líklegra sé e.t.v. að hrun úr veggjum hólsins orsaki það sem lítur út eins og lítill veggstúfur. Í syðra hólfinu að framan virðist sem garði hafi gengið og því hefur húsið líklega verið fjárhús. Litlar grjóthleðslur eru greinanlegar. Tóftin er 0,6 m á hæð.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Túnakort 1917



EY-025:003, fjárhústóft, mynd tekin til vesturs

EY-025:004 tóft

66°04.401.N 18°40.921.V

Um 50 m beint norður af bæjartóftinni og læknum sem rennur norðan við hana er alveg sigrin tóft eða þúst sem nú er nokkuð ógreinileg. Í kring er fremur lágvaxið og þýft gras og þar er nokkuð rakt. Tóftin stendur á grænni hæð sem er um 10 X 5-6 m að stærð. Ummál tóftarinnar er óskýrara. Þetta virðast í raun tvær einfaldar tóftir. Sú efri er 4 X 3 m en 1 m neðan við hana er önnur sem er 2,5 X 3 m. Hæð tóftarinnar er 0,2 m en veggirnir eru 0,7 m breidd. Hugsanlega eru þetta e.k. heystæði.

Hættumat: engin hættu




EY-025:004, tóft, mynd tekin til vesturs

EY-025:005 tóft

66°04.368.N 18°40.952.V

Um 10 m beint sunnan við bæjartóftina (001) er fremur gróin og ógreinileg tóft. Tóftin er í túni sem er örlítið þýft og nú nokkuð rakt. Svæðið er gróið lágu grasi. Tóftin er hringlaga og 2,5 X 3 m að stærð. Op er á austurhlíð hennar og nokkur grjótdreif í og við hana. Hæð tóftarinnar er 0,3-0,4 m.

Hættumat: engin hættu



EY-025:005, tóft, mynd tekin til austurs

EY-025:006 tóft

66°04.393.N 18°41.010.V

Um 40-50 m norðaustan við 003 og um 30 m norðvestan við 002 er tóft. Hún stendur fast norðan við lækjarfarveginn. Tóftin er í tún sem er örlítið þýft og nú nokkuð rakt. Svæðið er gróið lágu grasi. Tóftin er einföld og 4,5 X 2,5 m að stærð. Op er nyrst á austurvegg hennar. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni, hæð hennar er 0,3 m en breidd veggja er tæpur metir.

Hættumat: engin hætta



EY-025:006, tóft, mynd tekin til norðausturs




EY-025:007, túngarður, horft til austurs

EY-025:007 garðlag túngarður

Túngarður hefur verið umhverfis tún í Ósbrekkukoti að hluta en lækurinn markar tún annars staðar. Túngarðurinn sést nokkuð vel sunnan við tún og upp með þeim. Túngarðurinn liggur umhverfis tún sem er örlítið þýft og nú nokkuð rakt. Sunnan við hann er mjög rakt svæði með mógröfum.

Túngarðurinn er um 2 m á breidd en 0,5 m á hæð. Hann er alveg gróinn en þó rofinn á nokkrum stöðum, t.d. á 10 m kafla mitt á milli 002 og 003. Garðinn má greina á 200-230 m svæði þó á milli sé hann víða rofinn á svæðum

Hættumat: engin hætta



Túnakort fyrir EY-026 Skeggjabrekku

EY-026 Skeggjabrekka

30 hdr. 1712. Hólastólseign. 1195: "Á þeim bæ, er í Brekku heitir, í Ólafsfirði, bjó sá maðr, er Þorsteinn hét ok var Halldórsson. En á annari Brekku bjó Eyvindr Bjarnarson ok Sigrfðr móðir hans. Þat var mælt, at Þorsteinn væri vel til Sigríðar [Eyvindr og Sighvatr mikli bróðir hans] gátu fyrr lokit heyverki sinu, en Þorsteinn átti úti nökkut ok hafði fært heim í tún þat, er úti var. En meystelpa ein var at fé þeira bræðra. Ok einn dag rak hon naut at túni en Þorsteinn fór á mót henni ok bað hana eigi þangat reka at heyjunum ok vísaði í brot fénu ... En síðan gengur þeir bræðr á Brekku til Þorsteins. En hann leiddi hross sitt ór garði - ok fundust þar." (Sturlunga saga I, 181-82). 1449 á Hólakirkja "Jtem skeggjabrekko ix kugyllde. 1. ijc." (DI V, 38). 1525 er Skeggjabrekka talin meðal Hólastólseigna (DI IX, 301). 1550 á Hólakirkja "Med Skeggjabreccu .vij. kugillde. landskyllde .il/2. c." (DI XI, 862).

1569: Med Skieggjabrecku landsk .. il/2. c. kug .. vi." (DI XV, 230). 1570: Med Skieggjabrecku .vi. kug." (DI XV, 460). Á Skeggjabrekkudal norðan Garðsár og að Laugalæk. Sýrnes mögulega gömul hjáleiga, Skeggjabrekkukot/Finnbogakot hjáleiga á 17. öld og snemma á 19. öld. Vatnsbakki hjáleiga í nokkur ár um síðustu aldamót. Í eyði frá 1970. Nú fólkvangur og útivistarsvæði Ólafsjarðarbúa. 1917: 4.14 ha. 1/3 slétt. Garðar 80 m². 1939: " ... meðörðugu, þýfðu og hólóttu túni, sums staðar í bratta, hefir engi alsæmilegt, fjárgöngu, afrétt og grasatekju á þessum grösuga dal, silungsveiði í vatninu, og er því væn og vel sætileg jörð." (SSE, 60). 1918: "Tún er 4 ha að stærð og gefur af sér 120 hesta. Það er grösugt í meðallagi og rþiðjungur þess er sléttur. Tún má græða út. ... heyfengur af engjum er 300 hestar og er heyið létt en hollt. Vegur að engjum er brattur og víða illfær. Bithagi er í löngum dal og er hann góður og skjólríkur en þar er snjóþungt að vetrarlagi og því er lítið um vetrarheit. Mótekja er það mikil að árlega er mór sendur fyrir um 30 kr. fyrir utan það sem notað er heima á jörðinni. Torfrista er hins vegar léleg og langt að sækja en mól til steinsteypi er að finna ekki langt frá." (HHII, 130). 1990: "Ofan bæjarins tekur við undirlendi upp að fjallsrótum og eru þar túnin. Búskapur lagðist af í Skeggjabrekku fyrir nokkrum árum og er nú eggslétt túnið aðalvettvangur golfmanna í firðinum." (BE 1990, 96)

EY-026:001 *Skeggjabrekka* bæjarhóll bústaður 66°04.061.N 18°41.195.V
 Í Byggðum Eyjafjarðar segir um Skeggjabrekku: "Bærinn stendur hátt uppi á brekkunni gengt kaupstaðnum í mynni Skeggjabrekkudals." Gamli bærinn sem merktur er inn á túnakort stóð á svipuðum stað og íbúðarhúsið í Skeggjabrekku stendur nú. Gamli bærinn stóð reyndar örlítið ofar í hlíðinni, þ.e. hann hefur náð lengra til vesturs, þar sem nú er bílaplan vestan við húsið. Miklar framkvæmdir hafa átt sér stað í og við bæjarstæðið. Bæjarstæðið er á einhvers konar bæjarhól en honum hefur nokkuð verið raskað við bygginu íbúðarhússins sem nú stendur og lagningu bílaplans. Bæjarhóllinn er um 15-20 má breidd en 40-50 má lengd.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: BE 1990, 96 og Túnakort 1917

EY-026:002 heimild um útihús 66°04.066.N 18°41.183.V
 Fast norðan við gamla bæinn (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Engin ummerki eru nú um húsið en þar sem það hefur staðið er nú heimreið sem sveigir fram hjá húsinu og að bílaplaninu ofan þess.
 Á þessum stað er nú heimreið.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-026:003 *Fjóshóll* heimild um fjós 66°04.056.N 18°41.147.V
 Um 20 m austan við 002 og um 30 m norðaustan við 001 var fjós sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Fjósið var á eða við Fjóshól. Engin ummerki eru nú greinanleg um þetta hús sem hefur verið utan og neðan við gamla bæinn (001). Neðan við íbúðarhúsið tekur við grösug brekka. Fjóshóllinn liggur norðaustur-suðvestur og hefur húsið verið ofarlega eða efst á hólnum.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1917


EY-026:004 heimild um útihús 66°04.089.N 18°41.274.V
 Um 70 m vestan við gamla bæinn (001) var útihús sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Þar sem útihúsið hefur staðið er nú golfvöllur en á þessum stað er svolítill hæð á vellinum. Sléttaður golfvöllur.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-026:005 *Skeggjabrekkukot* tóft býli 66°04.146.N 18°41.140.V
 Í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 er getið um Skeggjabrekkukot. Þar segir: "Skeggjabrekkukot, eyðihjáleiga, byggð við heimatúnið á fornu fjárhússtæði hjer um fyrir 20 árum, og varaði byggðin inn til næstu 7 ára Aftur má hjer byggja, þó það sje til rýrðar heimajörðinni," Kotsins er getið í örnefnaskrá: "Í túninu eru þessi örnefni, eða voru til: Kothúsvöllur " Kothúsvöllur er orðinn að golfvelli. Á þeim stað sem býlið, og síðar fjárhús, stóðu er hæð í vellinum og í rennisléttu grasinu má enn sjá móta fyrir hleðslum þess húss sem síðast hefur staðið á þessum stað. Tóftirnar hafa verið um 150-160 m utan og örlítið ofan við bæinn. Fjárhúsin eru merkt inn á túnakort frá 1917. Þar sem tóftin var er hæð í rennisléttum golfvellinum.

Húsið sem seinast hefur staðið á þessum slóðum virðist hafa verið 16-18 m að lengd en um 6 m á breidd og op hefur verið á austurhlið.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: JÁM X, 23, Ö-Öl, 20; og Túnakort 1917



EY-026:005, Skeggjabrekkukot, mynd tekin til austurs

EY-026:006 álagablettur

66°04.337.N 18°41.293.V

"Við norðurmerkin heitir Þrætutunga og þar er Álagablettur" segir í örnefnaskrá. Þrætutunga er á merkjum innan og ofan við Ósbrekkukot. Golfvöllur nær alveg norður að merkjum Skeggjabrekku og Ósbrekkukots og hefur tungan að hluta verið þar sem hann liggur.

Þarna er svæði sem að hluta virðist vera gróin skriða. Sunnan við er golfvöllurinn en norðan við er deiglendi þar sem miklar svarðargrafir eru í landi Ósbrekkukots.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 19

EY-026:007 Svarðargrund gryfja mógrafir

66°04.030.N 18°41.676.V


"Næst þar framan við [Þrætutungu - 006] er grunnt gil, sem kallast Simonargil. Þá er Svarðargrund, Íglhóll og Grafarhólar." segir í örnefnaskrá. Um 350 m ofan við þjóðveg og um 100 m utan við stíflu í mynni Brekkudals eru flennistórar svarðargrafir.

Grafirnar liggja á aflíðandi svæði ofan við golfvöllinn. Svo virðist sem vegarstæði komi til með að liggja í eða við grafirnar.

Grafirnar eru á um 100 X 100 m svæði og eru grónar en þó víða enn um metir á dýpt.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Öl, 19



EY-026:008, tóftir Skeggjabrekkusels, mynd tekin til suðausturs

EY-026:008 Skeggjabrekkusel tóftir sel

66°03.763.N 18°43.211.V

"Innan við Smáragrundargil er Skeggjabrekkusel, venjulega nefnt Selið." segir í örnefnaskrá. Hitaveitan hefur lagt slóða inn Brekkudal. Yst er hann Grundarmegin en fer yfir ána rétt innan við

stífluna. Slóði þessi liggur að hitaveitumannvirki um miðjan dal. 100-200 m innan við enda slóðans eru leifar Skeggjabrekkuksels. Selið er um 1,5-2 km fjarlægð frá bænum (001). Selið stendur á hæð nærri árbakka Garðsár. Nokkurt flatlendi er milli ár og fjallsróta á þessum slóðum (e.t.v. um 300 m). Svæðið er gróið lávöxnu grasi. Á svæðinu eru greinanlegar 3 rústir og ein þúst auk þess sem vallargarðurinn (015) er fast innan við innstu seltóftina. Sú tóft er einföld og 6 X 5 m að stærð. 33 m utar og örlítið nær ánni er önnur tóft á hæð. Tóftin er 14 X 5 m að stærð og er þrískipt. Um 25 m ofan við hana er önnur tóft á hæð og er hún 2-3 skipt og 14 X 7 m að stærð. Þessar tvær tóftir eru með op á vesturhlíð. Innan og ofan við síðastnefnda tóft og um 36 m utan við vallargarðinn er svo þúst sem er 6 X 8 m að stærð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 19

EY-026:009 *Sandskarð* heimild um leið 66°03.773.N 18°43.305.V

"Langihryggur liggur upp úr dalbotninum í átt að Sandskarði, en sú leið er forn ferðamannaleið til Héðinsfjarðar og Siglufjarðar, kölluð Botnaleið lengra vestur frá." segir í örnefnaskrá. Skarðsins er getið í Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðar frá 1839: "Ósbrekkufjallið nær suður að Skeggjabrekkuðalshálsi, yfir hvern vegur liggur, bæði til að ferðast fyrir botn Héðinsfjarðar vestur í Siglufjörð og eins ofan í Héðinsfjörð utan- og vestanmegin hálsins." Á leiðina er enn fremur minnst í Lýsingu Eyjafjarðar: "Um Skeggjabrekkuðal liggur svonefnd Botnaleið um Sandskarð yfir f botn Héðinsfjarðar, og síðan áleiðis til Siglufjarðar. Fært er þar með hesta, en þykir torleiði nokkurt. Allmikið var þó leið þessi farin fyrrum milli fjarðanna." Leiðin um Sandskarð var ein aðal samgönguæðin milli Ólafsfjarðar og Héðinsfjarðar og Siglufjarðar. Leiðin var farin inn Brekkudal og síðan upp úr dalsbotninum.

Undirlendi í Brekkudal er víðast nokkuð. Slóði sem hitaveitan hefur gert liggur inn að hitaveitunni. Þar skammt fyrir innan er selið og vallargarðurinn (015). Engin ummerki sjást um slóða á þessum slóðum enda allt eins líklegt að slóði hitaveitunnar sé þarna á svipuðum slóðum og leiðin lág. Ógreinilegri slóði tekur við þar sem hitaveituvegurinn endar og voru hnit tekin fast sunnan við selið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-O1, 19-20, SSE, 52 og LE I, 180.

EY-026:010 *Kotsgrund* frásögn hrútakofi 66°04.116.N 18°41.133.V

Hrútakofi, og síðar reykkofi var um 100-120 m sunnan við gamla bæinn (001). Hann stóð á hæð sem var sú vestari af tveimur hæðum sem þarna voru í túni. Enn má örlítið sjá fyrir þessum hæðum, um 40 m suðaustan við 005.

Þar sem kofinn var áður er nú lítil hæð í sléttuðum golfvelli.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ól, 20

EY-026:011 *Finnbogakot* bæjarstæði býli 66°04.279.N 18°41.264.V

"Neðst við Garðsá er Kotsgrund og Þrætuholt, þar næst Hæðir og niður frá þeim tóftir býlis, er eyðilagðist í snjóflóði; það hét Finnbogakot." segir í örnefnaskrá. Þetta sýnist vera annar staður en 'við heimatúnið' þar sem Skeggjabrekkuðal var samkvæmt Jarðabók Áma og Páls. Finnbogakot "var byggt á tímabili snemma á síðustu öld" samkvæmt Byggðum Eyjafjarðar en þess er þó ekki getið í Jarðabók Johnsens frá 1847 eðaf Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðar. Þrætutunga er á merkjum en neðan við hana var Finnbogakot í landi Skeggjabrekku. Á þessu svæði er golfvöllur og engar minjar um býlið. Rennisléttur golfvöllur.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Ól, 20, BE 1990, 97, JJ, 285

EY-026:012 *Sýrnes* bæjarstæði býli 66°04.081.N 18°40.677.V

"Norðan við Ólafsfjarðarvatnið er Sýrnes kallað, fornt nafn, líklega dregið af sýr, sem þýðir gylta. Þetta er einskonar nes úti vatnið út og niður frá bænum." segir í örnefnaskrá. Býlisins er getið í Jarðabók Áma og Páls frá 1712 en þar segir: "Symes heitir örnefni niður við vatnið, þar eru fáeinir tóftaleifar, og eru munnmæli að þar hafi f fyrndinni hjáleiga verið, sem af sje fallin fyrir manna minni, og því kann enginn um byggingarkosti hennar að undirjetta. Ekki má hjer aftur upp byggja, því túnstæði er ekkert." Í Byggðum Eyjafjarðar er einnig minnst á býlið: " ... nokkru fyrir aldamótin byggðist kotið Vatnsbakki í nokkur ár." Vatnsbakki var á sama stað og Sýrnes áður. Sýrnes er nes sem gengur út í Ólafsfjarðarvatn sunnan við þar sem þjóðvegurinn beygir fyrir flugbrautina. Er það eina nesið f landi Skeggjabrekku.

Langt er síðan allt var sléttað á þessum stað en á tunganum er hóll þar sem tóftirnar voru.

Í Hundrað árum í Horninu (II bindi) segir: "Ólafsfirðingum fjölgaði mikið á seinustu árum 19. aldar „ásóknin í jarðnæði jókst líka mikið. Víða urðu til hjáleigur og tómthús sem í sumum tilfellum er vart hægt að kalla annað en kot. Svo var t.d. um ... Vatnsbakka í landi Skeggjabrekku Þessi kot voru agnarsmá og byggð af miklum vanefnum. Það eru kot afþessari gerð sem séra Magnús Jósefsson lýsti svo í Norðanfara árið 1883: "Að utan sjezt ekki annað en að það sje fjárhús, komum inn í baðstofuna, þar er rúm fyrir gafli og annað til hliðar og ekkert bil á milli, en við enda annars rúmsins stendur kýrin og er flórinn rjett fyrir innan dýrnar 4-5 ferálnir; það er hey í rúmunum, en engin sæng, en leppar breddir yfir heyið, annað er ekii itil að breiða ofan á sig.""

Hóllinn er um 25 m á lengd en 15 m á breidd. Framan við hann, nær vatninu er steypur kofi.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Öl, 20; JÁM X, 23; BE 1990, 97; HH II, 101

EY-026:013 Heygarðar örnefni heygarður

66°04.067.N 18°40.743.V

"Suður með vatninu [frá Sýrnesi - 012] eru Votubakkar og upp frá þeim Heygarðar." segir 1 örnefnaskrá. Á svæðinu sunnan við Sýrnes og að merkjum við Garðsá er eilítið flatt undirlendi áður en hrekkann tekur við þar sem þjóðvegurinn og íbúðarhúsið í Skeggjabrekku standa á og við. Eru það nefndir Votubakkar. Ekki eru greinanlegir heygarðar fyrir ofan þá. Á einum stað, um 50 m sunnan við Sýrnes má þó greina um 20 m langt garðlag sem liggur austur-vestur.


Garðlag þetta liggur í þýfðri brekkunni sunnan og ofan við Sýrnesið.

Garðlagið er um 15-20 m langt og um 1 m á breidd. Það er um 0,4 m á hæð.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Öl, 20

EY-026:014 tóft stekkur



EY-026:014, tóft, mynd tekin til suðausturs

Um 10 m utan við Garðsá og um 100-150 m ofan við Ólafsfjarðarvatn. Tóftin er fast upp við brekkuna sem þjóðvegurinn liggur í ofar.

Tóftin stendur á rennisléttri grasflöt. Tóftin er mjög gróin og fremur ellileg. Hún er 9 X 5 m að stærð og tvískipt. Op virðist vera á milli hólfa tveggja en ekki er merkjanlegt op á útvegg. Tóftin er alveg gróin og er um 0,3 m á hæð. Austurveggur tóftarinnar er ógreinilegastur. Tóftin hefur líklega verið e.k. stekkur eftir fjarlægð frá bæ og útliti að dæma.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Túnakort 1917

EY-026:015 garðlag

66°03.748.N 18°43.255.V

Vallargarður er á Brekkudal fast innan við seltóftirnar. Garðlagið liggur þvert á dalinn. Í Hundrað árum í Horninu er mynd af garðlaginu og þar segir: "Forn garður á Skeggjabrekudal. Efsti hluti dalsins varð snemma afrétt og mun garðurinn því líklega vera vörslugarður. Garðurinn er víða niður fallinn, en þó sést hann enn mjög vel nokkrum metrum innan við borholur Hitaveitunnar."

Garðurinn liggur mestmegnis yfir fremur rakt svæði sem vaxið er lágu grasi. Hann liggur þó upp í hlíðina og þar er hann á þýfðu móasvæði.

Garðurinn er alveg gróinn. Hann er 0,3 m á hæð en mest um 1,5 m á breidd. Hann er ekki greinilegur á um 10-20 m svæði upp frá ánni en sést svo nærri samfelld upp í hlíðina. Garðurinn er um 250-300 m á lengd.

Hættumat: engin hætt


EY-026:016 tóftir

Um 50 m norðan við skurðenda sem liggur inn Brekkudalinn í dalsmýnninu er fagurgræn hæð með Llaga tóft um 40 m utar og og neðar er önnur, einföld tóft. Tóftin (A) er ofan við stífluna og um 50 m innan við svarðargrafimar (007) en B er nær gröfunum (um 20 m). Um 5 m ofan við efri tóftina er girðing en ofan við hana tekur við aflíðandi fjallshlíð.

Tóftin stendur á hæð á melasvæði.

A er um 10 X 10 m að stærð og L-laga. Erfitt er að greina innri lögun tóftarinnar. Um 40 m norðaustar er önnur tóft. Hún er 5 X 3 m að stærð og er ferhyrnd, einföld. Hæð tóftanna er 0,2-0,3 m og þær eru þess legar að líklegt verður að teljast að þær séu í einhverju samhengi við hinar flennistöru mógrafir sem eru utan við þær.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



EY-026:016, tóftir

EY-026:017 garðlag

66°03.855.N 18°53.122.V

Garðlag liggur í hlíðinni utan við seltóftirnar á Brekkudal. Ofan við vegaslóðann inn dalinn er steypt hitaveitumannvirki. Um 55 m ofan við suðvesturhorn þess liggur garðlagið upp og niður í hlíðinni. Um 20-30 m ofan við upphaf þess liggur skurður þvert á garðinn og sést garðlagið ekki á kafla í kringum skurðinn en sést bæði ofan og neðan við og liggur upp í hlíðina um 150 ofan skuðsins.

Garðlagið liggur að mestu um þýfða fjallshlíð.

Garðlagið er mest um 0,8-0,9 m breidd en um 0,2-0,3 m hæð. Garðurinn er um 180-200 m lengd.

Hættumat: engin hætta

EY-026:018 tóft


66°03.847.N 18°47.162.V

Um 20-30 m innan við ytra garðlagið á Brekkudal (018) er einföld tóft upp á hæð sem þar er. Tóftin er um 50-60 m ofan við vegaslóða og um 100-120 m innan og ofan við hitaveitumannvirkið.

Tóftin stendur á gróinni hæð.

Tóftin er einföld, 8 X 3 m að stærð. Ekki er merkjanlegt op á tóftinni. Hæð hennar er 0,2 og breidd veggja er 0,3-0,4 m.

Hættumat: engin hætta



EY-026:008, tóft , mynd tekin til norðvesturs

EY-026:019 tóftir



EY-026:019, tóftir,



66°03.872.N 18°42.354.V

Tóftir eru um 40 m norðvestan við Garðsá og um 50 m utar en brúin sem er á hitaveituslóðanum yfir Garðsá. Tóftirnar eru inn í afgirtu hólfi þar sem hestar eru hafðir á beit. Tóftirnar eru 10-15 m ofan við girðinguna.

Tóftirnar eru inn í beitarhólfi.

Tóftirnar eru þrjár á þessum stað. Sú syðsta er tvískipt og 9 X 8 m. Op er á tóftinni á norðurvegg. Um 20 m norðar er önnur tóft sem stendur á lítilli hæð. Þessi tóft er 6 X 4 m að stærð og er einföld. 7-8 m vestan við þessa tóft er önnur hæð með tóft á. Hún er 10 X 7 m að stærð og op er á austurhlíð. Tóftin er tvískipt.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

EY-026:020 tóftir

66°04.040.N 18°42.014.V

Beint ofan við innri enda stíflu og um 80 m ofan við skurð sem liggur inn mynni Brekkudals eru tvær tóftir í hlíðinni. Tóftirnar eru mjög ólíkar að gerð og virðast frá mismunandi tímum. Neðri tóftin er fagurgræn og stendur hærra en landið í kring og er greinanleg úr nokkurri fjarlægð. Um 40-50 m ofar (örlítið innar á dalnum) er önnur tóft þar sem greinanlegar eru nokkrar grjóthleðslur.

Tóftirnar standa á svæði þar sem lávaxið gras vex en

eftir því sem ofar dregur er meira um gróna urð.

Neðri tóftin er 7,5-8 X 6-7 m að stærð og er tvískipt og

nokkuð

stökkjarleg. Hún er fagurgræn og alveg gróin og ekki er merkjanlegt hvar op hefur verið á útvegg hennar. Um 40-50 m ofar er

önnur tóft sem er 6,5 X 11 m að



EY-026:020, tóftir ,




stærð og grjóthlaðin að innan. Op er á miðjum austurvegg þessarar tóftar. Innan við þetta hólfið hefur e.t.v. verið annað en hugsanlegt er að skriða eða lækjarfarvegur hafi fyllt upp í það, a.m.k. er fyllt upp í það í dag. Efreiknað er með þessum hluta tóftarinnar væri hún 21 m á lengd.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

EY-026:021 heimild um rétt

Í Hundrað árum í horninu segii: "Aðalrétt fyrir og eftir aldamótin [1900] var Reykjarétt ... Aukaréttir voru Skeggjabrekkurétt, Hornbrekkurétt og Ytri-Árrétt."

Heimildir: HH I, 96



EY-027 Garður

30 hdr 1712 (með Auðnum) og var heimajörðin þá 20 hdr. Bændaeign. Tvíbýli frá 1913 og er landi skipt. Í Byggðum Eyjafjarðar segir um Pálsskot sem byggt var í landi Garðar: "Pálsskot hét smáskot sem byggt var út úr jörðinni fyrir síðustu aldamót og búið þar fram á öldina." (BE 1990, 72). Ekki er lengur búið á Garði I og enginn búskapur lengur á Garði II.

1917: 4.36 ha. 1/3 slétt. Garðar 300 m². 1839: " ... með stóru túni, en minna engi. Hér er ogsvo góð beit og hagkvisti." (SSE, 60). 1918: "Tún er 4,78 ha að stærð. Það ehfur af sér 140 hesta og er í góðri rækt. Fjórðungur þess er sléttur og það liggjur vel við útgræðislu Af engjum fást 150 hestar af allgóðu heyi. Þær eru snögglendir, þýfðar og votlendir. haglendi er gott að sumri til að snjóþungt og lélegt að vetri til. ... Gripagirðing er frammi á dal. Nokkur mótekja er fyrir hendi en torfrista er l'túil og langt að sækja hana." (HHII, 128) 1970: "Mjög lítið er hér af ræktanlegu landi. Beitiland er allgott, einkum sumarhagar fyrir sauðfé ... Jörðin hefur veiðirétt í Ólafsfjarðarvatni." (BE II, 13-14) 1990:

"Túnið er bratt og liggur að mestu neðan þjóðvegarsins fram með vatninu. Umfram það er nánast ekkert ræktanlegt land á jörðinni." (BE 1990, 72)

EY-027:001 Garður bæjarhóll bústaður 66°03.760.N 18°41.385.V

"Garður stendur vestanvert við Ólafsfjarðarvatn, nokkru norðar en við miðju þess, eða beint á móti Neskoti. Bærinn er skammt sunnan Garðsár, sem kemur innan úr botni Skeggjabrekkudals. Suðvestur frá bænum rís norðurendi Þóroddsstaðafjalls, Garðshyrna, sem er einnig nefnd Auðnahyrna.", segir í ornefnaskrá. Íbúðarhúsið er steinsteypt á tveimur hæðum, um 10 m neðan (austan) þjóðvegarsins og stendur á sömu slóðum og gamli bærinn.

Landi hallar niður (austur) að Ólafsfjarðarvatni, sérstaklega er brattinn mikill á túninu neðan hússins. Vart er réttnefni að tala um bæjarhól á þessum stað en íbúðarhúsið stendur á stalli í brekkunni, sem er um 150 X 60 m stór og snýr norður-suður. Eflaust hefur þó stallurinn myndast að einhverju leyti vegna upphleðslu mannvistarlaga. Steypta húsið var byggt árið 1939 á einni hæð við eldra timburhús, stofan kölluð, og svo var annað hús úr torfi og grjóti í lengjunni. Síðastnefndu húsin tvö eru ekki lengur uppstandandi. Tvíbýli var á Garði en ábúendur bjuggu saman í húsi, samkvæmt heimildarmanni. Talsvert rask er allt í kringum húsið og gróður sunnan við í upphlöðnum garði úr torfi sem snýr austurvestur á lengdina.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

EY-027:002 heimild um fjárhús 66°03.829.N 18°41.256.V

Um 160 m NNA afbæ 001 voru fjárhús samkvæmt túnakorti frá 1917.

Sléttur bali er í túni þar sem húsin stóðu. Fast austan við steypist hrekkan niður til austurs.

Ekki sést til mannvirkjaleifa en þó er gróður heldur dekkri en umhverfis er.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-027:003 heimild um útihús 66°03.785.N 18°41.350.V

Um 50 m NNA afbæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917.

Í túni.

Á þessum slóðum var reist steypit útihúsasamstæða á 5. áratug 20. aldar sem svo var rifin þegar búskapur lagðist af. Ummerki þessara húsa sjást en ekki eldri ummerki.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-027:004 heimild um útihús 66°03.735.N 18°41.415.V

Um 50 m SSV afbæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917.

Í túni - brekka til austurs.

Engin ummerki gamalla húsa sjást þar sem húsið stóð en steypit útihús var síðar byggt á sama stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-027:005 heimild um útihús 66°03.730.N 18°41.424.V

Um 60 m SSV afbæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917.

Í túni - brekka til austurs.

Engin ummerki sjáanleg fyrir utan einhverskonar steypa þró sem er sunnan við steypit útihús, sjá 004.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-027:006 heimild um fjárhús 66°03.694.N 18°41.432.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917, og heimildamanni, voru fjárhús um 130 m SSV af bæ 001.
Í túni - grasbrekka mót austri.
Engar mannvirkjaleifar sjáanlegar en smá rani (láréttur) gengur fram úr brekkunni til austurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-027:007 heimild um útihús 66°03.743.N 18°41.345.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 40 m suðaustan við bæ 001.
Brött grasbrekka og/eða taðhaugur frá seinnitíma fjárhúsum.
Engin ummerki bygginga eru sjáanleg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-027:008 *Eyrarvað* heimild um vað 66°03.855.N 18°40.909.V
"Þar sem Garðsá fellur í [Ólafsfjarðarvatn] hefur myndast eyri, eða eyrar fram í vatnið af framburði árinna. Þetta er stundum nefnt einu nafni Eyrarnar ... Efst á Eyrunum er Eyrarvað á ánni, og var þar einkum farið er áin var í vexti.", segir í örnefnaskrá. Áður fyrr rann Garðsá til suðurs þegar hún kom niður á Eyrarnar en svo var henni veitt í austurátt. Enn er þó gamli árbakkinn greinilegur frá því áin rann til suðurs.
Á þessum slóðum eru marflatar og frónar eyrar sem skaga fram (austur) í Ólafsfjarðarvatn.
Bakkar eru lágir sin hvoru megin ár en gata ekki sjáanleg. Töluvert rask er á svæðinu; fiskeldisstöðin Óslax er rétt ofan eyranna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Öl, 21

EY-027:009 *Þórunnarvað* heimild um vað 66°03.934.N 18°41.234.V
"Þórunnarvað [á Garðsá] er ofan vegar og Þórunnarmelur milli hans og vaðsins", segir í örnefnaskrá. Vaðið var um 25 m ofan við steypa brú yfir Garðsá.
Grónir melar til beggja handa sem halla til austurs. Neðan (austur) þjóðvegur er nokkurskonar brot í landið, þ.e. hallinn snareykst til austurs.
Engar götur sjást en bakkar eru lágir beggja vegna ár.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Öl, 21

EY-027:010 *Stéttir* álagablettur 66°03.903.N 18°41.120.V
"Neðan við veginn er hólmi í [Garðsá], kallaður Stéttir. Er hann álagablettur, sem ekki má slá", segir í örnefnaskrá. Bletturinn er um 320 m norðaustur frá bæ 001.
Grónir melar eru til beggja handa. Neðan (austur) þjóðvegur er nokkurskonar brot í landið, þ.e. hallinn snareykst til austurs.
Hólmanum hallar mjög til austurs og er á að giska um 30 m breiður norður-suður og um 80 m langur. Hólminn er algróinn grasi, lyngi, sóleyjum, mariustakki og eyrarós. Stórir hnellingar eru hér og hvar á hólmanum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Öl, 21

EY-027:011 *Pálskot* þúst býli 66°03.693.N 18°41.153.V
"Kot ... hefur líka verið kallað Pálskot, en ekki er kunnugt um ástæðu fyrir því.", segir í örnefnaskrá. Ennfremur segir í örnefnaskrá: "Kot var þurrabúðarhjáleiga, sem stóð sunnan við Móinn [í túninu] alveg niður við vatnið". Í Byggðum Eyjafjarðar segir um sama stað: "Pálskot hét smákot sem byggt var út úr jörðinni fyrir síðustu aldamót og búið þar fram á öldina." "Kotið" var rétt rúma 200 m suðaustan við bæ 001.
Býlið var neðst í grasbrekku - í túni - alveg niðri við Ólafsfjarðarvatn.
Í Hundrað árum í Horninu (Íl bindi) segir: "Ólafsfirðingum fjölgaði mikið á seinustu árum 19. aldar „ásóknin í jarðnæði jókst líka mikið. Víða urðu til hjáleigur og tómthús sem í sumum tilfellum er vart hægt að kalla annað en kot. Svo var t.d. um Pálskot í landi Garðs Þessi kot voru agnarsmá og byggð af miklum vanefnum. Það eru kot af þessari gerð sem séra Magnús Jósefsson lýsti svo í Norðanfara árið 1883: "Að utan sjezt ekki annað en að það sje fjárhús, komum inn í baðstofuna, þar er

rúm fyrir gaffli og annað til hliðar og ekkert bil á milli, en við enda annars rúmsins stendur kýrin og er flórinn rjett fyrir innan dýrnar 4-5 ferálnir; það er hey í rúmunum, en engin sæng, en leppar breddir yfir heyið, annað er ekii itil að breiða ofan á sig.""

Greinileg mannvirki eru engin á þessum stað en þar sést þúfnablettur, um 10 X 6 m stór og snýr hann norður-suður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ól, 23, 21; BE 1990, 72; HH II, 101

EY-027:012 *Gerði* örnefni 66°03.698.N 18°41.414.V

Í örnefnaskrá er minnst á "Gerði" sem örnefni í túni og er það svæði rétt rúma 100 m SSA frá bæ 001

samkvæmt heimildamanni.

Í túni - grasbrekka mót austri.

Þar sem Gerðið á að hafa verið er örlítið brot í brekkuna en eins langt og heimildamaðurinn Hreinn Bernharðsson man voru aldrei nein mannvirki á Gerði - svæðið bar aðeins þetta nafn. Ekki er útilokað að fyrrum hafi þó verið mannvirki á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ól, 21

EY-027:013 *Stökkur* heimild um vað 66°03.909.N 18°41.165.V

"Áður en brú kom á Garðsá var oft hægt að stökkva yfir ána á klöppunum, þar sem brúin stendur. Kölluðu menn klappirnar Stökkur.", segir í örnefnaskrá. Vaðið mun hafa verið, samkvæmt heimildamanni, rétt ofan við núverandi steinsteypta brú yfir Garðsá.

Grónir melar eru til beggja handa sem halla til austurs. Neðan (austar) þjóðvegur er nokkurskonar brot í landið, þ.e. hallinn snareykst til austurs.

Töluvert rask er á staðnum vegna vegagerðar og sést ekki gata á árbökkunum. Einnig hefur áin sennilega breytt sér nokkuð vegna stífluframkvæmda skömmu fyrir miðja 20. öld þannig ekki sést staðurinn þar sem gott væri að stikla yfir ána.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 21

EY-027:014 *Helluvað* heimild um vað 66°03.942.N 18°41.596.V

"Helluvað er h.u.b. 200 m ofar en Þórunnarvað [009]. Það var ekki fært, nema áin væri lítill.", segir í

örnefnaskrá. Steinsteypt brú nálega þar sem Helluvað var, um 250 m upp með Garðsá.

Land er smáhæðótt en gróið. Nokkru ofar í ánni er stífla og skammt norðan Garðsár er golfvöllur.

Áin er harla breið en þó ekki lygn. Bakkar eru nokkuð lágir beggja vegna árinna. Ekki sjást götur eða slóðir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 21

EY-027:015 *Laugar* laug þvottalaug 66°03.775.N 18°42.836.V


Í Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðar segir: "Á Skeggjabrekkudal er einnig laug, Garðslaug, og hefur hún verið notuð til þvotta svo lengi sem elstu menn muna." Í örnefnaskrá segir um sama stað: "Heit uppsprettulind er rétt við [Garðsá] (þaðan er hitaveitan tekin) kallast hún Laugar. Þar var oft þveginn þvottur frá Skeggjabrekku og Garði, einkum ullarfatnaður." segir í örnefnaskrá. Um 850 m vestur af stíflu í Garðsá, mun hafa verið laug.

Skeggjabrekkudalur snýr norðaustur-suðvestur og er grösugur og talsvert víður norðan megin en mjókkar inn til suðvesturs.

Talsvert rask er á svæðinu vegna vatnsveitu og vegalagningar. Undir fargi er lítill steypur pottur sem í rennur volgt vatn. Engin ummerki sjást nú um gömlu laugina.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: aths neðanmáls í SSE, 57 og Ö-Ól, 21



EY-027:016, kvíatóft, mynd tekin til suðvesturs

EY-027:016 Ból tóft kvíar

66°03.766.N 18°41.465.V

"Spölkorn ofan við bæinn er Ból, leifar afkvíum", segir í örnefnaskrá. Kvíarnar eru um 60 m ofan við bæ 001. Þýfð og aflíðandi grasbrekka ofan þjóðvegur.

Tóftin er vel greinileg en er hálf full af rekaviðarröftum og öðru timbri. Hún er um 10 X 4,5 m stór og snýr norður-suður. Tóftin er einföld, með dyrum nyrst á vesturvegg en hann er einna síst greinilegur. Fast norðan við tóft er láréttur stallur allur jafnhár, um 7 m. Í norðausturhorni er stór steinn. Hleðslur eru að jafnaði um 0,4 má hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ól, 22



EY-027:017 Svörður náma mógrafir

"Skammt neðan við stífluna í ánni er Votihvammur, en sléttlendið framan við hana heitir Eyrar. Þar innan við er Svörður - mógrafimar", segir í örnefnaskrá. Grafirnar eru um 700 vestur frá bæ 001. Skeggjabrekkuðalur snýr norðaustur-suðvestur og er grösugur og talsvert víður norðan megin en mjókkar inn til suðvesturs.

Mógrafasvæðið er tæpir 100 X 40 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Mest og dýpst er stungið að suðvestanverðu en þar er allt jafnstungið, um 1,7 m upp á hæsta bakka.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 22

EY-027:017, mógrafir, horft til suðvesturs

EY-027:018 Garðsstekkur heimild um stekk

66°03.799.N 18°42.344.V

"Skammt neðan við stífluna í ánni er Votihvammur, en sléttlendið framan við hana heitir Eyrar. Þar innan við er Svörður [017] og Garðsstekkur (Stekkurinn) er aðeins utar og fast við ána. Hann var síðast notaður um 1920. Stekkjareyrar skaga litið eitt fram í Garðsá.", segir í örnefnaskrá. Stekkurinn var um 700 m vestur af bæ 001 og 20 - 30 m sunnan við Garðsá.

Grösugt svæði austanmegin í Garðsdal (Skeggjabrekkuðalur).

Gjörsamlega búið að rústa stekknunum við vatnsveitu- og vegafarmkvæmdir. Hálfgróin grjóthrúga er þar

sem stekkurinn var.


Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Ól, 22

EY-027:019 Tóftir heimild um sel

Í Sýslu- og sóknarlýsingum í Eyjafirði frá 1839 segir: "... hef ég heyrt sel hafi brúkað verið ... frá Auðnum á Garðsdal, syðra parti Skeggjabr. dalsins." Í örnefnaskrá er selsins einnig getið: "Innanvert á [Hólagrundum] er Hólagil og Hólalækur. Þá er komið á Mýrar, votlent svæði meðfram [Garðsá]. Þar eru seltóftir (?), sem nefndar eru aðeins Tóftir." Tóftir þessar fundust ekki við fornleifaskráningu sumarið 2004 og kannaðist heimildamaður ekki við tóftir innarlega á dalnum.

Heimildir: SSE, 61 og Ö-Ól, 22



EY-027:020 kálgarður

EY-027:020 gerði kálgarður

66°03.748.N 18°41.501.V

Tæpa 100 m VSV afbæ 001 er kálgarður.

Kálgarðurinn er í grösugri brekku sem hallar til austurs.

Kálgarðurinn er 14 X 10 m stór og snýr austur-vestur. Áfast garðinum að vestan er lítið lokað hólfi, um 6 X 3 m stór og snýr norður-suður. Vestur- og norðurhliðar eru greinilegar og einnig þar sem hlaðið er fyrir brekkuna að austan. Gerðið er í töluvert miklum halla, til austurs. Byggingarefuið er langmest torf en stöku stein er að sjá. Fast norðan við gerðið er óslétt svæði - hugsanlega af mannavöldum því hugsanlega hefur gerðið verið stærri áður. Um 5 m vestan garðs er um 0,8 m djúp gryfja, rétt tæpir 2 X 1 m stórt (austur-vestur).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-027:021 heimild um útihús

66°03.630.N 18°41.264.V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 mun hafa verið útihús um 250 m SSA afbæ 001.

Túnhleðill á lítilli hæð.

Engar mannvirkjaleifar sjáanlegar en svæðið er allt sundurgrafið vegna framræslu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917



EY-027:022, reykhus, horft til norðvesturs

EY-027:022 hús reykhus

66°03.772.N 18°41.418.V

Um 35 m ofan við (NV) bæ 001 og fast ofan við (NV) þjóðveg er reykkofi.

Grösug, óslétt brekka sem hallar til austurs. Kofinn er enn uppistandandi. Hann er um 5 X 4 m stór og snýr norður-suður. Veggir eru úr torfi og grjóti, hæstir við framgaflinn, um 1,3 m. Inni í húsi sjást 8 - 9 umför grjóts en 5 - 7 að utan. Nýlegt torf er á þaki. Á framgaflni hefur verið gluggi en timburplata er nú í glugganum. Ekki er gluggi á bakgaflni. Mesta hæð hússins eru tæpir 3 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-027:023 lind vatnsból

66°03.814.N 18°41.333.V


Um 100 m norðvestur afbæ 001 er uppsprettulind.

Uppsprettan er í grösugri en aflíðandi hlíð sem hallar til austurs.

Lindin er enn notuð en er byrgð með spýtnabraki þannig að engar hleðslur eru sjáanlegar. Ekki er vitað

hve lindin hefur verið notuð lengi eða hvað leynist undir farginu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



EY027:024, heystæðistöft, mynd tekin til suðurs

EY-027:024 tóft heystæði

66°03.536.N 18°41.368.V

Um 400 m SSA við bæ 001 og 50 - 60 m ofan við Ólafsfjarðarvatn er tóft.


Tóftin er í grasi gróinni brekku sem hallar til austurs. Brekkan hefur verið ræst fram og þannig gerð túnbleðli.

Samkvæmt Hreini Bernharðssyni er tóftin líklega af heystæði en hún er ansi voldug sem slík. Hún er um 8 X 5 m stór og snýr norður-suður. Tóftin virðist skiptast í 2 hólf en dyr eru engar greinanlegar. Byggingarefnið er torf því grjótt sést ekki í veggjum en nokkrir steinar liggja utan við tóftina að vestanverðu. Tóftasvæðið er nokkuð stórpýft. Mesta hleðsluhæð er um 0,7 m en tóftin rís um 1,5 m úr umhverfinu.

Hættumat: engin hætta

EY-027:025 gryfja

66°03.638.N 18°41.445.V



Um 230 m sunnan við bæ 001 er gryfja.


Grasbrekka sem hallar til austurs.

Grafið hefur verið inn í brekkuna svo að myndast nokkuð lárétt hólf, um 2,5 m á kant. Nokkrir flögusteinar sjást í bakkanum sem snýr inn í brekkuna (til vesturs) en hlaðið hefur verið fyrir að austan með torfi.

Hættumat: engin hætta

EY-027:025 gryfja

AUÐNIR




Túnakort fyrir EY-028 Auðnir

EY-028 Auðnir

10 hdr 1712. Afbýli frá Garði - bænda eign. "Bygt í úthögum fyrir manna minni, afdeilt einasta að túni og engjum, en öðrum landsnyttjum er óskift ... " JÁM X, 24; Í heimildum frá 17. öld eru Auðnir ekki nefndar, og hefur byggst upp ekki löngu fyrir 1700 en gæti hafa verið byggð á gamalli eyðijörð samanber nafnið. Í eyði frá 1967

1917: 2.05 ha. 2/5 slétt. Garðar 255 m². 1839: "Kot þetta er ... í hættulegri afstöðu fyrir jarðföllum úr fjallinu; hefir lítið tún og nokkurt engi í sökkva bleytu, sem nefnist Vatnshorn; hér er bezta beit í fjallinu og gott hagkvísti." (SSE, 60) 1918: "Tún er 1,9 ha að stærð. Það er í allgóðri rækt og er fimmtungur þess sléttur. heyfengur er 55 hestar. Af engjum fást 180-200 hestar. Þær eru frekar snöggar en helmingur þeirra er sléttur og blautur. engjavegur er slæmur. haglendi er gott árið um kring. Hvorki er mótekja né torfrísta ájröðinni." (HHII, 127) 1990: "Þar er einnig örlítil túnræma en landið er erfitt til ræktunar og heyskapur var einkum sóttur í blautar stararengjar, svokallað Vatnshorn." (BE 1990, 98)



EY028:001 bæjarbóllinn að Auðnum, mynd tekin til suðvesturs

"Bærinn Auðnir stendur neðan við þjóðveginn á mjóum undirlendisstalli á milli vatns og blíðar framarlega við Ólafsfjarðarvatn" segir í Byggðum Eyjafjarðar. Miðað við túnakort frá 1917 er núverandi steinhús nokkrum metrum ofar (norðar) en gamli bærinn hefur verið.

Bærinn er í grösugri brekka sem hallar mót austri. Steinhús var byggt á 5. áratug 20. alda nálega á sama stað og gamli bærinn, úr tarfi og grjóti, stóð. Áfast gamla húsinu, í norðurendanum, var lítið fjós. Engin ummerki gamla bæjarins eru sjáanleg. Steipta húsið stendur á smá rana sem gengur fram úr brekkunni til suðausturs. Rani þessi er sennilega að mestu náttúrulegur þótt einhver upphleðsla hafi átt sér stað af mannavöldum. Ranninn er meira eins og stallur en hóll.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; BE 1990, 98

EY-028:002 heimild um fjárhús

66°03.183.N

18°41.707.V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 munu hafa verið fjárhús um 50 m NNA af bæ 001.

Nokkuð láréttur rani gengur fram úr grösugri hlíðarbrekku til ASA.

Hleðslur engar sjáanlegar en gróður heldur ljósari á bletti þar sem húsið hefur staðið.

Hættumat: bætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-028:003 Bolatóft tóft útihús

66°02.648.N

18°42.534.V

"Við suðurmerkin (gegnst Þóroddsstöðum) heitir Merkjaskriða í fjallinu en Bolatóft rétt við veginn. Þar er Merkishólmi úti í vatninu ... " segir í örnefnaskrá. Þar segir enn fremur: " ... liggur merkjalínan um Bolatóft, sem er rétt neðan við gamla veginn, en ofan við nýja veginn (Ólafsfjarðarbraut)." Tóftin er um 100 m ofan (norðvestan) þjóðvegur.


Gróin blíð en ofar eru skriðmelar.

Tóftin er 11 X 8 m stór, snýr norðaustur-suðvestur og er tvískipt. Syðra hólfið er heldur ívið stærra og er innangengt milil hólfa. Tóftin er mjög svo áberandi; rís hátt úr umhverfinu, bæst 3 - 4 m að suðaustan.

Veggir sjást ekki glöggst nema norðvesturveggur en hann er hæstur. Tóftin er eins og þýfður pallur sem rís úr annars flötu umhverfi. Mesta hleðsluhæð er 0,9 m. Ekkert grjót er sjáanlegt en dyr eru sennilega í norðurhorni. Samkvæmt örnefnaskrá er Bolatóftin "talin hafa nafn sitt af því þegið, að þar hafi naut verið geymd, þó að nú komi menn ekki auga á, hví þessi staður hafi verið til þess valinn."

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 24, 25, 26



EY028:003, Bolatóft, mynd tekin til suðvesturs

EY-028:004 Gerði örnefni

66°03.029.N 18°41.874.V

"Næst bænum heitir Heimatún. Ekki er vitað um önnur örnefni í túninu en Gerði og Kiddablett" segir í örnefnaskrá. Bletturinn er um 250 m SSV af bæ 001.

Slakki í grasbrekkuna, niðri við Ólafsfjarðarvatn.

Túnhleðill sem "Kiddi" ræktaði á svæði sem nefndist Gerði. Engin mannvirki eru sjáanleg. Norðaustast á blettinum er nýlegur bjálkabústaður. Ekki vissi heimildamaður um horfin mannvirki sem hefðu staðið á blettinum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 24

EY-028:005 gerði kálgarður

66°03.146.N 18°41.708.V



EY-028:005, kálgarður horft til austurs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 er kálgarður fast suðaustan bæjar 001. Merki hans eru enn greinileg.

Gerðið er í grösugri brekku sem hallar mót suðaustri, niður að Ólafsfjarðarvatni.

Gerðið er um 15 X 13 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Það er í bratta mót suðaustri. Mesta hleðsluhæð er um 0,8 m en er að jafnaði um 0,4 m. Hleðslur er úr torfi og er op á garðinum norðvestast á suðvesturhlið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-028:006 vegur leið

66°02.733.N 18°42.475.V

Rétt tæpan 1 km suðvestur af bæ 001 eru hleðsluleifar -vegarbætur- sem hafa verið á eldri vegi sem lá um sveitina.

Lítið gil eða drag í hlíðinni sem hallar mót suðaustri.

Í hlíðarfæti 50 - 100 m norðvestan, ofan, núverandi þjóðvegur er gömul gata sem liggur samhliða þjóðveginum, allt frá Ytri-Á og inn með allri sveit. Hnit var tekið við grjóthleðslu sem er undir götunni í litlu dragi sem snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hleðsluhæð er um 1,1 m, 5 - 7 umför og lengdin er um 4,5 m norðaustur-suðvestur.

Hættumat: engin hætta



EY-028:007, garðlag, horft til SSV

EY-028:007

garðlag

66°03.006.N

18°41.905.V

Um 300 m suðvestur af bæ 001 er torfgarður, fast suðvestan við þar sem sumarbústaðarland endar.

Garðurinn er neðst í gróinni brekku sem hallar mót suðaustri.

Garðurinn er úr torfi, um 35 m langur suðaustur-norðvestur. Garðurinn hefst fast neðan við þjóðveg og liggur í átt að Ólafsfjarðarvatni. Mannvirkið virðist ekki mjög gamalt og er mesta hleðsluhæð um 1 m. Harla sennilegt er að garðurinn hafi þjónað hlutverki vörslugarðs, þ.e. til að halda skepnum frá heimatúni.

Hættumat: engin hætta

EY-028:008 álagablettur huldufólksbústaður

66°03.213.N 18°41.664.V

Um 120 m norðaustur frá bæ 001 er álagablettur, ílöng laut og var það mál manna að þar héldi huldufólk til. Grasbrekka sem nær frá þjóðvegi niður að Ólafsfjarðarvatni. Álagabletturinn er ílöng laut sem nær frá túni niður undir Ólafsfjarðarvatn og var lautin ekki slegin til að styggja ekki huldufólkið.

Hættumat: engin hætta

EY-029 Þóroddsstaðir

50 hdr 1712 (með Hrúthól en 40 hdr án hans). Talin 20 hdr á 19. öld (JJ, 286; SSE, 60) Einnig Þórisstaðir og Þórustaðir. Bændaeign. Getið í Studungu er biskup gisti þar 1232 (Sturlunga saga I, 336). Jörðin er enfd í bréfi frá árinu 1358, (DI III, 137). Getið í máldaga Kvíabekkjarkirkju frá 1461: (DI V 256-257) "1487: haltkirkja litt standandi (DI V 355). Þingstaður hreppsins til 1917. Hálfkirkja var hér. Fyrir utan afbýlið Hrúthól var Þórustaðakot hjáleiga á 17. öld. Ekki er hér búskapur lengur en búið í íbúðarhúsinu.

1917: 6.56 ha. Garðar 1335 m². 1839: "Það er önnur bezta heyskaparjörð hér í sveit, hefir sæmilegt tún, þó undirorpið skemmdum úr skriðulækjargili sunnan og ofan til við völlinn, helzt í leysingum á vorum. Þar er starengi mikið og gott á votu og líka nokkuð á þurru, sem þó er mjög spillt af skriðum ofan úr fjallinu. Þaðan er nokkuð löng bæjarleið að." (SSE, 60) 1918: "Tún er talið vera 6 ha að stærð. Það er grösugt, í góðri rækt, og er um helmingur þess sléttur. Það hefur af sér 180 hesta Af engjunum fást 450-500 hestar af heyi. Þær eru í meðallagi grösugar og eru þær mikið til sléttar og blautar. Um það bil helmingur er starengi. beitoland er gott að sumri en verra að vetrarlagi vegna snjóþýngsla. Torfrista er fremur góð og einnig er mól til steinsteypu fyrir hendi. Mótekja er hins vegar ekki til staðar." (HHII, 126) "Túnin teygja sig fram með þjóðveginum eftir þurrlendisræmu milli fjalls og blautra en grasgefinna engja. Fjarðaráin sveigir austur fyrir dalbotninn nokkuð framan við vatnið og helgar með því Þóroddsstöðum víðáttumikil engjalönd. Hefur jörðin löngum verið talin ein sú landmesta í firðinum."

EY-029:001 Þóroddsstaðir bæjarstæði bústaður

66°01.998.N 18°43.493.V

"Bærinn stendur rétt ofan þjóðvegarins framan við Ólafsfjarðarvatn. Túnin teygja sig fram með þjóðveginum eftir þurrlendisræmu milli fjalls og blautra en grasgefinna engja. Fjarðaráin sveigir austur yfir dalbotninn nokkuð framan við vatnið og helgar með því Þóroddsstöðum víðáttumikil engjalönd" segir í Byggðum Eyjafjarðar. Núverandi íbúðarhús stendur hér um bil 10 m norðvestar en gamli bærinn stóð, en sá bær var byggður árið 1912.


Bærinn stóð fast norðvestan við þjóðveginn, í hlíðarrótum. Aftan við bæ 001 (norðvestar) er túnið mishæðótt - hólótt. Framan við bæ, neðan þjóðvegar, er hinsvegar marflatt mýrarsvæði, framburður Fjarðarárinnar.

Engin ummerki gamla bæjarins, sem stóð um 10 m suðaustar en núverandi íbúðarhús, eru að sjá og ekki er hægt að tala um bæjarhól. Hinsvegar eru nokkrir hólar ofan bæjar og gæti Þóroddsstaðabærinn einhverntíma getað hafa staðið þar þótt ekki séu fyrir því ritheimildir og útihús hafi staðið á þessum hólum svo lengi sem elstu menn muna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: BE 1990; Túnakort 1917

ÞÓRODDSSTAÐIR



Túnakort fyrir EY-029 Þóroddsstaðir

EY-029:002 heimild um fjós

66°02.000.N 18°43.496.V

Útihús var fast við gamla bæinn, um 2 m NNV af honum samkvæmt túnakorti frá 1917. Er líklegast að byggingin hafi verið fjós.

Húsið hefur verið í rótum hlíðarbrekku. Á svæði sem nú er á milli íbúðarhúss og þjóðveggar.

Engin ummerki húss sjáanleg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-029:003 heimild um smiðju

66°01.996.N 18°43.463.V

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 30 m ASA af bæ 001 rétt neðan, suðaustan, þjóðveggar.

Samkvæmt Annanni Þórðarsyni, fyrrverandi ábúanda, mun hafa staðið smiðja á þessum stað.

Húsið hefur verið á ávölum og grösugum hrygg sem teygir sig til suðausturs.

Engin tóft né tóftabrot eru sjáanleg á þessum stað en hólhryggurinn er rústarlegur.,

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-029:004 heimild um hrútakofa 66°01.995.N 18°43.554.V
Um 45 m VNV af bæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Þar mun hafa verið hrútakofi samkvæmt heimildamanni.
Kofinn hefur verið við suðurhorn steinsteyprtar gripahúsasamstæðu.
Talsvert rask er í kringum steinsteyptu húsin og engin ummerki gamalla bygginga sjáanleg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-029:005 heimild um útihús 66°02.003.N 18°43.575.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru útihús um 60 m vestur frá bæ 001. Þar sem húsin stóðu er grasi gróið rask við við núverandi gripahús.
Engin ummerki sjáanleg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-029:006 heimild 66°01.997.N 18°43.614.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var torfkofi -taðkofi- samkvæmt heimildamanni, um 100 m vestur af bæ 001.
Kofinn var á grösugum hól - sem er hár og brattur til suðausturs.
Engin ummerki eru sjáanleg um kofann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-029:007 Ærhúshóll tóft fjárhús 66°01.987.N 18°43.671.V
Um 130 m VSV af bæ 001, efst á grösugum og miklum hól, er mikil tóft sem mun hafa verið fjárhús



samkvæmt heimildamanni og stemmir staðsetningin við túnakort frá 1917.

Ofan hólins, norðvestan við, tekur við grösug fjallshlíð. Fjárhústóftin, fjögurra garða hús, er um 18 X 10 m stór og snýr norðaustur-suðvestur og er hlaða aftan, norðvestan við. Grjótveggirnir standa enn fyrir utan suðausturvegg. Mikið spýtnabrak og bárujárn liggur í tóftinni. Ofan á hlaðna garða hefur verið steipt skæni. Torf er nánast ekkert að sjá. Norðvestan við fjárhúsin sem eru samföst, er hlaða. Norðurvesturveggur hennar er langhæstur, um 1,3 m að jafnaði, 5 - 7 umför grjóts sem mest er stórt. Dyr hafa verið á suðausturvegg því engar eru aðrar eru sjáanlegar. Á suðaustur langhlið sér í steiptan vegg í grassverðinum, um 0,3 m háan.

Norðvesturveggur hefur verið byggður inn í brekkuna því hann er einfaldur.

EY-029:007, fjárhústóft, horft til NNV

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-029:008 heimild um útihús 66°02.015.N 18°43.594.V
Um 90 m VNV af bæ 001 og um 15 m ofan við nústandandi gripahúsasamstæðu, var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið var hesthús samkvæmt heimildamanni.
Grasgróið og lárétt svæði en óslétt. Lítið steipt gripahús var á staðnum en var rífið og það jarðað á staðnum.
Engin ummerki gamalla mannvirkja sjáanleg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-029:009 heimild um hesthús 66°02.034.N 18°43.517.V
Um 70 m NNV af bæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið var hesthús samkvæmt heimildamanni.
Húsið var á grösugum hól, suðvestan við hólkollinn.
Stórþýft er á hólum sem er hálfgerður ruslahaugur; járnarusl er hálfgrafið í jörðu og bílhra er fast norðvestan við. Engin ummerki mannvirkja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-029:010 heimild um fjárhús 66°02.049.N 18°43.653.V
Um 160 m norðvestur af bæ 001 voru útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Á þessum stað voru fjárhús samkvæmt heimildamanni.
Húsin stóðu þar sem grasstallur er í brekkuna. Mikill balli er suðaustan við stallinn og einnig ofan við hann.
Þýft er á stallinum en engin ummerki mannvirkja sjáanleg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-029:011 Skipalækur örnefni uppsátur 66°02.631.N 18°41.877.V
"Þar sem Fjarðará beygir og rennur þvert í austur, rennur lækur í ána úr svonefndri Tjörn, sem er svo sem 200 m sunnar; þetta er Skipalækur. Er þaðan bátfært út á Ólafsfjarðarvatn. Við mynni Skipalækjar er Skipalækjarhólmur.", segir í örnefnaskrá. Um 1,7 km norðaustan við bæ 001 er mynni Skipalækjar, við Ólafsfjarðarvatn.
Votlent allt umhverfis.
Skipalækur náði frá tjörn og í Ólafsfjarðarvatn en lækurinn er lítill og ekki þesslegur skipi hafi verið hægt að sigla eftir honum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ól, 25

EY-029:012 Þjófahylur örnefni 66°01.800.N 18°43.242.V
"Syðranes er á Syðri-Mýrum, og upp að nesi þessu að sunnan liggur Þjófahylur, ágætur veiðistaður."
Hylurinn er vestan við ána og er um 420 m SSA við bæ 001.
Marflöt mýrargrund við ána að vestanverðu.
Áin er lygn, breið og djúp.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ól, 25

EY-029:013 heimild um heystæði 66°02.101.N 18°43.019.V
"Austarlega á Mýrum eru tóftabrot, nafnlaus; líklega gömul heystæði" segir í örnefnaskrá. Engar fornleifar fundust á Mýrunum við fornleifaskráningu sumarið 2004.
Marflatar mýrar niðri við ána.
Ef til vil er ekki að undra að engin tóftarbrot sjáist ekki lengur því þegar áin ryður sig á vorin flæðir hún gjarnan langt yfir bakka sína.
Hættumat: hætta, vegna vatnsaga
Heimildir: Ö-Ól, 25

EY-029:014 Sýrsteinn þjóðsaga huldufólksbústaður 66°02.495.N 18°42.685.V
"Upp af Skipalæknum er allstór steinn, skammt neðan við veginn; Þetta er Sýrsteinn (Sýrusteinn). Munnmælasaga um hann er þannig: Ónafngreindur ferðamaður sofnaði einhverju sinni við steininn, þreyttur og þyrstur mjög. Þegar hann vaknaði, stóð hjá honum drykkjarkanna full með ákjósanlegasta sýrudrykk, sem ferðamaðurinn gerði sér gott af, þó að honum væri gersamlega hulið hvaðan slíkur óskadrykkur gæti kominn verið. Reyndar var þjóðtrúin ekki lengi að úrskurða þetta og þakka huldufólkinu greiðann, enda var steinninn jafnan talinn mikill huldufólksbústaður. En nafnið fékk steinninn af þessu atviki; og var svo mörgum að góðu kunnur sem leiðarmerki í dimmviðri og hríðum"
segir í örnefnaskrá. Sýrsteinn er rétt rúman 1 km norðvestur frá bæ 001.
Fast neðan við þjóðveg er Sýrsteinn.
Steinninn lætur ekki mikið yfir sér og er alveg við vegkantinn austanmegin, um 2,5 má breidd og 1,5 máhæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ól, 25-26


EY-029:015 tóftir 66°02.168.N 18°43.261.V
"Skammt ofan við Bolatóftina [Ey-028:003] er dálítið hólasvæði ... en graslendisflákar sunnar og ofar kallast Hestbalar. Bithagi sem er uppgróið framhlaup, heitir Ytri-Skriða tekur næst við og sunnan við skriðu þessa var ... Illakelda á gamla veginum, en hún mun nú með öllu horfin, því þarna er nú tún. Sunnan til á Skriðu eru tóftabrot, nafnlaus.", segir í örnefnaskrá. Um 300 m norðaustur frá bæ 001

munu hafa verið tóftir. Tóftirnar voru þar sem er grösugt svæði í hlíðarrótum.

Engin ummerki mannvirkja sjáanleg á þessum slóðum, að öllum líkindum vegna skriðufalla, og ekki er vitað hvaða hlutverki umræddar tóftir eiga að hafa gengt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ól, 26



EY-029:016 kálgarður, mynd tekin til norðurs

EY-029:016 gerði kálgarður

66°02.076.N 18°43.538.V

Um 150 m norðan við bæ 001 er gerði, líklega af kálgarði. Gerðið er í grasbrekku sem hallar mót suðaustri. Gerðið hefur verið gríðarstórt eða um 23 X 20 m. Nú eru aðeins tvær hliðar greinilegar, norðaustur og norðvesturhliðar. Veggir eru 1,5-2 m breiðir en mest um 0,8 m háir. Sennilega er grjótt neðst í hleðslum þótt það sjáist ekki. Líklegast er að kálrækt hafi verið stunduð á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-029:017 Einbúi þjóðsaga legstaður

66°01.935.N 18°43.462.V

"Sunnan við [Bæjar]lækinn og neðan vegarins er hóllinn Einbúi efst í Syðri-Mýrum, afmarkaður frá túnfætinum af mýrarsundi. Þessi hóll er í munnmælum hinn merkilegasti, því að þar á að vera heygður einhver höfðingi fornaldar og með honum fjársjóður. . . Ekki hefur verið grafið í hólinn, en kannað hefur verið með jarnstöngum ... ofan í hólinn ... og er ekki laust við að við það hafi styrkt trú sumra á að þar undir séu skrin eða önnur ílát, sem í gætu verið peningar, eða einhver verðmæti. Auðvitað var þetta svo einskonar álagablettur og þess vegna var aldrei hróflað við neinu" segir í örnefnaskrá. Um 115 m SSA af bæ 001 er hóllinn Einbúi.

Hóllinn er í ræktuðu túni neðan þjóðveggar.

Hóllinn var sléttur og stendur nú varla undir nafni sem hóll en er þó smáþýfður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ól, 26

EY-029:018 Peningapyttur þjóðsaga fjársjóður

66°01.935.N 18°43.462.V

"Í mýrarsundinu er pyttur, sem á að geyma annan sjóð [en 017], og heitir þar Peningapyttur. Ekki hefur verið grafið í hólinn, en kannað hefur verið með jarnstöngum bæði ofan í hólinn og pyttinn, og ekki laust við að við það hafi styrkt trú sumra á að þar undir séu skrin eða önnur ílát, sem í gætu verið peningar, eða einhver verðmæti. Auðvitað var þetta svo eins konar álagablettur og þess vegna var aldrei hróflað við neinu." segir í örnefnaskrá. Af örnefnalýsingu að dæma ætti pytturinn að vera nálægt hólnum Einbúa, sjá fornleif 017, en ekki fannst pytturinn við fornleifaskráningu sumarið 2004. Mýrarsund eru allt umhverfis Einbúa og hefur pytturinn verið á þeim slóðum þó nákvæm staðsetning sé nú týnd og staðkunnugir þekki ekki staðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ól, 26-27

EY-029:019 Gvendargerði heimild um fjárhús

66°01.955.N 18°43.701.V

"Sunnan bæjar er Syðri-Skriða, .. [og nær hún] suður undir merki og upp af henni utarlega er Gvendargerði. Ekki er kunnugt um hvenær þar var búið, en líklega hefur þar verið einsetumannskofi, eða bara fjárhús einhvers Guðmundar" segir í örnefnaskrá. Gvendargerði var um 170 m suðvestur af bæ 001.

Gvendargerði var þar sem nú er ávalur smáhóll í túni.

Ekki er eiginleg tóftabrot að sjá á þessum stað, bara smápýft og aðeins sig í hólninn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ól, 27



1



EY-029:020 Þóroddsstaðastekkur, mynd tekin til norðurs

EY-029:020 Þóroddsstaðastekkur tóft stekkur

66°02.320.N 18°43.314.V

"Stekklarækur í Stekkjarlækjargili fellur fram úr Þóroddsstaðafjalli, ofarlega. Upp af Ytri-Skriðu, norðan þessa lækjar, er Þóroddsstaðastekkurinn.", segir í örnefnaskrá. Þóroddsstaðastekkur er um 620 m NNA frá bæ 001. Stekkurinn er í grösugri hliðarbrekku sem hallar talsvert mót suðaustri.

Tóftin er 10 X 7 m stór og snýr suðaustur-norðvestur. Hún er tvískipt með stóru hólfi og lambakró sem er föst utanvið hólfið, norðaustast. Stekkurinn er mest úr grjóti.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 27

EY-029:021 Stekkjarsteinninn heimild um huldufólksbústað

66°02.312.N 18°43.288.V



"Stekklarækur í Stekkjarlækjargili fellur fram úr Þóroddsstaðafjalli, ofarlega. Upp af Ytri-Skriðu, norðan þessa lækjar, er Þóroddsstaðastekkurinn. Þar er geysistór, húslaga steinn, sem talinn var mikill huldufólksbústaður, Stekkjarsteinninn" segir í örnefnaskrá. Steinninn er um 30 m suðaustan við Þóroddsstaðastekk, sjá fornleif 020. Stekkjarsteinn er í hliðarfæti sem hallar til suðausturs.

Steinninn er stór og stakur og er um 3 m norður-suður og um 2 á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 27

EY-029:021 Stekkjarsteinninn, horft til norðurs

EY-029:022 heimild um útkirkja

66°01.962.N 18°43.561.V

ÞÓRODDSSTAÐIR Í ÓLAFSFIRÐI (KVÍABEKKJARÞING) (E) - HÁLFKIRKJA

1232: Knútr prestur veginn við kirkjugarð; Guðmundarsaga, Bsk I, 550.

(Þórisstaðir)

1461: [frá Kvíabekk] skal sungia aa þorodzstade oc til bænbusa; Máld DI V 256-257 [Kvíabekkjjar]

1487: haltkirkja litt standandi DI V 355. Samkvæmt Jarðabók Áma og Páls frá 1712 var bænhusið aflagt þegar þeir komu að Þóroddsstöðum: "Bænhús hefur hjer verið, en ekki ernbættað í manna minni, stendur þó húsíð enn." Bænhússins er getið í örnefnaskrá: "Sunnan við bæ mun hafa verið bænhús. Þar voru greinileg leiði og garður umhverfis, en yfir þetta hefur nú verið sléttað.". Lítil hóll er þar sem bænhúsíð á að hafa staðið, um 80 m suðvestur afbæ 001.

Í sléttuðu túni.

Engin ummerki mannvirkja sjáanleg - aðeins ávalur smáhóll.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 24, Ö-ÓI, 27

EY-029:023 heimild um kálgarð

66°01.977.N 18°43.474.V

Fast neðan (suðaustan) þjóðvegur, um 30 m suðaustan bæjar 001, mun hafa verið kálgarður samkvæmt túnakorti frá 1917 en hans sést nú ekki lengur stað.

Kálgarðurinn var þar sem nú er ræktuð dokk fast suðaustan þjóðvegur.

Ekki sést lengur til kálgarðsins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-029:024 Þorustaðakot þúst býli

66°02.085.N 18°43.778.V

Í Jarðabók Áma og Páls frá 1712 er getið um Þorustaðakot: "Þorustadakot, eyðihjáleiga. Bygð fyrir ekki fullum 30 árum í úthögum, út frá heimaþörfunni, þar sem ekki hafði áður bygð verið, og varðai þetta býli í fáein ár, hefur hvörki bygst áður nje síðan ... Ekki má hjer aftur byggja fyrir tünstæðisleysi."

Í örnefnaskrá er einnig minnst á býlið: "Spölkorn upp frá túni eru tóftir Þorustaðakots, sem var byggt ból seint á 17. öld og e.t.v. oftar. Þetta er nú jafnan kallað Kotið. Út og upp aðan eru í enginu svonefndir Grænhauser, dálitlar hnúfur, sem sjaldan voru slegnar." Kotið var um 270 m norðvestur frá bæ 001 og þar má sjá óljós eru tóftabrot.

Þar sem býlið stóð er grösugur stallur í hlíðina. Bæði ofan og neðan stallsins er töluverður halli.

Um miðja 20. öld var útbúinn kartöflugarður á tóftasvæðinu og því sést ekkert í tóftir býlisins fyrir utan 7 steina í hnapp sem gætu hafa tilheyrt því. Nyrst á svæðinu eru einnig hugsanlegar veggjaleifar. Um 50 m norðaustan við steinana er kargabýft svæði, um 20 X 10 m stórt og snýr það norðaustursuðvestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-ÓI, 28; JÁM X, 25



EY-029:027 tóft

EY-029:025 garðlag túngarður

"Frá Gunnólfsá liggur þjóðvegurinn fyrir ofan Syðriá, fyrir ofan alla bæi fram að Þóroddsstöðum, þá menn ríða þar ofan hlaðinn garð ofan af vallargarði fyrir sunnan völinn, yfir mýri ofan á árbakkann [og þar mætast leiðir sunnan að og til Kvíabekkjara]" segir í Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðar. Garðinn má greina á köflum. Hann er merkjanlegur rúmlega 200 m suðvestur afbæ 001.

Í túni.

Garðurinn sést á um 40 m kafla og liggur NNA - SSV.

Breiddin er um 1 m og er hæstur 0,6 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSE, 62

EY-029:026 heimild um þingstað

Í Hundrað árum í Horninu segir: "Að Þóroddsstöðum var bænhús og þar var þingstaður Ólafsfirðinga fram undir síðustu aldamót [1900] ... "

Heimildir: HH I, 18

EY-029:027 tóft


66°02.484.N 18°42.772.V

Tóftin er 30 metra sunnan við strýtulaga sumarbústað. Um 30 metra ofan við veginn.

Grösug brekka sem hallar mót suðaustri

Tóftin er talsvert há og eru tvö hólf í henni. 8 metrar norðaustur og suðvestur og 7 metra á breidd. Lítið sem ekkert grjót er sjáanlegt í tóftinni. Sennilega ekki mjög gömul tóft. Hleðsluhæð mest 0,9m.

Hættumat: engin hætta



EY-029:028 gerði
66°01.996.N 18°43.635.V

Um 100 metra vestur afbæjarhólnum 001 upp á Taðhól er gerði.

Snarbrött grasbrekka á móti suðaustri.

Gerðið er 18 metra suðaustur-norðvestur, og 20 metra norðaustur og suðvestur. Norðaustur og norðvestur veggir lélegir. Engar grjóthleðslur sjáanlegar í veggjum. Hleðsluhæð að jafnaði 0,4 m en mest 0,8 m.

Hættumat: engin hætta

EY-029:028 gerði

EY-030 Hríúthóll

10 hdr. 1712. Afbýli frá Þóroddsstöðum, bygt í úthögum fyrir manna minni. Bændaeign og aðskilin eign þegar á 18. öld (JÁM XIII, 370, 377). Fór í eyði 1931 og var jörðin þá keypt af Þóroddsstaðabónda og nytjuð þaðan. 1917: 2.2 ha. 1839: "meðal heyskaparkot." (SSE, 60). 1918: "Tún er talið ver 2,2 ha að stærð og gefur það af sér 80 hesta af heyi. Það er grösugt og í góðri rækt og er meiri hluti þess sléttur. Engjar eru grösugar í meðallagi. Um það bil helmingur þeirra er sléttur og eru 2/3 hlutar þeirra votlendir. Heyfengur af engjum er 170 hestar af léttu og hollu heyi. Haglendi er af skornum skammti og er þar að auki skjóllítið. Hvorki er mótekja né torfrista á jörðinni." (HHII, 125). Túnakort týnt.


EY-030:001 Hríúthóll bæjarhóll bústaður

66°01.720.N 18°44.131.V

Hríúthóll er á milli Þóroddsstaða og Hringverskots. Svæðið er grösugt og einkennist af lágu hólum. Bærinn var í hliðarrótum sem hallar mót suðaustri. Hríúthólsbærinn var á stærsta hólum á svæðinu, bæjarhólum. Hvorki tóftir né tóftabrot eru sjáanleg á hólum sem er grösugar og um 30 m í þvermál. Fast suðvestan hóls rennur lækur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917



EY-030:002 útihúsatóft, mynd tekin til suðausturs

EY-030:002 tóft útihús

66°01.719.N 18°44.183.V

Um 35 m vestan bæjarhóls 001 er tóft þar sem merkt er inn útihús á túnakort frá 1917. Tóftin er í grösugri og smáhryggjóttu brekku sem hallar mót suðaustri. Tóftin er um 13 X 8 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hún gæti verið af fjárhúsum þar sem garðlag liggur í miðjum húsunum og er það líklega garði. Þetta garðlag er þó heldur svert um sig. Tóftin er skiptist í þrjú hól og virðist vera innangengt á milli tveggja norðvestari hólanna. Mesta hleðsluhæð er um 1 m, sennilega í

hlöðugryfjunni sem að öllum líkindum er suðaustan gripahúsanna sjálfra. Hlaðan er hringlaga, tæpir 3 m að innanmáli. Ekki er grjótt að sjá í hleðslum en þess ber að geta að tóftin er kafloðin grasi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-030:003 heimild um útihús

66°01.760.N 18°44.118.V

Um 60 NNA afbæjarhól 001 er áþekkur hól bæjarhólnum, heldur meira aflíðandi en gras sneggra. Á þessum stað er merkt útihús inn á túnakort frá 1917.

Grösugur hól.

Hóllinn er ræktarlegur en engin ummerki sjást um húsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917


EY-030:004 Garðsendi heimild um landamerki

66°01.809.N 18°43.821.V

"Á merkjum Þóroddsstaða og Hríthóls er svonefndur Garðsendi, vafalaust forn merkjagarður" segir í örnefnaskrá. Við fornleifaskráningu sumarið 2004 fannst hvorki garðurinn né nokkur ummerki hans. Heimildamenn könnuðust ekki við Garðsenda.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 29



EY-030:005 fjárhústóft, mynd tekin til vesturs

EY-030:005 Ærhúshóll tóft fjárhús

66°01.852.N 18°44.259.V

"Ærhúshóll er í túninu út og upp frá bænum.", segir í örnefnaskrá. Í brekku ofan við Ærhúshól eru tóftir í um 260 m fjarlægð NNV frá bæ 001.

Tóftin er í grösugri og brattri fjallshlíð sem hallar til suðausturs.

Tóft er um 10 X 4,5 m stór og snýr austur-vestur. Hún er tvískipt. Tóftin er nokkuð þýfð og ekki mjög löguleg. Um 5 m norðan tóftar hefur verið hlaðinn garðsstubbur fyrir brekkuna og þannig mynduð smá krubba. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 0,8 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 29

EY-030:006 Vallargarðsholt garðlag túngarður

66°01.767.N 18°44.478.V

"Sunnan við [Hríthólsbrekku] heitir Dagsláttur og nær hún að Vallargarðsholti" segir í örnefnaskrá. Holtið er um 100 m suðvestur frá bæ 001.

Garðurinn liggur í grösugu undirlendi og upp á gróið holt, Vallargarðsholt.

Garðurinn er um 280 m og snýr nálega norðvestur-suðaustur. Á köflum er garðurinn orðinn lélegur og erfitt að sjá fyrir honum. Suðaustast er garðurinn skorinn af þjóðvegi og ekki sést garðurinn hinumegin vegar. Breiðastur er hann um 1 m og er hæðin mest um 0,6 m en að jafnaði um 0,3 m. Líklegt hlýtur að teljast að garðurinn hafi þjónað hlutverki túngarðs, til að halda skepnum frá heimatúni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Öl, 29

EY-030:007 Kvíavarða varða

66°01.674.N 18°44.312.V

"Efst og syðst í túninu er Kvíavarða ...", segir í örnefnaskrá. Kvíavarða var um 160 m suðvestan við

bæ 001.

Hálfgróið

holt.

Nokkuð áberandi hálfgróið holt sem er rétt ofan við, norðvestan við, gamla reiðveginn (028_006) en hvorki er varða né vörðubrot sjáanlegt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 29



EY-030:008 þúst

66°01.721.N 18°44.447.V

Þúst er um 240 m vestur af bæ

001. Þústin er í graslendi í

hlíðarrótum.

Þústin er um 7 X 5 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Ekkert op er sjáanlegt og er tóftin einföld. Mesta hleðsluhæð um 0,4 m. Vatn hefur grafið sig í gegnum þústina og sér þar í mold. Ofan við er sléttur holli, um 50 X 20 m stór norðaustur-suðvestur. Hugsanlega er um heytóft aðræða.

Hættumat: hætta, vegna vatnsaga

EY-030:008 þúst, horft til vesturs

EY-030:009 Grafarmór náma mógrafir

66°01.783.N 18°44.349.V

"Ofan við Kvíahóla er Grafarmór og suður frá honum Neðraholt.", segir í örnefnaskrá. Grafarmór er um 200 m VNV frá bæ 001.

Mórinn er gróinn slakki milli hóla.

Grafirnar eru um 30 m í þvermál, hvorki djúpar né blautar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 29

EY-030:010 Byrgishóll tóft lambabyrgi

66°01.613.N 18°44.507.V



"Suður undir merkjum Hringverskots er Hríthólshólmi við ána, og er Síkið milli hans og aðal-árbakkans. Þar ofan við er Byrgishóll.", segir í örnefnaskrá. Um 5 m ofan, norðvestan, þjóðvegur og um 170 m norðaustur af bæ 001 er tóft.

Hóll sem hefur að mestu, a.m.k. suðausturhlutanum, verið rutt í burt vegna vegagerðar.

Tóftin er á merkjum Hríthóls og Hringverskots og er um 5 X 3 m að stærð norðvestur-suðaustur. Tóftin er einföld hól og er op á hólfinu til suðurs. Ekki er grjót að sjá en þýft er inni í tóft. Nokkur balli er niður frá tóftinni. Mesta hleðsluhæð er um 0,8 m. Landamerkjagardur liggur upp frá hólnum, til norðvesturs, upp fjallshlíðina; sjá fornleif 031:010.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Öl, 29-30

EY-030:010, Byrgishóll, horft til vesturs

EY-030:011 Aftökuvík örnefni aftökustaður

66°02.212.N 18°45.960.V


"Hríthólsvík er sunnan undir Hríthólshnjúknum. Það heitir öðru nafni Aftökuvík.", segir í örnefnaskrá.

Ekki er getið um vik þetta í örnlyf. Þóroddsstaða en þar vantar lýsingu á nöfnum í fjallinu. Sennilegt er að heiti þetta eigi að standa í sambandi við þinghald á Þóroddsstöðum, en líka er til þessi þjóðsaga:

"Um Þjófavað og Egilsá [í Lónslandi] gengur sú munnmælasaga, að þrír illræðismenn (þjófar) hafi komið frá Svarfaðardal yfir Dranga og Barkarkollu og gert Lónsbónda atfö, en hann snúizt illa við og kálað tveim, en einn á að hafa komizt vestur yfir og upp á fjall ofan við Þóroddsstaði, náðst þar og

verið drepinn í Aftökuvíki þar. Annar ku hafa fallið á Þjófvaði og sá fyrsti við Egilsá. Sá hafði heitið Egill, en á hinum höfðu menn eigi nöfn." Ö-Ól, 50
Klettabelti.

Vík í klettabelti Þóróddsstaðafjalls. Engin bein hafa fundist við vikið en Albert Magnússon



EY-030:012 stekkjartóft

heimildamaður segist hafa sem ungur maður séð móta fyrir einhverju sem hann gæti trúað að væru dysjar þarna uppi við vikið. Ekki gat hann vísað á staðinn og fannst hann ekki við fornleifaskráningu sumarið 2004.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: 0-01, 30

EY-030:012 tóft stekkur

66°01.808.N 18°43.989.V


Um 200 m norðaustur frá bæ 001 er tvískipt tóft sem minnir helst á stekk.

Neðst í grösugri hlíðarbrekku sem hallar til suðausturs.

Tóftin er um 8 X 3,5 m stór og snýr norðvestursuðaustur.

Hún er tvískipt en ekki er innangengt milli hólfa. Op er á syðra hólfi til suðvesturs. Ekkert grjót er sjáanlegt í hleðslum. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m. Staðsetning tóftar og útlit hennar bendir til að hún gæti verið stekkur eða hugsanlega kvíar.

Hættumat: engin hætta



EY-030:013 útihúsatóft

EY-030:013 tóft útihús

66°01.842.N 18°44.221.V

Um 35 m suðaustan bæjar 001 er sigrin útihústóft. Í gömlu túni sem hallar til suðausturs.

Tóftin er sigrin og þýfð, um 12 X 6 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er tvískipt.

Norðvestara hólfið er mun minna en það suðaustara.

Dyr eru á norðvestara hólfinu. Ekki er grjót að sjá í hleðslum og er mesta hleðsluhæð um 0,5m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-030:014 garðlag

66°01.765.N 18°44.481.V


Frá garði í Hringverskoti (03110D) liggur garður til norðausturs um 280 m VNV frá bæ 001. Garðurinn er í brekka sem hallar mót suðaustri.

Garðurinn nær frá garði 031010 til NNA eina 60 m

upp hlíðina. Garðurinn er harla sokinn og er ekki mikill um sig, um 1 m á breidd og um 0,4 m að jafnaði. Ekki er grjót að sjá í hleðslum.

Hættumat: engin hætta

HRINGVERSKOT



Túnakort fyrir EY-031 Hringverskot

EY-031 Hringverskot

20 hdr. 1712. Kvíabekkjakirkjujörð. Bæjarstæði Hringvers var yfirgefið vegna snjóflóða 1699 eða 1700 og búið síðan þar sem kotið var á einni jörð. Í eyði frá 1945

1917: 3.4 ha. Garðar 100 m². 1839: "hefir grasgott tún, þó grýtt sé, en lítið engi. Það hefir einu sinni í snjóflóði farið, hér um bil frá 1720 til '30." (SSE, 60). 1918: "Tún er 3,2 ha að stærð. Það er í meðallagi grösugt og er helmingur þess sléttur. Það gefur af sér 80 hesta af heyi. Af engjum fást 90- 100 hestar af dágóðu heyi. Þær eru snöggglendar en að mestu sléttar. Beitarland er í meðallagi gott en að vetri til er það skjóljóllítið og snjóþungt.. Ájörðinni er mótak en torfrista er slæm." (HHII, 125)

EY-031:001 *Hringverskot* bæjarhóll bústaður

66°01.539.N 18°44.467.V

Hringverskot var tæpa 400 m suðvestan við Hrúthól.

Grösugt svæði sem hallar örlítið til suðausturs - í hlíðarrótum.

Bæjarústin er talsvert mikil um sig, um 20 X 18 m norðaustur-suðvestur. Bæjarhóllinn ris fram úr brekku til suðausturs, hæst 1 - 2 m. Veggjahleðslur eru ekki lengur greinanlegar enda margbúið að nota tóftina í seinni tíð. Útlínur hússins eru býsna skýrar. Með langhliðunum sér fyrir töluverðu grjóti sem liggur í röð. Innveggir eru ekki sjáanlegir enda er þýft í tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-031:002 tóft skemma

66°01.536.N 18°44.451.V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 5 m norðaustan við bæ 001. Á þessum stað var skemma samkvæmt Albert Magnússyni heimildamanni en tóft hennar er enn greinileg. Í túni.

Tóft er einföld og um 4 m á kant. Nokkrir stórir steinar í veggjum. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Op er fyrir miðjum suðvesturvegg og einni suðausturvegg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-031:003 tóft hlaða


66°01.550.N 18°44.507.V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 5-10 m norðvestan við bæ 001. Á þessum stað sést ennþá tóft og samkvæmt Albert Magnússyni heimildamanni var hlaða á þessum stað. Í túni.

Tóft er um 10 X 8 m stór og snýr norðaustur-suðvestur og er einföld. Norðvesturveggur hennar er greinilegastur. Lítið sem ekkert grjótt að sjá en það gæti verið á kafi í sverði eða grasi. Ekki eru dyr greinilegar. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



EY-031 :004 fjárhústóft, mynd tekin til austurs

EY-031:004 tóft fjárhús

66°01.604.N 18°44.462.V

Um 120 m norðan við bæ 001 er tóft- fjárhús að sögn heimildamanns. Hún er merkt inn á túnakort frá 1917. Í túni. Tóftin er talsvert upphleypt en þó er erfitt að greina húsaskipan. Hún er 15 X 10 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Sennilega hefur hún skipst í 2 - 3 hólfi og er miðhólfið langdýpst og greinilegast. Greina má fjögurra umfara grjóthleðslu í suðvesturvegg miðhólfs hvar gras er ofan á. Lítið grjótt er að sjá í tóftinni fyrir utan áður nefnda hleðslu. Tvö op eru á hólfinu, fyrir miðjum norðvesturvegg og líka suðausturvegg. Tóftin er þýfð og afinynduð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-031:005 tóft fjárhús


66°01.586.N 18°44.521.V

Um 100 m NNV frá bæ 001 er tóft af :fjárhúsum sem merkt eru inn á túnakort frá 1917,

Tóftin er í grösugri hlíðarbrekku sem hallar mót suðaustri. Nokkuð niðurgrafinn lækur liðast fast norðvestan við tóft og sveigir til suðausturs nokkru suðvestan við tóftina.

Tóftin er um 14 X 12 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Útveggir húsanna eru steiptir en garðar, þrír, og hlaða er hlaðin. Í norðaustasta garða er steipt það. Hólfin eru 6 - 8, greinilegust eru fjárhúsin sjálf en aftan við (norðvestan við) eru 2 hlöðuholur og ógreinilegri hólfi. Fast suðvestan við fjárhúsin er svo kálgarður, sjá 008. Á fjárhúsum eru aðeins einar dyr sjáanlegar, norðaustast. Hlöðugryfjumar eru 1 - 2 m á kant og harla djúpar, dýpst um 1,3 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



EY-031 :005 fjárhústóft, mynd tekin til suðurs

EY-031:006 tóft hesthús

66°01.555.N 18°44.595.V


Um 100 m vestur frá bæ 001, beint ofan við sumarbústað, er tóft af hesthúsi..

Tóftin er í túni sem hallar mót suðaustri.

Tóft er löguleg, 3 hólfi, 11 X 10 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Hleðsluhæð er að jafnaði um 0,4 m en sú mesta er um 1 m. Töluvert grjóti er í tóftinni, mest 5 - 6 umför grjóts, og eru op á öllum hólfum. Eystri hólfin tvö eru skýr en hið vestara ógreinilegra. Innangengt er á milli vestara hólfs og þess nyrðra að austanverðu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



EY-031 :006 hesthústóft, mynd tekin til norðvesturs

EY-031:007 Hringver tóft býli

66°01.370.N 18°45.038.V

Í Jarðabók Áma og Páls frá 1712 er getið um Hringver. Þar segir: "hefur í eyði legið 12 eður 13 ár ... Túnið spillist af snjóflóðum öðru hvörju. Ekki atla menn að þessi jörð muni aftur byggjast sakir snjóflóða, sem hjer hlaupa öðru hvörju á bæinn, síðan jörðin lagðist í eyði, so hvorki er óhætt mönnum nje fje." Á jörðina er minnst í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1839: "Aðaljörðin Hringver - þar sem nú stendur stekkurinn frá Hringverskoti - fór í eyði af snjóflóði nokkru áður [en 1720x30), en hvenær helst


veit ég ekki, og hefir aldrei síðan byggzt." Í örnefnalýsingu segir: "Bæjarrústir hins forna Hringvers eru taldar vera utantil á svonefndri Grund. Munnmæli herma, að bæinn hafi tekið af í snjóflóði, og kennt göldrum frá nágrönnum á Kvíabekk." Á öðrum stað segir enn fremur: "Prettur heitir lækurinn, sem fellur mitt á milli Hringverskotsbæjar og tóftanna í Hringveri.", segir í örnefnaskrá. Um 500 m suðvestan við bæ 001 er tóft sem líklega hefur heitið Hringver.

Grösug brekka sem hallar mót suðaustri og er meira og minna öll framræst.

Tóftin er ekki mikil um sig og er töluvert aflöguð. Hún er 8 X 6 m stór og snýr norðaustur-suðvestur.

Tóftin er tvískipt og er innangengt á milli hólfa. Op er á minna hólfinu, norðaustast á norðvesturvegg. Ekki er grjót sjáanlegt í tóftinni. Mesta hleðsluhæð er um 0,7 m. Sennilega hefur tóft verið notuð sem stekkur. Um 30 m suðaustan tóftar er talsvert rask, þ.e., hólfhefur verið girt af á um 15 m svæði á kant - nokkurskonar stallur í hlíðina og nokkrir steinar. Sennilegt verður að teljast að fleiri tóftir hafi verið umhverfis tóftina af Hringveri gamla en að þær séu nú horfnar vegna framræslu. Sennilega hefur bæjarrústin fengið að halda sé nokk, kannski vegna þess að hún hefur verið notuð lengur en hinar tóftirnar.

Hættumat: engin hætta



EY-031:007 Hringver, mynd tekin til vesturs

EY-031:008 gerði kálgarður

66°01.577.N 18°44.514.V



Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1917 um 80 m norðvestan við bæ 001. Gerðið er enn greinilegt.

Gerðið er í grösugri hlíðarbrekku sem hallar mót suðaustri. Nokkuð niðurgrafinn lækur liðast fast norðvestan við gerðið og sveigir til suðausturs nokkru suðvestan við gerðið.

Gerðið er fast SSV við fjárhús 005. Það er um 10 X 6 m stórt og snýr suðaustur-norðvestur. Hleðslur eru ekki mjög heillegar en þó er töluvert grjót í þeim.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-031:009 Álagablettur, hort til norðvesturs



EY-031:009 Álagablettur álagablettur

66°01.525.N 18°44.890.V

"Sunnan í Hesthúsholti [008] er stór, nafnlaus steinn. Kringum hann heitir Álagablettur, og

má þar ekki slá grasið, segja munnmælin" segir í örnefnaskrá. Steinninn er í um 320 m fjarlægð vestur frá bæ 001.

Hlíðarbrekka sem hallar mót suðaustri.

Steinninn er nokkuð burstalaga og snýr fram í brekkuna, 1,8 má hæð og um 2 má breidd.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 31

EY-031:010 garðlag landamerki

66°01.610.N 18°44.328.V

Um 170 m norðaustur frá bæ 001 er garður, hugsanlega landamerkjagaður á milli Hringverskots og Hrúthóls 030.

EY-031:010 garðlag, horft til austurs

Garðurinn liggur upp fjallshlíðina. Garðurinn er tæpir 600 m og snýr nálega norðvestur-suðaustur. Hann er víða um 1,5 m á breidd. Ekki sést mikið grjót í garðinum en þó er vafalítið grjót neðst í hleðslunum. Garðurinn er orðinn lélegur á köflum.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Öl, 31

EY-031:011 *Grafirnar* náma mógrafir

66°01.443.N 18°44.752.V

"Sunnan túns, milli lækjanna eru Tungurnar. Neðst í þeim eru Grafirnar" segir í örnefnaskrá. Um 270 m suðvestur af bæ 001 eru mógrafir.


Niðri við þjóðveg eru Grafirnar, flatt og grösugt svæði í hlíðarrótum.

Grafirnar eru ansi víðáttumiklar, á svæði sem er um 50 m á kant, en eru þurrar og algrónar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 31

EY-031:011, mógrafir, horft til suðausturs



EY-031:012, stekkjartóft, horft til norðurs

EY-031:012 tóft stekkur

66°01.642.N 18°44.665.V

Uppi í hlíð, um 230 m ofan við bæ 001 er tóft sem líklega er stekkur. Hlíðin er grösug umhverfis stekkin. Tóftin er 5 X 4 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er tvískipt. Ekki er grjót að sjá í tóftinni en op eru sennilega tvö. Annað suðaustast á suðvesturvegg og sennilega hitt norðaustast á suðausturvegg. Mesta hleðsluhæð er um 0,7 m. Staðsetning tóftarinnar og lögun bendir helst til að um stekk sé að ræða.

Hættumat: engin hætta



EY-031:013, smalakofatóft, mynd tekin til norðausturs

EY-031:013 tóft smalakofi


66°01.598.N 18°44.637.V

Um 170 m norðvestur frá bæ 001 er lítil tóft.

Grösugur hjalli eða stallur sem gengur fram úr hliðarbrekkunni til suðausturs.

Tóftin er um 2 X 2 m að stærð. Lítil op á þeim veggjum sem snúa upp í hliðina og niður (norðvestur og suðaustur). Ekki er grjótt að sjá í tóftinni en hinsvegar hefur steinum verið raðað í 1/4 úr hring, á jörðina, 2 - 3 m norðaustan við tóft. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 0,7 m. Stærð, lögun og staðsetning tóftar bendir einna helst til að um smalakofa eða smalahbyrgi sé að ræða.

Hættumat: engin hætta



EY-031:014, stökkjartóft, mynd tekin til suðurs

EY-031:014 tóft stekkur

66°01.377.N 18°45.094.V

Um 40 m vestan við tóft af Hringveri 007 og um 550 m suðvestur frá bæ 001 er tóft.

Grasbrekka sem hallar til suðausturs. Lækur liðast fast norðaustan við tóft.

Tóftin er á litlum hól og er býsna djúp, um 0,7 m hleðsluhæð að jafnaði en mesta hleðsluhæðin er um 0,9 m.

Tóft er um 10 m NA - SV og 4,5 m breidd og skiptist í 2 hól sem er innangengt á milli. Eystra hólf er töluvert stærra og er op á því fyrir miðjum endavegg, norðausturvegg. Á minna hólfinu, lambakrónni, er op í suðurhorni. Ekki er grjótt að sjá í tóftinni.

Hættumat: engin hætta

EY-031:015 tóft


66°01.490.N 18°45.063.V

Um 450 m vestur af bæ 001 og um 220 m norður aftóft af Hringverskoti 007 er tóft.

Tóftin er nokkuð uppi í hliðarbrekkunni sem hallar mót suðaustri, á grösugum smáhjalla - í hliðarfæti.

Tóftin er sigrin en virðist skiptast í 2 hól, 7 m N - S og um 3 m á breidd. Innangengt hefur verið milli hólfanna sem eru svipuð að stærð og eru 2 op á nyrðra hólfinu, fyrir miðjum norðurvegg og á vesturvegg. Á syðra hólfinu er op fyrir miðjum suðurvegg. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m og það glittir í grjótt á stöku stað upp úr sverðinum.

Hættumat: engin hætta



EY-031:015, tóft, mynd tekin til suðausturs

EY-031:016 tóft

66°01.441.N 18°45.026.V


Um 450 m suðvestur af bæ 001 er tóft.

Tóftin er nokkuð uppi í hlíðarbrekkunni sem hallar mót suðaustri, á grösugum smáhjalla - í hlíðarfæti.

Framan, suðaustan, við tóft er nálega lárétt svæði.

Tóftin er 4,5 m NV - SA og 4 m á breidd. Hleðslur - úr torfi - eru býsna háar og jafnar, mesta hleðsluhæð er 0,8 m. Op er suðaustast á suðvesturvegg tóftar. Við vesturhorn tóftar og fast suðvestan hornsins hafa verið hlaðnir 2 garðar úr torfi, 3 - 4 m langir upp í brekkuna (SA - NV) og hefur þannig verið myndað lítið hólftutan við vesturhorn hinnar eiginlegu tóftar sem er að hluta til náttúrulegt en að hluta til manngert. Hólfið er þó opið til suðausturs. Lítil lækur rennur um 5 m norðaustan tóftar til suðausturs.

Hættumat: engin hætta



EY-031:016, tóft, mynd tekin til suðurs

EY-031:017 tóft heystæði

66°01.377.N 18°44.927.V


Um 450 suðvestur frá bæ 001 er tóft.

Grösug brekka - hallamýri á köflum - sem hallar mót suðaustri og er meira og minna öll framræst. Rytjulegir útveggir tóftar eru það eina sem sést og er mesta hleðsluhæð um 0,4 m. Einföld tóftin er ansi heystæðisleg, um 8 m N - S og um 7 m á breidd og hvorki grjót né líklegar dyr sjáanlegar.

Hættumat: engin hætta



EY-031:017 heystæði



EY-031:018 heystæði

EY-031:018 tóft heystæði


66°01.346.N 18°45.080.V

Tóft er um 60 m suðvestur frá Hringveri 007 og tæpa 600 m suðvestur af bæ 001 og um 70 m ofan þjóðveggar.

Blauttún.

Tóft er ansi stórpýfð og rytjuleg, um 14 m NA - SV og um 5 m á breidd og virðist vera 2 hólf. Ekki sér í grjót í hleðslum en tóftin er reyndar kaffloðin grasi. Ekki eru dyr sjáanlegar og er mesta hleðsluhæð um 0,7m.

Hættumat: engin hætta



EY-031:019, tóft, mynd tekin til vesturs

EY-031:019 tóft

66°01.330.N 18°45.075.V

Um 30 m sunnan við tóft 018 og um 600 m suðvestur frá bæ 001 er töluvert mikil tóft.

Tóftin er á ávölum og lágum hólum sem er kargaþýfður, um 40 m NA - SV og um 20 m á breidd, og rís mót suðaustri.


Tóftin er um 11 m NA - SV og um 4 m á breidd og er býsna mishæðótt; norðausturhlutinn er mun lægri. Hólfir eru 2 álíka stórir og er innangengt á milli þeirra. Op er í austurhorni norðaustara hólfins. Hleðslur eru að jafnaði um 0,7 m á hæð en hæstar um 0,9 m. Eitthvert grjót er neðarlega í veggjum. Tóftin er nánast beint undir gili sem ekki er ósennilegt að snjóflóð hafi fallið úr og því er hugsanlegt að Hringver gamla hafi staðið þar sem tiltekin tóft er en svo hafi bærinn verið færður vegna flóða og/eða

skriðufalla en það kemur heim og saman við ritheimildir, sjá Hringver 007.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-031:020 tóft heystæði

66°01.332.N 18°45.035.V



Um 570 m suðvestur frá bæ 001 og um 30 m austan við tóft 019 ertóft.

Blautt tún.

Tóftin er rytjuleg og stórpýfð. Aðeins má greina útveggi, 0,4 m hæstir, og engar dyr og ekkert grjót. Tóftin er að öllu líkindum heystæði, um 11 m NA - SV og um 8 m á breidd.

Hættumat: engin hætta


EY-031:020 heystæðistöft

EY-032 Kvíabekkur

Staður frá því á 13. öld a.m.k., Landnámsjörð: "Ólafr bekkur var son Karls ór Bjarkey af Hálogalandi; ... Ólafr nam alla dali fyrir vestan ok Ólafsfjörð sunnan til móts við Þormóð ok bjó at Kvíabekki." Landnámabók (S/H), ÍF 1, 244. 1195: "Síðan stökk Þorsteinn [í Brekku] í brott ok mátti þar ekki við vera - en þeir vátu bræðr [á Brekku annari] ok Arnoddr inn mikli, er bjó at Kvíabekk." (Sturlunga saga I, 182). Jarðarinnar er getið í Valla-Ljóts sögu (ÍF IX, 248). 1323-1331: herra Laurencius byskop ... reiste spítala at Kuiabeck j Olafsfirde, prestum ollum till vidrveriss þeim sem þrotna kunnu at elle edr krankleika. ok ei voru émbettiss férir. hann reiste þar sémilighan bunad sua at þar skorte ongna lut. ok feck þar till margar iardir. ok lamb elde. hefdu [!] su skipan stadið langan tima ef þeire hefde eighe breytt verit. ok su skipan nidr brotin. ok brott skutiat bunadenum ok miklum [!] godze af hans eftirkomanda Holabyskope" (IA, 269-71). 12.6.1386: "Testamenti Þorsteins lögmanns Eyjólfssonar: gefuande ... kugillde til kuiabeks" (DI III 391-92). 8.12.1403: "Testamenti séra Halldórs Loptssonar: gefur kirkjunni kúgildi" (DI III 685). Elsti máldagi Kvíabekkjarkirkju er frá 1461 og átti kirkjan þá allt heimaland og Hringver og Þverárland, tvo hluti í hval- og viðrekum austur frá ósi, en fjórðung í flutningum. Vestur frá ósi átti kirkjan þriðjung í viðrekum á móts við Gunnólfsárland. Kvíkfé var 4 kýr, 3 ásauðarkúgildi, 4 naut tvævetur, 2 naut veturgömul, 12 veturgamlir sauðir, 4 vetra gamall uxi, hestur og hross fyrir 2 hdr. Kirkjutíund á því ári reiknaðist 1 mörk. Lýsistollur, heytollur og fiskatollur af 24 bæjum. (DI V, 256-57). 1569 á kirkjan 10 hdr jörð er Bakki heitir, landskuld 5 aurar en annara eigna er ekki getið - (DI XV, 352). Þverá var talin til heimalands Kvíabekkjar en Hringver var einnig kirkjueign og er sennilegt að upphafleg landareign hafi náð yfir þær þrjár jarðir. Að auki voru Háfagerði og Bræðratungahjáleigur á 17. öld og Bakkavellir á 19. öld. Talin 30-40 hdr á 19. öld (SSE, 59; JJ, 286). Á 14. öld var lærðra manna spítali á Kvíabekk. Á Kvíabekkardal eiga að hafa verið sjö afbýli (BE II, 16), en þar er þó aðeins getið um Þúfuavelli, Sveinavelli og Sesseljusel auk Háfgerðis. Einnig var Nýibær hjáleiga ofan við túnið.

1917: 6.3 ha. 1/3 slétt. Garðar 210 m². 1839: "Hér er tún bæði ýft og fullt [af] óhrærandi björgum í jörðu, fódðar 3 kýr í meðalári. Engið er grasgefið, en alls staðar fullt af smámöl og leir, sem árlega rennur ofan úr Gangnahnjúksfjallinu. Undir staðinn liggja Kvíabekkjar-, Skarðs- og Húngilsdalir, hverra sá seinasti brúkast fyrir afrétt afnæstu bæjum." (SSE, 59-60). 1847: "Staðurinn fódðar 3 1/2 kú á töðu, 40 ær og 16 lömb, sem opt verður að halda á gjöf frá veturnóttum til fardaga. Úteiagi er grasgefið, en liggur undir grjót- og leirrennsli úr fjallshlíð. Dalur sá, sem staðnum fylgir, er notaður til beitar á sumrum fyrir búsmala, og er geldfé rekið þangað frá næstu bæjum; þar má og afla útþeys nokkurs, þó það sé torsókt, yfir lángan og örðugan veg." (JJ, 308). 1918: "Tún er 5,75 ha að stærð og

eru aðstæður góðar til útgræðslu. Það er í góðri rækt og er þriðjungur þess sléttur. Töðufall er 150 hestar Engjar eru góðar og grösugar. hluti þeirra er uppi á Kvíabekkjardal og er dágóður spotti þangað. heyfengur af engjum hefur verið 500 hestar en gæti verið mun meiri. Haglendi er gott að sumri til en vetrarþéttur hins vegar erfið vegna snóalaga. Upprekstrarland fylgir jörðinni. Mótekja og torfrista munu ekki vera fyrir hendi." (HHll, 124) [1965]: [Kvíabekkjardalur er] stór og grösugar, talinn jafnvel 1000 hestburða heyland." (Ö-Öl, 36). 1990: "... breiðatúnin úr sér á báðar hendur fram undan bænum. Jörðin er líklega sú landmesta í Ólafsfirði ... Á dalnum voru og eru enn góð engjalönd og var heyskapur þar oft mikill þegar spretta brást annarsstaðar." (BE 1990, 76). 2001: Gamla túnið hefur allt verið sléttað og er nú aðeins hluti þess í rækt. Móum hefur verið breytt í tún sunnan við bæinn og einnig norðan við hólana sem eru næst norðan við bæinn, þar sem áður var Engið.



Túnakort fyrir EY-032 Kvíabekk

EY-032:001 *Kvíabekkur* bæjarhóll bústaður 66°00.914.N 18°46.249.V

"Bærinn mun fyrrum hafa staðið við kirkjugarðinn, norðvestanvert, en vitað er að hann hefur verið fluttur nokkrum sinnum." segir í örnefnalýsingu. Svöltil bunga er í túninu fast vestan við kirkjugarðinn og gæti bær hafa staðið þar. Þar fast norðan við rennur lækur (nú grafinn í skurð) en norðvestan við hann er önnur bunga á árbakkanum sem einnig gæti verið bæjarstæði. Þar norðan við er s.k. Spítalahóll en það er nafn á neðsta hólnum í hólaröð sem afmarkar túnið að norðan.

Í túni, nú sléttað

Engar mannvirkjaleifar sjást nú á yfirborði, en í rofi í lækjarbakkanum fast við norðvesturhorn kirkjugarðsins sjást torfhleðslur. Einnig er steinadreif í grasrótinni á norðurbakka lækjarins og gæti það verið hleðslugrjót. Sunnan undir Spítalahól (eða næsta hól vestan við hann), þar sem kálgarður er í

brekkunni, er hrúga af allstóru grjóti sem sýnilega hefur verið hreinsað úr túninu sunnan við. Sumt af því gæti verið hleðslugrjót. Svipuð hrúga, þó minni, er um 40 m ofar á mótum túns og hóla, og er sýnt að nyrsti hluti túnsins hefur verið mjög grýttur nema það sé allt komið úr þeim mun meiri byggingum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Öl, 36

EY-032:002 hús kirkja 66°00.909.N 18°46.245.V

Kirkja, byggð 1892 stendur í kirkjugarðinum. Hún er um 70 m vestan við þjóðveg og um 100 m ANA og neðan við núverandi íbúðarhús.

Í túni, en heimreið liggur upp með garðinum að sunnan.

KVÍABEKKUR Í ÓLAFSFIRÐI (E) Ólafi

1323 1331: herra Laurencius byskop ... reiste spítala at Kuiabeck j Olafsfirde. prestum ollum till vidrveriss þeim sem þrotna kunnu at elle edr krankleika. ok ei voru émbettiss férir. hann reiste þar sémilighan bunad sua at þar skorte onгна lut. ok feck þar till margar iardir. ok lamb elde. hefdu [!] su skipan stadið langan tíma ef þeire hefde eighe breytt verit. ok su skipan nidr brotin. ok brott skutiat bunadenum ok miklum [!] godze af hans eftirkomanda Holabyskope; Lögmanssannáll, IA, 269 271

12.6.1386: Testamenti Þorsteins lögmans Eyjólfssonar: gefuande ... kugillde til kuiabeks; DI III 391 392

8.12.1403: Testamenti séra Halldórs Loptssonar: gefurkirkjunni kúgildi; DI III 685

[1429]: [I] prestrok ij diaknar; DI IV 381

18.4.1434: Jörðin Gunnólfsá ... liggur ... i Kvijabeckiar.ijngum; DI IV 540

12.11.1441: Jörðin Reykir í Ólafsfirði er ... j kuiabeckiar þingum; DI IV 622

23.4.1454: Jörðin Reykir i olafsfirdi ... liggr i kviabeckiarþingvum; DI V 119

1461: VIII.

Kirkan aa kuiabek er helgot med gude hinum heilaga olafe konge.

hun aa allt heimaland. bringuer oc þuerarland. tuo hlute j hualrekum oc vidrekum austr fra osse. enn fiordungr j flutningu. En vestr fra ose þridiungr j uidrekum til marks vid gunnolfsaar land.

þetta jnnan kirkiv. Messoklæde vond. kalekr oc corporal. ij. alttarissteinar. ij. alttarisdukar. j. kros. mariv likneski oc olafs likneske. eldbere med kopar. glodarker. iiij. klukur. keingirner vr þrimr.

Þetta j kuikfie. iiij kyr. þriv asaudar kugillde. fiogur naut tuæuetr. ij. naut veturgomul. xij. sauder vetrgamler. fiogre uetra gamal uxe. hest oc hross firir. ij. hundrut.

Reiknadiz kirkivtiund a þui aare mork

reiknadiz j porcio a ix arum oc. xx. þa sira þorfinr gerde reikning. eina halfua vod minur en. xij. hundrut.

þar skal vera prestr oc. ij. olmusuprestar. elligar. iiij. olmvsvprestar. oc þa diakn. oc skulv þeir eigi fara hader vr firdenvm naudsynialaust.

þadan skal sungia aa þorodstade oc til bænhusa. tekzj kaup. viij. merkur

þar skal syngia alla loghellga daga oc þa. ix. 1. ero j ottvsong. alla þa daga er messa er til gior annan huem dag it sialldnadzta. huem aptan vigilio. ix. 1. vm langaföstu. vm jolafostv annan huem aptan. enn annan huem. iiij. l. lysa hueria not fra crucis Messo oc til annarar crucis Messo. Syngia uigilio aa huerre viku ix. l.

lystistollur oc heytollur af iiij. oc. xx. bæium. fiskatollr af þessvm. Máld DI V, 256 257 [AM 274 4to.

Ákv. um söng og lýsingu telur lþ fornt eða frá ca. 1220-30 og má það teljast sennilegt]

[1461]: 1 prestur og 2 ómagaprestar DI V 360

1463: Anno domini M^o cd^o lxx^o primo. Reiknadizst sua mykytj porcio vppa þuo aar xj aura. Máld DI V 257 [AM 274 4to bætt við 1461]

1471: Anno domini m^o cd^o lxx^o primo. Reiknadizst suo mikít goz kirkiunnar aa kuiabeck medan sira ketill heillt. alltz med porcio. v. hundrut. wppa fim aar. þetta jnnan kirkiu ath auk þess sem fyr skrifat stendur. lesbok de sanctis fra jons messo baptiste oc til adventu. aunnur syngjande tekur þat sama. aspiciens bok syngjande oc lesbok de tempore fra aduentu oc framan til páska. grallare uondr. de sanctis bok a veturin med song og lesi. einn psalltare oc sequenciobok oc ecki full. Máld DI V 257 [AM 274 4to - bætt við 1461, aftan við 1464]

1478: Anno domini M^o cd^o lxx^o viij^o, luktizst. x. alner vadmals j subsidium pallij. jtem fiellj mortalia kýroc þreuettnautfirir ij. vpp aa vij aar. Máld DI V 257 [AM 274 4to - bætt við 1461, aftan við 1471] 16.7.1481: Jörðin Bakki í Ólafsfirði er í Kvíabekkjarkirkjusókn. DI VI, 387-88 1485: Anno domini M cd lxxx quinto Reiknadizt j porcio vppa ij aar medan sira magnus heillt. hundrat.

Voru ath sier teknar. iiij. kyr a brattavollum biskupsens vegna med suo ordnum lit oc marki. ein raud homott. huatt eth uinstra af eth hægra. aunnur graa. huat eth hægra oc af eth uinstra. þridia suort homott. huat eth hægra oc fiodr framan under. oc af eth uinstra. var en rauda giord firir. v. agillde. en

huor hinna xv. alner minnu[r] en gialldskyr.

Jtem tok biskup olaf ath sier þriar kyr a hornbrecku oc liet sex dandemenn meta. iij. presta oc. iij. lekmenn med suo uordnu marki oc lith. kolmulott aunnur skioldott. huatt oc bladrifr. þridia huit. huatt uoro þessar. iij. kyr metnar firir. vj. aura minnur en þriu hundrut. Máld DI V 257 [AM 274 4to - bætt við 1461, aftan við 1478]

1487: Kvíabekkjarkirkja fylgja 1 hálkirkja og 4 bænhús DI V 35506

21.3.1575: Sigluneskirkja lögð til Kvíabekkjarkirkja, en vafasamt að það hafi komið til framkvæmda; (PP, 265) [konungsbréf]

1712: Kirkjustaður og beneficium; JÁM X: 27

1890: Ný kirkja byggð

1892: Kirkjan fýkurog önnurminni byggð íhennar stað

27.9.1915: Kvíabekkjarkirkja flutt að Ólafsfjarðarhorni; (PP, 266) [stjórnarráðsbréf]

1957: Kvíabekkjarkirkja endurbyggð með töluverðum breytingum

Hættumat: hætta, vegna líkagraftar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-032:003 heimild um útihús

66°00.955.N 18°46.350.V

Um 60 m NNV af 001 var útihús skv. Túnakorti frá 1917. Þar er nú ávöl hólbunga í hæðóttu túninu, norðan lækjar, en engin merki sjást um húsið. Í túni.

Sunnan við þar sem húsið hefur staðið er ferköntuð dæld á lækjarbakkanum og er grjót í köntum hennar.

Sennilega kálgráður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-032:004 heimild um útihús

66°00.926.N 18°46.477.V

Skv. Túnakorti frá 1917 var útihús um 80 m vestur af 001 og heldur sunnar. Þar er nú stór útihúsasamstæða úr timbri, bárujárnsklædd.

Stórt járnklætt hús og aðkeyrslur, haugar og svað í kring. Í jaðri núverandi túns.

Enging merki sjást um hina eldri byggingu en núverandi hús munu byggð upp úr því. Hlaðið er undir húsið, a.m.k. að austan.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-032:005 heimild um bústað

66°00.912.N 18°46.365.V

Skv. túnakorti frá 1917 stóð bærin um 100 m VNV við kirkjuna, mun ofar í túninu. Skv. því hefur núverandi íbúðarhús (byggt 1943) verið reist framan (austan) við gamla bæinn.

Steyptur kjallari er undir núverandi íbúðarhúsi og nýlegum inngönguskúr vestan við það. Skipt hefur verið um jarðveg í kringum húsið og skúrinn og fyllt með mól. Slétt tún að vestan.

Engin merki sjást um bæinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-032:006 Háfagerði bæjarstæði býli

66°01.130.N 18°46.235.V

1712: " ... í úthögum út og upp frá staðnum." segir í Jarðabók Áma og Páls. Leitað var sumarið 2004 að ummerkjum eftir býlið Háfagerði en án árangurs. Heimildamaður vissi ekki hvar býlið gæti hafa staðið. Gróinn hlíðafótur sem hallar til suðausturs.

Í eyði 1712 og hafði svo verið frá 1697. Býlið hafði byggst fyrir manna minni og fóðraðist tveggja kýrþungi. Talin mega byggjast á ný, en þó til rýrðar heimastaðnum samkvæmt jarðabók Áma og Páls. Ekki er vitað um byggð á staðnum seinna en Háfagerðis er getið í jarðab. 1802 sem eyðihjáleigu. Út og upp frá Kvíabekk eru ræktað tún og svo er stutt í fjall. Það er helst stekkur 021 sem passar við staðsetningarlýsingu þá sem kemur fram í jarðabók Áma og Páls og gæti það vel verið að býlið Háfagerði hafi verið þar sem seinna varð stekkur. Vegalengdin á milli stekkjans og bæjar 001 er rétt um 400m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 28; JJ

EY-032:007 Bræðratunga bæjarstæði býli


1712: "eyðihjáleiga. Bygð suður og upp skamt frá heimatúninu, og varaði bygðin tvö eður þrjú ár, hefur hvorki bygst áður nje síðan. Byggingarkosti kunna náægir ekki að undirjetta, meina þá þó allitla

verið hafa. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæði er mjög lítið." Ekki er vitað hvar staðurinn er en leitað var sumarið 2004 án árangurs.

Að öllum líkindum hefur býlið horfið í túnrækt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 28



EY-032:008 Þúfnavellir tóftir afbýl

EY-032:008 Þúfnavellir tóftir býli

66°00.696.N 18°49.403.V

"... elztu menn muna eftir Þúfnavöllum, Sveinavöllum og Sesseljuseli, er öll voru inni í dalnum." segir í örnefnaskrá. Þar segir enn fremur: "Fremsti bærinn í Kvíabekkjardal var Þúfnavellir. Þar mun hafa verið bænhús. Þessi bær er talinn hafa í eyði lagzt í Svartadauða. Vallgrónar tóftirnar eru enn sýnilegar. Þær eru á norðurbakka árinna (Skarðsár)." Tóftir Þúfnavalla eru á mótum Skarðsdals, Húngilsdals og Kvíabekkjardals, um 2,4 km VSV frá bæ 001. Þær eru norðan ármóta Skarðsár og Þverár. Tóftirnar eru á hálfgerðum odda sem Skarðsá myndar að vestan og Húngilsáin (Þverá) að sunnan. Landi hallar á þessum stað til suðurs og er heldur þurrara en austan við. Hálfþornaðar staraengjar en lág holt á milli.



EY-032:008 Þúfnavellir tóftir afbýli

Um er að ræða 2 tóftir, sú nyrðri, A, skiptist í þrjú hólfi en hin syðri, B, í tvö. Þess utan eru þústir sunnan við megintóftirnar tvær, C og D og E. Nyrðri tóftin, A, er meiri um sig, grasigróin og rís nokkuð úr landinu umhverfis en sú syðri, B, er löng og mjó. Nyrðri tóftin, A, er um 12 X 11 m stór og snýr austur-vestur. Hún er þýfð og er talsvert aflöguð. Í henni er mjög óljós hólfskipan en þó má vel greina 3 hólfi. Op eru víða en ekki gott að segja hvort er um rof að ræða eða dyr. Tóftin er úr torfi og sennilega er grjót neðst í hleðslum þótt það sjáist nú ekki. Syðri tóftin, B, er 10 X 3,5 m stór og snýr austur-vestur. Hún skiptist í 2 hólfi en er ekki innangengt á milli hólfa. Op eru á báðum hólfum, fyrir miðjum vesturvegg og svo austast á norðurvegg eystra hólfsins. Ekki er mikið grjót að sjá í hleðslum þótt glitti í stein á stöku stað. Um 20 m sunnan við tóft A er upphækkaður þúfuakiasí, tóft C, eða stallur. Ekki er að sjá tóftalag en þó er miðja klasans heldur hærri og kantaðri en þúfurnar umhverfis. Svæðið er um 12 X 10 m stórt og snýr austur-vestur. Um 30 m sunnan við tóft A eru 2 tóftir, D og E. Vestari tóftin, D,

er tvö hólfi, og er ekki innangengt á milli hólfa og engar dyr sjáanlegar. Tóftin er um 6 X 4 m stór og snýr norður-suður. Ekkert grjót er í tóftinni. Eystri tóftin, E, er ansi sokkin og er sennilega tvö hólfi, hlið við hlið, og er vestara hólfið opið til norðurs en veggir eystra hólfsins eru allir skörðóttir. Tóftin er um 7 X 6 m stór og snýr austur-vestur. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Ekki er grjót að sjá í tóftinni.

Tóftasvæðið er um 13 X 6 m stórt austur-vestur. Tóftirnar báðar eru nokkuð heystæðislegar. Tóft A verður að teljast líklegust til að vera afbænum og hinar tóftirnar útihús.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Öl, 36, 37





EY-032:008 Þúfnavellir, horft til norðausturs

EY-032:009 Sveinavellir tóftir býli

66°00.556.N 18°48.939.V

"... elztu menn muna eftir Þúfnavöllum, Sveinavöllum og Sesseljusi, er öll voru inni í dalnum." segir í örnefnaskrá. Tóftir Sveinavalla eru um 40 m norðan Þverár, á Kvíabekkjardal á mótum Skarðsdals og Húngilsdals. Þær eru rétt rúma 2 km VSV afbæ 001.

Landinu hallar að ánni, til suðurs. Grösugt svæði sem er smáhæðótt.



EY-032:009 Sveinavellir tóftir af býli

Sveinavallatóftirnar eru nokkuð dreifðar en 2 megin tóftaþyrpingar eru á nokkuð miklum hólum (hólar 1 og 2) og er um 120 má milli þessarra tveggja hóla. Tóftir Sveinavalla eru á miklum hól (hóll 1) sem gæti verið að hluta til náttúrulegur (suðurhlutinn), en norðurhlutinn er vafalítið tilkominn vegna upphleðslu mannvistarlaga. Hóllinn er um 20 X 30 m stór og snýr norður-suður og rís 2 - 3 m úr umhverfmu. Fjórar tóftir eru greinilegar norðan megin á hólnum. Sú austasta, A, er einföld, um 6 X 3 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er austast á norðurvegg og rís þessi tóft hæst tófta á hólnum og er aðeins torf sjáanlegt en þó er líklegt að grjót sé neðst í hleðslum. Um 4 m VSV við tóft A er önnur tóft, B, mjög áþekkt, um 6 m NA - SV og um 3 m breidd. Ekki er að sjá hólaskiptingu í tóftinni sem dyr eru á fyrir miðjum NA endavegg. Ekkert grjót er að sjá. Tóftinni hallar nokkuð til VSV. 2 - 3 m norðan við

tóft B er svo þriðja tóftin, tóft C. Hún er um 8 X 4 m að stærð og snýr norður-suður. Op er fyrir miðjum suðurgafli og er tóftin einföld. Fast austan tóftar C er lítil tóft, tóft D. Hún er um 4 X 2,5 m stór og snýr austur-vestur. Á henni er op austast á suðurvegg. Ekki er grjót að sjá í tóftunum en hugsanlega eru steinarnir sokknir í svörðinn. Mesta hleðsluhæð tóftanna á hólnum er um 0,5 m en hóllinn er um 25 X 20 m stór og snýr norður-suður.





EY-032:009 Sveinavellir, horft til suðurs

Tóft er á töluvert miklum hól (hóll 2), um 20 X 17 m austur-vestur á lengdina og rís 2 - 3 m úr umhverfinu. Hóllinn er um 120 m austan við fyrnefndan bæjarhól. Hóllinn er stórpýiður og kafloðinn. Í hólkollinum er sigið svæði; regluleg og köntuð gryfja, tóft E, 2 X 1 m stór austur-vestur. Hún er 0,6 m djúp. Austan í hólnum er tóft F sem er um 5 X 3 m stór og snýr norður-suður. Op er á miðjum suðurvegg og einnig nyrst á vesturvegg. Um 15 m ASA afhólnum er lítill ávalur hóll, tóft G. Hann er þýiður og er grjót í honum þótt ekki sé tóftarlag greinanlegt. Ekki er ólíklegt að mannvistarleifar leynist í hólnum. Um 30 m norðan hóls 2 er annar kargabýiður hóll, um 15 m í þvermál, en ekkert tóftalag að sjá á honum. Ekki fannst vallargaður umhverfis Sveinavelli.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 36

EY-032:010 Sesseljusel tóftir býli



EY-032:010 Sesseljusel tóftir afbýli

"... elztu menn muna eftir Þúfnavöllum, Sveinavöllum og Sesseljuseli, er öll voru inni í dalnum," segir í örnefnaskrá. Um 1,4 km vestur frá bæ 001 eru tóftir Sesseljusels. Grösugt en votlent svæði - góðar engjar. Neðan við tóftasvæði er býsna mikill flói og einnig vestan við. Norðan við fer land að hækka nokkuð skarpt til fjalla. Norðaustan tófta rennur annar Sellækjanna en þó

spottakorn frá selinu.

Tóftirnar eru 4 fyrir utan megintóftina, tóft A, sem er fjögurra hólfa. Tóft A er norðvestarlega á tóftasvæðinu og er hlaupin í þúfur; sokkin og ógreinileg en rís talsvert úr umhverfinu. Tóftin er um 9 X 8 m stór og snýr austur-vestur á lengdina og skiptist í 4 - 5 hólfa. Norðanmegin í tóftinni eru 3 hólfa, 2 þau eystri eru einföld og án dyra en vestasa hólfíð er opið til norðvesturs. Suðaustan við þessi 3 hólfa hallar tóftinni nokkuð til SSA og eru í hallanum 2 ógreinileg hólfa, hið vestara er einfalt og lokað en hið eystra er einfalt og opið til austurs. Ekki er grjótt sjáanlegt í tóftinni þótt það gæti hæglega leynst í sverði. Tóft B er um 30 m ANA af tóft A og er um 10 X 9 m stór og snýr austur-vestur. Hleðslur eru lágar, mest 0,5 m, og ekki merkilegar - grjótláusar. Ekkert op er að sjá á tóftinni sem einföld. Tóft C er um 40 m suðaustan tóftar A. Hún er tvískipt. Op eru bæði í norðvestur- og suðausturhornum. Ekkert grjótt er að sjá í tóftinni. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m og eru hleðslur eru signar. 2 - 3 m NNA við tóft C er önnur minni tóft, tóft D. Hún er um 6 X 4 m stór og snýr norður-suður. Op er á tóftinni í suðvesturhorni og er ekkert grjótt sjáanlegt í tóftinni. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Tóft E er um 20 m SSV frá tóft 010 A?. Hún er um 8 m í þvermál. Tóftin er líkust sundurgröfuum hóli sem rís talsvert úr umhverfinu, hæst um 2 m. Hún er einföld. Ekkert grjótt að sjá í henni. Háltpurr dýjalækur hlykkjast fast austan tóftar. Ekki er vallargarð að sjá umhverfið tóftasvæðið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 36



EY-032:010 Sesseljusel tóftir A-D, horft til suðvesturs

EY-032:011 *Bakkavellir* bæjarstæði býli

66°00.947.N 18°45.911.V

Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1839 segir: "Hjáleiga er hér fyrir utan og neðan staðinn, sem heitir Bakkavellir, 5 hndr., í jarðnæðisþrengslum byggð úr heimalandi, staðnum til stórs бага, því koti þessu fylgir bezt og minnst grýtti engjaparturinn." Um sama býli er getið í örnefnaskrá: "Utan við Kvíabekkjartún voru Bakkavellir ...". Bakkavellir voru fast neðan, suðaustan, þjóðvegur samkvæmt Alberti Magnússyni. Þeir hafa þá verið um 250 m austan við bæ 001.

Ræktað tún milli þjóðvegur og Fjarðarár.

Ekki er að sjá ummerki gamalla bygginga en þó er grösugur smárani í ræktuðu túni. Bakkavallaráin rennur nokkra metra suðvestan við staðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ól, 36 og SSE, 60.

EY-032:012 *Nýibær* bæjarstæði býli

66°00.921.N 18°46.585.V

"Utan við Kvíabekkjartún voru Bakkavellir og Nýibær ofan við tún." segir í örnefnaskrá. Á öðrum stað í sömu skrá segir enn fremur: "Suður og upp frá bænum heitir Nýjabæjartún, enda stóð þar býlið með því nafni," Nýibær var 200-300 m vestur af bæ 001.

Ofan við núverandi fjárhús - skíthaugur og túnbleðill nokkuð sléttur,

Engin ummerki gamalla bygginga eru á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ól, 36

EY-032:013 Ólafsfjarðarskarð gata leið 66°01.817.N 18°51.975.V

Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1839 segir: " ... beygist fjallið kringum litlu minna daldrag, er Þverárvík heitir, fram á Þverárhjúk og frá botni þessa drags í VNV fram að Ólafsfjarðarskarði, þjóðleið til Fljóta." Í örnefnaskrá segir enn fremur: "Sunnan Þverárvíks er Þverárfjall, því næst Skarðsdalur, kenndur við Ólafsfjarðarskarð, sem þar er norðvestur af. Þar var áður fjölfarinn vegur á fyrri tíma vísu, póstleið milli Akureyrar og Siglufjarðar, með póstaðgreiðslu á Kvíabekk." Skarðið er tæpa 5 km norðvestur frá bæ 001.

Skarð í fjallsbrúnina, norðan Kötluhrúna.

1872: "Frá Kvíabekk í Ólafsfirði liggur leið um Ólafsfjarðarskarð að Brúnastöðum í Holtshreppi eða Fljótum í Skagafjarðarsýslu, um 1 1/2 mílu löng, sjaldfarinn." samkvæmt Sýslu- og sóknarlýsingum. Leiðin er ekki reglulega vörðuð þótt sjá megja vörðu og vörðu hálfhrundar á stangli.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: SSE, 52-53 sbr. 63. Ö-Ól, 37 og SSE, 32 sbr. 33.

EY-032:014 Brandsskál þjóðsaga draugur 66°01.817.N 18°51.975.V

"Innst í austanverðum Skarðsdal er Brandsfjall og ofarlega í því Brandsskál, þar fannst Brandur sá, sem þessi örnefni eru af dregin, en hann hafði hrapað í fjallinu og það orðið hans bani. Langt mun vera síðan þetta gerðist, en sögn lifir um það, að Brandur hafi sagt við ferðafélaga sína, þegar hann renndi sér (á skíðum) fram af fjallinu: "Nú fer ég til helvítis". Talið er að reimt sé á þessum slóðum og að Brandur hafi gengið mjög aftur fyrir á árum. Þetta er skammt frá póstleiðinni. Brandsfjall er hið næsta sunnan við Ólafsfjarðarskarð." segir í örnefnaskrá.

Hrjóstrugt umhverfi og nær gróðurlaust.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Ól, 38

EY-032:015 Brandsleiði þjóðsaga legstaður 66°00.921.N 18°46.585.V

"Heima í Nýjabæjartúni [012] er sagt að sést hafi fyrir Brandsleiði, og á þar að vera heygður þessi Brandur [sbr. 014]." segir í örnefnaskrá. Brandsleiði er m 250 m vestur frá bæ 001.

Ofan við núverandi fjárhús - skíthaugur og túnhleðill nokkuð sléttur.

Engin ummerki legstaðar sjást.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ól, 38

EY-032:016 Húngeirsdalur þjóðsaga huldufólksbústaður 66°00.513.N 18°49.581.V

"Húngilsdalurinn liggur mjög til suðurs frá Skarðsá og inn að baki Vémundarstaðahyrnu, allt til Þverfjalls. Hann er mjög grösugur og beitaland ágætt þar innra. Munnmæli herma, að nafn dalsins stafi af því, að þar hafi fundizt tveir hjarnarhúnar. Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar er getið um huldufólk á þessum slóðum: "Kerling ein sem var á Kvíabekk í Ólafsfirði þóktist á jólanótt í tunglsljósi verða vör við fjölda huldufólks sem var á leið til kirkju sinnar í Húngeirsdal."

Grösugur dalur þar til land fer að hækka til fjalla.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Ól, 38 og Þjóðsögur Jóns Árnasonar III. bd. bls. 169


EY-032:017 Beitarhúsin tóft beitarhús 66°00.902.N 18°47.818.V

"Heimar en í miðjum Kvíabekkjardal er lágur foss í Dalsá, oftast kallaður Fossinn, eða Dalsárfoss. Nokkru utar eru Beitarhúsin." segir í örnefnaskrá. Beitarhúsatóftin er um 1,2 km vestur frá bæ 001.

Grösug hlið sem hallar mót SSA.

Tóft er um 26 X 20 m stór og snýr norður-suður. Hún skiptist í 6 - 7 hólf. Tóftin er öll gróin grasi og lítið grjótt er sjáanlegt. Austanmegin er innangengt á milli nyrðri hólfa þriggja og eru dyr austast á suðurvegg eystra hólfsins. Á nyrsta hólfinu er op nyrst á austurvegg. Vestan megin er ekki innangengt á milli þeirra þriggja hólfa sem þar eru en dyr eru á þeim öllum. Í austasta hólfinu sér fyrir garða sem snýr A - V og 2 krær sín hvoru megin. Hugsanlega er einnig garði á milli 2 vesturhólfa sem þó er ansi breiður og gæti því verið hruninn veggur. Sunnan við vesturhólfin þrjú er slétt svæði, um 10 m A - V og um 5 m breitt, en engar hleðslur eru að sjá við suður- og vesturhliðar bollans sem liggur að norðan og austan að tóftinni. Rústin er það stór um sig að líklegt verður að annaðhvort sé um rugling að ræða, að þessi tóft sem kölluð er Beitarhúsin sé frekar tóft einhverra hinna mörgu býla á Kvíabekkjardal, eða að beitarhúsamaður eða -fólk hafi hafst við í húsunum annaðhvort veturlangt eða þá að einhver framleiðsla hafi átt sér stað yfir sumartímann og fólk dvalið part úr sumri við mjólkurvinnslu eða eitthvað slíkt.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ól, 38



EY-032:017 beitarhúsatóft

EY-032:018 garðlag kálgarður
66°00.952.N 18°46.193.V
Gerði er tæpa 80 m norðaustur af bæ 001.
Grösugt en hólótt svæði.
Gerðið er í aflíðandi halla. Það er 15 X 10 m stórt og snýr austur-vestur. Veggir eru heillegir og er býsna af grjóti í hleðslum, sérstaklega í suður- og norðurveggjum. Engar dyr eru að sjá í hleðslum. Heimildamaður taldi tóftina vera kálgarð og eru hleðslur ansi voldugar fyrir kálgarð að vera.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


EY-032:019 Kotahlíð örnefni býli
66°00.963.N 18°47.320.V
"Heiman við ytri [Stóralæk eða Sellæk] er Kotabrunn efst í Kotahlíð," segir í örnefnaskrá. Við fornleifaskráningu sumarið 2004 fundust ekki fornleifar á því svæði sem kallast Kotahlíð eða Kotabrunnir og kannaðist heimildamaður ekki við býlistóftir á Kotahlíð. Hinsvegar voru býli eða kot frammi á dalnum, ofan Kotahlíðar og gæti örnefnið verið dregið af þeim býlum. Gróin hlíð sem hallar mót suðaustri.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ól, 38

EY-032:020 Fiskhóll heimild um hjall 66°00.974.N 18°46.231.V
"Bakkavallaá rennur utan við túnið. Þar rétt sunnan við er Fiskhóll. Mun hann kenndur við fiskhjall, er þar var." segir í örnefnaskrá. Hóllinn er um 100 m norður af bæ 001.
Hólaröð liggur NV - SA skammt norðan bæjar. Fiskihóll er þriðji hóll að neðan talið í röðinni. Hóllinn er ansi hár og brattur og er flatur í kollinn á hér um bil 3 m svæði á kant. Annað sést nú ekki og eru ummerki fiskhjalls horfin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Ól, 39

EY-032:021 Stekkurinn tóft stekkur 66°01.130.N 18°46.235.V
"Sunnarlega í enginu er Stekkjarhóllinn. Stekkurinn þar var notaður síðast árið 1924. Út og upp þaðan eru Stekkjargrundir, en niður frá hólnum Stekkjarmóar. Suður og upp frá Stekkjarhóli er Stekkjarkholt ... " segir í örnefnaskrá. Stekkjarhóll er í miðri fjallshlíð, norðan við hólaröðina sem er í norðurjaðri túnsins. Stekkurinn er um 400 m norður frá bæ 001.
Tóftin er uppi á töluverðum hól sem rís mót austri. Fast norðaustan við tóft er dokk í landið sem snýr norðvestur-suðaustur. Ofan tóftar fer land að rísa skarplega til fjalls.
Tóftin er tvískipt, 12 X 5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Suðvestara hólfið er mun minna, 4 m að innanmáli, en stendur mun betur. Suðvestur- og norðvesturveggir eru grjóthlaðnir og eru um 4 umför og um 0,8 m háir. Stærri hólfið er talsvert verr farið og mest úr torfi. Innangengt er á milli hólfa og dyr eru í norðurhorni stærra hólfsins. Garðlag hefst um 70 m austan við stekkin og liggur svo til suðurs og í sveig til vesturs. Garðurinn er rofinn á köflum en er þó vel greinilegur og er breiðastur um 1,5 m og hæstur um 0,7 m. Lengdin er um 180 m. Mest er torf áberandi í garðinum en þó er sennilegt að grjót sé neðst í hleðslum þótt ekki sé það sjáanlegt. Sennilegast er að garðurinn hafi gegnt hlutverki túngarðs. Grösugt svæði í hlíðarrótum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ól, 39




EY-032:021 stekkjartóft, mynd tekin til suðvesturs

EY-032:022 tóftir

66°00.848.N 18°46.623.V

"Suður og upp frá túninu eru Kvíabekkjarmóar, allstórt svæði. Efst í móum þessum eru tvær gríðarstórar tóftir, miklu stærri en svo, að um heytóftir eða peningshús geti verið að ræða. Þarna mun hafa verið Prestaspítalinn." segir í örnefnalýsingu. Tóftir þessar eru um 200 m SSV af 001 og um 250 m vestan við Þjóðveg, uppi á hól og er tún ræktað upp að honum að austan. Á hól neðst í fjallshlíð. Lækir renna um lágir norðan og sunnan við hólinn og eru tún neðan við - áður móar. Ofan við er grýttur mói en skammt er til fjalls.



EY-032:022 tóftir

Um tvær aflangar, samsíða tóftir er að ræða. Báðar snúa þær norður-suður. Sú vestari og efri er 15 x 6 m stór, þrískipt með dyrum nyrst á vesturhlíð. 6 m eru á milli tóftanna og er sú eystri og neðri er 20 x 6 m stór. Hún er ógreinilegri en virðist einnig hafa verið þrískipt. Dyr eru norðan við miðju á eystri langvegg. Norðurendi beggja tófta hallar niður. Í veggjum eystri tóftarinnar glittir í grjóti. Alls ekki er óhugsandi að þetta séu útihústóftir. Gætu líka verið leifar býlisins Bræðratungu sem var sunnan og ofan við tún Kvíabekkjar og aðeins í byggð um tveggja ára skeið skömmu fyrir 1712.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 39

EY-032:023 varða

" [frá Ólafsfiarðarskarði] fyrir vestan Húngilsdal fram að Þverfjalli fyrir dalsbotninum, er varðan á stendur, frá hverri Capt. Scheel mældi í Illviðrishnjúk, Hofsvörðu, Vallnafjall og Skipahvol" segir í Sýslu og sóknarlýsingum frá 1839.

Ekki fannst varðan við fornleifaskráningu sumarið 2004 og


ekki vissu heimildamenn um hana.

Varðan virðist hafa verið uppi á Þverfjalli.

Hans Jacob Scheel starfaði við landmælingar á Íslandi 1807-15.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSE, 53



EY-032:024 tóft

EY-032:024 tóft

66°00.889.N 18°47.286.V

Tæpa 800 m vestur frá bæ 001 er tóft.


Grösug brekka sem hallar mót suðaustri.

Tóftin er á brekkubrún. Hún er um 8 X 3 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Tóftin er tvískipt. Norðvestara hólfið er stærra og er það opið til norðvesturs. Ekki er grjót sjáanlegt. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m.

Hættumat: engin hætta

EY-032:025 tóft

66°01.128.N 18°45.970.V



EY-032:025, tóft, mynd tekin til austurs

Um 450 m norðaustur frá bæ 001 er tóft, nálega fyrir miðju grösugu svæði sem nær frá á upp í hliðar fjalls þar sem gróðri sleppir.

Grösugur og aflíðandi hlíðarfótur.

Tóftin er nokkuð mikil um sig, 25 X 13 m stór og snýr norður-suður. Hún rís talsvert úr umhverfinu. Tóftin skiptist í 5 hólfi í það minnsta. Fjögur þeirra eru vel greinileg en það fimmta er ógreinilegra og gæti jafnvel verið um 2 hólfi að ræða. Dyr eru engar greinilegar í hólfunum fyrir utan nyrsta hólfið en það er opið til norðurs. Lítið sem ekkert grjót er sjáanlegt á svæðinu. Tóftin er iðjagræn grasi og nokkuð hlaupin í fremur smáar þúfur. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m. Um 5 m sunnan tóftar er stórpýft svæði, um 8 X 4 m stórt og snýr norður-suður. Svæðið er harla vel afmarkað en ómögulegt er að sjá tóftalag.

Hættumat: engin hætta

EY-032:026 tóft

66°01.058.N 18°46.047.V

Um 300 m norðaustur frá bæ 001 og um 200 m norðvestan þjóðvegur er tóft.


Grösugt svæði í hlíðarrótum á milli þjóðvegur og fjalls.



EY-032:025, tóft, mynd tekin til suðurs

Tóft er köntuð, einföld og sennilega ekki ýkja gömul. Hún er um 10 X 8 m stór og snýr norðaustursuðvestur. Dyr eru fyrir miðjum norðausturvegg og einnig fyrir miðjum suðvesturvegg. Í norðurhorni tóftar gætu hafa verið dyr. Hleðslur eru nokkuð jafnháar, hæstar um 0,8 m. Ekki er grjót að sjá í veggjum en inni í tóftinni er steinadreif. Í vesturhorni tóftar, innanveggjar, er hringlaga gryfja um 1 m í þvermál sem er hlaðin innan grjóti, býsna stóru. Gryfjan er rétt tæpur 1 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta



EY-032:027, tóft, mynd tekin til austurs

EY-032:027 tóft

66°01.034.N 18°45.982.V

Um 300 m norðaustur af bæ 001 er tóft, um 70 m ofan þjóðvegjar.

Í seinni tíð hafa tún verið sléttuð norðan hólaraðarinnar sem er norðan við kirkjuna. Upp frá þjóðvegi hækkar land upp til fjalls í stöllum. Grösugt svæði sem hallar öllu nokkuð til austurs.

Tóftin er næstum hringlaga, eins konar stallur í brekkuna. Hún er að hluta niðurgráfin. Tóftin er um 11 X 9 m stór og snýr austur-vestur. Það sér í nokkra stóra steina í tóftinni og einn slíkan vestan hennar. Dyr eru ekki vel greinilegar en þó er rof fyrir miðjum vesturvegg og eins til norðurs. Tóftin virkar ekki mjög ellileg.


Hættumat: engin hætta

EY-032:028 tóft heystæði

66°01.156.N 18°45.500.V

Rétt rúma 700 m norðaustan bæjar 001 og um 20 m ofan (norðvestan) þjóðvegjar er tóft.

Flatt og grösugt svæði.



EY-032:028 heystæðistöft

Tóftin er einföld og er á ávölum hóli, um 7 m á kant. Ekkert grjót og engar dyr eru að sjá á tóft. Sennilegt að um heystæði sé aðræða.

Hættumat: engin hætta

EY-032:029 tóft
66°00.625.N 18°47.001.V

Um 800 m suðvestur frá bæ 001 er tóft fast vestan við malarveg sem liggur upp (VNV) að borholu við Þverá.

Grösugt svæði sem hallar öllu mót suðaustri.

Tóftin er einföld, um 10 X 8 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Lítið sem ekkert grjót er að sjá í hleðslum. Dyr eru í vesturhorni tóftar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

EY-032:030 náma mógrafir
66°00.794.N 18°48.144.V


Um 1,4 km vestur frá bæ 001 eru mógrafir, fast suðvestan við Sesseljusel 010.

Grösugt en votlent svæði - engjar. Neðan við tóftasvæði Sesseljusels 010.

Grafirnar eru nokkuð djúpar, tæpur 1 m, grónar og hálfþurrar.

Svæðið er fremur vel afmarkað, um 20 m x 10 m.

Hættumat: engin hætta



EY-032:029 tóft



EY-032:031 tóftir heystæði
66°00.683.N 18°48.431.V

Heystæðaklasi sem er um 1,7 km vestur frá bæ 001, á Kvíabekkjardal.

Flatir og hálfþurr flói.



Eftirfarandi er lýsing á heystæðum á Húngils- og Skarðsdal sem að lögun og notagildi eru öll svipuð. Fyrstu 4 heystæðin eru alveg í hnapp og er því 1 hnit á þeim fjórum og kallast þau 031-1,2,3 og 4. Heystæðin sem á eftir koma fá hver sinn bókstaf og sá fyrsti er A. Heystæðin 4 eru með 15-20 m

millibili á svæði sem snýr austur-vestur. Austast er heystæði númer 1. Það er 7 X 3 m að stærð og snýr norður-suður. Mesta hleðsluhæð þess um 0,6 m. Heystæði númer 2 er um 15 metrum vestan við heystæði 1 og er um 10 X 4 m að stærð og snýr norður-suður. Mesta hleðsluhæð er um 0,2 m. Heystæði númer 3 er svo um 15 m vestan við stæði 2 og er um 11 X 3,5 m að stærð og snýr norður-suður. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m.



EY-032:031 tóftir A og B


Heystæði númer 4 er um 20 m vestan við stæði 3 og er um 10 X 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Mesta hleðsluhæð um 0,2 m. Fjórða stæðið er vallgróið og hlaupið í þúfur og er greinilega elst. Ekkert grjót er að sjá í þessum tóftum. Eftirfarandi heystæði eru dreifð yfir nokkuð stórt svæði og er því umhverfið ekki alltaf eins þótt vissulega sé það áþekkt: á lágum holtum í flóum eða hallamýrum, misblautum.



EY-032:031 tóftir C og D

Heystæði A er um 8 X 4 m að stærð og snýr norður-suður. Það er um 80 m norðan við Þverá og um 1,9 km VSV frá bæ 001. Í því má sjá tvö hólfi. Hvorki sjást grjóthleðslur í tóftinni né dyr á henni. Heystæði B er um 50 m sunnan við heystæði A og er um 8 X 3 m stórt og snýr austur-vestur. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Hvorki sést í grjóthleðslur í tóftinni eða op á henni. Heystæði C er um 2,2 km VSV frá bæ 001 og er ansi mikið um sig. Hleðslur eru mest um 0,8 m en 0,5 m að jafnaði. Tóftin er um 9 X 8 m stór og snýr norður-suður. Hún er á lágum hólfi. Hvorki grjót sjást grjóthleðslur í henni né op á veggjum hennar Heystæði E er um 160 m vestur frá heystæði C og er um 9 X 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Stæðistöftin er tvískipt en innveggurinn er rytjulegur. Gæti staðið í sambandi við Þúfnavelli 008. Engar grjóthleðslur sjáanlegar og ekki er greinilegt op á heystæðinu. Heystæði F er um 1,8 km vestur af bæ 001 og er um 11 X 3,5 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er í framræstri hallamýri. Ekki er grjót að sjá en op er fyrir miðjum suðurvegg. Heystæði G er um 100 m austan við heystæði E. Það er um 16 X 3,5 m að stærð og snýr norður-suður. Stæðistöftin skiptist í 3 hólfi. Engin op eru á tóftinni og hvergi sjást grjóthleðslur. Heystæði G,H,I eru um 50 m NA frá stæði F. Tóftir þessara þriggja heystæða eru allar mjög svo áþekkar: snúa norður-suður í brekkunni, eru 4 - 8 m á lengd en og 2,5-3,5 m á breidd.

Hættumat: engin hættu



EY-032:031 tóftir E og F

Um 2, 1 km vestur frá bæ 001 og um 260 m norðan við Sveina velli 009 er tóft.

Hálfburr hallamýri sem hallar mót suðri.



EY-032:032 tóft

Tóftin er norðan á lágum hólum sem rís mót suðri, að Þverá. Tóftin er um 13 X 8 m og snýr norður-suður. Hún er stórbýfð og skiptist í tvö hólf, annað er vel greinilegt en hitt óskýrt. Nyrðra hólfið er 5 X 4 m að stærð og snýr austurvestur. Op er á því í suðvesturhorni. Syðra hólfið (en um það bil 3 m bil er á milli hólfanna tveggja) snýr norður-suður og er 5 X 4 m að stærð. Það snýr austur-vestur og er op austast á suðurvegg. Lítið grjót er að sjá í hleðslum. Á norðausturhorni hólsins, tóftasvæðisins, er kargabýft. Mesta hleðsluhæð er um 0,7m.

Hættumat: engin hættu

EY-032:033 Háakot bjarstæði býli

Í Hundrað árum í horninu segir: "Fleirin hjáleigur byggðust í landi Kvíabekkjar á ýmsum tímum en ábúð þeirra var stopul. Þekki eru nöfnin ... Háakot ... úr heimildum frá 18. öld en ein hjáleiga í viðbót er ónafngreind."

Heimildir: HH II, 187

EY-032:034 bjarstæði býli

Í Hundrað árum í horninu segir: "Fleirin hjáleigur byggðust í landi Kvíabekkjar á ýmsum tímum en ábúð þeirra var stopul. Þekki eru nöfnin ... Háakot ... úr heimildum frá 18. öld en ein hjáleiga í viðbót er ónafngreind."

Heimildir: HH II, 187

EY-032:035 Spítalahóll heimild

Í Hundrað árum í horninu segir: "Ein af elstu heimildum um kirkju að Kvíabekk er að finna í sögu Lárentiusar Kálfssonar Hólabiskups en þar stofnaði hann prestaelliheimili laust fyrir 1300 Í dag eru á Kvíabekk tóftarbrott eða hóll um 100 metraum norðan við kirkjugarðinn sem kallaður er Spítalahóll. Uppaf honum ganga samfelldar hólurústir [sjá 001]. Bærinn var áður fyrir á þessum slóðum, einnig framan við hús það sem nú stendur.

IA: "1323-1331: herra Laurencius byskop ... reiste spítala at Kuíabeck j Olafsfirde. prestum ollum till vidrveriss þeim sem þrotna kunnu at elle edr krankleika. ok ei voru émbettiss féfir. hann reiste þar sémilighan bunad sua at þar skorte ongna lut. ok feck þar till margar iardir. ok lamb elde. hefdu [!]

su skipan stadit langan tima ef þeire hefde eighe breytt verit. ok su skipan nidr brotin. ok brott


skutlat bunadenum ok miklum[!] godze afhans eftirkomanda Holabyskope"

Heimildir: HH II, 187; IA, 269-271

EY-033 Þverá

Hjáleiga frá Kvíabekk og Kvíabekkjarkirkjueign, en talin 20 hdr. á 19. öld (SSE, 59; JJ, 286). 1712 talin byggð fyrir manna minni og þá afdeild að öllum landkostum svo sem lögbýlisjörð. 1461 var Þverárland eign Kvíabekkjarkirkju - DI V, 256-57. Í eyði frá 1986 en tún voru nytjuð til 1999. Ríkisjörð.

1917: 3.0 ha. 1/3 slétt. Garðar 210 m². 1839: " ... hefir lítið tún [og] engi heima við, en nær betur til dalsins en staðurinn og er því vel byggileg." (SSE, 59). 1918: "Tún er 3,2 ha að stærð og er heyfengur af því 70 hestar. Góðar aðstæður eru til nýræktar. Lítið og óreyndur sáðreitir er á jörðinni. engjar liggja frekar langt frá og eru snögglandar, þurrar og þýfifar. Af þeim má fá 200 hesta af léttu heyi. Haglendi er lítið en gott en snjór spillir nokkuð fyrir yfir vetrartímann. Enginn torfrista er á jörðinni en mótekja er hins vegar næg." (HHII, 123) 2001: Gamla túnið hefur allt verið sléttað - sýnist hart og grýtt. Ný tún hafa verið ræktuð í mómum sunnan við bæinn á mótis við Kvíabekk. Í Þverárlandi ná túnin þó upp á hólana sem eru neðst í fjallshlíðinni og sýnist þar víðast vera mjög grunnur jarðvegur, en votlent á milli þeirra.



Túnakort fyrir EY-033 Þverá

EY-033:001 Þverá bæjarhóll bústaður 66°00.628.N 18°46.703.V

"Allbrattur háls er fyrir mynni Kvíabekkjardals en neðan hans tekur við túnsléttu. Eru það tún bæjanna Þverár og Kvíabekkjardals. Bæjarhúsin á Þverá standa neðan brattans nokkuð utan við samnefnda á sem rennur úr Kvíabekkjardal." BE 1990, 100. Miðað við afstöðu húsa á túnakorti frá 1917 hefur bærinn staðið á mjög svipuðum stað og núverandi íbúðarhús. Þó sennilega heldur sunnar, annaðhvort fast sunnan við það eða undir suðurhluta þess.

Steypt íbúðarhús, ekki með kjallara. Í kring er malarborin heimreið og plan. Tún nær fast upp að, að austan og sunnan.

Engin merki sjást um gamla bæinn. Bæjarstæðið er á ávalri hæð eða palli en ekki er hægt að tala um bæjarhól.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

EY-033:002 heimild um útihús 66°00.632.N 18°46.738.V

Skv. túnakorti frá 1917 var útihús um 25 m suðvestan við bæinn, þar, eða fast norðan við þann stað, er nú steipt útihús.

Útihúsið er þaklaust að hálfu. Svað er sunnan við það, plan að austan en tún að vestan og norðan.

Fast við suðvesturhorn hússins sést í grjóthleðslu sem steipt hefur verið ofan á og gætu það verið leifar hússins. Nú verandi útihús hefur þá verið byggt fast við það eða inn í það.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

EY-033:003 *Hesthúshóll* heimild um hesthús 66°00.621.N 18°46.963.V

Skv. túnakorti frá 1917 var útihús um 200 m suðvestan við bæinn. Sá staður er uppi á hól, sem mun heita Hesthúshóll, og rís hátt á norðvesturbakka lækjar sem rennur í gegnum túnið og út í Þverá sunnan við það.

Allhár hólkollur og er mjög bratt niður aftil norðurs og austurs - lækurinn rennur þar við hólstrætunar. Fast ofan við hólinn að sunnan og vestan er vegarslóði sem liggur upp að malarnámi um 100 m ofar og vestar. Hóllinn og næsta nágrenni hans var áður tún en er nú óðum að breytast í móa.

Engin merki sjást um húsið. Í suðausturhlíð hólins er kálgarður í miklum bratta. Annar er í slakkanum suðvestan og ofan við hólinn. Nafnið Hesthúshóll gæti einnig átt við næsta hól sunnan við sbr. 004, eða hæðina alla sem báðir hólar eru á.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Túnakort 1917

EY-033:004 heimild um útihús 66°00.601.N 18°47.019.V

Skv. túnakorti frá 1917 var útihús um 50 m sunnan við 003. Þar er annar hólkollur og nær suðurhlíð hans niður að Þverá.

Hár hólkollur og er mjög bratt niður aftil austurs og suður - Þverá rennur þar við hólstrætunar. Neðan við hólinn að norðan, milli hans og 003, er vegarslóði sem liggur upp að malarnámi um 100 m ofar og vestar. Hóllinn og næsta nágrenni hans var áður tún en er nú óðum að breytast í móa.

Svolítill dæld er efst á hól þessum og gæti það verið ummerki um húsið. Austan undir hólnum er kálgarður. Nafnið Hesthúshóll, sbr. 003, gæti eins átt við þennan hól eða hæðina alla sem hólarinir báðir eru framan í.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Túnakort 1917

EY-034 Vermundarstaðir

20 hdr. 1712. Hólastólseign. Einnig Vémundarstaðir. Jarðarinnar er getið á skrá um kúgildi með jörðum Hólastaðar frá 1449,(DI V, 38). Þá er hennar getið í Sigurðarregisteri sem inniheldur máldaga Hóladómkirkju þegar Jón Arason biskup tók við, máldaga klaustranna og nokkurra kirkna fyrir norðan land frá árinu 1525, (DI IX, 301). Jörðin er á skrá yfir eignir Hólastóls eftir að Jón Arason féll frá árið 1550 (DI XI, 862). Einnig er hennar getið í reikningi stólsins frá 1569 (DI XV, 230), og í kúgildareikningum hans frá 1570, (DI XV, 460). Fór í eyði í Stóru-Bólu og var enn 1712. Á 19. öld var hjáleigan Bergskot eða Fossbakki í Vermundarstaðalandi. Í eyði síðan 1981.

1917: 4,6 ha. 1/3 slétt. Garðar 300 m². 1839: "Sæmileg útigangsjörð. Þar er snögg- og harðlent tún, en nóg engi fyrir einn bónda." (SSE, 59). 1918: "Stærð túns er talin 5,75 ha sem gefur af sér 110 hesta af heyi. Það er í lélegri rækt, snögglent og er að mestu leyti þýft. Engjar eru grösugar í meðallagi og gefa af sér 300-400 hesta. Þær eru votlendar og liggja fjarri bænum. Beitiland er gott. Það er skjólsamt en snjóþungt." (HHII, 122) 1973: "Beitiland er gott, en notkun vetrararbeitara tkmarkast mjög af tíðarfari." (BE II, 18). 1990: "Túnið er bratt fram undan bænum niður að ánni ... Suður undan bænum liggur túnið milli fjalls og ár en hólar og melar rísa upp af því víða. Jörðin er stór og þótti góð sauðjörð." (BE 1990, 102)

EY-034:001 *Vermundarstaðir* bæjarhóll bústaður 65°59.954 18°47.463.V


Bæjarhóllinn á Vermundarstöðum er beint austur af núverandi íbúðarhúsi. Stendur hann framan við íbúðarhúsið til vesturs en nær alveg niður að þjóðvegi til austurs. Norðan við hólinn liggur heimreiðin að núverandi íbúðarhúsi. Samkvæmt Sigþóri Ólasyni heimildamanni var fjós sambyggt bænum sem og að annað fjós og skemma stóðu vestan við gamla bæinn. Heimildarmaður minnst einnig á að baðstofa var í gamla bænum og á honum voru tvær burstir, önnur að sunnan en hin að norðan. Vermundarstaðir fór í eyði 1981. Grasi gróinn bæjarhóll austan við núverandi íbúðarhús.

Bæjarhóllinn sjálfur er stór og sennilegt að eitthver hluti af honum sé náttúrulegur. Hann snýr norðursuður og eru um 32 x 22 m að stærð. Hann er um 2 m á hæð þar sem hann rís hæst og liggur í smá halla á þýfðu túni, frá vestri til austurs. Núverandi íbúðarhús stendur fast vestan í bæjarhólnum og er líklegt að bæjarhólnum hafi eitthvað verið raskað við byggingu þess, sérstaklega þegar kjallarinn var steypdur. Í Hundrað árum í horninu (II bindi) segir um bæinn á Vermundastöðum: "Árið 1918 segir að jörðin Vermundastaðir, hafi verið húsalaus að kalla. "Bænum er þannig lýst sama ár [1918] í fasteignamati:

"Baðstofa með bæjardyrum 8,15 x 3,14 m .""

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917, HH II, 97, 101-102.



Túnakort fyrir EY-034 Vermundarstaði

EY-034:002 heimild um fjárhús

65°59.973.N 18°47.497.V

Samkvæmt túnakorti 1917 stóð útihús þá um 50 m beint vestur af bæ 001, þar sem núverandi fjós stendur. Á þessum stað var áður fjárhús samkvæmt Sigþóri Ólasyni heimildamanni. Núverandi útihús standa á lágum hjalla þar sem gamla fjárhúsið stóð. Norðan við liggur nýlegur malarvegur til vesturs en þar tekur fjallshlíðin við.

Engin ummerki sjást um eldri byggingu á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-034:003 heimild um útihús

65°59.987.N 18°47.488.V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 50 m norðvestur af bæ 001.

Þar sem útihúsið stóð er nú sléttuð tún. Í um 8 m til suðurs rennur lítill lækur til austurs.

Eithvað af grjóti sést á túnblettinum þar sem útihúsið stóð. Þetta er líkist helst einni röð af grjóti sem er um 3 m löng norður-suður. Líklegast er þessi grjótröð leifar afvegghleðslu úr útihúsinu sem þarna stóð áður. Hún gæti hafa verið hluti afvesturvegg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-034:004 heimild um útihús

66°00.022.N 18°47.269.V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús tæpum 200 m norðaustur af bæ 001.

Þar sem útihúsið var er nú slétt tún.

Engin ummerki hússins sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-034:005 Vémundi þjóðsaga legstaður

65°59.776.N 18°47.455.V



EY-034:005 og 006, horft til ANA

"Suður og niður við [Fjarðará] stendur hóllinn Vémundi, sem munnmælin telja, að Vémundur, eða Vémundi sá, sem bærinn dregur nafu af, muni vera í heygður." segir í örnefnaskrá. Vémundi er við Fjarðará, um 200-300 m austan þjóðveggar. Hann er nálega beint austur af Bergskoti 014, um 330 m suðaustur af bæ 001.

Hóllinn er ílöng malaraida sem liggur austur-vestur. Hann er gróinn og þýfður í toppinn en víða skín í beran jarðveginn í hlíðum hans.

Í bókinni Frásagnir af fornaldarleifum kemur fram lýsing á Vermundi. Þar segir Ólafur Þorleifsson (árið 1817) í fornleifaskýrslu sinn: "... beggja megin [Fjarðará] frammar enn í midri Sveitinni, standa 2r mikid stórir Mel Hólar, sem nefhast Karl og Vemundi, sá firri að Austann hinn að Vestann, af hverium ogsvo 2 Bær þar í grend haf sitt nafu; Í þessum Hólum er mællt 2

Menn með sama Nafui, er ummgétur í Svarfdælu, hafi látid leggja sig dauda í Skipum sínum; Vid öðrum þessara/: Vemunda nefnilegæ/ var fyrir fáum Árum reindt að róta af 3r Ungum Mönnum 1 1/2 dag, enn án þess þeir gætu ordid neinu vísari, og virtdist mér - þegar eg áleit þeirra ruddu Gröf - Jarðlagid í Henni vera óróttad og sannsynilegt Náttúrunnar Verk, enn að einhverstadar í Hólnum kinnu einhveriar Fornleifar að diliast gét eg ymindad mér, þar Gardur er Hann umhverfis lagdur frá - og til - Árinnar; Þó mundi þess Rannsókn kosta stóra Mædu, sökum Stærðar Hólsins og nær óhrærannglegra Steina er uppi á Hönum liggia." .Engin mannaverk eru á eða við hólinn og verður að telja nær víst að hann sé að fullu náttúrulegur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 33; FF II, 531

EY-034:006 Skipihóll þjóðsaga fjársjóður

65°59.801.N 18°47.426.V

"Litlu norðar [en Vémundi - 005] stendur Skipihóll, en þar á skip Vémundar að vera grafið." segir í örnefnaskrá. Skipihóll er um 10 m norðan við Vémunda 005 og um 290 m suðaustan við bæ 001.

Hóllinn er líkt og Vémundi ílöng malaraida, gróin og slétt í toppinn. Víða skín í beranjarðveg í hlíðum hans.



EY034:007, horft til vesturs

Hóllinn er ugglauast að öllu leyti náttúrulegur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 33

EY-034:007 Fiskihóll þúst hjallur

66°59.995.N 18°47.462.V

"Skammt fyrir norðvestan bæ er Fiskihóll " Fiskihóll er um 70 m norðvestur af bæ 001 og um 20 m norðaustur af útihúsi 003, en á honum var hjalli.

Hóllinn er grasivaxin og frekar hár með bratta hlíð til suðurs.

Frekar neðarlega í vesturenda Fiskihóls er alstór þúst sem er um 2 m í þvermál. Í norðausturhorni þústarinnar, er lágur hleðsluspotti, sem snýr norður-suður. Hann er um 1 m að lengd og um 0.2

m breidd og allt að 0.10 m hár. Líklegast hefur hjallurinn verið á þessum stað. Að auki er á hólnum Ulaga veggur eða tóft sem snýr norður-suður. Suðurhliðin er frekar óljós þar sem hún virðist renna saman við stall neðst í hólnum. Garðlagið er opið til norðurs en veggjahleðslur sjást að austan- og vestan. Þær eru þó frekar lágar en vesturhliðin er 13 m löng (en 0,7 m há), hlaðin úr torfi og sést glitta í örfáa steina. Austurhliði er nokkuð styttri eða um 8 m löng og 0.5 að hæð en þar er ekkert grjót sjáanlegt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Öl, 33

EY-034:008 *Húshóll* örnefni útihús

65°59.976.N 18°47.520.V

"... beint upp frá fjárhúsunum er Húshóll." segir í örnefnaskrá. Húshóll er um 60 m suðaustan við bæ 001 og fast vestan við núverandi útihúsi.

Hólinn er grasivaxin að hluta.


Núverandi fjárhús er byggt inn í hólinn og þar afleiðandi er mikið afhonum farinn. Engar leifar sjást um eldra hús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Öl, 33

EY-034:009 *Vémundarstaðastekkur* tóft stekkur

66°00.208.N 18°47.535.V



"Alllangt vestur frá túninu er Stekkjarhóll og Vémundarstaðastekkur, eða rústir hans." segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 15 m SSA við grámálað sumarhús í landi Vémundarstaða og um 460 m norðan við bæ 001.

Stekkurinn er á grónu holti. Umhverfis skiptast á grýtt holt og grónar kvosír.

Tóftin snýr norður-suður. Hún er um 10 x 7 m stór, tvískipt. Syðra hólfið er stærra. Það er um 6 x 6 m stórt, opið nyrst á austurvegg. Einnig er opið úr hólfinu inn í nyrðra hólfið á miðjum millivegg. Nyrðra hólfið er um um 3 x 2 m stórt og snýr austurvestur. Hleðslur stekkjarsins eru mjög stæðilegar og víða sér í grjót í þeim, allt að 5 umför. Hleðslurnar standa hæstar um 1,4 m.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Öl, 33

EY-034:009 Vémundarstaðastekkjartóft

EY-034:010 *Álagahvammur* álagablettur

"Beint niður frá bænum, fast við Fjarðará, er Álagahvammur. Þennan hvamm má aldrei slá, því að talið er að bóndinn á Vémundarstöðum verði þá fyrir

miklu tjóni. Ekki er heldur kunnugt um, að nokkur hafi árátt að slá hvamminn. Þarna er áberandi mikið blómskrúð á vorin." segir í örnefnaskrá. Hvammurinn er um 75 m austur af bæ 001, við Fjarðará.

Hvammurinn er grasivaxinn og nokkuð grýttur. Ofan, vestan, við hann eru sléttuðu tún.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 33

EY-034:011 *Bjarghóll* þjóðsaga huldufólksbústaður

66°00.509.N 18°47.309.V

"Uppi á Hálsinum, ekki langt frá Þveránni, er Bjarghóll, líklega kenndur við tvö stór björg, er standa uppi á honum (Ætti því að heita Bjarghóll). Núlifandi fólk (1963) kann frásagnir um dularfulla fyrirburði í nánd við hól þennan, og huldufólk hafa ýmsir talið sig sjá þar." segir í örnefnaskrá. Bjarghóll er við Þverá, um 800 m vestan við þjóðveg.

Bjarghóll er áberandi hóll í fjallshlíðinni. Hann er gróin lyngi í toppinn. Ofan á honum eru tvö stór björg ásamt fleiri stórum steinum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 34


EY-034:012 tóft

66°00.232.N 18°47.675.V

Beitarhúsin eru um 115 m norð-vestan við Vémundarstaðastekk 009 og um 540 m NNV við bæ 001.

Tóftin er á mjög þýfðu svæði. Norðan og sunnan við það skiptast á grýtt holt og grónar kvosír. Norðan

og austan við tóftina renna lækir.



EY-034:012, tóft, mynd tekin til suðausturs

Tóftin snýr NNV-SSA. Hún er einföld og um 4 x 3 m stór. Ekkert skýrt op er á tóftinni, en hún er sigin og að hluta hlaupin í þúfur. Hleðslur hennar standa hæstar um 70 cm, sem helgast af þýfinu. Hvergi sér í grjót í þeim. Ólíklegt er að þessi tóft hafi ein verið beitarhúsin frá Vermundarstöðum og líklega hafa fleiri byggingar staðið í nágrenninu en þær eru að fullu horfnar í þýfi. Sunnan við tóftina er garðlag, sjá 016.

Hættumat: engin hætta

EY-034:013 Sel tóftir sel

66°00.454.N 18°49.229.V




EY-034:013 Seltóftir, horft til suðausturs

"Um það bil á miðjum Vémundarstaðadal er svonefnt Sel og Selmýrar miklar og grösugar aðeins frammar." segir í örnefnaskrá. Selið er um það bil í miðjum dalnum þar sem landi hallar að Þveránni. Það er um 1,6 km norðaustan við bæ 001 og um 200 m austan við ána.

Selið er í grasivaxinni og þýfðri brekku sem hallar nokkuð bratt að ánni (til vesturs). Umhverfis er víða grjót sem hrúnið hefur úr fjallinu.

Þrjár tóftir eru á þessum stað, á svæði sem er um 60 x 25 m stórt og snýr austur-vestur. Hverri tóft verður hér gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er austast á svæðinu, sunnarlega. Hún er tvískipt, um 5 x 3 m stórt og snýr norður-suður. Eystra hólfið er mun stærra, það er um 5 x 2 m stórt og snýr eins og tóftin. Hólfið er opið til austurs. Vestara hólfið er um 2 x 1 m stórt. Hugsanlegt op er austast á suðurvegg þess. Ekki er opið á milli hólfa. Hvergi sér í grjót í hleðslum tóftarinnar sem eru hæstar um 50 cm. Tóft B er um 8 m norðan við A. Hún er einföld, um 7 x 5 m stór og snýr norður-suður. Tóftin er með op austarlega á norðurvegg. Hún virðist að vera niðurgráfin að hluta og er hleðsluhæð hennar mæld innan frá um 1 m en að utan um 40 cm. Tóftin er að hluta hlaupin í þúfur. Tóft C er um 60 m VSV við A. Hún er þrískipt, um 8 x 8 m stór. Hólfin eru öll samsíða, snúa norður suður. Þau eru öll opin á miðri norðurhlið. Austasta hólfið er um 5 x 3 m stórt, næsta hólfið vestan við er ívið minna um 4 x 2 m stórt. Vestast er þá hólfið sem er lengst og mjóst allra hólfa. Það er um 7 x 1 m stórt. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 30 cm, hvergi sér í grjót í þeim. Um 60 m norðaustan við tóft C er gróskumikill og þýfður hóll. Hugsanlega hefur þar einhvern tíma staðið bygging en engin skýr

ummerki hennar sjást.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Öl, 35



EY-034:013 Seltóftir

EY-034:014 Bergskot bæjarstaði býli

65°59.778.N 18°47.736.V

"Afbýlið Bergskot eða Fossbakki byggðist úr landi Vermundarstaða seint á síðustu öld og var komið í eyði stuttu eftir aldamótin." segir í Byggðum Eyjafjarðar. Býlið var um 200 m vestan við þjóðveg og um 390 m sunnan við bæ 001.



Býlið hefur staðið við fjallsrætur, á grasivöxnum stalli í hlíðinni. Lækir renna bæði norðan og sunnan stallsins. Neðan (austan), við stallinn er lítið malarplan og þar má sjá móta fyrir slóða að þjóðveginum.

Í Hundrað árum í Horninu (Il bindi) segir:

"Ólafsfirðingum fjölgaði mikið á seinustu árum 19. aldar „ásóknin í jarðnæði jókst líka mikið. Víða urðu til hjáleigur og tómthús sem í sumum tilfellum er vart hægt að kalla annað en kot. .. t.d. ... Bergskot í landi Vémundarstaða. Þessi kot voru agnarsmá og byggð af miklum vanefnum. Það eru kot af þessari gerð sem séra Magnús Jósefsson lýsti svo í Norðanfara árið 1883: "Að

EY-034:014 Bergskot horft til vesturs

utan sjezt ekki annað en að það sje fjárhús, komum inn í baðstofuna, þar er rúm fyrir gaffi og annað til hliðar og ekkert bil á milli, en við enda annars rúmsins stendur kýrin og er flórin rjett fyrir innan dyrnar 4-5 ferálnir; það er hey í rúmunum, en engin sæng, en leppar breddir yfir heyið, annað er ekii itil að breiða ofan á sig."" Þar sem býlið stóð hefur seinna staðið sumarhús og má enn sjá undirstöður þess. Stallurinn er um 16 x 12 m stór og snýr norður-suður. Hann er um 1,4 m hár frá austri. Einungis var búið í Bergskoti í stuttan tíma og því er ólíklegt að stallurinn sé að öllu uppsöfnuð mannvistarlög. Líklega hefur staðnum verið raskað að töluverðu leyti við byggingu sumarhússins og hefur



EY-034:015 varða, horft til norðurs

stallurinn hugsanlega myndast við þá framkvæmd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: BE 1990, 102. HH II, 101.

EY-034:015 varða

66°00.487.N 18°47.727.V

Varða stendur efst á grýttu holti um 1 km NNV frá bæ 001 og um 560 m norður af Vémundarstaðastekk 009.

Grýtt og lyngvaxið holt. Til vesturs blasir grasivaxin fjallshlíðin við.

Varðan er hringlaga neðst og um 1.5 m í þvermál. Hún er um 1.1 m að hæð og stendur vel. Neðst er hún vel gróinn. Ekki er ljóst hvert hlutverk hennar var.

Hættumat: engin hætta



EY-034:016, horft til norðurs

EY-034:016 garðlag

66°00.388.N 18°47.647.V

Fast vestan við beitarhúsatóft 012 liggur garðlag norður-suður. Suðurendi þess er um 470 m norðan við bæ 001.

Garðlagið liggur í grasivaxinni og nokkuð þýfðri hlíð.

Garðlagið liggur norður-suður og er alls um 360 m langt. Það er víða hlykkjótt og sums staðar eru sköð í það, eflaust af völdum vatnságangs í leysingum. Garðlagið er mishátt, það liggur í hlíð sem hallar til norðurs og er því ávallt hærra að norðan. Hæst er það um 1 m hátt og breiðast um 70 cm. Það er vaxið sinu og lyngi. Á hluta garðlagsins liggur gaddavír og hefur það eflaust verið notað sem girðingastæði, þó ólíklegt sé að til þess hafi það verið reist. Garðurinn er ekki

sérlega vel hlaðinn og á stöðum er sem honum hafi verið rutt saman. Ekkert grjót er í garðlaginu. Hlutverk garðlagsins er ekki þekkt. Vera má að hann hafi verið í notkun um leið og beitarhúsin (012) sem eru fast sunnan við hann. Ekki er þó hægt að fullyrða um það að svo stöddu. Miða við staðsetningu og lag garðsins mætti ætla að um vörslugarð væri að ræða.

Hættumat: engin hætta



EY-034:017 Ásgrímshúsatóftir
beitarhúsatóftir, mynd tekin til norðurs

EY-034:017 Ásgrímshúsatóftir tóftir
beitarhús

Beitarhús frá Vermundastöðum heita Ásgrímshúsatóftir og eru um klukkustundagang frammi á dal - heiman frá bæ talið. Lækur, sem rennur rétt hjá tóftunum, heitir Ásgrímshúsalækur." segir í örnefnaskrá. Utarlega í Vermundastaðardal um 100 m NNA af stekk 009 og um 540 m norður af bæ 001 eru Ásgrímshúsatóftir.

Tóftirnar eru á litlu holti sem er vel gróið. Austan við er grasivaxið svæði en vestan til er grýtt holt og grónar kvosír.

Tóftirnar eru þrjár, á svæði sem er 20 X 8 m stórt.

Hér verður hverri tóft gefin bókstafur til aðgreiningar. Byrjað verður að lýsa tóft A sem er vestast á svæðinu, því næst haldið vesstur um svæðið. Tóft A er stærst og snýr norður-suður. Hún er 12 x 4 m að stærð og veggir eru mest um 1 m að hæð. Tóftin er þrískipt og verður fyrst lýst

hólf 1 er liggur til norðurs, sunnan eru tvö hólf.


Hólf 1 er með jötu upp við vesturvegginn og móts við hana, eða í norðaustur horninu er op sem snýr til austurs. Aðeins sést glitta í grjót á austurvegg sem og á vesturvegg en einnig við opið. Hólf 2 liggur suðvestur af hólfi 1 og er nokkuð minna eða um 3 x 2 m að stærð. Hólf 2 snýr einnig norður-suður. Hólf 3 liggur austan við hólf 2 og er jafnstórt og snýr eins. Ekki sést móta fyrir opum á hólfi 2 og 3.

Tóft B er um 1 m austan við tóft A. Hún er um 2 x 2 m að stærð og veggir hennar mest um 0,50 m að

hæð. Tóftin er einföld og op er á hana í suðausturhorni til suðurs. Tóft C er um 10 m norðan aftóft B. Hún er einföld og er um 4 x 2 m að stærð með hleðslu hæð um 0,40 m að hæð. Hvergi sést móta fyrir opi á henni en þó er hugsanlegt að það hafi verið í suðaustur horninu en þar er hleðslan töluvert signari.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Öl, 34



EY-034:017 Ásgrímshúsatóftir beitarhúsatóftir

Mógrafimar eru á svæði sem er um 20 x 7 m stórt og snýr austur-vestur. Þær eru flestar um 2 x 2 m stórar, um 50 cm djúpar og blautar. Um 2 m norðan við svæðið er lítil tóft, efalaust af mókofa. Hún er um 2 x 3 m stór, einföld og snýr norður-suður. Hleðslur hennar eru hæstar um 30 cm og hvergi sér í grjóti í þeim. Ekkert op er á tóftinni.

Hættumat: engin hætta



EY-034:019, mókofatóft, mynd tekin til vesturs

EY-034:020 garðlag landamerki


"Vémundarstaðaland nær frá óljósum merkjagarði gegnt Bakkalandareign ... " segir í örnefnaskrá, og síðar: "Gegnt Vémundarstöðum eru fremur óljós merki og í nokkrum krókum sunnan við Blákápuengið. Mótar þar sums staðar fyrir fornum merkjagarði og er miðað við þessar leifar hans." Merkin milli Vermundarstaða og Bakka eru nánast gegnt Karlsstöðum (039:001), um 750 m sunnan við bæ (001).

Á merkjum eru nú sléttuð tún.

Ekkert garðlag er greinanlegt enda hefur svæðið verið sléttað.

Hættumat: hætta, vegnajarðræktar

Heimildir: Ö-Öl, 33, 40



Túnakort fyrir EY-035 Bakka

EY-035 Bakki

20 hdr. 1712. Kvíabekkjarkirkjueign. 1445 jörðin látin ganga á milli hjóna. (DI IV, 663). 16.7.1481: Jörðin Bakki í Ólafsfirði er í Kvíabekkjarkirkjusókn. (DI VI, 387-88) Bakkakot hjáleiga í úthögum á 17. öld. 1712: "Backa kot, forn eyðihjáleiga [frá Bakka], sem hefur í eyði legið undir fimtíu ár, og liggur í úthögum, útfrá heimaörðinni, og brúkar þar nú jörðin stekkjarför Fóðrast kunni íj kýrþungi... Aftur má hjer byggja, þá er það til rýrðar heimaörðinni." JÁM X, 30. Tvíbýli (Efri- og Neðri-Bakki) frá seinni hl. 19. aldar fram yfir 1920. (BE I, 78). 1917: 3.9 ha. 1/2 slétt. 1712: "Útigangur sem áður segir um staðinn. Torfrista og stúnga lök og grýtt. Móskurður hefur að fornu verið, meinast vera, en brúkast ei. Lýngrif lítið til eldiviðarstyrks með taði undan kvikfje. Grasatekja næg fyrir heimilið. Engið spillist af skriðum og snjóflóðum úr fjallinu. Uthagarnir eru nægir. Hætt er kvikfje fyrir holgryfjulækjum og fornum torfgröfum." (JÁM X, 30). 1839: "Sæmileg heyskaparjörð undir samnefndu fjalli; undirorpið árlegu skriðurennslu á engið." (SSE, 59.). 1918: "Tún er 3,2 ha að stærð og er heyfengur 110 hestar. Það er í meðalrækt og er fjórðungur þess sléttur. Af engjum fást 300 hestar. Það er í meðalrækt og er fjórðungur þess sléttur. Af engjum fást 300 hestar af meðalgóðu heyi. Þær eru grösugar í meðallagi, votlendar, greiðfærar, ósamfelldar en liggja nærri. Haglendi er gott en stopult á vetrum vegna snjóþyngsla. Mótekja er á jörðinni, torfrista slæm en byggingarefni til staðar." (HHII, 121) 1990: "Túnið liggur á nokkuð breiðum slakka milli fjallsins og árgilsins ... Jörðin er góð sauðjörð og beitolönd næg á Lágheiðinni." (BE 1990, 78)

EY-035:001 Bakki bæjarhóll bústaður 65°58.872.N 18°48.679.V

Gamli bærinn á Bakka hefur að öllum líkindum staðið þar sem steinsteypt íbúðarhús stendur nú. Húsið er um 800 m vestan við þjóðveg á allstórum hól. Í Byggðum Eyjafjarðar segir: "Á síðari hluta 19. aldar og fram yfir 1920 voru býlin tvö; Efri - og Neðri Bakki." Mun þetta vera Efri-Bakki.

Sýðst á hólum er steinsteypt íbúðarhús á einni hæð. Norðan við það er útihúsasamstæða. Umhverfis hólinn eru sléttuð tún.

Hólinn snýr norður-suður. Hann er um 42 x 16 m stór og um 3 m hár að austan. Hólinn er lægri úr öðrum áttum, um 50 cm hár að vestan en tæpur 1 m frá norðri og suðri. Hann er í aflíðandi hlíð sem hallar til austurs. Hólinn er að öllum líkindum að mestu leyti uppsöfnuð mannvistarlög en ljóst er að þeim hefur verið raskað við byggingu íbúðarhússins og þeirra útihúsa sem standa á honum nú. Íbúðarhúsið á hólum er ekki með kjallara.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; BE I, 78

EY-035:002 heimild um útihús 65°58.883.N 18°48.699.V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 10 m norðvestan við bæ 001.

Þar sem útihúsið var er nú moldarplan við suðurenda útihúsasamstæðu.

Engin ummerki hússins sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-035:003 heimild um útihús 65°58.910.N 18°48.677.V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 70 m NNV við bæ 001. Útihúsið hefur staðið á svæðinu milli útihúsasamstæðu á bæjarhólum 001 annars vegar og útihúss sem er norður af hólum hinsvegar.

Á milli húsanna er slétt tún.

Engin ummerki hússins sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-035:004 heimild um hesthús 65°58.870.N 18°48.553.V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 90 m austan við bæ 001. Útihúsið hefur verið um 3

m austan við Taðhól 011. Í ornefnaskrá segir: "Í miðju túninu er Taðhóllinn neðan bæjarins ... rétt austan við Taðhóllinn heitir Hesthússtykki." Húsið hefur því vafalaust verið hesthús.

Þar sem húsið stóð er dálítill hæð í sléttu túninu.

Túnið á Bakka er hæðótt og því er líklegt að hæðin sé að miklu leyti náttúruleg. Þó er hún eflaust að

einhverju leyti uppsöfnuð mannvistarlög. Hæðin er um 70 cm há. Hún snýr austur-vestur og er um 12 x 7 m stór.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917 og Ö-Ól., 40.

EY-035:005 *Neðri-Bakki* bærstæði bústaður 65°58.845.N 18°48.446.V

Í örnefnaskrá segir: "Ofan við Vallarhvammi eru Vallarhólar. Þar stóð Neðri-Bakki, annað býli á jörðinni.

Hann mun hafa farið í eyði um 1920." Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var bærarhús um

170 m austan við bæ 001 og um 100 m vestan við Fjarðará. Þar hafa bærarhús Neðri Bakka staðið. Í Byggðum Eyjafjarðar segir: "Á síðari hluta 19. aldar og fram yfir 1920 voru býlin tvö; Efri - og Neðri Bakki."

Þar sem húsið stóð eru nú sléttuð en hæðott tún. Engin ummerki hússins sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ól., 40, Túnakort 1917 og BE I, 78.

EY-035:006 heimild um útihús 65°58.851.N 18°58.453.V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 varútihús um 5 m norðaustan við Neðri-Bakka 005 og um 175 m austan við bæ 001.



Þar sem útihúsið stóð er lág alda í sléttu túni. Líklega að mestu leyti náttúrulegur árframburður.

Engin ummerki hússins sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-035:007 *Kvíhóll* tóft kvíar 66°58.672.N 18°48.621.V



EY-035:007, kvíatóft, mynd tekin til suðurs

"Við Fjarðará heitir Réttarhvammi við ána gegnt fjárréttinni á Reykjum. Ofar er Kvíhólshvammi og Kvíhóllinn utan við hann." segir í örnefnaskrá. Kvíhóll er um 300 m vestur afbrú á Þjóðveg. Fjarðaráin liggur austan í Kvíhólshvammi. Hólinn er í um 400 m SSA af bæ 001. Þétt vestan við Kvíhólinn standa kvíarnar.

Þar sem kvíarnar stóðu er nú þýft svæði, sama er með Kvíhólinn og allt í kring. Austan við hólinn eru hvammar og beint þar af er Fjarðaráin. Tóftin er tvískipt og snýr norður-suður, opin alveg til norðurs. Hún er 12 x 6 m að stærð og veggir hennar eru mest um 1,2 m að hæð. Hólfið sem er vestar í tóftinni (hólf A) er stærra eða um 12 x 4 m að stærð og snýr eins og tóftin, norður-suður. Austurveggurinn er töluvert styttri en vesturhlíð eða um 5 m að lengd og beygir hann í 90° til vesturs um 1 m. Ekki er opið á milli hólfa. Hólf B er liggur austan við hólf A og er töluvert minna eða um 5 x 2 m að stærð og snýr eins. Þar er einnig austurveggurinn styttri eða um 4 m. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 40

EY-035:008 *Kvíhólsvað* heimild um vað 65°58.658.N 18°48.603.V

"Milli [Réttarhvamms og Kvíhólshvamms sbr. 007 er Kvíhólsvað á [Fjarðará]." Vaðið hefur verið rétt sunnan við Kvíhólshvammi og um 400 m austur af Þjóðvegi. Þar eru þrír stórir steinar vestanmegin við

bakka Fjarðarár


Bakkin að vestan er frekar brattur og um 0,2 m að hæð. Austan megin er hann aflíðandi með fjörugrjóti í. Ekki sést fyrir vaðinu eða slóðum að því en þó er líklegast að það hafi verið þarna. Áin er frekar straumhörð og breið.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Öl, 40

EY-035:009 Bakkastekkur tóft stekkur

65°58.979.N 18°48.411.V



EY-035:007, stekkjartóft, mynd tekin til austurs

"Vallarhvammur [er] neðan túnsins en Stekkjarhvammur nokkru utar og í honum tóftir Bakkastekkjjar." segir í örnefnaskrá. Bakkastekkur er fast vestan Fjarðarár, syðst í Stekkjarhvammi. Hann er um 280 m norðaustan við bæ 001.

Bakkar Fjarðarár eru fremur háir og grasivaxnir þar sem stekkurinn er. Hann við brekkurætur og stutt er á milli brekku og ár. Brekkan ofan (vestan) stekkjarsins er grasivaxin.

Stekkurinn er um 10 x 4 m stór, snýr norður-suður. Hann er tvískiptur. Stærra hólfið er norðar, það er um 5 x 4 m stórt og snýr norður-suður. Op er á hólfið syðst á austurvegg. Einnig er op á milli hólfa austast á milliveggnum. Syðra hólfið er um 3 x 2 m stórt og snýr norður-suður. Hleðslur stekkjarsins eru stæðilegar og allvíða sér í grjóti í þeim, allt að þrjú umfö. Þær eru hæstar um 1 m háð. Árið 1712 var stekkur jarðarinnar á sama stað og Bakkakot var, samkvæmt Jarðabók Áma Magnússonar og Páls Vídalín. Ekki er líklegt að býlið hafi verið hér, enda þröngt milli brekku og ár. Líklegra verður að teljast að þessi stekkur sé seinna til kominn og að áður hafi stekkur frá Bakka verið þar sem Bakkakot er skræð, norðar í Stekkjarhvammi (sjá 036:001).

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 40

EY-035:010 Svarðargrafir náma mógrafir

65°58.730.N 18°48.552.V



"Svarðargrafir eru utan við Flóann [ofan við Réttarhvamm - sbr. 007]." segir í örnefnaskrá. Mógrafir eru um 300 m SSA af bæ 001, vestan í Réttarhvammi.

Grafirnar eru á þýðu, grasi vöxnu svæði. Vestan við þær eru ræktuð tún.

Mógrafimar eru um 43 x 32 m stórar og snúa norður-suður. Þær eru mest 1,2 m á dýpt. Grafirnar eru að mestu þurrar en þó er suðurendinn blautur og ógreinilegri en sá nyrðri.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 40

EY-035:010, mógrafir, horft til norðausturs

EY-035:011 Taðhóll örnefni rista

65°58.874.N 18°48.580.V

"Í miðju túninu er Taðhóllinn neðan bæjarins ... " segir í örnefnaskrá. Taðhóll er um 3 m suðvestan við útihús 004 og um 70 m ANA við bæ 001.

Taðhóll er einn afhólunum í túninu. Hann er eilítið stærri en aðrir. Umhverfis hann eru sléttuð tún. Taðhól er hár frá vestri, um 2 m, en lægri úr öðrum áttum. Hann er um 8 m í þvermál. Ekki er ljóst hvar torfhefur verið rist en sjálfsagt hefur það verið nálægt hólnum og það sett upp á hann til þerris. Hóllinn er dældóttur í toppinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Öl, 40

EY-035:012 Fjóshóll örnefni fjós

65°58.880.N 18°48.635.V

"Í miðju túninu er Taðhóllinn 011 neðan bæjarins en Fjóshóllinn utan við bæ." segir í örnefnaskrá. Fjóshóll er lágur hóll um 40 m NNV við bæ 001 og um 40 m VNV við Taðhól 0 11.

Fjóshóll er í sléttu túni. Hann hefur sjálfur verið sléttaður og hefur eflaust verið hærri.


Ekki er víst að nokkurn tíma hafi staði fjós á Fjóshól og vera má að hann dragi nafn af útihúsum sem stóðu vestar (sjá 002). Úr þessu verður þó ekki skorið og er því hóllinn skráður hér. Engin ummerki bygginga sjást á hólnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Öl, 40

EY-036 Bakkakot

1847: Hjáleiga frá Bakka. JJ, 286. Í byggð um miðja 17. öld, (JÁM X, 30) og aftur um miðja 19. öld (JJ, 286). 1712: "Backa kot, forn eyðihjáleiga [frá Bakka], sem hefur í eyði legið undir fimtíu ár, og liggur í úthögum, útfrá heimajörðinni, og brúkar þar nú jörðin stekkjarför Fóðrast kunni ij kýrþungi... Aftur má hjer byggja, þá er það til rýrðar heimajörðinni." (JÁM X, 30). 1847: ... er Bakkakot 1802 sagt eyðilagt af snjóflóðum, og nefna nú hreppstjóri og prestur þess í stað Bakkavelli" (JJ, 286). Bakkakot er ekki nefnt í sóknarlýsingu Kvíabekkjarsóknar frá 1836 og mun þá ekki vera í byggð.



EY-036:001, bæjartóft

EY-036:001 Bakkakot tóft bústaður

65°59.000.N 18°48.426.V


Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1712 segir: "Backa kot, forn eyðihjáleiga, sem hefur í eyði legið undir fimtíu ár, og liggur í úthögum, útfrá heimajörðinni, og brúkar þar nú jörðin stekkjarför ". Í stekkjarmhammi, um 40 m NNA við Bakkastekk (035:009) er tóft. Tóftin er um 300 m NNV við bæinn á Bakka 035:001 og 035:009. Hún er hugsanlega leifar Bakkakotsbæjar eða um sé að ræða tóft sem tengist Bakkakoti 001 eða síðari tíma útihúsi frá Bakka 035:001.

Tóftin er í grasivöxnum hvammi í brekkurótum, um 30 m austan við Fjarðará. Brekkan ofan tóftarinnar er grasivaxin neðst en grýtt efst. Aftan (vestan), við tóftina er allmikið af stórum steinum sem líklega hafa hrunið úr brekkunni.

Tóftin snýr norður-suður. Hún er einföld, um 6 x 4 m stór. Hleðslur hennar eru signar, sérstaklega vesturveggurinn. Hæstar eru hleðslurnar að austan um 40 cm háar. Op er á tóftinni í suðvesturhorni hennar, þar hafa að líkindum verið dyr. Einnig eru tvö skörð í hleðslurnar á norðurvegg en þau líkjast meira skemmdum á tóftinni en dyrum. Þá er einnig skarð í vesturveggnum, ugglaust af völdum grjóthruns en stórir steinar eru vestan við tóftina. Norðan við hana er þýft svæði og eru líkur á að þar hafi staðið fleiri byggingar sem orðið hafa þúfum að brád.

Hættumat: hætta, vegna rask

Heimildir: JÁM X, 30



Túnakort fyrir EY-037 Hreppsá

EY-037 Hreppsá

12 hdr. 1712. Hólastólseign. 1358: Jörðin látin uppí skuld. (DI III, 127) Einnig Hreppisá og Hreppsendaá. Jarðarinnar er getið á skrá yfir eignir Hólastóls eftir að Jón Arason féll frá árið 1550, (DI XI, 862), í reikningi stólsins frá 1569, (DI XV, 230), og í kúgildareikningum hans frá 1570, (DI XV, 460). Var í eyði frá um 1699 og fram yfir 1712. 20 hdr. skv. Jarðab. 1760. Í eyði frá 1963

1917: 3.56 ha. 1/4 slétt. Garðar 140 m². 1712: "Útigangur mjög lakur fyrir fannlögum, og þar útigangspeníngi mestan part hey að atla. Torfrista og stúnga lök. Móskurður til eldiviðar lakur. Víðir til eldiviðar og heystyrks nægur. Grasatekja næg, brúka ýmsir í óþakklæti, einkanlega úr Skagafjarðarsýslu. Túnið er nú fordjarfað af lángrandi órækt. Úthagarnir eru bæði góðir og miklir. Þessa jörð brúkar nú enginn, nema hvað búsmali nágranna gengur hingað, sem er þó öngvu betalað" (JÁM X, 30). 1839: "Gott útigangskot, en heyskapur er þar heldur lítill." (SSE, 59)

1918: "Stærð túns er 3,5 ha og er fjórðungur þess sléttur. Það er í góðri rækt, fremur grasgefið og gefur af sér 110 hesta Engjar eru með fremur lágvöxnu grasi en sléttar og véltækar að mestu. Þær eru þurrlandar og liggja að miklu leyti saman. heyfengur er 200-220 hestar. Suamrhagar eru bæði víðlendir og góðir fyrir allar skepnur er vetrarheit er lítill vegna snjóþýngsla. Haglendið er bæði kjarngott og nærliggjandi en mikill ágangur er af afréttarfé á jörðinni. Mótekja er til en lítill torfrista " (HHII, 120)



EY-037:001, bæjarstæði Hreppsár, horft til vesturs

hann er hæstur. Fast sunnan við hólinn er dæld þar sem bæjarlæknum var veitt inn í bæinn og í norðurenda hennar er grjóthleðsla. Þetta eru einu minjar bæjarins sem nú sjást á hólnum. Vestan við íbúðarhúsið á hólnum er útihústóft 003, hún er merkt á túnakort frá 1917. Samkvæmt því korti var annað útihús 002 sunnan við hana, syðst á hólnum, en það er horfið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

EY-037:002 heimild um útihús

65°58.409.N 18°48.981.V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 2 m vestan við bæ 001.

Húsið hefur staðið á bæjarhólnum, fast vestan við bæ 001. Þar er nú sléttur flötur, vaxinn sinu og illgresi.

Engin ummerki hússins sjást.

Hættumat: engin bætta

Heimildir: Túnakort 1917

EY-037:003 tóft útihús

65°58.414.N 18°48.976.V


Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 3-5 m vestan við bæ 001 og um 3-5 m norðan við útihús 002. Tóft útihússins er enn merkjanleg á þessum stað.

Tóftin er í norðvesturhorni bæjarhólsins OOlsem er vaxinn sinu og illgresi. Vestan og sunnan við tóftina eru sléttuð tún.

Samtals er tóftin um 11 x 10 m stórt og snýr austur-vestur. Hún samanstendur að einu aðalhólfi sem snýr austur-vestur. Það er um 8 x 4 m stórt, opið í báða enda, þ.e. til austurs og vesturs. Veggir þess eru velhlaðnir og má greina allt að þrjú umför grjóts. Hleðslurnar eru um 70 cm háar. Út frá suðvesturhorni þessa hólf er sem stungið hafi verið niður og glittir þar í grjót. Stungan er um 4 m löng, austur-vestur. Svo virðist sem annað hólfi hafi verið við norðausturhorn aðalhólfsins, en það er illgreinanlegt sökum þýfis.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917



EY-037:003, útihúsatóft, mynd tekin til vesturs

EY-037:004 tóft hesthús

65°58.446.N 18°48.852.V


"Hesthústóftir eru á Hesthúshól útaustur frá bæ, ..." segir í örnefuaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 100 m NNA við bæ 001 og er það hesthúsið á Hesthúshóli.

Hesthúshóll er gróin og talsvert hár. Umhverfis hann eru sléttuð tún.

Tóftin er um 8 x 10 m stór og snýr austur-vestur. Hún er tvískipt. Eystra hólfið er um 5 x 3 m stórt og snýr austur-vestur. Op er inn í vestara hólfið á miðjum millivegg. Vestara hólfið er einnig um 5 x 3 m stórt og snýr norður-suður. Op er á vestara hólfið norðarlega á vesturvegg. Víða sést í grjót í hleðslum tóftarinnar, mest um 3 umför. Hleðslurnar eru stæðilegar en nokkuð farnar að láta á sjá. Þær eru hæstar um 1 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 43. Túnakort 1917



EY-037:004, hesthústóft, mynd tekin til austurs

EY-037:005 tóft útihús

65°58.491.N 18°48.766.V

Útihústóft er um 230 m norðaustur af bæ 001. Á þessum stað er merkt útihús inn á Túnakort frá 1917.


Um 50 m austur er Fjarðaráin en sunnan við tóftina um 15 - 20 m, mótur fyrir vegslóða heim að bæ.

Slétt grasivaxið svæði, svolítið grýtt. Til vesturs eru grónir grasivaxnir kambar sem ná upp að túni.


Tóftin er um 18 x 5 m stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld að gerð. Erfitt er að gera grein fyrir hvar opið var þar sem bæði vestur- og suður hliðarnar eru horfnar að öllu leyti en bæði norður- og austurhlíðar eru enn greinilegar. Hleðslur eru úr torfi en signar. Hleðsluhæð er um 0,5 m. Frá norðausturendanum liggur um 7,5 m langt garðlag til norðurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917



EY-037:005, útihústóft, mynd tekin til norðausturs

**EY-037:006** tóft fjárhús


65°58.483.N 18°48.990.V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 140 m NNV við bæ 001. Tóftir hússins eru enn greinilegar.

Tóftin er í þýfðum móa. Austan og norðaustan við hana eru mýri en annars eru slétt tún umhverfis. Tóftin snýr austur-vestur. Hún er um 7 x 6 m stór og er tvískipt. Hólfín eru svipuð að stærð, um 4 x 3 m stór og snúa norður-suður. Op er á milli hólfanna á miðjum millivegg og að auki er eystra hólfíð alveg opið til austurs og það vestara er alveg opið til vesturs. Torfhnaus er í eystra hólfínu miðju. Hann er líklega leifar garða eða jötu. Hleðslur tóftarinnar eru 1 m háar og hér og þar sér í grjóti.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917



EY-037:006, fjárhústóft, mynd tekin til SSV

EY-037:007 Hreppsendaárskarð gata leið

65°58.361.N 18°49.352.V


Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1839 segir: "Fyrir framan Þverfjallið liggur Hreppsendaárdalur í vestur með skarði samnefndu, sem gengið er um í Stíflu." Í örnefnaskrá er getið um sömu leið: "Fyrrum var fjölfarin gönguleið inn eftir Hreppsendaárdal og yfir um Hreppsendaárskarð til Fljóta, og komu menn þá fyrst að bænum Lundi." Um 310 m suðvestur frá bæ 001 og um 80 m vestur af Vörðuhóll 019 liggur leiðin yfir fjallið til Fljóta. Sunnan við blasir gilið sem Hreppsáin rennur eftir áður en hún sameinast Fjarðará.

Hlíðin er grasi- og lyngvaxið með talsvert af grjóti er fallið hefur úr fjallinu.

Á þessum slóðum má greina slóða sem er hluti af leiðinni um Hreppsendaárskarð. Slóðinn hefur líklega verið notuð bæði af mönnum sem og öðrum skepnum.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: SSE, 53 og Ö-Ól, 42



EY-037:008, útihúsatóft, mynd tekin til norðurs

EY-037:008 tóft útihús

65°56.554.N 18°48.878.V.

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 280 m NNV við bæ 001. Tóftir útihússins sjást enn. Tóftin er í þýðum móa. Austan og vestan við hana er mýrarslakki. Tóftin er einföld, hún snýr austur-vestur og er um 5 x 8 m stór. Tóftin er sigin og að hluta hlaupin í þúfur. Byggingarlag hennar er þó enn skýrt. Op er í norðausturhorni. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 50 cm en hvergi sér í grjót í þeim.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Túnakort 1917



EY-037:009, skemmutóft, mynd tekin til norðurs

EY-037:009 Skemmuhóll tóft skemma

65°58.401.N 18°49.033.V

"Heima í túni, skammt ofan bæjar er enn einn hóll og á honum ævaform tóftabrot. Þetta er Skemmuhóllinn" segir í örnefnaskrá. Um 50 m suðvestan við bæ 001 og um 5 m sunnan við Bæjarlæk er tóft á Skemmuhólnum. Hún er um 30-50 m norðan við Hreppsendaá.


Tóftin er á grasivöxnu og þýfðu svæði milli Bæjarlækjar og Hreppsendaár.

Tóftin er um 14 x 6 m stór, snýr norður-suður og er opin til suðurs. Hún er einföld, hlaðin úr torfi og grjóti.

Hleðsluhæð hennar er um 1, 4 m ef mælt er að innan en um 1 m ef mælt er utan frá, hún er því að hluta niðurgrafin. Að innan má greina allt að 5 umför grjóts. Vesturveggur tóftarinnar er um 4 m lengri en austurveggur hennar. Hann er ekki niðurgrafinn og eru hleðslurnar um 40 cm háar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 43



EY-037:010, útihúsatóft, mynd tekin til norðurs

EY-037:010 tóft útihús

65°58.399.N 18°48.996.V


Tóftin er um 30 m suðvestur af bæ 001 en við norðurenda hennar rennur Hreppsá.

Tóftin stendur á mjög þýfðu grasivöxnu svæði með frekar stóru grjóti á stangli er hefur runnið úr fjallinu úr vestri. Þétt upp við tóftina til norðurs rennur lækjarspræna, en handan hennar blasa sléttuð tún við.

Tóftin er einföld um 12 x 5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er vel gróinn og eru veggir hennar

mest um 0,6 m að hæð. Norðurveggurinn er alveg horfinn og er sennilegt að bæjarlækurinn hafi tekið hann. Op er í suðvesturhorni. Hvergi sést glitta í hleðslur nema í norðvesturhorninu.

Hættumat: engin hætta



EY-037:011, stekkjartóft, mynd tekin til austurs

EY-037:011 Stekkjarhóll tóft stekkur


65°58.369.N 18°49.036.V

"Hesthústóftir 004 eru á Hesthúshól útaustur frá bæ 001, en Stekkjarhóll er sunnan við Skemmuhól 009, einnig með tóftabrotum." segir í örnefuaskrá. Stekkjaróftin er um 90 m suðvestur við bæ 001, á Stekkjarhóli. Fast við austurenda hennar rennur Hreppsáin.

Tóftin stendur á þýfðu- og grasivöxnu svæði. Á því er grjótdreif er runnið hefur úr hliðinni að vestan. Tóftin er einföld um 7 x 3 m að stærð og snýr austur-vestur. Suðurhliðin er niðurgrafin inn í hliðina en austurhliðin nær alveg horfin. Að öðru leyti standa hleðslur vel grónar og er hleðsluhæðin mest um 1,3 m. Þó nokkuð glyttir í af grjót að inn á veggjunum er eftir standa og mest sjást þrjár raðir. Á tóftinni er op á vestur hlið. Opið er norðurendanum og er um 1,5 m að stærð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 43



EY-037:012, kvíatóft, mynd tekin til austurs

EY-037:012 Kvíar tóft kvíar

65°58.324.N 18°49.054.V

"... stór steinn stendur upp á endann suðvestur frá bænum [001], hallast þó nokkuð og hvílir upp við annan stein. Þar eru Kvíarnar ..." segir í örnefnaskrá. Kvíarnar eru um 170 m sunnan við bæ 001 og um 25 m vestan við Grettistak 013.

Tóftin er á hól sem er allþýfður, Sunnan við hann rennur lækur og allt í kring er þýft, sinuvaxið svæði. Tóftin er um 7 x 7 m stór, tvískipt. Hún er niðurgrafin í hólinn og hlaðið hefur verið með skurðinum. Hleðsluhæð veggja er um 1 m innanfrá en að utan um 40 cm. Syðra hólft tóftarinnar er stærra, það snýr austur-vestur og er um 5 x 3 m stórt. Hólfið með op á miðjum vesturvegg. Minna hólfið snýr suðvesturnorðaustur. Það er um 3 x 2 m stórt. Op er á milli hólfa á miðjum suðvesturvegg minna hólfsins. Hvergi


sér í grjót í tóftinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ól, 43

EY-037:013 *Grettistak* örnefni manndómsraun 65°58.316.N 18°49.037.V
"... stór steinn stendur upp á endann suðvestur frá bænum [001], hallast þó nokkuð og hvílir upp við annan stein. Þar eru Kvíarnar [012], en stóri steinninn heitir Grettistak." segir í örnefnaskrá. Grettistakið er um 180 m sunnan við bæ 001 og um 200 m vestan við Fjarðará.
Steinninn er í dálitlum hvammi, neðan (austan), við Kvíahóllinn 012. Fast austan við steinninn rennur lækur og umhverfis eru þúfnabakkar.
Steinninn er allstór, um 1,5 m í þvermál og um 1,7 m hár.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ól, 43

EY-037:014 *Einbúi* álagablettur huldufólksbústaður 65°58.598.N 18°48.803.V
"Einbúi ... er yzt í engi því, sem Bakkar er kallað og nær allt að merkjum. Kringum hann er álagblettur og var þarna talið að byggi huldufólk." segir í örnefnaskrá. Einbúi er um 370 m beint norður af bæ 001 og um 90 m norðan við útihústöft 008.
Hóllinn er hár, gróinn malarhóll. Hann er umkringdur mýri en umhverfis hana er þýfður mói.
Í örnefnaskrá segir "Fyrir allöngu síðan en þó í minni núlifandi manna (ritað 1960), voru börn að renna sér á skíðum fram af Einbúa og köstuðu auk þess eitthvað steinvölum. Dreymdi þá fóstur drengsins (Guðnýju Sigurðardóttur [5.1.1837-23.2.1930 bjó á Hreppsá til 1907]) að til sín kæmi kona og kvartaði yfir því að drengur (Maron Sölvason) hefði nærri því verið búinn að kasta steini í gluggann sinn. Bað konan Guðnýju fyrir alla muni að sjá svo um að börnin gerðu slíkt ekki oftar og lofaði Guðný því. Drengurinn tók þetta svo alvarlega og aðrir á heimilinu, að þetta kom ekki oftar fyrir."
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ól, 43

EY-037:015 *Vörðuhóll* heimild 65°58.364.N 18°49.250.V
"Nærri Hreppsendaá, suður og upp frá bænum, er Vörðuhóllinn, en varðan, sem þar var fyrrum, er nú löngu horfin. Var grjótið úr henni notað við festingu á raflínustaur" segir í örnefnaskrá. Um 230 m suðvestur af bæ 001 og um 160 m vestur af stekki 011 stendur rafmangsstaur og rétt ofan við hann eru þrír stórir steinar.
Vörðuhóll er í hlið sem er við fjallsrætur til vesturs en til austurs er brött grasivaxin hlið. Í suðri rennur Hreppsá.
Varðan er með öllu horfin en eitthvað er af grjóti á hólnum og einnig hefur grjóti verið hlaðið að rafmangsstaurnum. Hvort umræddir steinar hafa tilheyrt vörðunni er erfitt að segja til um.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Ól, 42

EY-037:016 garðlag 65°58.425.N 18°48.806.V



EY-037:016 garðlag, mynd tekin til til norðausturs

Garðlagsbútur liggur um 125 m ANA af bæ 001. Fast við austurenda hans er brött brekka niður að

Fjarðará. Um 50 m norðvestan garðinn er tóft á Hesthúshól 004.

Garðlagsbúturinn liggur á sléttuðu túni sem er byrjað að hlaupa í þúfur.

Garðlagsbúturinn liggur austur-vestur og er um 9 m langur en víðast um 1 m að breidd en allt að 0,4 m hár. Ekkert gtrjót er í garðlaginu. Við vesturenda hans beygir hann örlítið til suðurs. Þar liggur um 3 m bútur er liggur til suðurs er hann þó mjög óljós og svo virðist sem bútarnir séu ekki engdir saman þó þeir hafi verið það upp haflega. Ekki er vitað hvaða hlutverki garðlagið hefur gengt.

Hættumat: hætta, vegna vatnsaga

EY-037:017 tóft fjárhús

65°58.519.N 18°48.946.V

Fjárhústóft er um 200 m NNV við bæ 001 og um 80 m norðan við útihús 006.

Tóftin er á háum, grasivöxnum hól. Austan og suðaustan við hólinn eru mýri en vestan og norðan hans er þýfður mói.

Tóftin er um 17 x 11 m stór, tvískipt. Hún snýr norður-suður. Syðra hólfið snýr austur-vestur, það er um 11 x 4 m stórt, opið alveg til vesturs. Nyrðra hólfið snýr eins og tóftin, norður-suður. Það er um 12 x 6 m stórt. Op er í norðausturhorni nyrðra hólfsins. Út frá suðurvegg nyrðra hólfsins er hlaðinn garði. Hann er um 5 m langur og er í miðju hólfinu. All víða skín í grjóti í tóftinni sem er stæðileg. Veggir hennar eru hæstir um 1,3 m en aðeins hefur hrunið úr þeim inn í tóftina.

Hættumat: engin hætta



EY-037:017 fjárhústóft, mynd tekin til norðurs


EY-037:018 náma mógrafir

65°58.527.N 18°48.850.V

Mógrafir og lítil tóft, eflaust mókofi er um 235 m NNA við bæ 001 og um 40 m austan og norðaustan við tóft 017.

Mógrafimar eru í mýri sem er umkringgt hólum til suðurs, vesturs og norðurs. Austan við þær eru sléttuð tún. Grafimar ná yfir svæði sem er um 120 x 30 m stórt. Þær virðast fremur grunnar en eru mjög blautar. Hægt er að sjá 8-10 grafir, mjög misjafnar að stærð. Þær minnstu er um 2 x 1 m stórar en þær stærstu um 4 x 5 m. Um 30 m norðan við tóft 017, fast vestan við mógrafimar er lítil tóft. Hún er um 1 x 1 m stór. Hleðsluhæð hennar er um 20 cm og aðeins sér í grjóti í suðausturhorni hennar. Ekkert op er á tóftinni sem líklega er af mókofa eða -stæði þar sem mórinn hefur verið geymdur.


Hættumat: engin hætta



EY-037:018, mókofatóft, mynd tekin til til suðurs

EY-038 Reykir

20 hdr. 1712. Hólastólseign. Reykjakot hjáleiga um miðja 17. öld og aftur á 19. öld. Í eyði frá 1945. Jarðarinnar er getið í sölubréfi frá 12. nóvember 1441. Þar er jörðin metin á 30 hundruð og með henni borgað 30 hundruð í lausafé fyrir Böggustaði og Brimnes í Svarfaðardal. (DI, IV, 621-622). Jarðarinnar er aftur getið í sölubréfi frá 23. apríl 1454 þegar hún er seld fyrir jörðina Skóga í Hnjóskadal. (DI, V, 119-120). 6. júní 1520 er jörðin talin upp með eignum Hólabiskupsdæmis í testamentsbréfi Gottskálks biskups Nikulásssonar á Hólum. Þar er jörðin metin á 40 hundruð. (DI VIii, 729). Jörðin er einnig talin upp í máldaga Hólakirkju frá 1525. (DI, IX, 301). Sömu leiðis í skrá um eignir Hólastóls frá 1550 (DI XI, 862) og reikningi Hólastóls frá 1569. (DI, XV, 230). Hún er talin upp í kúgildaskrá Hólastóls frá 1570. (DI, XV, 460). 1917: 4.54 ha. 1/10 slétt. Garðar 550 m². 1839: "Væn útigangs- og sæmileg heyskaparjörð í góðu ári. Undir hana liggur ... dalurinn, sem góður er til beitar fyrir búsmala á sumrum, og landspartur ekki lítill fram að Þvergili á Lágheiði, þá almenningurinn við tekur að austanverðu [!], og er þetta einhver sú landrýmstajörð hér í sveit." 1918: "Stærð túna er talin 5,7 ha. Þau eru grasgefin og í góðri rækt og er 1/6 þeirra sléttur. Heyfengur er 160 hestar Engarj eru grösugar og gefa af sér 200 hesta af hollu og góðu heyi. Þær eru bæði þurrlendar og votlendar, liggja að mestu leyti saman en sumar þarf lengra að sækja. Haglendi er gott fyrri allar skepnur. Það er víðlengt, skjólgött og kjarngott en frekar snjóþungt. Jörðin á upprekstrarland sem ekki er notað. Mótekja er til staðar, torfrista er góð og byggingarefni. Volg laug er við túnið ... " (HHII, 119-120) 1990: "Tún Reykja voru ekki mikil að vöxtum ... " (BE 1990, 103)




Túnakort fyrir EY-038 Reyki

EY-038:001 Reykir bæjarhóll bústaður 65°58.587.N 18°48.078.V
 "Bærinn stóð nærri ánni [Fjarðará] undir bröttum brekkum heiðarinnar, milli Lambár, sem kemur frá Reykjaheiði, og Reykjaár, sem fellur um Reykjadal." segir í örnefnalýsingu. Bæjartóftin er enn mjög greinileg um 270 m ofan (suðaustan) við Þjóðveg, 280 m ANA við Reykjarétt (012) og um 300 m SSA við Miðbæ. Bæjarhóll ofarlega í túni sem er komið á kaf í órækt. Bæjarhóllinn er vísast að hluta til náttúrulegur. Á honum er einnig fjós 003 og súrheysgryfja 018. Hann er 60 X 45 m og snýr norðaustur-suðvestur og er mest 4-5 m á hæð. Hann er aflíðandi að ofan og fellur saman við hliðina. Bæjartóftin er norðaustarlega á bæjarhólnum. Hún er 17 X 11 m að stærð og skiptist upp í þrjú hólf. Op er austarlega á norðurvegg tóftarinnar og annað bakatil austarlega á suðurvegg hennar. Tóftin er grjóthlaðin að innan og hæð veggja um 0,5 m. Vestan við tóftina er ógreinilegt hólf 11 X 6 m að stærð og opið til norðurs.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Ól, 45



EY-038:001, Bæjarhóll Reykja, horft til vesturs, norðar er bæjartóftin en sunnar fjósið 003

EY-038:002 heimild um útihús

65°58.595.N 18°48.092.V

5-10 m framan (vestan) við gamla bæinn 001 var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917.


Útihúsið hefur staðið á bæjarhólum. Engar tóftir sjást þar nú en þar er þýft og allt á kafi í illgresi.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

EY-038:003 tóft fjós

65°58.581.N 18°48.106.V



Um 10 m suðvestan við bæ 001 sjást enn leifar fjóss sem merkt er inn á túnakort frá 1917.

Fjósið hefur staðið á bæjarhólum, ofarlega í túni sem er komið á kaf í órækt.

Fjóstóftin er mjög mikið hrunin. Hún er 12 X 4,5 m að stærð og snýr norður-suður. Norðausturhluti tóftarinnar er mjög óskýr en hún virðist eitt hól en breiðar til norðurs. Op hefur verið á norðurvegg. Ekki sjást neinar grjóthleðslur í tóftinni nú.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

EY-038:003
fjóstóft

EY-038:004 tóft útihús

65°58.595.N 18°48.280.V

Um 130 m VSV við bæ 001 sjást leifar af útihúsi sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Tóftin er 130-150 m suðvestan við þjóðveg og 50 m norðan við Reykjaá.

Tóftin er í túni sem nú er í mikilli órækt.

Tóftin er 18 X 15 m að stærð og skiptist í 4 hól. Hún snýr norður-suður og fram snúa þrjú hól í röð. Austan við (bak við) nyrsta hólfið er svo fjórða hólfið sem er 8 X 3,5 m að stærð. Op eru á vesturvegg allra hólanna (nema þess sem er í miðjunni). Tóftin er hlaðin úr torfi og sigin en í grjóthleðslur sést í suðausturhorni nyrsta hólfsins. Veggir tóftarinnar eru mest 0,6 m háð.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Beimildir: Túnakort 1917



EY-038:004
útihúsatóft

EY-038:005 Draugatóft gerði

65°58.105.N 18°47.844.V

"Neðan við Grænubakka er Fjarðarspilda. Þar eru tóftabrot, sem heita Draugatóft, skammt sunnan við Smáragrundina, en ofan Lambár." segir í örnefnaskrá.


Draugatóft er 40-50 m ofan /austan við Lambá en um 300

m ofan (austan) við þjóðveg. Tóftin er tæpum 1 km norðan við bæ 001. Á þessum stað eru tveir hólur og er Draugatóft á þeim nyrðri sem er jafnframt stærri. Skurðir eru sunnan og austan hólans og girðing liggur fast norðan við nyrðri hólinn og upp hlíðina. Umhverfis er grasivaxið en deiglent á köflum. Hóllinn sem tóftin er á er 23 X 16 m að stærð og 2- 2,5 m á hæð. Hann er grasi gróinn.

Draugatóft er í raun e.k. gerði. Það er sporöskjulaga og 13 m á lengd en 8 m á breidd. Vesturhlíð gerðisins er alveg horfin og ógreinileg en annars eru veggir þess sémilega greinilegir, 2 m á breidd en 0,4-0,5 m á hæð. Um 15 m ofan við hólinn er þýfiendi en þar er ekki hægt að greina eiginlegar mannvistarleifar.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Öl, 46



EY-038:005 Draugatóft

EY-038:006 *Grafarspilda* heimild um mógrafir
65°58.998.N 18°47.815.V

"Þá er Miðengi þaðan suður [af Fjarðarspildu] að öðrum læk og svo Grafarspilda, þar sem svarðartekjan var." segir í örnefnalýsingu. Merki grafanna sjást enn. Þær eru þar sem lækur rennur niður fjallshlíðina. Grafinn hefur skurður úr læknum að Lambá. Fast sunnan við skurðinn sjást grafirnar enn um 80 m ofan við Lambá en um 340 m ofan við þjóðveg. Grafirnar eru tæpum 800 m norðan við bæ 001.



EY-038:007 tóftir Lambárgerðis

Umhverfis er aflíðandi deiglendi að Lambá.

Grafirnar sem nú sjást eru á 40 X 20 m stóru svæði. Óljóst má þó greina að þær hafi áður náð yfir enn stærra svæði áður. Þær eru 1 m á dýpt og vatn er enn í þeim á stöku stað þótt þær séu nú vel grónar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 46

EY-038:007 *Lambárgerði* tóft
65°58.788.N 18°47.978.V


"Fráskilið [Reykjamóum] er Lambárgerði við túnjaðarinn; melholt á milli." segir í örnefnalýsingu. Tóft er í Lambárgerði um 380 m norðan við bæ 001. Hún er um 250 m ofan (austan) við þjóðveg og 30 m austan við anga garðlags (015). Tóftin er um 50 m vestan við 021 og um 150 m suðsuðaustan við Lambá.

Fast sunnan við tóftina er langt og mjótt deigiendissund sem liggur austur-vestur. Tóftin er suðvestarlega á hæð sem er grasi vaxin. Annars eru umhverfis þýfðar og mosavaxnar hæðir og dældir.

Tóftin snýr norður-suður. Hún er 19 X 9 m á lengd og skiptist í um fimm hól. Fjögur hólanna snúa fram (vestur) en eitt aflangt hól er að baki og er op á vesturvegg þess. Tóftin er einvörðungu hlaðin úr torfi og eru hleðslur hennar mest um 1 m á hæð. Hún er þó sigin og óskýr á köflum og erfitt að sjá nákvæmt lag og op á hólum. Tóftin var skoðuð í byrjun september og var hún þá vafin grasi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 46



EY-038:008 Reykjagerði fjárhústóft

EY-038:008 *Reykjagerði* tóft fjárhús
65°58.667.N 18°48.053.V

"Túnið er mjög hólótt. Yzt á því er Reykjagerði utan við volgan læk, sem heitir Laugarlækur." segir í örnefnalýsingu. Um 40 m SSA við útihústóft 026 og um 10 m ofan við aðra tóft 028 er fjárhústóft nefnd Reykjagerði. Hún er um 150 m NNV við bæ 001 og um

fast sunnan við óljósan vegslóða.

Á norðurbakka Laugarlækjar. Umhverfis eru grasivaxin tún.

Fjárhústóft, opin til vesturs. Hún er 11 X 9 m að stærð en er skipt upp með tveimur görðum. Tóftin er hlaðin úr tarfi og grjóti og eru áberandi grjóthleðslur innan í tóftinni. Líklega hefur tréþil verið fyrir húsinu að austan.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Ól, 46



EY-038:009, Neðstahús, horft til vesturs.

EY-038:009 *Neðstahús* tóft útihús

65°58.689.N 18°48.131.V

"Túnið er mjög hólótt. Yzt á því er Reykjagerði utan við volgan læk, sem heitir Laugarlækur. Þar var Neðstahús (peningshús)." segir í örnefnalýsingu. Neðstahús er neðsta tóftin í túni Reykja, norðan lækjar. Hún er 20-30 m ofan við sumarbústað, fast sunnan við vegarslóða sem liggur upp hlíðina á þessum stað. Tóftin er tæpa 200 m NNV við bæ 001. Í vesturjaðri tóftarinnar er vindmylla til raforkuframleiðslu fyrir sumarbústaðinn sem stendur þarna hjá.

Grasivaxið er norður frá Laugarlæk en skammt norðan við tóftina er deiglendi og því næst lyngvaxnir melar. Fast sunnan og vestan við tóftina taka við brattir grasi vaxnir bakkar niður á við en austan við er aflíðandi halli upp hlíðina.

Tóftin er 15 X 16 m að stærð og skiptist upp í 4 hól. Nyrst hefur verið fjárhús. Þar er hól með garða eftir endilöngu en ekki er greinilegt op á því. Sunnar er einfalt hól og er op á því nyrst á austurvegg. Syðst eru svo tvö hól sem liggja austur-vestur í framhaldi af hvort öðru. Eystra hólfið er minna og dýpra en það vestara. Engin op eru á þessum hólum og minna þau mest á hlöður og/eða heygardá.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Ól, 46

EY-038:010 *Reykjalaug* laug sundlaug

65°58.655.N 18°48.040.V

"Laugarlækur kemur úr Reykjalaug, sem er yzt og efst í túninu. Fyrir hann var hlaðið í byrjun þessarar aldar og kennt sund í pollinum." segir í örnefnaskrá. Reykjalaug var í Reykjalæk um 130 m norðaustan við bæ 001. Laugin var um 260 m ofan við þjóðveg.

Lækjardrag, umhverfis eru grasi vaxnar brekkur. Hægt er að sjá hvar hleðslan hefur verið þó að hún hafi nú verið rofin og skemmd.

1839: " ... laugareru í sókn þessari, önnur á Reykjum nálægt bænum utan í túninu ... sem notaðar eru við þóf og þvotta." segir í Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðar, 57. Í Hudnrað árum í horninu segir:

"Þar nokkru ofarlega í túnjaðrinum á einum stað rennur heitt uppsprettuvatn á milli allhárra harða og höfðu menn einhverntíma tekið upp á því að hlaðatorfi og grjóti fyrir enda lautarinnar. Myndaðist þá stór hvílt eða skál full afheitu eða volgu vatni og var þar komin nothæf sundlaug Á fyrstu árunum eftir aldamót var byggt lítið sundskýli við laugina og skiptist kostnaður að jöfnu milli 'Oalfsfirðinga og sýslusjóðs.'" Af þeim leifum sem sjást má ráða að hleðslan hafi verið allt að 15 má lengd en 2 má breidd, Austan við hleðsluna voru þvottalaugarnar sem voru heitar og mjög hentugar til þvotta að sögn Jóns Guðmundssonar. Fólk kom víða að til að þvo í lauginni.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Ól, 46; HH I, 258

EY-038:011 *Reykjaheiði* heimild um leið

65°58.751.N 18°47.701.V

"Þegar riðið var upp til Reykjaheiðar var farið yfir Mjóadal og upp eftir grýttum kinnum, melöldum og hólum, sem einu nafni kallast Reykjabungur. Ofan við þær er Heiðardalur, allmikil hvílt, uppi við fjallið ... Yfir Reykjaheiði er farið um Heiðarskarð." segir í örnefnalýsingu. Enn sjást leifar yngsta vegarslóðans sem lá frá Ólafsfirði til Svarfaðardals. Hann liggur í hlykkjum upp hlíðina norðaustan við bæinn 001.

Leiðin lá upp lyngivaxna fjallshlíð, yfir heiðina og í Upsadal.

Í Sýslu og sóknarlýsingum Eyjafjarðar (1839) segir: "[Reykjaheiðarvegurinn] upp frá Reykjum yfir fjallið til Upsa og Böggverstaða .. ". Þar segir einnig: "Af [Upsadal] liggja tveir alfaravegir til Ólafsfjarðar, er svo heita: Reykjaheiði og Grímubrekkur. Dalir þessir ganga óðum af sér af snjóflóðum og skriðuföllum." 1872: "[leið] eftir óbyggðum Upsadalnum yfir Reykjaheiði út í Þóroddsstaðahrepp eða Ólafsfjörð og að bænum Reykjum." - "Reykjaheiði er ágætlega vörðuð, og vel rudd, þar sem hægt er að ryðja." segir í Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðar 33, 35. 1949: "Reykjaheiði er tíðfarnasta leiðin og greiðfærasta [milli Svarfaðardals og Ólafsfjarðar], þótt lengst sé. Hún var áður póstleið, og var vegurinn ruddur og varðaður um aldamótin síðustu. Mjög hafa þó þær vegabætur gengið úr sér í seinni tíð, síðan landpóstaferðir lögðust niður, enda þá lítt við haldið Upp í skarðið [að sunnan] er brött brekka, og eins niður af því að vestanverðu, en kamburinn í því örþunnur, einungis fáeinir metrar. Vestan í skarðbrekkunni liggur ætíð mikill hjarnskafli, og er farið yfir hann þveran. Háskarðið er 850 m yfir sjó. Mjög er hrjóstrugt þarna uppi ... Niður frá skarðsbrekkunni að vestan liggur leiðin í krókum um stórgrýtta urðarrana og brekkur. Víðast er þar ófært með hesta utan götu sakir stórgrýtis. Eftir nokkra hríð er komið fram á brún dalkvosar, er Heiðardalur heitir. Hann er grunnur og sem skorinn út úr fjallinu með bjúghníf, og sléttar hamrabrúnir í kring. Niður í Heiðardal eru greiðfærar götur. Í mynni hans er aftur komið á brekkubrunn fyrir ofan bæinn Reyki ... Liggur leiðin síðan í ótal sneiðingum niður um grasivaxnar brekkur heim að Reykjatúni. Yfir Reykjaheiði er nálægt 4 stunda ferð milli bæja, en frá Böggvisstöðum upp á háskarðið um 2 1/2 stundar ferð." LE I, 173- 75. Leiðin var farin upp frá bæ, yfir Mjóadal, upp Reykjabungu og síðan Heiðardal. Því næst var farið upp í Hraunhóla og gegnum Reykjaskarð og þaðan niður í Upsadal. Leiðin var vörðuð á kafla en vörðurnar nú að mestu hrundar. Merki götunnar sjást víðar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 46 og Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðar 33, 35, 59,62 og 67, LE I, 173-75.

EY-038:012 *Reykjarétt* heimild um rétt 65°58.546.N 18°48.434.V

"Reykjarétt stendur ofan við Reykjaána." segir í örnefnaskrá. Sú rétt sem nú kallast Reykjarétt er steinsteyppt og nýleg, byggð 1955. Líklegt er að hún hafi verið byggð á rústum eldri réttar en hún hefur þá heldur ekki verið ýkja gömul þar sem á þessum stað voru hús frá Reykjakoti en það var í byggð 1839.

Grasi gróin slétta sunnan við Reykjaá en fast suðaustan við þjóðveg.

Réttin er líklega ekki gömul á þessum stað þar sem hún er byggð á rústum Reykjakots sem var í byggð 1839 sbr. 013.


Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Ól, 47

EY-038:013 *Reykjakot* tóftir býli 65°58.526.N 18°48.482.V

"Reykjarétt stendur ofan við Reykjaána. Þar var býlið Reykjakot, en farið í eyði fyrir minni núlifandi manna. Tóftir þessa býlis hurfu að nokkru undir réttarbygginguna." segir í örnefnalýsingu. Hluti býlisins hvarfþegar réttin var steyppt en ennþá má greina stóran hluta vallargarðsins og nokkrar tóftir.

Grasi gróin slétta. Norðan við er Reykjaá en vestar þjóðvegur og enn vestar Fjarðará. Ofar tekur við brattari hlíð þar sem skiptast á deiglendisteigar og þýfðar hæðir.



EY-038:013 Reykjakot

1712: "Reikiakot, forn eyðihjáleiga fyrir framan Reyki, þar sem nú eru fjárhúsin. Þar hefur ekki búið verið yfir 50 ár Fóðrast kunni, seinast bygt var, ii kúa þungi, so sem menn getska. Ekki má hjer aftur byggja, nema heimaþjórðunni til skaða, sem fjárhússtæðisins má ei án vera, því beitarvonin er heldur nokkur fyrir framan ána." segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X, 31. Í Sýsluog sóknarlýsingum (1839) segir: "Undir [Reyki] liggur Reykjakot með slægu vallarformi ... " Ekki er ljóst hvort þessi byggð var á sama stað í bæði skiptin. Á tveimur stöðum má sjá tóftir byggðar upp við suðurhlíð vallargarðsins. Hann hefur afmarkað túnin að austan og sunnan en Reykjaá að norðan og Fjarðará að vestan. Garðurinn er um 230 m langur og víða um 1 m á hæð. Á tveimur stöðum eru byggðar tóftir upp við garðinn. Austari tóftin (A) er um 70 m sunnan við réttina. Hún er ólöguleg, 9 X 12 m að stærð. Vallargarðurinn kemur á þessa tóft miðja. Tóftin er hlaðin úr torfi og nokkuð sigin. Hún virðist hafa skiptst upp í fjögur hólf og eru op á öllum útveggjum nema vesturvegg. Austan við tóftina er vallargarðurinn fremur ógreinilegur á kafla þar sem hann heldur áfram til austurs. Rúmum 35 m vestar verður hann aftur greinilegur og þar hefur önnur tóft (B) verið byggð upp við hann. Hún er byggð fast norðan við garðinn. Tóftin er einföld og 4,5 X 3 m að stærð. Hugsanlegt er að op hafi verið í norðausturhorni en erfitt er að skera úr um það nú. Vestar við tóftina kemur 5 m skarð í vallargarðinn en því næst heldur hann áfram í um 35 m þar til komið er að þjóðvegi. Þar hverfur vallargarðurinn alveg og er ekki aftur greinilegur enda eru ekki nema um 5 m vestur frá þjóðvegi að Fjarðará. Fast neðar þjóðvegur og nokkru norðar eða 60- 70 m beint vestan við réttina er svo þriðja tóftin (C). Hún er 13 X 8 m að stærð og er einföld. Norður- og vesturhluti tóftarinnar eru nú mjög ógreinilegir. Tóftin snýr norður-suður en ekki er hægt að greina op í þeim veggjum sem eftir standa. Hún er úr torfi. Greinilegt er að bæði þjóðvegur og bygging steinsteyprtar réttar á staðnum hefur skemmt býlið mikið. Fornleifarannsókn á í landi Reykja og á Lágheiði í september árið 2004 var unnin af Fornleifastofnun Íslands fyrir Vegagerðina. Hún leiddi í ljós 3 tóftir og garðlag, einnig litla vörðu. Gjóskulög voru þunn og var erfitt að sjá þau á vettvangi fyrir aðra en sérfræðinga. Í skýrslu Magnúsar Á. Sigurgeirssonar um gjóskulög kemur fram að greining hans á þeim bendir til að minjarnar auðkenndar með nr. 3 og 4 séu frá því eftir 1300. Jarðlagaskipun bendir til þess að garðlagið (staður 2) hafi verið reist á undan mannvirki 1 (staður 1). En varðveislajarðlaga undir garðlaginu bendir til að það hafi upphaflega verið hlaðið skömmu eftir landnám. Garðlagið hefur til dæmis verið reist fljótlega eftir landnám (staður 2). Heiðalöndin hafa aðallega verið nýtt sem beitiland fyrir sauðfé, og einnig hafa þar legið leiðir milli fjarða og dala. Líklega er tiltölulega snemma farið að nýta þessi svæði. Vísbending um hvenær það verður er bygging, sem líklega er yngri en 1300 (staður 3) og önnur tóft sem tilheyrir henni, einhvers konar aðhald (staður 4), sennilega má tengja þær sömu notum. Þegar byggt er mannvirki áfast við

garðlagið (staður 1), er það vísbending um breytt eða aukin umsvif á heimalandi jarðarinnar (norðan við garðlag).

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Ól, 47, Jarðabók Áma Magnússonar og Páls Vídalíns X, 31 og Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðar, 59

EY-038:014 Íleppsadalur þjóðsaga

Í þjóðsögum Jóns Árnasonar segir: "Í fjöllum austan við Reykjadal í Ólafsfirði ætla sumir í Fljótum og Ólafsfirði að sé dalverpi, er heiti Íleppsadalur; á hann að vera alsettur klettum í kring, en ein gjá sem ofan megi komast. Fyrir meir var það trú manna, að mikið af því afréttarfé, sem vantaði á haustin, færi í þennan dal og gengi þar sjálfala og höfðu menn sögur um að einhver hefði farið þangað og komið aftur með ósköp af fé. Það sögðu menn og að enginn gæti upp úr dalnum komið, nema því aðeins að hann skildi þar eftir ílepp úr skó sínum."

Enginn heimildamanna hafði nokkru sinni heyrt minnst á þennan dal og er hugsanlegt að hér sé einhver ruglingur á ferð. Ef þessi dalur hefur einhvern tíma verið í fjöllum austan við Reyki þá er örnefnið a.m.k. alveg gleymt nú.

Heimildir: ÞJÁI, 662

EY-038:015 garðlag.

65°58.853.N 18°47.954.V

Garðlag er greinilegt fast ofan (austan) við Þjóðveg og um 150 m norðan við Miðbæ (sem var eitt elsta hús Ólafsfjarðar en var fært í land Reykja fyrir nokkru). Garðurinn er minnst um 300 m norðan við bæ 001.

Lyngi- og grasivaxið er umhverfis. Garðurinn liggur austur-vestur í dældum milli melhóla sem flestir eru berir í kollinn.

Garðurinn er grasi gróinn og er mest um 4 m á breidd en rúmur 1 m á hæð. Hann er rofinn á nokkrum stöðum. Hann er fyrst greinilegur 5-10 m ofan við Þjóðveg. Þá liggur hann 120-130 m beint til austurs þar til hann kemur að hól. Garðlagið beygir norður með hólnum en heldur svo áfram til austurs í 180 m að Lambá. Um 40-50 m vestan við Lambá má greina hvar annað minna garðlag gengur frá því stærra til suðausturs. Þetta garðlag er greinilegt í 40-50 m en verður svo óskýrt um 40 m áður en aftur er hægt að greina það á um 180 m kafla til suðausturs ..

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

EY-038:016 garðlag túngarður

65°58.587.N 18°47.978.V

Túngarður er greinilegur fyrir ofan tún á Reykjum.

Túngarðurinn liggur í jaðri túna sem voru ræktuð en hafa í hálfari öld legið í órækt. Utan túngarðs eru móar. Túngarðurinn er fyrst merkjanlegur við Laugarlækjargil (á syðri bakkanum) og liggur í 25-30 m til austurs áður en hann beygir til suðurs og virðist hann þar sameinast öðrum túngarði, hugsanlega eldri. Svo liggur garðurinn í um 75 m til suðurs áður en hann kemur að dæld. Þar er hann um 80 m ofan við norðurhluta bæjarhóls. Garðurinn er ekki greinilegur í dældinni en verður aftur greinilegur þegar komið er upp úr henni (beint ofan við syðri hluta bæjarhóls). Þá er garðurinn greinilegur á um 140 m kafla til suðurs en beygir svo til austurs um 30 m norðan við Reykjaá. Hann verður fljótlega fremur ógreinilegur þó hægt sé að rekja hvar hann hefur legið á um 50 m kafla til viðbótar. Garðurinn hverfur svo alveg 10- 15 m ofan við kálgarð í hljóðinni 019. Garðurinn er víðast um 2 m á breidd en 0,8 m á hæð. Hann er grasi gróinn og engar grjóthleðslur eru merkjanlegar í honum.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

EY-038:017 gata traðir

65°58.652.N 18°47.963.V

Greinilega má enn sjá hvar upphlaðin gata hefur legið í gegnum tún á Reykjum. Gatan er ofarlega í túni og liggur að bæjarhólum. Hún er einnig greinileg sunnan við bæ.

Gatan liggur um tún sem hafa verið sléttuð en er nú í nokkurri órækt.

Greinilega má sjá að gatan hefur verið hlaðin upp. Hún 0,6 m á hæð en 1,5 m á breidd. Hún er greinileg á 200-250 m kafla og er algróin.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

EY-038:018 gryfja heygryfja

65°58.597.N 18°48.077.V

Heygryfja er greinileg um 8 m norðvestan við bæ, norðvestast á bæjarhólum.


Bæjarhóll efst í túni sem er komið á kaf í órækt.

Bæjarhóllinn er vísast að hluta til náttúrulegur og á honum er bærinn 001 og fjós 003. Bæjarhóllinn er 60 X 45 m og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er 4-5 m á hæð þar sem mest er en hann er aflíðandi að

ofan og fellur saman við hlíðina. Heygryfjan er niðurgrafin, 0,8 m á dýpt. Hún er um 2 X 2 m að innanmáli. Líklegt er að hún sé frá fyrstu áratugum 20. aldar.


Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

EY-038:019 gerði kálgarður
65°58.544.N 18°48.270.V



EY-038:019 kálgarður

10 m norðan við Reykjaá og um 200 m austan ofan við Þjóðveg er gerði í hlíðinni sem hallar til vesturs að Þjóðvegi. Í þýfðum, aflíðandi halla að Þjóðveg.



EY-038:018, heygryfja


Gerðið líkist helst kálgarði. Það er 22 X 22 m að stærð og veggir þess eru 0,7 m á hæð. Gerðið er ferkanntað, grasi gróið og sigið. Ekkert op er greinanlegt á því. Fast sunnan

við suðurvegg þess tekur við þverhnipt brekka niður að Reykjaá.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

EY-038:020 tóft stekkur

65°58.818.N 18°47.933.V



EY-038:020 stekkjartóft, horft til norðvesturs

Tóft er greinileg um 440 m norðan við bæ 001 og um 270 m ofan (austan) við Þjóðveg. Hún er norðan í hólnum sem Lambárgerði 007 er á, um 40 m sunnan við Lambá. Tóftin er um 40 m austan við þar sem annar анги garðlags sem liggur norður-suður á þessum slóðum (015) liggur að Lambá. Fjarlægð frá bæ,


staðsetning og útlit tóftarinnar benda til að hún sé stekkur.

Sunnar tekur brött hæðin við en annars er frekar sléttur, grasi vaxinn bakki umhverfis.

Stekkurinn er langur og mjór, 14 X 5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Suðurhlíð hans er byggð upp við hæð (sem 022, 023 og Lambárgerði 007 eru á). Stekkurinn er stæðilegur og hlaðinn úr torfi og grjóti, um 1,2 m á hæð. Hann er tvískiptur og er stærra hólfið suðaustar og opið til suðausturs. Ekki er lengur hægt að greina op á milli hólfa en hugsanlegt að það hafi verið nyrst á veggnum sem skiptir tóftinni niður í hólfin tvö. Grjóthleðslur eru greinilegri í innra hólfinu.

Hættumat: engin hætta

EY-038:021 útihúsatóft



EY-038:021 tóft útihús


65°58.586.N 18°48.133.V

Lítil tóft er 20-30 m beint framan (norðvestan) við fjós 003.

Tóftin er utan í bæjarhól, hún er á kafi í grasi.

Tóftin er 3,5 X 3,5 m að stærð en 1,5 X 1,5 m að innanmáli. Hugsanlegt er að op hafi verið austarlega á suðurhlíð hennar en yfir það er þá alveg hrúðið. Tóftin er mest 0,4 m hæð og úr torfi.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



EY-038:022 þúst

EY-038:022 þúst 65°58.801.N 18°48.035.V

Um 50 m neðan við (vestar en) Lambargerði 007 en 80 m SSV við tóft 023 er hæð og á henni þúst. Svo virðist sem á þessum stað hafi einhvern tíma verið tóft en ekki er lengur hægt að greina eiginlegar veggir.

Tóftin er á grasivöxnum hól. Fast sunnan við er dæld sem er mjög deiglend en þar sunnan við eru melar. Þar sem þústin er, er grasið herra og grænna en umhverfis.

Þústin er um 6 X 5 m að stærð og hægt er að greina þúfnaraðir sem hugsanlega eru síðustu leifar veggja. Eru þær um 0,2 m á hæð. Af útlitinu nú er helst að giska á að þarna hafi verið heystæði.

Hættumat: engin hætta

EY-038:023 tóft

65°58.816.N 18°47.799.V

Óþekkt tóft er 430 m norðan við bæ 001 og 260 m ofan við þjóðveg.

Hún er um 40 m norðan við Lambargerði 007, 15 m sunnan við stekk 020 en 50- 70 m sunnan við Lambá.

Tóftin er nyrst á grasivöxnum hól. Fast sunnan við er dæld sem er mjög deiglend en þar sunnan við eru svo melar. Í tóftinni er grasið herra og grænna. Norðan við er grösugur árbakki að Lambá.

Tóftin er sigin og óljós. Hún virðist vera tvö hól en það eystra er mun óskýrara. Samtals er tóftin 10 X 10,5 m að stærð. Vestari hlutinn er 10 X 5,5 en austur úr honum gengur minna og óskýrara hól sem er 5 X 7 m að stærð. Ekki er greinilegt op á hólfunum. Tóftin er hlaðin úr torfi og grasi vafin. Ekki er ólíklegt að hún hafi verið heystæði.

Hættumat: engin hætta



EY-038:023 tóft

EY-038:024 tóftir heystæði

65°58.845.N 18°47.882.V



EY-038:024 heystæði

Heystæði eru norðan og austan við Lambá. Þau eru 380 m austan við þjóðveg og um 500 m NNA við bæ 001. Vestara heystæðið er til móts við stekkin 020.

Umhverfis er deiglendi en heystæðin eru á hæðum sem standa aðeins herra.

Heystæðin eru tvö. Eystra heystæðið er fremur óljóst. Það er 8 X 5 m að stærð, einfalt og sigið. 80 m vestan við það er annað heystæði stærra. Það er 9 X 9 m að stærð og samanstendur af tveimur hólum.

Hættumat: engin hætta

EY-038:025 náma mógrafir

65°58.828.N 18°47.799.V

Um 70 m norðan við Lambá og 360 m austan við þjóðveg eru greinilegar mógrafir. Þær eru 30-40 m

norðan við vestari heytóftina 024.

Umhverfis er mýri, vaxin stór.

Grafirnar eru 28 m á breidd (norður-suður) en a.m.k. 50 m á lengd (austur-vestur). Þær eru enn mjög djúpar en verða ógreinilegri eftir því sem austar dregur. Þar sem grafirnar eru dýpstar eru þær 2-2,5 m á dýpt og víða er enn vatn í þeim.

Hættumat: engin hætta

EY-038:026 tóft útihús

65°58.689.N 18°48.069.V



EY-038:026
útihúsatóft


Um 50 m ANA af Neðstahúsi 009 er tóft. Hún er um 10 m norðan við slóða sem liggur upp hlíðina á þessum stað. Tóftin er 190 norðvestan við bæ 001 en 40 m VNV við 008. Tóftin er í norðurjaðri túnsins sem nú er komið í órækt. Norðan við skiptast á lyngvaxnir móar og deiglendi.

Tóftin er einföld og snýr norður-suður. Hún er 5 X 7,5 m að stærð en austan við tóftina er um 8 X 7,5 m stórt svæði þar sem eitthvert umrót hefur átt sér stað. Tóftin er sýn þó enn megi greina vegggleðslur sem ná allt að 1,2 m að hæð. Grjóthleðslur sjást að innan. Op er syðst á vesturhlíð.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda


EY-038:027 gerði

65°58.649.N 18°47.980.V



EY-038:027 Gerðið, mynd tekin til suðausturs

Gerði er 20-30 m norðan við Laugarlæk. Það er 140 m suðaustan við Neðstuhús 009 og 140 m norðaustan við bæ 001. Gerðið er fast vestan við veginn 017 sem liggur að bænum 001



Umhverfis eru grasi vaxnir balar, nokkuð sléttir á þessum slóðum. Gerðið liggur frá upphlaðna veginum og er 8 X 11 m að stærð. Það er sporöskjulaga og op er á því til suðurs austarlega. Veggirnir eru um 1,5 m á breidd en 0,3 m að hæð. Þeir eru grónir og vaxnir snöggu grasi.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

EY-038:028 tóft útihús

65°58.669.N 18°48.068.V

10 m neðan (vestan) við Reykjagerði 008, fast sunnan við ógreinilegan vegslóða sem liggur upp hlíðina á þessum stað er tóft. Hún er á norðurbarmi Laugarlækjargils, um 150 m norðan við bæ 001.

EY-038:028 útihúsatóft

Umhverfis er snöggvaxið gras og sunnan við rennur Laugalækur.

Tóftin er 10-11 X 10 m að stærð og skiptist upp í 2-3 hólf. Austar er tvískipt hólf sem skipta má í

tvennt, annars vegar hólf sem er 3 X 3 m að innanmáli og hins vegar langt hólf 5 X 2 sem liggur frá því til norðurs. Er það opið til suðurs. Vestar er svo þriðja hólfið sem er opið til vesturs. Inni í því virðist hægt að greina leifar garða.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

EY-038:029 þúst útihús

65°58.670.N 18°48.124.V



130-140 m norðaustan við bæ 001 er þúst á hól.

Greinilegt er að þar hefur einhvern tíma verið mannvirki en það er nú orðið ógreinilegt. Þústin er 100-150 m ofan við sumarbústað (í miðju þriggja bústaða sem standa í hnapp) og um 40 m SSA við Neðstuhús 009.

Þústin er á suðurbakka Laugarlækjar. Hún er á grasi grónum hól. Þýft er á honum og erfitt að greina nákvæma lögun þeirrar tóftar sem þarna hefur áður verið.


Þústin er 10 X 4 m að stærð og snýr austurvestur. Ekki er unnt að segja meira um lögun hennar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Útihúsþúst, horft til suðvesturs

EY-038:030 þúst útihús

65°58.564.N 18°48.020.V




Um 50 m beint ofan (austan) við bæ 001 er þúst. Líklega hafa einhvern tíma verið mannvirki á hæðinni en þau eru nú illgreinanleg.

Þýft hæð í túni. Ofar eru þýfðir móar en neðar eru tún sem komin eru í órækt.

Þústin er um 6 X 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki er greinilegt hvar op hefur verið á þústinni en líklegast er að það hafi verið á vesturhlið.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

EY-038:031 útihúsatóft



EY-038:031 tóft útihús

65°58.559.N 18°48.055.V

Tóft er 30-40 m suðvestan við þúst 030 og 50-60 m SSA við bæ 001. Hún er nærri því beint ofan (austan) við fjósið 003. Tóftin er á sömu hæð og þúst 030. Frá tóftinni er túngarður 016 aftur greinilegur til suðurs.

Umhverfis eru tún sem komin eru í órækt.

Tóftin er 8 X 4,5 m að stærð og tvískipt. Hún er niðurgrafin og norðurveggur er ekki greinilegur heldur byggður inn í brekkuna. Mælt innanfrá er tóftin 1,1 m á hæð en veggghæð mæld utanfrá er einungis 0,2 m. Ekki er greinilegt op á milli hólfa en op er á suðurvegg austanverðum. Þar er stór steinn í tóftinni. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og sjást grjóthleðslur greinilega innan í tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

EY-038:032 útihúsatóft

EY-038:032 tóft útihús

65°58.551.N 18°48.202.V

Tóft er um 70 m sunnan við fjósið 003 og 115 m suðaustan við bæ 001. Tóftin er um 50 m norðaustan við gerðið 019.

Umhverfis er grasi vaxið en mjög þýft, tún sem nú eru komin í órækt.

Tóftin er 9 X 5,5 m að stærð. Hún er einföld og hlaðin úr torfi. Op er syðst á vesturhlið hennar og eru veggirnir 1,5 má breidd en 0,8 má hæð.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

EY-038:033 þúst útihús

65°58.589.N 18°48.197.V

90 m vestan við bæ 001 er greinileg þúst í túninu. Hún er um 40 m ASA við fjós 003.

Þústin er austast á hæð. Suðaustast á henni er grjóthruga sem hugsanlega eru leifar af einhverju mannvirki.


Umhverfis er tún sem komið er í órækt.

Þústin er um 9-10 X 7-8 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki er hægt að segja nánar til um lögun hennar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

EY-038:034 gerði kálgarður

65°58.620.N 18°48.024.V



EY-038:034 kálgarður

Tóftin er 4 X 3,5 m að stærð en 2 x 2 m að innanmáli. Hún er nokkuð niðurgrafin og veggir eru ógreinilegir að utan. Þar eru þeir aðeins 0,2 m að hæð en mælt innanfrá eru þeir 0,9 m. Ekki er greinilegt op á tóftinni en hún er á kafi í grasi.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Inn á túnakort frá 1917 er merktur kálgarður 50-60 m norðan við bæ 001. Leifar hans sjást ennþá að hluta. Þær eru um 30 m sunnan við Laugarlæk.

Gerðið er í túni sem nú er komið í órækt.

Gerðið er 26 X 30 m að stærð. Suðurveggur þess er alveg horfinn og vesturveggur og hluti norðurveggjar eru orðnir óskýrir. Gerðið er hlaðið úr torfi, sigið og gróið.


Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

EY-038:035 tóft útihús

65°58.563.N 18°48.112.V

Um 25 m SSV við fjósið 003 og 50 m SSV við bæ 001 er lítil kofatóft.

Tóftin er á grasi gróinni hæð í túni sem komið er í órækt.

**EY-038:036** þúst útihús

65°58.571.N 18°48.060.V

Um 10 m ofan við suðausturhorn bæjarins 001 er þúst. Hún er um 15 m neðan við tóft 031.

EY-038:035 útihúsatóft



EY-038:036 útihúsapúst

Þústin er í halla milli tveggja hóla, annars vegar bæjarhóls og hins vegar annars hóls ofan við. Umhverfis eru grasi vaxin tún sem komin eru í órækt.

Þústin er óskýr. Hún er 13 X 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki er ólíklegt að hún hafi verið tvískipt en erfitt er að fullyrða um það.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

EY-038:037 þúst

65°58.593.N 18°48.116.V

Um 30 m suðvestan við bæ 001 er þúst þar sem

ein hverjar mannvistarleifar virðast leynast. Þær eru í hlið bæjarhólsins um 15 m norðan við útihúsatóft 021.

Þústin er í halla vestur af bæjarhól. Umhverfis eru grasi vaxin tún sem komin eru í órækt.

Þústin er 8 X 3 m að stærð. Ekki er ljóst um hvers kyns mannvistarleifar er að ræða en þarna gætu hugsanlega verið leifar öskuhaugs.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

EY-039 Karlsstaðir

20 hdr. 1712. Hólastólseign. Jarðarinnar er getið f Svarfdælu (ÍF IX, 208) Jarðarinnar er getið á skrá yfir eignir Hólastóls eftir að Jón Arason féll frá árið 1550, DI XI, 862, f reikningi stólsins frá 1569, (DI XV, 230) , og f kúgildareikningum hans frá (1570, DI XV, 460). Getið í Svarfdælasögu og á Karl ómáli að hafa eytt hér ellidögum sínum. Í Svarfdælasögu segir: " ... ok vildi Karl víkja brott ór dalnum, ok segja menn, at hann hafi farit til Óláfsfjarðar ok verit þar í elli sinni, ok hefir Karl sett þar bæ, sem heitir á Karlsstöðum, ok lét þar lffsitt ok þótti inn vezti drengur." (ÍF IX, 208). Búskap var hætt 1989. 1917: 3.5 ha. 2/3 slétt. Garðar 280 m2. 1712: "Útigangur f lakara lagi, og þarfútigangspenfngi hey að atla meir en til helminga. Torfrista og stunga bjargleg. Móskurður til eldiviðar nægur. Lýngrif lítill til eldiviðarstyrks. Grasatekja lítill. Enginu spilla smálækir úr fjallinu með sandsáburði, sem jetur úr rótina. Úthagarnir eru nægir, Hætt er kvikfje fyrir dýjum og holgryfjum." (JÁM X, 32). 1839: "Grösugjörð, með kjarngóðu heyi f góðu ári, en mjög er þar snjóþungt á vorum, þegar bág fellur tíð; þar er og oft góður útigangur f brúnunum framan af vetri ... " (SSE, 59). 1918: "Tun er 2,8 ha að stærð. það er fremur snögglent og er helmingjur þess sléttur. Það gefur af sér 80 hesta af heyi. Engjar eru grösugar, þurrlendar, liggja saman og eru nærliggjandi. heyfengur af þeim er 400-500 hestar. beitarland er gott, víðlent, sjóisamt og kjarngott en snjóþungt. Mótak er á jörðinni og torfrista er allgóð." (HHII, 119) 1973: "Beitiland er hér gott, en oft erum hér mikil snjóþyngsli." (BE II, 19).



Túnakort fyrir EY-039 Karlsstaðir

- EY-039:001** *Karlstaðir* bæjarhóll bústaður 65°59.508.N 18°47.409.V
Samkvæmt túnakorti 1917 stóð gamli bærinn á Karlsstöðum örlítið norðar en núverandi íbúðarhús. Gamli bærinn hrundi í jarðskjálfta árið 1934 en nokkru áður, 1930, hafði verið byrjað að byggja nýtt íbúðarhús með kjallara. Hefur íbúðarhúsið staðið þar síðan þó með nokkrum endurbótum. Um svipað leyti var áhaldageymsla var reist þar sem gamli bærinn stóð en nú hefur hún verið rifin og er þar bílplan. Búskap var hætt á Karlsstöðum árið 1989 en í dag er bærinn notaður til sumardvala. Stórt malarplan er þar sem gamli bærinn stóð en steinsteypt íbúðarhús er á suðurenda bæjarhólsins. Til norðurs rennur bæjarlækurinn frá austri til vesturs niður hlíðina. Bæjarhóllinn er um 45 x 35 m og snýr austu-vestur. Austurmörk hólsins eru frekar ógreinileg þar sem þau renna saman við hlíðina að ofan, en að öðru leyti er hólinn nokkuð skýr og er hann mest um 1,70 m aðhæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917, BE 1990, 80.
- EY-039:002** heimild um útihús 65°59.512.N 18°42.428.V
Samkvæmt túnakorti 1917 var útihús í 15-20 m norðvestur af bæ 001. Þar sem útihúsið stóð er nú sléttað malarplan. Ekki er vitað nákvæmlega hvert hlutverk útihússins var.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917
- EY-039:003** heimild um útihús 65°59.513.N 18°47.411.V
Samkvæmt túnakorti 1917 var útihús um 10 m beint norðan við bæ 001. Stóð það fast við norðurenda bæjarhóls og náði suður að bæjarlæk er rennur til vesturs og er bakkar hans grasvaxnir. Húsið hefur verið þar sem sléttuð, grasi vaxin flöt er nú. Ekki er vitað nákvæmlega hvert hlutverk útihússins var.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917
- EY-039:004** heimild um útihús 65°59.531.N 18°47.391.V
Samkvæmt túnakorti 1917 var útihús um 50 m NNA við bæ 001. Útihúsið stóð á grasivöxnum hól. Á hólnum voru seinna reist steipt fjárhús en þau hafa verið rifinn og jöfnuð við jörðu. Ekki mundi heimildarmaður hvenær það gerðist.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917
- EY-039:005** heimild um útihús 65°59.528.N 18°47.376.V
Samkvæmt túnakorti 1917 var útihús um 50 m norðaustan við bæ 001. Útihúsið stóð við grasivöxnum hól. Engin merki sjást nú um húsið og ekki er vitað nákvæmlega hvaða hlutverki það gengdi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917
- EY-039:006** heimild um hesthús 65°59.518.N 18°47.303.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 90 m ANA við bæ 001. Ásgrímur Pálmason, heimildamaður, man eftir hesthúsi á þessum stað. Hesthúsið var á háum hól, séð frá vestri, sem fellur inn í fjallshlíðina til austurs. Hóllinn er þýfður og gróinn. Hann virðist þó hafa verið sléttaður í toppinn. Engin ummerki hússins sjást.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917
- EY-039:007** heimild um kvíar 65°59.545.N 18°47.292.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 110 m NNA við bæ 001. Ásgrímur Pálmason, heimildamaður, taldi að þar hefðu verið kvíar. Þar sem húsið var er nú þýft, grasivaxið svæði. Norðan og sunnan við eru mýrarslakkar en að vestan sléttuð tún. Engin ummerki hússins sjást.
Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

EY-039:008 Karl þjóðsaga legstaður


65°59.708.N 18°47.424.V

"... beggja meginn [Fjarðarár] framur enn í midri Sveitinni, standa 2r mikid stórir Mel Hólar, sem nefnast Karl og Vemundi [034:005], sá firri að Austann hinn að Vestann, afhverium og svo 2 Bæir þar í grend haf sitt nafn; Í þessum Hólum er mællt 2 Menn með sama Nafni, er ummgétur í Svarfdælu, hafi látið leggja sig dauda í Skipum sínum; ..." segir í fornleifaskýrslu Ólafs Þorleifssonar, frá 1817 sem birtist í Frásögnum af Fornaldarleifum. Karl er fast austan við Fjarðará, um 380 m NNV við bæ 001. Hóllinn er hár malarhóll, gróinn í hlíðum. Sunnan við hólinn er mýrarhvamur er grasivaxinn mói í aðrar áttir.

Ásgrímur Pálmason taldi að dys Karls ætti að vera fast sunnan við hólinn. Engin mannverk sjást á hólnum né við hann, og er að öllum líkindum náttúrulegur að fullu.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: FF II, 531



EY-039:009, smiðja, mynd tekin til VSV

EY-039:009 hús smiðja

65°59.483.N 18°47.387.V


Smiðjuhús úr tarfi og grjóti stendur um 50 m ASA af bæ 001.

Húsið er á háum þýfðum hól í sléttu túninu.

Húsið er um 6 x 5 m að flatarmáli og snýr nálega austur-vestur. Veggir þess eru hlaðnir úr tarfi og grjóti og eru um 1,2 m háir. Viðargafli er á húsinu vestan megin og þakið er úr bárujárni. Smiðjan hefur verið smíðuð í kringum miðja 20. öldina. Smiðjan sem nú stendur uppi er ekki 100 ára gömul telst því ekki fornleif í laganna skilningi, en hún er skráð með við aðalskráningu fornleifa sökum þess að hún er byggð með byggingarlagi eldri tíma og kann að hvíla á gömlum grunni.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: BE 1990, 81.



EY-039:010, útihúsatóft, mynd tekin til norðurs

EY-039:010 tóft útihús


65°59.492.N 18°47.399.V

Tóft er um 30 m ASA við bæ 001 og um 20 m vestan við smiðju 009. Ásgrímur Pálmason,

heimildamaður, segir að tóftin sé af reykhusi. Tóftin er á grasivöxnum og þýfðum hól í sléttu túni.

Tóftin snýr austur-vestur. Hún er einföld og um 3 x 2 m stór. Op er á tóftina í norðvesturhorni. Hvergi sér í grjóti í hleðslum hennar sem eru um 40 cm háar.

Hættumat: engin hætta



EY-039:011, útihúsatóft, mynd tekin til norðurs

EY-039:011 tóft útihús


65°59.376.N 19°47.448.V

Tóft er um 230 m sunnan við bæ 001 og um 20 - 30 m ANA aftóft 019.

Tóftin er á þýfðum hól, umhverfis er þýfður mói.

Tóftin snýr norður-suður. Hún er tvískipt um 7 x 5 m stór. Nyrðra hólfið er stærra, um 4 x 3 m stórt og snýr eins og tóftin. Op er á það í suðausturhorni. Syðra hólfið er um 3 x 3 m stórt. Op er á það nyrst á vesturhlið og í suðvesturhorni. Tóftin er að hluta hlaupin í þúfur og hafa hleðslur hennar afmyndast að nokkru leyti. Þær er um 60 cm háar, þar sem þær eru hæstar. Hvergi sér í grjóti í hleðslunum. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklega hefur útihús staðið á þessum stað.

Hættumat: engin hætta



EY-039:012, útihúsatóft, mynd tekin til norðurs

EY-039:012 tóft útihús

65°59.500.N 18°47.376.V


Tóftarbot eru um 30 m suðaustur af bæ 001, á bakka bæjarlækjar.

Lækjarbakkinn er grasivaxinn.

Tóftabrotið er afar óljóst en samtals eru einhverjar hleðslur á svæði sem er um 7 X 6 m stórt. Annars vegar er um að ræða veggbot, um 7 m á lengd en 1 m á breidd og liggur það norður-suður. Hins vegar er 2 m vestar lítill veggbotur, um 4 m langur og um 1 m að stærð og snýr hann einnig norður-suður. Erfitt er að sjá samhengið á milli þessara brota sennilega eru þau bæði hluti af útihús sem þarna hefur

staðið. Brotin standa vel gróin en eitthvað hefur verið átt við þau. Fyrir austan brotin er þó nokkuð af grjóti sem hugsanlega hefur tilheyrt brotunum að einhverju leyti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



EY-039:013, tóft, mynd tekin til suðvesturs

EY-039:013 tóft


65°59.715.N 18°47.449.V

Í suðurhlíðum malarhólsins Karls 008 er tóft. Hún er um 390 m NNV við bæ 001.

Tóftin er í hlíð gróins malarhóls.

Tóftin er um 8 x 4 m stór. Hún er einföld og snýr norður-suður. Tóftin er að mestu leyti niðurgráfin en hlaðið hefur verið upp með stungunni að austan og vestan. Þar er hleðsluhæðin mest um 20 cm. Tóftin er alveg opin til suðurs. Hlutverk hennar er ekki þekkt en hugsanlega er um heystæði að ræða.

Hættumat: engin hætta



EY-039:014, stekkjartóft, mynd tekin til norðurs

EY-039:014 tóft stekkur

65°59.740.N 18°47.452.V

Um 430 m NNA við bæ 001, fast undir norðurhlíð Karls 008 er tóft.

Tóftin er á grasivöxnum bakka Fjarðarár.

Tóftin snýr austur-vestur. Hún er tvískipt og um 10 x 8 m stór. Vestara hólf tóftarinnar er stærra. Það er um 8 x 4 m stórt og snýr austur-vestur. Op er á milli hólfanna syðst á millivegnum. Vestara hólfid er um 4 x 3 m stórt og snýr austur-vestur. Op er á það vestast á suðurvegg. Allvíða sér í grjóti í hleðslum tóftarinnar sem eru hæstar um 90 cm. Ásgrímur Pálmason heimildamaður, taldi að tóftin hefði verið kvíar en ef tekið er tillit til fjarlægðar frá bæ verður að teljast líklegra að um stekk sé að ræða.

Hættumat: engin hætta

EY-039:015 náma mógrafir

65°59.773.N 18°47.397.V


Sunnan við Karl 008, á bökkum Fjarðarár eru mógrafir. Þær eru um 30 m austan við stekk 014 og um 415 m norðan við bæ 001.

Mógrafimar eru í mýrarhvammi.

Mógrafimar eru á svæði sem er um 20 x 5 m stórt og snýr austur-vestur. Einungis er um tvær grafir að

ræða sem hvor um sig er um 10 x 5 m stór. Þær eru fremur grunnar en blautar.

Hættumat: engin hætta



EY-039:016, stekkjartóft, mynd tekin til norðurs

EY-039:016 tóft stekkur

65°59.747.N 18°47.088.V

Um 500 m norðan við bæ 001 og um 280 m NNA við stekk 014 er tóft sem samkvæmt Ásgrími Pálmasyni, heimildamanni er af stekk.

Tóftin er á þýfðum hól austan við mýrarslakka. Tóftin snýr norður-suður. Hún er þrískipt, um 14 x 5 m stór. Nyrsta hólfið er um 4 x 3 m stórt. Það snýr eins og tóftin og op er á það í norðausturhorni. Sunnan við það er annað hólfið. Það er um 5 x 3 m stórt og snýr einnig norður-suður. Ekkert op er á því. Sunnan við það er svo þriðja hólfið. Það er lang minnst um 2 x 1 m stórt og snýr norður-suður. Ekkert op er á því. Hvergi sér í grjóti í hleðslum tóftarinnar sem eru fremur siglar, hæstar um 40 cm.

Hættumat: engin hætta

EY-039:017 heimild um mógrafir

65°59.890.N 18°47.174.V

Um 740 m NNV við bæ 001, fast austan við Fjarðarána, beint til móts við Vermundarstaði (EY- 034:001) er stór mýrarhvattnur. Þar var stunginn upp mór að sögn Ásgríms Pálmasonar heimildarmanns. Mýrarhvattnur.

Engar skýrar mógrafir eru í hvamminum.

Hættumat: engin hætta

EY-039:018 náma mógrafir

66°59.525.N 18°47.535.V

Um 100 m vestan við bæ 001 á bökkum Fjarðarár eru mógrafir.

Grafirnar eru í mýrlendri kvos við ána, umhverfis eru sléttuð tún.

Grafirnar eru á svæði sem er um 100 x 50 m stórt og snýr norður-suður. Þær eru fremur óskýrar svo ekki var unnt að mæla þær frekar.

Hættumat: engin hætta

EY-039:019 tóft útihús

65°59.379.N 18°47.416.V

Um 240 m sunnan við bæ 001 og um 30 m austan við útihústóft 0 11 er önnur tóft afútihúsi.

Tóftin er á þýfðum hól. Norðan og sunnan við hólinn renna lækir.

Tóftin snýr norður-suður. Hún er tvískipt um 8 x 4 m stór. Tóftin er að hluta niðurgrafin og er hleðsluhæð hennar, mæld að innan um 90 cm en einungis um 50 cm ef mælt er utan frá. Syðra hólfið hennar er um 4 x 3 m stórt og snýr norður-suður og er opið alveg til suðurs. Nyrðra hólfið er um 4 x 2 m stórt og snýr austur-vestur. Ekkert op er á því. Hvergi sér í grjóti í hleðslum tóftarinnar sem líklega er eingöngu hlaðin úr torfi.

Hættumat: engin hætta



EY-039:019, útihúsatóft, mynd tekin til suðurs

EY-040 Hóll

24 hdr. 1712. Hólastólsjörð. Jarðarinnar er getið á skrá um kúgildi með jörðum Hólastaðar frá 1449, (DI V, 38). Þá er hennar getið í Sigurðarregisteri sem inniheldur máldaga Hóladómkirkju þegar Jón Arason biskup tók við, máldaga klaustranna og nokkurra kirkna fyrir norðan land frá árinu 1525, (DI IX, 301). Jörðin er á skrá yfir eignir Hólastóls eftir að Jón Arason féll frá árið 1550, (DI XI, 862). Einnig er hennar getið í reikningi stólsins frá 1569, (DI XV, 230), og í kúgildareikningum hans frá 1570, (DI XV, 460). Bænhús var hér á miðöldum. Efrihóll var nýbýli á 16 hdr jarðarinnar skömmu fyrir 1839 og kallaðist seinna Grund (sjá EY-041). Hóll var eftir það talin 8 hdr. jörð. Í eyði frá 1968 en íb. hús notað sem sumarhús.

1917: 3.3 ha. 2/5 slétt. 1712: "Útigangur nokkru lakari en áður segir um Sauðanes [fyrir rosíð fje i skárra lagi, er þó svipull nokkuð sakir snjóflóða og þarf jafnlega heystyrk.] Torfrista og stúnga lök, brúkast þó. Móskurður til eldiviðar hefur verið en brúkast ei. Elt er taði undan kvikfje með litlum fjalldrapa sem hjer er í landinu. Grastekja lítill. Rekavon ekki teljandi, því festifjara er engin. Engið, sem til fjallsins er, spillist af vatni sem jetur úr rótina og grefur það i sundur og gjörir sumstaðar kviksyndi. Úthagarnir eru litlir og þar með hrjóstrugir, einkanlega fyrir stórgripi, og er því mjög hætt að engið heitist. Landið er og mjög skriðurunnið til fjallsins. Hætt er kvikfje fyrir dýjum og holgryfjulækjum. Heimræði er hjer og lendíng góð og so skipsuppsátur, og gengur hjer eitt skip, sem ábúandi á." (JÁM X, 44). 1839: " ... væn jörð til heyskapar og útbeitar út i Kálfsárhyrnufjallinu ... Skriður og jarðföll hafa stórum skemmt engið fyrir utan bæina, sem eiginlega liggur nú undir neðri bæinn til heyskapar." (SSE, 59). 1918: "Túnin gefa af sér 80 hesta afheyi. Stærð þeirra er óviss en þau eru i frekar góðri ræktun og ágætlega grösug en að mestu þýfð Engjar eru grösugar í meðallagi og gefa af sér 300-400 hesta afheyi. Þær eru frekar votlendar og eru samliggjandi. Haglendi er víðlent og að sumri er það ferkar gott en er litið yfir vetrartímamann enda er það skjóllítið og snjóþungt. Mótak er til staðar og torfrista er sámlig." (HHII, 118) 1990: "Hólstúnið er ekki stórt og engi hafa orðið fyrir skemmdum af árframburði." (BE 1990, 104)

EY-040:001 Hóll bæjarhóll bústaður

66°00.587.N 18°45.979.V


Gamli bærinn á Hóli stóð sunnan við núverandi íbúðarhús, sem byggt var árið 1942, 300-400 m vestan við þjóðveg. Gamli bærinn stóð áfram eftir að nýja íbúðarhúsið var byggt. Nýja íbúðarhúsið er ekki með kjallara. Bærinn Hóll fór í eyði frá 1968 en íbúðarhúsið ájörðinni er notað sem sumarhús. Þar sem bærinn stóð er hár hóll, séð úr vestri sem fellur inn í hlíðina til austurs. Fast vestan við hólinn er skurður. Umhverfis hann eru sléttuð tún.

Gamli bærinn sneri austur-vestur. Timburskáli var sambyggður honum að austan. Bærinn stóð á háum hól sem eflaust er að einhverju leyti náttúrulegur, samanber bæjarheitið. Hóllinn er greinilegur úr öllum áttum, hann snýr austur-vestur. Á hólnum er stallur sem ugglaust er að öllu leyti uppsöfnuð mannvistarlög, bæjarhóllinn sjálfur. Hann snýr einnig austur-vestur og er um 50 x 40 m stór og um 2 m

hár. Nú stendur íbúðarhús norðan við þar sem bærin stóð og steinsteypt fjós vestan við það. Í Hundrað árum í horninu, Íl bindi segir um bæinn á Hóli: "Á síðari hluta 18. aldar kom fram ný bæjargerð hér á landi. Það var burstabærinn og þegar leið á 19. öld ruddi hann gamla gangabænum úr vegi. ... Bæirnir sem nefndir voru [í fasteignamati frá 1918] falla misjafnlega vel að hefðbundnum útliti íslenskra burstabæja á síðustu öld. Ef framhlið þeirra er fyrst athuguð kemur á daginn að bæirnir að Ytri-Á og Hóli falla best inn í þá mynd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917. HH II, 97-98.



Túnakort fyrir EY-040 Hól

EY-040:002 heimild um útihús

66°00.584.N 18°45.982.V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 20 m suðaustan við bæ 001. Útihúsið mun hafa staðið suðaustarlega á bæjarhólnum, um 2-3 m sunnar en núverandi fjós.

Þar sem útihúsið var er hár stallur í suðurhlíð bæjarhólsins, sléttur í toppinn. Umhverfis eru sléttu tún.

Engin ummerki hússins eru á stallinum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-040:003 heimild um útihús

66°00.591.N 18°45.963.V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 10 m austan við bæ 001.

Þar er nú steinsteypt fjós og hlaða, austast á bæjarhólum.

Engin ummerki hússins sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-040:004 heimild um útihús

66°00.603.N 18°45.967.V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 10 m norðan við bæ 001.

Þar sem útihúsið stóð er nú steinsteypt íbúðarhús.

Engin ummerki útihússins sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-040:005 heimild um lambhús

66°00.553.N 18°45.996.V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 70 m suðaustan við bæ 001. Guðmundur Gíslason

sem ólst upp á Hóli man eftir húsinu sem var lambhús.

Þar sem lambhúsið var er nú sléttað tún.

Engin ummerki hússins sjást í sléttu túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-040:006 *Grímubrekkur* heimild um leið

66°00.173.N 18°45.777.V

Í Lýsingu Eyjafjarðar segir: "... liggur síminn ... upp snarbratta hlið Upsadals í skarð, sem er norðan undir hvössum og sérkennilegum klattahnjúk. Heita þar Grímubrekkur, og er sú leið oft farin af gangandi mönnum yfir í Ólafsfjörð, einkum á vetrum, þegar skíðafæri er, en svo mun oftast, því að snjóþungt er í dölum þessum. Má fara hvort er vill, niður í Kálfsárdal eða Hólsdal." Sjá einnig EY- 042:014 þar sem algengara virðist hafa vera að fara upp hjá Kálfsá.

Lyngvaxin hlið með lausu grjóti í.

Enginn vegur eða slóð eru greinileg á þessum slóðum. Guðmundur Gíslason, heimildarmaður tók það fram að nær alltaf hafi frekar verið farið upp hjá Kálfsá.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: LE I, 174

EY-040:007 frásögn fjárhús

66°00.538.N 18°45.826.V

Guðmundur Gíslason man eftir fjárhúsum sem voru um 150 m beint austur af bæ 001.

Þar sem fjárhúsin voru er nú slétt tún.

Guðmundur mundi vel eftir fjárhúsunum en fyrir fáeinum árum [nú 2005) gróf hann gryfju, ruddi húsunum út og sléttaði yfir. Húsin tóku um 80-90 kindur. Þau voru að hluta steinsteypt en að hluta hlaðin garðahús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-040:008 frásögn fjárhús

66°00.616.N 18°45.874.V

Guðmundur Gíslason man eftir tóft af fjárhúsum sem var um 100 m NNA af bæ 001, fast sunnan við skurð sem nú er í túninu.

Þar sem tóftin var er nú slétt tún.

Engin ummerki fjárhúsanna eru greinileg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-040:009 náma mógrafir

66°00.950.N 18°45.350.V

Mógrafir eru um 940 m norðan við bæ 001 og um 600 m norðvestan við Kirkjustein 014. Þær eru um

540 m sunnan við Kálfsárkot (EY-043:001).

Mógrafi.mar eru í hvilft í hólabyrpingu, allt í kring er þýfður mói.

Mógrafimar eru mjög djúpar og blautar. Þær ná yfir svæði sem er um 150 x 60 m stórt og snýr austurvestur.

Þær mynda í raun eina stóra gróf því skipting á milli einstakra grafa er óljós. Jóhannes Jóhannesson í Kálfsárkoti, fæddur 1924, sagði þarna hefði verið mjög góður mór, allt að 24 stungur og stundum hefði fengist mór héðan í Kálfsárkot.

Hættumat: engin hætta

EY-040:010 tóft heystæði

66°00.513.N 18°46.199.V

Um 220 m sunnan við bæ 001 og um 120 m austan við mógrafir 018 er tóft af heystæði.

Tóftin er á grasivöxnum hól, umhverfis er þýður, hæðóttur mói með mýrarlækjum.

Tóftin er einföld, snýr norður- suður og er um 8 x 5 m stór. Hún er nokkuð sigin og standa hleðslur hennar hæstar um 20 cm. Svo virðist sem op sé í suðausturhorni hennar. Hvergi sér í grjóti í tóftinni sem án efa er eingöngu hlaðin úr torfi.

Hættumat: engin hætta



EY-010, heystæðistöft, mynd tekin til suðurs

EY-040:011 tóft heystæði

66°00.392.N 18°46.245.V

Um 415 m SSA við bæ 001 og um 230 m suðaustan við heystæðistöft 010 er önnur heystæðistöft.

Tóftin er uppi á þýðum hól. Norðan, sunnan og vestan við hólinn eru mýrarslakkar en til austurs er þýðurmói.

Tóftin er tvískipt. Hún snýr austur-vestur og er um 14 x 9 m stór. Hleðsluhæð tóftarinnar er um 50 cm. Syðra hólflið er mun stærra, um 14 x 3 m að stærð en hið nyrðra er um 7 x 3 m stórt. Ekkert op er á hólfunum og ekki er gengt á milli þeirra. Hvergi sér í grjóti í tóftinni sem án efa er eingöngu hlaðin úr torfi.

Hættumat: engin hætta



EY-040:012 frásögn hesthús

66°00.526.N 18°45.739.V


Guðmundur Gíslason man eftir hesthúsi sem var á háum hól, um 215 m austan við bæ 001. Hesthúsið var um 70 m ANA við fjárhús 007.

Engar leifar hesthússins sjást en hóllinn sem það stóð á er enn greinilegur. Hann er grasivaxinn og hár úr vestri en lægri úr öðrum áttum. Norðan, sunnan og vestan við hólinn er sinuvaxið svæði sem eitt sinn

var tún en austan við hann er gróinn melur við fjallsrætur.

Hóllinn er sléttur í toppinn en engin ummerki hesthússins sjást. Hann er eflaust að mestu leyti náttúrlegur enda túnið á Hóli mjög hæðótt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



EY-013, stekkjartóft, mynd tekin til suðurs

EY-040:013 tóft stekkur

66°00.589.N 18°45.300.V

Um 510 m norðaustan við bæ 001 og um 130 m sunnan við Kirkjustein 014 er tóft, sem samkvæmt

Guðmundi Gíslasyni, heimildamanni er af stekk.

Tóftin er við fjallsrætur í þýfðum grasivöxnum móa. Skammt ASA við hana er lyngivaxið holt og þá hálfgróin fjallshlíðin. Vestan við heldur móinn áfram uns sléttuð tún taka við.

Stekkurinn snýr norður-suður. Hann er tvískiptur um 10 x 6 m stór. Syðra hólfið er um 4 x 5 m stórt og snýr austur-vestur. Op er frá því inn í nyrðra hólfið á miðjum millivegg. Nyrðra hólfið er um 6 x 4 m stórt og snýr einnig austur-vestur. Op er á það sunnarlega á vesturvegg. Stekkjartóftin er stæðileg, all víða sér í grjót í hleðslum hennar sem eru hæstar um 90 cm.

Hættumat: engin hætta

EY-040:014 Kirkjusteininn þjóðsaga huldufólksbústaður


66°00.626.N 18°45.142.V

Samkvæmt munnmælum á huldufólk að búa í Kirkjusteini sem er við fjallsrætur. Steinninn er um 630 m norðaustan við bæ 001 og um 130 m NNA afstekk 013.

Steinninn er á grasi- og lyngivöxnu holti. Umhverfis holtið er þýfður mói.

Steinninn þríhyrndur og um 1,7 m hæð. Hann snýr austur-vestur. Hann er um 2 m langur og um 1,5 m breiður.

Hættumat: engin hætta



EY-015, heystæðistóft, mynd tekin til suðurs

EY-040:015 tóft heystæði


66°00.898.N 18°45.350.V

Um 750 m norðan við bæ 001 og um 200 m sunnan við mógrafir 009 er heystæðistóft.

Tóftin eru á grasivöxnum og þýfðum hól. Umhverfis hólinn skiptist á þýfður mói, mýrarspildur og lækjarsprænur.

Tóftin snýr norður-suður. Hún er einföld, um 10 x 4 m stór. Tóftin er eingöngu hlaðin úr torfi og eru hleðslur hennar norðanmegin um 40 cm háar. Þær lækka eilítið til suður og er suðurveggurinn um 20 cm hár. Ekkert op er á tóftinni.

Hættumat: engin hætta



EY-016, heystæðistóftir, mynd tekin til austurs

EY-040:016 tóftir heystæði

66°00.840.N 18°45.428.V


Um 640 m norðan við bæ 001 og um 120 m sunnan við heystæðistóft 015, á næsta hól sunnan við þann sem hún er á, eru tvær tóftir af heystæðum.

Tóftirnar eru á háum þýfðum og grasivöxnum hól. Umhverfis hann eru þýfðir móar, lækjarsprænur og stöku mýrarspildur.

Tóftirnar eru tvær á svæði sem er um 26 x 19 m stórt og snýr norður-suður. Syðri tóftin er tvískipt. Hún er um 12 x 5 m stór og snýr norður-suður. Nyrðra hólfið er um 5 x 3 m stórt og snýr eins og tóftin. Hleðslur þess eru um 70 cm háar. Syðra hólfið er minna. Það er um 4 x 3 m stórt og snýr eining norðursuður. Hleðslur þess eru lægri en nyrðra hólfsins, um 30 cm háar. Ekkert op er á tóftinni sem eingöngu er hlaðin úr torfi. Um 12 m norðvestan við þessa tóft er önnur tóft. Hún er einföld, snýr norður-suður og er um 6 x 4 m stór. Hleðslur hennar eru hæstar um 30 cm. Ekkert op er á þeirri tóft sem er líkt og

hin eingöngu hlaðin úr torfi.

Hættumat: engin hætta



EY-017, heystæðistóft, mynd tekin til suðurs

EY-040:017 tóft heystæði

66°00.805.N 18°45.450.V

Um 70 m sunnan við heystæðistóftir 016, á sömu hólöldu en á næsta toppi sunnan við er önnur heystæðistóft. Hún er um 570 m norðan við bæ 001.

Tóftin er á þýfðum, grasivöxnum hól. Sunnan við hólinn er gróinn melur en í aðrar áttir er þýfður mói.



Tóftin snýr norður-suður. Hún er einföld um 7 x 11 m stór. Hleðsluhæð hennar er mest um 60 cm að utan en um 80 cm að innan. Hún er því niðurgrafin í hólinn að nokkru leyti. Ekkert op er á tóftinni sem eingöngu er hlaðin úr torfi.

Hættumat: engin hætta

EY-040:018 náma mógrafir

66°00.552.N 18°46.326.V


Um 270 m suðvestan við bæ 001 og um 100 m austan við Fjarðará eru mógrafir.

Mógrafimar eru í mýrlendi kvos. Umhverfis er grasivaxið og þýft svæði.

Mógrafimar eru blautar og virðast vera um 1 m á dýpt. Þær ná yfir svæði sem eru um 50 x 20 m stórt og snýr nálega ANA-VSV. Hver gróf er um það bil 2 x 2 m stór.

Hættumat: engin hætta

EY-040:018, mógrafir, horft til vesturs



EY-019, heystæðistóft, mynd tekin til austurs

EY-040:019 tóft heystæði


66°00.346.N 18°46.318.V

Um 515 m SSA við bæ 001 og um 100 m sunnan við heystæðistöft 011 er töft afheystæði.

Tóftin er á fremur lágu, grónu holti milli tveggja mýrarslakka.

Tóftin er tvískipt. Hún snýr austur-vestur og er um 12 x 5 m stór. Hleðsluhæð hennar er mest um 50 cm. Eystra hólfið er stærra, um 7 x 5 m stórt og snýr eins og töftin. Vestara hólfið er um 5 x 5 m stórt. Svo virðist sem op sé á milli hólfa á miðjum milliveggnum en hugsanlega hefur hrunið úr töftinni enda opið of mjótt til að vera dyr. Vestara hólfið er opið til vesturs.

Hættumat: engin hætta



EY-020, heystæðistöft, mynd tekin til suðurs

EY-040:020 töft heystæði

66°00.304.N 18°46.405.V

Tóft afheystæði er uppi á hól, um 620 m sunnan við bæ 001 og um 100 m sunnan við töft 019.

Tóftin er á háum grasivöxnum hól. Fast norðan við hólinn er lækjarspræna og sunnan við hann mýrarslakki.

Í aðrar áttir er þýfður mói.

Tóftin er tvískipt, um 16 x 7 m stór og snýr norður-suður. Nyrðra hólfið er 8 x 4 m stórt og snýr eins og töftin. Hleðsluhæð þess er mest um 40 cm. Ógreinilegt op er á því norðarlega á austurveggi. Syðra hólfið er suðvestan við það nyrðra. Það er um 7 x 3 m stórt og snýr einnig norður-suður. Hleðsluhæð þess er mest um 30 cm. Op er á syðra hólfið í suðvesturhorni. Tóftin er eingöngu hlaðin úr torfi.

Hættumat: engin hætta

EY-040:021 náma mógrafir

66°00.429.N 18°46.248.V



Um 360 m sunnan við bæ 001 og um 240 m austan við mógrafir 018 eru fleiri mógrafir. Mógrafirnar eru í mýrarspildu milli hæðarana. Austar er þýfður mói en mýrin nær niður (vestur) að Fjarðará.


Mógrafirnar eru ekki greinilegar. Þó má þær greina á um 100 x 70 m stóru svæði, sem snýr austur-vestur í mýrinni.

Hættumat: engin hætta

EY-040:021 mógrafir, horft til vesturs

EY-041 Grund

Nýbýli á fyrri hluta 19. aldar og hét fyrst Efrihóll og var 16 hdr af Hólsjörð. Tveir bæir snemma á 20. öld - Ytri- og Syðri-Grund, en fór í eyði 1924 og var jörðin þá aftur sameinuð Hóli.



Túnakort fyrir EY-041 Gund

1917: 3.3 ha. 3/5 slétt. (sbr. Hól - Ey-040) 1918: "Tún er talið 2,55 ha að stærð. Það er snögglent og grýtt og gefur af sér 70 hesta af heyi. Engjar eru einnig snögglendir. Þær eru votlendar, nærtækar og

ósamfelldar og af þeim má fá 200 hesta af léttu en holu heyi. Beitoland er gott bæði sumar og vetur. Það er skjóllitið en frekar snjólétt. Mótekja er til en torfrista er ekki góð." (HHII, 119)


EY-041:001 Grund bæjarhóll bústaður

66°00.271.N 18°45.946.V

Í Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðar segir að Efrihóll eða Grund sé sunnar og ofar en bærin Hóll (EY-040:001) og er þar eflaust átt við þar sem nú er kallað Syðri-Grund en bæirnir á Grund urðu ekki tveir fyrr en snemma á 20 öld þegar Ytri-Grund 002 var byggð. Syðri-Grund er um 570 m suður af Hóli og um 35 m beint norðan við kvíar 009 frá Grund. Bærinn fór í eyði 1924. Bæjarhólinn er við fjallsrætur. Hann er þýfður og grasivaxinn.



EY-041:001, bæjarhóll Grundar
Mynd tekin til vesturs



Bærinn stóð í fjallshlíðinni og sneri norður-suður, dyr voru á miðjum vestur vegg. Tóftin er vel sýnileg. Hún er þrískipt og er um 17 x 12 m að stærð, snýr norður-suður. Hleðslur hennar eru grónar en mest um 1 m að hæð. Hólf A er norðvestast. Það er 6,5 x 5 m að stærð og snýr norður-suður. Norðurveggur hólfsins er frekar illa farinn og er um 0,2 m að hæð. Aðrir veggir standa vel og er hæð þeirra mest um 0,6 m. Sunnan við hólfið A er hólfið B. Það er í suðvestur hluta tóftarinnar. Hólfið B er einnig 6,5 x 5 m að stærð og snýr einnig norður-suður eins og hólfið A. Allir veggir hólfsins standa ágætlega og eru allt að 1 m að hæð. Gengetur er inn í bæði hólfin, A og B frá bæjargöngunum sem snúa austur-vesturs og eru á milli hólfa. Þriðja hólfið, C, er austast. Það er stærst um 17 x 6 m og snýr norður-suður. Allir veggir þess eru greinilegir og allt að um 1 m að hæð. Tvö umföng grjóts eru greinileg og líklegt að þau séu fleiri. Hólf C er opið á miðjum vestur vegg beint móts við bæjargöngin. Í Hundrað árum í horinu, II bindi segir um bæinn á Grund: "Minnstur og fábrotastur er bærin Grund Bærinn var aðeins 6,3 x 1,9 m að stærð og skiptist þessi liti flötur í bæjardyr, bú, eldhús og baðstofu." Að auki segir að "Á Grund var fjós yfir 4 kýr, fjárhús sem tók 76 kindur og hesthús fyrir 2 hross. Þar var heldur engin hlaða."

Hættumat: engin hættu

Heimildir: SEE, 59, BE 1990, 103, HH II, 98, 100, Túnakort 1917

EY-041:002 Ytri-Grund bæjarstæði bústaður

66°00.355.N 18°45.857.V

Í Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðar segir að Efrihóll eða Grund sé sunnar og ofar en bærin Hóll (EY-040:001) og er þar eflaust átt við þar sem nú er kallað Syðri-Grund en bæirnir á Grund urðu ekki tveir fyrr en snemma á 20 öld. Samkvæmt Guðmundi Gíslasyni, heimildamanni, stóðu tveir bæir á Grund. Syðri-Grund 001 og Ytri-Grund. Ytri-Grund stóð um 160 m NNA af bæ 001. Frá bænum Hóli (EY-040:001) eru um 440 m suðaustur að Ytri-Grund. Bærinn hefur staðið á lágum hól rétt austan fjarhús 011. Í túni er hallar til vesturs. Norðan við rennur lítill lækur.

Engar minjar sjást þar sem allt hefur verið sléttað. Þó man Guðmundur Gíslason vel eftir sjálfum bænum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-041:003 tóft útihús

66°00.306.N 18°45.948.V


Um 60 m norðvestur af bæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti 1917. Húsið var um 200 m austan við Fjarðará. Rétt suðvestur frá tóftinni stendur gamall grunnur af sumarhúsi.

Sunnan við tóftina, innan við 10 m rennur lækur niður hliðina. Umhverfis er þýft og grasivaxið svæði og til suðurs er lítil laut.

Tóftin er um 3 x 2 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Hleðslur eru grónar og eru mest um 0,2 m háar. Ekkert grjót sést í hleðslunni. Op er á norðvestur horninu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917



EY-041:003, útihúsatóft, mynd tekin til austurs

EY-041:004 tóft fjárhús

66°00.311.N 18°45.965.V


Um 5 m vestur af útihúsi 003 og um 70 m norðvestur af bæ 001 er tóft af útihúsi sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Miða við stærð og staðsetningu tóftar er hægt að álykta að um fjárhús sé að ræða.

Sunnan við tóftina, innan við 10 m rennur lækur niður hliðina. Umhverfis er þýft og grasivaxið svæði og til suðurs er lítil laut.

Tóftin snýr austur-vestur og er um 15 x 7 m að stærð. Veggir hennar eru mest um 1 m. Tóftin er tvískipt. Vestar er hólfi sem er 7 X 7 m stórt og með með garða fyrir miðju. Austar er annað hólfi 7 x 3 m að stærð og er það alveg opið til austurs. Veggjahleðsla þar er nokkuð lægri í austara hólfinu eða um 0,5 m há. Ekki eru op á milli hólfa. Á stöku stað má sjá grjóthleðslu og þá aðallega að innanverðu vestara hólfinu, í norðurvegg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917



EY-041 :004, fjárhústóft, mynd tekin til austurs

EY-041:005 heimild um útihús

66°08.247.N 18°46.122.V

Samkvæmt túnakorti 1917 var útihús um 140 m suðvestur af bæ 001 og um 200 m austan við Fjarðará. Þar sem húsið stóð er grasivaxinn stallur rétt neðan við fjallsrætur. Sunnan við er gil sem lítil á rennur um.

Engar leifar hússins sjást nú ekki man Guðmundur Gíslason heimildamaður eftir útihúsi á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-041:006 heimild um útihús

66°00.244.N 18°45.980.V

Samkvæmt túnakorti 1917 var útihús í um 60 m SSV af bæ 001 og um 300 m austan við Fjarðará.

Þar sem húsið stóð er grasivaxinn og þýfður bakki. Austan til blasir eru fjallsrætur.

Engar leifar hússins sjást nú ekki man Guðmundur Gíslason heimildamaður eftir útihúsi á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-041:007 heimild um fjárhús

66°00.405.N 18°45.863.V

Samkvæmt Guðmundi Gíslasyni voru fjárhús frá Ytri-Grund í um 110 m suðvestur frá bænum 002.


Þessi hús eru merkt inn á túnakort frá 1917.

Á þessum slóðum eru sléttuð tún en að norðan til rennur lítill lækur.

Engar minjar sást nú um fjárhúsið enda hefur túnið verið sléttað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



EY-041:008, stekkjartóft, mynd tekin til norðvesturs

EY-041:008 tóft stekkur

66°00.226.N 18°45.823.V

Stekkur stóð um 130 m SSA af Syðri-Grund 001, samkvæmt Guðmundi Gíslasyni heimildarmanni.

Stekkurinn er í hól sem er við litla laut. Umhverfis er þýft og lyngvaxið og þarna er talsvert af grjóti sem fallið hefur úr hliðinni.

Tóftin er 15 x 7 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er þrískipt og verður byrjað á að lýsa hólfi A sem liggur á norð-vestur hliðinni. Hólfið er 7 x 5 m að stærð og liggur L-laga norður-suður. Veggir eru mest 0,80 m háð. Hólf A er alveg opið til norðurs. Hólf B er austan við A og eilítið framar. Það er 6 x 2 m að stærð og snýr einnig norður-suður. Veggir þess eru mest um 0,8 m að hæð og sést einstaka grjót í suðvesturhorni þess. Hólf B er einnig opið alveg til norðurs. Hólf C liggur suður af hólfi A og er minnst, eða 4 x 3 m að stærð. Þar eru veggir aðeins lægri en annars staðar í tóftinni eða um 0,60 m. Op er á austurvegg er liggur í norður horninu.

Hættumat: engin hætta


EY-041:009 tóft kvíar

66°00.284.N 18°45.912.V

Tóft er um 30 m NNA við bæ 001 og um 550 m suður frá bænum Hóll EY 040:001. Samkvæmt Guðmundi Gíslasyni eru þetta kvíar frá Syðri-Grund.

Þýft og lyngvaxið svæði. Austan við kvíarnar eru fjallsrætur en vestar er brekka niður að Fjarðará. Tóftin er einföld og um 8 x 4 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir eru mest um 1,2 m að hæð. Vel sést í grjóthleðslur að innan og einnig í vesturveggnum við opið en það er fyrir miðjum vesturvegg.

Hættumat: engin hætta



EY-041:009, kvíatóft, mynd tekin til vesturs

EY-041:010 þúst útihús


66°00.272.N 18°46.015.V

Þúst er um 70 m suðvestur af bæ 001 og um 70 m NNA af útihúsi 003 og fjárhúsi 004. Var þar útihús samkvæmt heimildarmanni Guðmundi Gíslasyni.

Grasivaxið og þýft svæði er þar sem kofinn stóð. Stór steinnur stendur sunnan við.

Frekar lítið er eftir af kofanum. Hann hefur verið um 5 x 4 að stærð og hefur snúið norður-suður. Veggir hans eru mest um 0,6 m á hæð. Op hefur verið á kofan á suðausturhorni hans. Vestur- og suðurhliðar kofans eru frekar signar og óljósar.

Hættumat: engin hætta



EY-041:010, útihúsapúst, mynd tekin til vesturs

EY-041:011 frásögn fjárhús

66°00.310.N 18°45.882.V

Mitt á milli Syðri-Grundar 001 og Ytri-Grundar 002 stóðu fjárhús sem tilheyrðu Syðri-Grund samkvæmt Guðmundi Gíslasyni hei.mildamanni. Húsið var um 90 m norðaustan við bæ 001.

Húsið hefur staðið á litlum hóli. Sunnan við hann er nokkuð þýft. Sléttað tún allt í kring. Austan- og sunnan við renna lækir niður hlíðina.

Engar minjar sjást enda hefur allt verið sléttað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-041:012 frásögn túngarður

66°00.357.N 18°45.916.V

Guðmundur Gíslason heimildamaður man eftir hluta af túngarði sem var um 40 m vestur frá YtriGrund 002 og um 170 m NNA frá Syðri-Grund 001.

Sléttað tún allt í kring.

Garðurinn var á litlum hrygg sem snýr austur-vestur. Engar leifar af garðinum sjást nú enda hefur þetta svæði allt hefur verið sléttað. Samkvæmt Guðmundi Gíslasyni lág garðurinn vestur niður hlíðina en þó náði hann ekki niður allt túnið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-041:013 tóft útihús


66°00.344.N 18°46.024.V

Lítill tóft er um 80 m norðvestur affjárhúsi 004 og um 140 m norðvestan við bæ 001.

Allt umhverfis tóftina er þýft grasivaxið svæði. Fast við norðurvegg tóftarinnar er girðing og um 5 m norðan við hana rennur lækjarspræna niður hlíðina.

Tóftin er um 5 x 3 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggheðslur eru mest 0,4 m að hæð. Ekki sjást grjóthleðslur í veggjum. Op er á suðvesturhorni tóftar.

Hættumat: engin hætta




EY-041:013, útihúsatóft, mynd tekin til austurs

EY-042 Kálfsá

24 hdr. 1712. Hólastólsjörð. Jarðarinnar er getið á skrá um kúgildi með jörðum Hólastaðar frá 1449, (DI V, 38). Árið 1487: er bænhusið á Kálfsá niðri (DI V 356) Þá er hennar getið í Sigurðarregisteri sem inniheldur málðaga Hóladómkirkju þegar Jón Arason biskup tók við, málðaga klaustranna og nokkurra kirkna fyrir norðan land frá árinu 1525, (DI IX, 301). Jörðin er á skrá yfir eignir Hólastóls eftir að Jón Arason féll frá árið 1550, (DI XI, 862). Einnig er hennar getið í reikningi stólsins frá (1569, DI XV, 230), og í kúgildareikningum hans frá (1570, DI XV, 460). Bænhus var á jörðinni á miðöldum. 1487: "anno domini m cd lxxx septimo þa er biskup olaf reid j visitacionem norðr Reiknadizt suo margar halfleirkjur oc bænhus [J kviabeckiar]þingvm [Jtem a] kalfsa ok er nidri." (DI V, 355-56). " Bænhus er sagt hjer hafi að fornu verið, og er hjer ein tóftarúst með lilri girðing kring, sem kirkjugarður kallast." (JÁM X, 33). Kálfsárkot byggðist úr landi Kálfsár á fyrri hl. 19. aldar. (BE I, 84).

1917: 4.84 ha. 3/4 slétt. Garðar 300 m². 1712: "Útigangur ut supra. Torfrista og stúnga bjargleg. Móskurður til eldiviðar hefur verið, brúkast ei. Lýngrif til eldiviðarstyrks með taði undan kvikfje. Silungsveiði meinast vera í Ólafsfjarðará, brúkast ei. Grastekja mjög lítil. Túninu grandar Kálfsá með grjótsáburði, og eyðilagði fyrir fáum árum tveggja daga slátt í einu hlaupi af vellinum. Enginu spillir sama á stórlega með grjótsáburði, og so skriður úr fjallinu og vatn sem jetur úr rótina, einninn Ólafsfjarðará með landbroti sem sig hefur grafið i gegnum það. Uthagarnir eru nægir. Hætt er kvikfje, sem áður segir um Hól [fyrir afætu dýjum og holgryfjum og síkjum] Ekki sýnist bænum óhætt fyrir hlaupum úr Kálfsá, og var so mikið bragð að því fyrir 4 árum, að fólkið flýði bæinn, í sama sinn og hún hljóp á túnið." (JÁM X, 33). 1839: "ein með vænstu jörðum hér í sveit fyrir heyskap. Þó brýtur Kálfsárdalsáin, við hverja sunnanverða bær þessi stendur, þar smám saman utan af túninu, og ofan í engjarnar hafa skriður og jarðföll hlaupið úr Kálfsárhyrnunni i stórrigningum; samt má þar ennþá heita nægilegt engi." (SSE, 58) 1918: "Tún er 5,75 ha að stærð og er töðufall 100 hestar Matjurtagarðar eru 400 m² að stærð og upp úr þeim fa'st 500 kg. Engajr gefa af sér 400 hesta af góðu heyi i meðalári. Þær eru grösugar, þurrleudar, samfelldar og liggja nærri. neitiland er gott en er snjóþungt eins og víðast annars staðar í Óalfsfirði. Mótekja er til staðar og sémileg torfrista" (HHII, 116) 1973: "Beitiland má teljast gott, en snjóþungt er hér ... Silungsveiði í Fjarðará." (BE II, 22) 1990: "Túnið er ekki stórt en niður undan bænum eru Kálfsánnýrar sem nýttar voru til slægna. Jörðin var fyrrum talin til vænstu jarða í firðinum. Þó olli landbrot og grjótburður úr Kálfsánni þar löngum nokkrum búisífjum." (BE 1990, 84)



Túnakort fyrir EY-042 Kálfsá

EY-042:001 Kálfsá bæjarhóll bústaður

66°01.502.N 18°43.649.V

Gamli bærinn á Kálfsá stóð þar sem núverandi íbúðarhús stendur. Það var byggt árið 1940 en byggt var við það, að vestan, árið 1990. Viðbyggingin stendur á steiptum stólpum framan við bæjarhólinn, en sá hluti hússins sem byggður var árið 1940 er á hólnum sjálfum. Enginn kjallari er á húsinu. Íbúðarhúsið er um 30-50 m austan við þjóðveg vestan undir brekku og um 60 m sunnan við Kálfsá.

Umhverfis húsið er malarplan en viðarpallur sunnan við það.

Húsið stendur á talsverðum hól. Hann snýr norður-suður og er um 20 x 18 m stór. Hæstur er hann frá vestri um 3 m. Hóllinn er í aflíðandi hlíð sem hallar til vesturs. Austurmörk hans eru ógreinileg þar rennur hann saman við brekkuna brekkuna. Norðurmörk hólins eru einnig ógreinileg en þar liggur heimreið að húsinu og jarðvegur hefur verið j afuaður. Vestur- og suðurmörk hólins eru vel greinileg. Í Hundrað árum í hominu, Il bindi, segir um bæinn á Kálfsá: "Á seinustu árum aldarinnar [19 aldar] byggja bændur í Ólafsfirði öðruvísi bæi en gert var fyrir og um miðja öldina. Breytingarnar eru fyrst og fremst bundnar við framhluta þeirra. Búr, eldhús og baðstofa virðast hins vegar haldast í gamla horfinu. Breytingarnar á frambænum eru þær að bæjardyr og skáli, jafuvel skemma í sumum tilfellum, víkja en svokallað framhús kemur í staðinn. Sem dæmi um slíkan bæ má nefna Kálfsá. Þegar Árni Björnsson varð þar bóndi laust fyrir síðustu aldamót voru hús jarðarinnar í niðurníðslu. Hann endurnýjaði því bæinn og var hann þannig að framhúsið var 7,5 x 3,14 m að stærð, 4,4 x 2,5 m búr og eldhús af sömu stærð og loks baðstofa sem var 3,76 x 7,5 m. Hún var öll þiljuð og með hjónahús í öðrum endanum."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917. HH II, 100-101.

EY-042:002 heimild um bænhús

66°01.486.N 18°43.794.V

KÁLFSÁ Í ÓLAFSFIRÐI (KVÍABEKKJARÞING) (E) - BÆNHÚS


Bænhússins á Kálfsá er getið í lista yfir bænhús og hálfkirkjur frá 1487 og er þá fallið. Þar segir: "anno domini m cd lxxx septimo þa er biskup olaf reid j visitacionem nordr Reiknadizt suo margar halfkirkjur oc bænhus [J kviabeckiar]þingvm [Jtem a] kalfsa ok er nidri." Í Jarðabók Áma Magnússonar og Páls Vídalín, frá árinu 1712 segir: "Bænhús er sagt hjer hafi að fornu verið, og er hjer ein tóftarúst með lítilli girðing kríng, sem kirkjugarður kallast." Samkvæmt munnmælum mun bænhús hafa staðið um 115 m VSV af bæ 001 og er sá staður skráður hér þó e.t.v. megi segja að líklegra sé að bænhúsið hafi í raun verið þar sem mannabein komu upp við byggingu fjóss árið 1964 (sjá fomleif 020).

Bænhúsið er sagt hafa staðið fast vestan við þjóðveg, þar sem nú er slétt tún.

Engin ummerki bygginga sjást þar sem bænhúsið á að hafa staðið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: DI V 355-56 og JÁM X, 33.



EY-042:003 hesthústóft, mynd tekin til austurs

EY-042:003 tóft hesthús

66°01.363.N 18°43.740.V

Tóft af hesthúsi er um 270 m SSV frá bæ 001 og um 180 m suður af Lambhúsi 005. Rétt vestan við tóftina liggur vegslóði að sumarhúsi er stendur suður af tóftinni. Húsið er merkt á túnakort frá 1917.

Tóftin var af hesthúsi samkvæmt Sveinbirni Árnasyni heimildamanni.

Tóftin stendur á grasivöxnu svæði sem farið er að hlaupa í þúfur. Til vesturs liggur fyrir nefndur veglóði og fyrir neðan hans eru sléttuð tún.

Tóftin er um 7 x 2 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er tvískipt og er vesturhlutinn aðeins minni eða um 3 x 2 m stór, en sá austari er um 4 x 2 m að stærð, bæði hólfin snúa austur-vestur. Op milli hólfa er á miðjum suðurvegg tóftarinnar. Suðvesturhornið er ógreinileg og er hugsanlegt þar hafi verið op. Mjög mikið af spýtum liggja í tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-042:004 tóft fjárhús

66°01.336.N 18°43.829.V


Fjárhús tóft er um 340 m suð-austan við bæ 001 og um 85 m SSV við hesthústóft 003. Hún er um 100-150 m norðan við sumarhús sem stendur stakt í landi Kálfsár. Húsið er merkt á túnakort frá árinu 1917.

Fjárhústóftin er á háum grasivöxnum hól. Umhverfis er þýfður mói og einstaka mýrarspildur.

Tóftin er um 17 x 12 m stór og snýr austur-vestur. Hún skiptist í fjögur hól. Hólfin eru merkt með bókstaf til aðgreiningar. Hólfa, b og c eru samsíða, þau snúa öll austur-vestur og eru opin til vesturs, þar sem líklega hefur verið timburgafl. Hólf d snýr norður-suður og er aftan (austan), við hólfa, b og c. Steinsteypur veggur er á milli þeirra. Aðrir veggir eru úr torfi og grjóti og sést allvíða í grjót. Tóftin hefur verið talsver niðurgrafin og hlaðið upp með skurðinum en veggir eru um 1,4 m háir ef mælt er innan frá einungis um 20-30 cm ef mælt er utan frá. Hólfa er nyrst, það er um 8 x 2 m stórt og í því miðju er hlaðinn garði. Hólf b er sunnan við a, það er svipað að stærð og einnig með garða. Hólf c er sunnan við b, það er mun minna en a og b, um 3 x 2 m stórt. Enginn garði er í hólfi c en hugsanlega hefur verið jata upp við norðurvegg þess. Hólf d er svo stærst, líklega sambyggð hlaða, það er um 14 x 3 m stórt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917



EY-042:005 heimild um lambhús

66°01.460.N 18°43.703.V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 90 m sunnan við bæ 001. Þar var lambhús uppi á hól og nefndist hóllinn Lambhúshóll.

Þar sem lambhúsið stóð er nú mjög mikill hól í sléttu túni og á honum steinsteypu útihús.

Engin ummerki lambhússins sjást á hólnum en hann er um 24 x 32 m stór og snýr norður-suður. Hóllinn er um 5 m hár. Hann er líklega að einhverju leyti náttúrulegur en ugglaut að mestu leyti uppsöfnuð mannvistarlög.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-042:006 heimild um útihús

66°01.514.N 18°43.669.V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 10 m vestan við bæ 001.

Þar setri húsið stóð er nú malarplan og sléttuð tún vestar.

Engin ummerki hússins sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-042:007 *Bræðraleið/vegur* heimild um leið

66°01.378.N 18°43.286.V

"Norðaustan við Lágafjall er fjallvegurinn Bræðraleið, austur og norður um fjallið Dranga, og niður í Hólsdal) Karlsárdal á Upsaströnd." segir í örnefnaskrá. Bræðraleið eða Bræðravegur liggur frá Kálfsá, upp með Kálfsánni og inn á Kálfsárdal bak við Kálfsárhymnu. Þá liggur hann inn eftir, suður eftir, dalnum endilöngum. Áður en kemur að vatninu í dalsbotninum liggur vegurinn til austurs um Dranga og niður í Hólsdal. Í Byggðum Eyjafjarðar segir: "Upp úr Kálfsárdal liggja Grímubrekkur, fyrrum alfaraleið yfir í Upsadal/Böggvisstaðadal til Dalvíkur. Þar var sími lagður yfir til Ólafsjarðar 1908.". Í lýsingu Kvíabekkjarsóknar frá 1839 í Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðar segir: " ... líka eru Grímubrekkur farnar, sem eru styttri, en örðugri upp frá Kálfsá [en Reykjaheiðarvegur 038:011], ofan af hverjum menn koma þá á miðjan Upsadalinn, hvar vegir þessir ná saman.". Í Lýsingu Eyjafjarðarsýslu frá 1949 segir enn fremur: "Leiðirnar í Ólafsfiörð ... Úr Svarfaðardal er farið upp frá Böggvinsstöðum um sneiðinga utan í fjallsöxlínni, sem er mjög lyngi gróin. Síðan er farið fram Böggvindsdal, sem er allangur en grösugur neðan til með mýrarsundum, vallendislautum og lyngbrekkum en skriðurunninn hið efra. Þar eru engjar nokkrar og eins á Upsadal norðan árinna. Fram eftir dalnum eru glöggar og greiðfærar götur, og fylgir símalínan þeim eftir fram um miðjan dal. Þar beygir hún í skarð sem er norðan undir hvössum og sérkennilegum klettahnjúk. Heita þar Grímubrekkur, og er sú leið oft farin af gangandi mönnum yfir í Ólafsfiörð, einkum á vetrum, þegar skíðafæri er, en svo mun oftast, því snjöpungt er í dölum þessum. Má far hvort er vill, niður í Kálfsárdal eða Hólsdal." Leiðin frá Kálfsá upp með ánni er nokkuð brött og skiptast þar á grónar skálar og berir melir. Þegar komið er inn á dalinn er landið mest gróið, votlent næst gilinu sem Kálfsá rennur í en þurrara með rótum Hymunnar. Þar hallar landi lítillega til norðurs en er nokkuð greiðfært. Í dalsbotninum hækkar landið aftur og gróður minnkar.

SSE: 1839: "Af [Upsadal] liggja tveir alfaravegir til Ólafsjarðar, er svo heita: Reykjaheiði og Grímubrekkur. Dalir þessir ganga óðum a sér af snjóflóðum og fjallskriðum." SSE, 67. 1872: " ... til þess að komast frá Svarfaðardal til Ólafsjarðar er einnig hægt að beygja til hægri af Upsadal um svokallaðar Grímubrekkur og að Kálfsá í Ólafsfirði." - "Grímubrekknaleið er ill, en lítið notuð." SSE, 33, 35. Engin ummerki leiðarinnar sáust á vettvangi.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-ÓI, 48; BE 1990, 84. SSE, 62-63. LE I, 173-74.



EY-042:008, Vaðhvammur, horft til norðvesturs

EY-042:008 *Vaðhvammur* heimild um vað

"Rétt ofan við bæinn 001, sunnan við ána, er Vaðhvammshóll og Vaðhvammur; nöfnin dregin af vaði, sem er þar á [Kálfsá]" segir í örnefnaskrá. Vaðhvammur er um 250 m ANA við bæ 001. Á þessum stað er áin nokkuð breið og fremur straumhörð. Nú eru stórir steinar standa upp úr ánni á þessum stað og mikil klöpp sem gengur út frá suðurbakka árinna, Skammt neðar, vestar, er flúð í ánni og um 20 m ofar, austar, er foss. Hér eru bakkar árinna um 50 cm háir, grasvaxnir að norðan við en vaxnir lyngi og mosa að sunnan.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-ÓI, 48

EY-042:009 *Álagablettur* álagablettur

66°01.475.N 18°43.447.V

"Dálítil spilda milli Vaðhvammshóls [008] og Bæjarlækjar heitir Álagablettur. Þennan part má ekki slá, því að þá verður bóndinn fyrir tjóni á skepnunum. Er ekki mjög langt síðan þetta þótti ásannast, þegar í eitt sinn var slegið á Álagabletti." segir í örnefnaskrá. Álagahvammur er um 160 m austan við bæ 001 uppi í hlíðinni milli Kálfsár og lækjar sem rennur úr ánni til suðurs og niður hlíðina þar til hann rennur aftur í ána, skammt ofan við núverandi fjós.

Álagahvammur er grasvaxinn en allgrýttur. Umhverfis eru þýfðir móar og allvíða glittir í grjóti.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-ÓI, 49

EY-042:010 *Merkjagarður* heimild um landamerki

66°01.139.N 18°44.127.V

"Merkjalækur rennur á mótum landareigna Kálfsár og Kálfsárkots; hann fellur mjög bugðótt og er sitt á hvað handan merkjanna, sem eru bein lina. Neðantil eru á kaflar leifar af garðhleðslu, sem heita Merkjagarður." segir í örnefuaskrá. Merkin milli Kálfsár og Kálfsárkots eru um 760 m sunnan við bæ 001.

Girt er á merkjum milli Kálfsár og Kálfsárkots og slétt tún beggja vegna.

Enginn merkjagarður er nú sjáanlegur á merkjum. Sveinbjörn Árnason á Kálfsá sem er fæddur og uppalinn á bænum (f. 1933) kannaðist ekki við merkjagarðinn og hefur hann verið horfinn vel fyrir hans minni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ól, 49

EY-042:011 *Grafarbalar* náma mógrafir

66°01.457.N 18°44.086.V



"Skammt frá árbakkanum [Fjarðarjár] eru Grafarbalar; þar var svarðartekja." segir í örnefuaskrá. Grafarbalar eru á milli Fjarðarár og þjóðvegur sem liggur inn fjörðinn. Mógrafir eru f bölnum um 250 m vestan við veg og um 150- 200 m austan ár. Grafirnar eru um 340 m suðvestan við bæ 001.

Á bölnum skiptast á mýrarspildur og grónir móar. Mógrafirnar eru hér og þar á um 100 x 100 m stóru svæði. Þær eru flestar kringlóttar um 1,5 x 1,5 m stórar. Grafirnar eru misdjúpar, dýpstar um 40 cm og sumar blautar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 49

EY-042:011, mógrafir, horft til norðausturs

EY-042:012 *Beinateigur* örnefni legstaður

66°01.480.N 18°43.632.V


Beinateigur er grasivaxið svæði við hlíðarrætur, um 50 m austan og sunnan við bæ 001.

Teigurinn er sléttur og grasivaxinn, ofan, austan, við hann er hlíðin brött og þýfð. Fast vestan við teiginn er vegslóði og neðan hans eru slétt tún.

Engin ummerki fornleifa eru á Beinateig og taldi heimildamaður, Sveinbjörn á Kálfsá, að hann hlyti nafn sitt af því hvað hann er lélegt beutiland. Einnig má hugsa sér að nafnið á teignum hafi flust þangað frá þeim stað þar sem mannabeinin komu upp (sjá fornleif 020) en hann er um 40 m norðan við teiginn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ól, 49



EY-042:013, útihúsatóft, mynd tekin til til SSV

EY-042:013 tóft útihús


66°01.300.N 18°43.872.V

Um 75 m sunnan við fjárhústóft 004 og um 10 m vestan við aðra tóft 015 er ógreinileg útihústóft. Tóftin er um 410 m suðaustan við bæ 001.

Tóftin er á grasivöxnu, smápýfðu svæði við sumarbústað sem stendur stakur í landi Kálfsár, í Gvendargerði. Tóftin er um 8 x 7 m stór og snýr norður-suður. Hún skiptist í 3 hólfa, a, b og c. Tóftin er fremur ógreinileg en vestur- og norðurveggir hennar eru skýrir. Þeir eru um 70 cm háir en aðrir veggir einungis um 20 cm háir. Hólfa er nyrst, það er fornlegast af hólfunum. Hólfið snýr austur-vestur og er um 5 x 2 m stórt. Op er á það á miðjum vesturvegg. Hólf c er sunnan við a. Það er um 2 x 3 m stórt og snýr norður-suður. Ekkert op er á því. Hólf b er austan við c og sunnan við a það er mjög lítið, um 0,5 x 2 m stórt og snýr norður-suður. Ekkert op er á b. Hólf b og c eru ekki fornleg og má vel vera að þau séu leifar yngra byggingarstigs og mögulega að þau tengist framkvæmdum við sumarbústaðinn sem er fast sunnan við tóftina. Vesturveggur tóftarinnar allrar lítur þó út fyrir að vera upprunalegur og líklegt er að hólfa b og c hafi verið grafin niður í gamla tóft. Hólfa er þó líklega upprunalegt. Tóftinni hefur verið raskað í suðaustur horninu en þar hefur viðarpallur verið byggður ofan á hana. Hvergi sér í grjóti í hleðslum.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



EY-042:014, stökkjartóft, mynd tekin til til norðvesturs

EY-042:014 tóft stekkur


66°01.617.N 18°43.690.V

Tóft er um 210 m norðan við bæ 001 sem samkvæmt Sveinbirni Árnasyni, heimildamanni var stekkur.

Tóftin er á grasivöxnu, afgirtu en ósléttuðu túni.

Tóftin snýr norður-suður og er um 13 x 7 m stór. Hún er tvískipt. Nyrðra hólfið er lítið eitt minna, um 5 x 5 m stórt. Op er á það vestarlega á norðurhlið. Syðra hólfið er um 6 x 4 m stórt og snýr norður-suður. Ekkert op er á það en hugsanlega hefur op verið á miðjum millivegg. Hleðslur tóftarinnar eru um 80 cm háar þar sem þær eru hæstar og víða sér í grjóti í syðra hólfinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



EY-042:015, tóft, mynd tekin til til NNA

EY-042:015 tóft

66°01.293.N 18°43.866.V

Tóft er um 80 m suðvestur af fjárhúsi 004 og um 420 m suðvestur af bæ 001. Tóft er í sunnan við sumarhús er stendur stakt í landi Kálfsár.

Tóftin er á grasivöxnu svæði sem er umhverfis sumarhús.

Tóftin er um 9 x 9 m að stærð og er tvískipt. Hólf A er austar og er stærra eða um 9 x 3 m. Það snýr norður-suður og op er á það á suð-vesturhorninu. Veggirnir eru ekki mjög greinilegir, en sérstaklega eru suður- og vesturhliðar hólfsins signar og ógreinilegar. Hólf B er vestar. Það snýr austur-vestur og er um 6 x 3 m að stærð. Op er á suðvesturhorni þess. Bæði hólfin eru sigin og mikið hlaupin í þúfur. Hvergi sér í grjóti í hleðslum. Hlutverk tóftar er óþekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-042:016 frásögn rista

66°01.417.N 18°44.122.V

Torf var rist í mýrum suðvestan við bæ 001. Mýrarnar eru um 100 m suðaustan við mógrafir í Grafarböllum 011 og um 400 m suðvestan við bæ 001.

Þar sem rist var skiptast á mýrarspildur og grónir móar.

Þar sem mýrin er einna blautust liggur landið nokkru neðar en umhverfið. Sveinbjörn Árnason á Kálfsá segir að á þessum stað hafi verið mjög góð torfrista.

Hættumat: engin hætta

EY-042:017 Selhóll heimild um sel

66°01.603.N 18°43.769.V

Um 200 m VNV við bæ 001 var hóll sem nefndist Selhóll, með tóftarbrotum á. Hóllinn var um 150 m vestan við þjóðveg, fast sunnan við slóða sem liggur að Fjarðará.

Þar sem hóllinn var eru nú slétt tún.

Engin ummerki fornleifa sjást. Ólíklegt verður að teljast að hér hafi verið sel, þó örnefnið bendi til þess. Hóllinn er of nálægt bæ til að talist geti líklegt að þar hafi verið sel. Hugsanlega hafa hér fremur verið kvíarústir en ómögulegt er að segja til um það að svo stöddu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-042:018 heimild um myllu

66°01.532.N 18°43.609.V

Sveinbjörn Árnason á Kálfsá man eftir myllutóft um 65 m norðvestan við bæ 001.

Þar sem myllan var er nú þurr lækjarfarvegur sem hefur að hluta verið fylltur upp. Beggja vegna við hann eru slétt tún.

Engin ummerki tóftarinnar eru nú sjáanleg en svæðinu hefur mikið verið raskað vegna uppfyllingar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-042:019 náma mógrafir
66°00.822.N 18°42.636.V



EY-042:019, mógrafir, horft til norðvesturs

Fjósið er steinsteypt og bárujárnsklætt, umhverfis það er moldarplan.

Sveinbjörn Árnason giskaði á að um það bil 10 grafir væri að ræða. Hann sagði að flest beinin hefðu verið af fullvöxnum einstaklingum en hann mundi sérstaklega eftir einni barnagröf þar sem hlaðið var í kringum höfuðið. Sveinbjörn sagði að sumar beinagrindurnar hafi verið í kistum. Hann sagði beinin hafa verið vel varðveitt og að oft hefðu tennurnar verið eyddar að framan. Sveinbjörn gróf beinin norðaustan við fjósið. Engir gripir fundust með beinunum og verður að teljast líklegast að beinin hafi verið í tengslum við bænhús sem var á bænum sbr 002.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Á Kálfsárdalnum miðjum um 1,5 km suðaustur við bæ 001, við rætur Kálfsárhyrnu, um 100- 200 m vestan við gilið sem Kálfsá rennur í er mógröf. Mógröfin er stök á mörkum votlendis og mels, norðan undir urðarrana sem gengur austur úr Hyrnni.

Mógröfin er grunn og þurr, um 8 x 3 m stór og snýr nálega norðvestur-suðaustur. Mógröfin er dýpst um 15 cm.

Hættumat: engin hætta

EY-042:020 mannabein legstaður
66°01.502.N 18°43.620.V

Þegar Sveinbjörn Árnason á Kálfsá var að grafa fyrir fjósi árið 1964 kom hann niður á mannabein. Fjósið er um 100 m ANA við bæ 001.



EY-042:021 tóft útihús

66°01.481.N 18.43.570

Um 30 m austan við fjós, uppi á hól er tóft. Hún er um 70 m austan við bæ 001.

Tóftin er í hlíðarrótum á mörkum þúfnabakka og sléttis undirlendis.

Tóftin snýr austur-vestur. Hún er um 10 x 4 m stór, einföld og opin til suðurs. Þar hefur hugsanlega verið viðargafl. Suðurveggur tóftarinnar er lengri en sá nyrðri, og gengur um 3 m lengra til vesturs. Þar er hleðslan lægri en annars staðar, um 20 cm há. Veggir tóftarinnar eru hæstir um 1 m og allvíða sér í grjóti, mest 3 umför. Tóftin er eflaust grunnur útihúss sem hér hefur verið en nánara hlutverk þess er óþekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



EY-042:022, útihúsatóft, mynd tekin til til austurs

EY-042:022 tóft útihús

66°01.480.N 18°43.543.V

Um 3 m austan við tóft 021 er önnur tóft. Hún er um 80 m suðaustur af bæ 001.

Tóftin er í hlíðarrótum á mörkum þúfnabakka og sléttis undirlendis.

Tóftin er dropalaga, um 6 x 4 m stór og snýr austur-vestur. Hún er einföld og op er henni á miðjum vesturvegg. Hleðslur hennar eru hæstar um 40 cm og á tveimur stöðum sér í grjót í þeim. Hér hefur án efa verið útihús en nánara hlutverk þess er óþekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-042:023 náma mógrafir

66°01.548.N 18°43.258.V

Um 300 m norðaustan við bæ 001 er sumarhús og aftan (austan) við það eru miklar mógrafir. Grafirnar

eru um 250-300 m austan við þjóðveg.

Mógrafirnar eru á mýrlendum stalli í fjallshlíðinni. Norðan við grafirnar er bert holt en þýfður mói í aðrar áttir.

Grafirnar eru djúpar og blautar og að sögn Sveinbjörns Árnasonar á Kálfsá fékkst úr þeim góður mór sem hér var stunginn. Grafirnar ná yfir svæði sem eru m 60 x 20 m stórt og snýr norður-suður, þær eru flestar ferhyrndar um 5 x 5 m stórar. Gröfunum hefur verið raskað að hluta en þeim hefur verið breytt í eins konar tjarnir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



EY-042:023, mógrafir, horft til norðausturs

EY-042:024 Vörðuhóll heimild um landamerki

66°01.635.N 18°43.213.V


"Landareign Kálfsár nær frá Lónsmerkjum á Vörðuhóli suður yfir Kálfsára ... " segir í

örnefnaskrá. Vörðuhóll er um 400 m norðan við bæ 001 og um 150 m norðvestan við mógrafir 023. Hóllinn er grýttur malarhóll. Hann er vaxinn lyngi neðst en að mestu leyti ógróinn. Sunnan við hólinn rennur lækur og norðan við hann er grasivaxinn slakki.

Hundaþúfa er á toppi hólsins en engin varða er á honum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 48



EY-042:015, heystæðistöft, mynd tekin til til suðurs

EY-042:025 tóft heystæði

66°01.513.N 18°42.949.V

Um 530 m norðaustan við bæ 001 og um 300 m suðaustan við Vörðuhól 024 er heystæði. Það er um 30 m norðan við Stóralæk.

Heystæðið er uppi í fjallshlíð á þýfðu og lyngivöxnu svæði. Vestar er hálfgróinn melur.

Heystæðið snýr austur-vestur og er um 5 x 3 m stórt. Það er einfalt og á því eru tvö op, annars vegar á miðjum austurvegg og hinsvegar á norðurveggnum miðjum. Líklegast eru þetta þó ekki op heldur hefur einungis hrúnið úr veggjunum á þessum stöðum. Vestur- og suðurveggir heystæðisins eru hlaðnir og er hleðsluhæðin mest um 40 cm. Enginn austurveggur er greinilegur en austurhlíðin hefur verið stungið inn í fjallshlíðina. Hvergi sér í grjót í hleðslunum.

Hættumat: engin hætta

EY-042:026 heimild um mógrafir

66°01.491.N 18°43.025.V

Sveinbjörn Árnason á Kálfsá sagði frá því að fleiri mógrafir hafi verið ofan, austan, við mógrafir 023.

Þær eru um 210 m austur og um 475 m norðaustan við bæ 001.

Á þessum stað er mýrlendur hvammur þar sem hugsanlega hefur verið stunginn mór. Lækir renna vestan og norðan við hvamminn en austan og sunnan við eru lyngivaxin holt.

Engar skýrar grafir eru í hvamminum en staðurinn er líklegur mótökustaður og kemur heim og saman við frásögn Sveinbjörns Árnasonar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



EY-042:027 Gvendargerði garðlag

66°01.209.N 18°43.879.V


Garðlag er um 5 m austan við sumarbústað í Gvendargerði, um 3 m sunnan við tóft 015 og um 440 m sunnan við bæ 001.

Garðlagið er inni á lóð sumarhússins, við fjallsrætur. Sunnan við það eru slétt tún en í aðrar áttir þýfður mói sem er votlendur á stöku stað.

Garðlagið er um 10 m langt og liggur norðursuður. Það er um 1,2 m breitt og um 0,7 m hátt. Hvergi sér í grjót í hleðslunum. Hugsanlega er það leifar þess gerðis sem svæðið dregur nafn sitt af, Gvendargerðis.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-042:027, garðlag, horft til suðurs



EY-042:026, stekkjartóftir, mynd tekin til til suðurs

EY-042:028 tóftir stekkur

66°01.202.N 18°43.994.V

Um 620 m sunnan við bæ 001 og um 200 m SSA við sumarhús í Gvendargerði eru tvær tóftir. Samkvæmt heimildarmanni Sveinbirni Árnasyni er þetta stekkur.

Tóftirnar eru á þýfðu svæði, um 20 m norðar eru slétt tún. Austan og vestan við eru skurðir.

Tóftirnar tvær snúa báðar austur-vestur. Þær eru á svæði sem er um 7 x 7 m stórt. Tóft A er norðar. Hún er þrískipt um 7 x 3 m stór. Vestast er lítið hól sem er um 1 x 2 m stórt. Það snýr norður-suður og virðist hafa verið opið á tveimur stöðum. Á miðjum suður- og norðurvegg. Austan við þetta hól er annað stærra og er það stærsta hólftóftarinnar þó það sé einungis um 3 x 2 m stórt. Hólfið snýr austurvestur og ekkert op er á því. Austan við þetta hól er þriðja hólfið sem er lítið, eða um 1,5 x 1 m stórt. Það snýr norður-suður og ekkert op er merkjanlegt á því. Hvergi sér í grjóti í tóftinni en hleðslur hennar standa hæstar um 40 cm. Um 2 m sunnan við tóft A er tóft B. Hún er um 5 x 3 m stór og tvískipt. Vestara hólfið er stærra, um 3 x 2 m að stærð og snýr eins og tóftin, austur-vestur. Hugsanlegt op er á hólfinu vestarlega á norðurvegg. Eystra hólfið er ógreinilegt, um 2 x 1 m stórt og snýr norður-suður. Ekkert op er á því hólfi. Hvergi sér í grjóti í tóft B en hleðslur hennar eru hæstar um 30 cm.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-042:029 Messuvað frásögn vað


66°01.583.N 18°44.062.V

Norðvestur eða um 350 m frá bæ 001 var vað er kallað var Messuvað samkvæmt heimildarmanni Sveinbirni Árnasyni. Sagði hann að þar hafi ætíð verið farið yfir til að sækja messu á Kvíabrekku EY- 032:001.

Árbakkarnir eru frekar lágir, en svæðið austan megin við ána er mjög mýrleit.

Hvergi sést móta fyrir vaði á bökkunum.

Hættumat: hætta, vegna rofs



EY-042:030, fjárhústóft, mynd tekin til til suðurs

EY-042:030 hleðsla fjárhús

66°01.562.N 18°43.597.V

Fast austan við þjóðveg og um 30 m sunnan við Kálfsá og um 110 m norðan við bæ 001 eru hleðsluleifar. Þar man Sveinbjörn Árnason á Kálfsá að hafist var handa við fjárhúsbyggingu sem aldrei var kláruð.

Hleðslan er á grasivöxnu svæði fast við þjóðveginn.

Hleðslan er L-laga um 5 x 9 m stór og snýr norður-suður. Hún er um 1,2 m há ef mælt er innan frá en einungis um 20 cm há að utan. Hún er því talsvert niðurgrafin. Við austurvegginn er stallur um 20 cm breiður og 20 cm hár. Mögulegt er að umfangsmeiri leifar leynist um húsið en á þessum slóðum er land óslétt og vaxið háu grasi og ekki fundust önnur ummerki við vettvangsskoðun.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-042:031 frásögn rétt

66°01.514.N 18°43.582.V

Sveinbjörn Árnason á Kálfsá man eftir grjóthlaðinni rétt um 55 m norðaustur af bæ 001, fast við Kálfsá.

Þar sem réttin var er nú grasivaxið svæði, nokkuð grýtt, fast við ána.

Réttin hefur nú alveg horfið í ána en samkvæmt Sveinbirni Árnasyni var hún grjóthlaðin og einföld. Engin ummerki réttarinnar sjást nú á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna rofs

EY-043 Kálfsárkot

Nýbýli í landi Kálfsár fyrir 1849, en líklega eftir 1839 því þess er ekki getið í SSE. Lækjarbakki var afbýli í landi Kálfsárkots í nokkur ár á fyrri hluta 20 aldar. Fornleifum utantúns er lýst með Kálfsá. 1917: 2.6 ha. 1/3 slétt. Garðar 157 m². 1918: "Tún er 2,8 ha að stærð". Það er í meðalrækt, fremur grösugt og er ffórðungur þess sléttur. Töðufall er 90 hestar. Matjurtagarður er 90 m² að stærð og er uppskera 125 km. Egnjar eru grösugar. Þær eru þurrlandar, liggja saman og þangað er stutt að sækja þá 250 hesta af góðu og hollu heyi sem þær gefa af sér. haglendi er gott til sumarbeitar. Það er kjarngott en skjóllítið og vetrarbbreit er lítil vegna snjóþynglsa. Mótekja er nokkur en torfrista er slæm" (HHII, 117) 1973: "Beitarskilyrði eru góð. Silungsveiði í Fjarðará." (BE II, 21). 1990: "Jörðin er fremur landlítill en graslendi er gott. Tún eru í brekkum og hólum umhverfis bæinn." (BE 1990, 82)

EY-043:001 Kálfsárkot bæjarhóll bústaður

66°01.129.N 18°44.562.V

Gamli bærinn í Kálfsárkoti stóð á bæjarhól sem er um 500 m austan við þjóðveg. Þar sem gamli bærinn í Kálfsárkoti stóð eru nú bílaplan og steinhús byggt 1934. Húsið er á tveimur hæðum með kjallara. Það er á dágóðum hól sem er að einhverju leyti gamli bæjarhólinn, þó hefur honum mikið verið raskað.


Íbúðarhúsið er nú stendur er notað sem sumardvalahús. Búskapur hætti á bænum undir lok 20. aldar.

Bílaplanið er upp við austurvegg íbúðarhússins, milli núverandi útihúsa og hús.

Gamli bærinn stóð þar sem nú er sléttáð malarplan austan við núverandi íbúðarhús sem var byggt um 1934 og er á tveimur hæðum með kjallara. Bæjarhóllinn er frekar hár og stór. Sennilegt að hluti af honum sé náttúrulegur en þó hefur átt sér stað þó nokkuð mikil röskun á honum þar sem bæði hefur verið mikið sléttáð sem og mikið hefur verið plantað af trjám vestan og sunnan í honum. Bæjarhóllinn stendur frekar hátt í hlíðinni. Til vesturs er því hóllinn mjög hár en austan megin rennur hann saman við fjallshlíðina og því erfitt að segja hvar mörk hans eru. Þó segir núverandi eigandi, Jóhannes Jóhannesson að gamli bærinn hafi verið rifinn og nýtt hús byggt um 1934 og við það hafi komið upp bein sem hann taldi að hafi verið mannabein. Í Kálfsárkoti er hafin talsverð trjárækt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; BE 1990, 82.



Túnakort fyrir EY-043Kálfsárkot

EY-043:002 heimild um útihús 66°01.115.N 18°44.544.V

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 40 m suðaustur af bæ 001.

Þar sem húsið stóð er grasivaxið svæði sem er farið að hlaupa í þúfur. Til vesturs er lítil brekka sem nær niður á núverandi bílplan. Til austurs tekur grasivaxin hlið við með trjágróðri. Engar minjar sjást um húsið en þessu svæði hefur talsvert verið raskað, m.a. með byggingu fjárhúsa og bílplani.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-043:003 heimild um hesthús 66°01.124.N 18°44.482.V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 60 m norðaustan við bæ 001. Samkvæmt Jóhannesi Jóhannessyni í Kálfsárkoti var húsið hesthús.

Þar sem hesthúsið var er nú sinuvaxið og smáþýft svæði í aflíðandi hlið. Um 10 m sunnar rennur lækur niður hliðina.

Engin ummerki hússins sjást, enda svæðið sléttað þó nú sé það orðið þýft.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-043:004 Lækjarbakki þúst býli 66°01.172.N 18°44.238.V

"Skammt sunnan við Bæjarlæk stóð býlið Lækjarbakki." segir í örnefnaskrá. Lækjarbakki stóð um 260 m NNA við bæ 001, rétt sunnan við merkin móts Kálfsá.


Þar sem bærinn stóð er nú allstór hóll í grasivöxnu og sléttuðu túni. Fast norðan við hefur verið plantað trjám.

Í Byggðum Eyjarfjarðar segir: "Fyrir á þessari öld [20. öld] var byggt lítið afbýli úr landi Kálfsárkots. Nefndist það Lækjarbakki og stóð utan og ofan við Kálfsárkot. Var búið þar í nokkur ár." Engin skýr ummerki býlisins eru sjáanleg en hóllinn er allstór og flatur í toppinn, Hann er um 20 x 20 m stór, hæstur frá austri um 1,5 m en um 70 cm hár úr öðrum áttum. Hóllinn hefur verið sléttaður og sleginn í

seinni tíð og hefur lögun hans raskast við það.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ól, 49. BE I, 82.



EY-043:005, heystæðistöft, mynd tekin til suðurs

EY-043:005 tóft heystæði

66°01.073.N 18°44.689.V

Um 140 m sunnan við bæ 001 er tóft á háu holti, um 300 m vestan við þjóðveg.

Tóftin er á sinuvöxnu og smápýfðu holti. Fast norðan við er mýrarspilda, að austan slétt tún en í aðrar áttir er mói.

Tóftin snýr norður-suður. Hún er um 7 x 3 m stór og op er á norðvesturhorni hennar. Veggir hennar eru mjög signir. Tóftin er vel gróin og að hluta hlaupin í þúfur. Hleðsluhæð hennar er mest um 30 cm. Hvergi sér í grjóti í henni og hefur hún líklega eingöngu verið hlaðin úr torfi. Suðurendi tóftarinnar er aðeins herra í landinu en sá nyrðri og má vera að hún hafi verið tvískipt en ekki er hægt að fullyrða um það. Um 1 m sunnan við tóftin á er óljós gryfja, um 2 x 1 m stór og snýr norður-suður. Hlutverk tóftarinnar og gryfunnar er óþekkt en af staðsetningu hennar að dæma má vera að hér hafi verið heystæði.

Hættumat: engin hætta

EY-043:006 heimild um stekk

66°01.074.N 18°44.946.V

Um 300 m SSV við bæ 001 og um 195 m suð-vestan við tóft 005 var stekkur samkvæmt

heimildarmanni Jóhannesi Jóhannssyni.

Þar sem stekkurinn var er nú slétt tún. Svæðið er á milli tveggja holta þar sem viðá skin í beran jarðveginn.

Stekkurinn er nú horfinn en Jóhannes Jóhannesson í Kálfsárkoti sagði að hann hafi horfið við túnasléttun.

Hættumat: engin hætta



EY-043:007 náma mógrafir

66°01.194.N 18°44.707.V

Mógrafir voru um 160 m norðvestur af bæ 001 samkvæmt Jóhannesi Jóhannssyni heimildamanni. Mógrafunur voru fast vestan þjóðvegur en vestan þeirra rann Fjarðará.

Austan við þar sem grafirnar voru er grasivaxin hlíð, en til vesturs og suðurs frá þeim rennur Fjarðará, Mikið votlendi allt í kring. Norðaustan við grafunur er kartöflugarður frá Kálfsárkoti.

Ef grannt er skoðað má á þessum slóðum óljóst sjá móta fyrir mógröfum. Öll ummerki eru þó afar óljós og hafa mógrafunur að mestu horfið í rof frá Fjarðará. Heimildarmaðurinn Jóhannes

EY-043:007, mógrafir, horft til suðurs

Jóhannesson minnst þess að jarðvegurinn hafi verið mjög harður þarna en að mórinn hafi þó brunnið vel og við hátt hitastig.

Hættumat: hætta, vegna rofs

EY-043:008 mannabein legstaður

66°01.129.N 18°44.562.V

Jóhannes Jóhannesson í Kálfsárkoti sagði frá því að við byggingu núverandi íbúðarhúss, árið 1934, hafi fundist bein sem hann taldi vera mannabein.

Þar sem beinin fundust stendur núverandi íbúðarhús Kálfsárskots.

Engum sögum fer af legstöðum né bænhúsi á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-044 Lón

8 hdr. 1712. Hólastólseign. Jarðarinnar er getið á skrá yfir eignir Hólastóls eftir að Jón Arason féll frá árið 1550, DI XI, 862, í reikningi stólsins frá 1569, (DI XV, 230), og í kúgildareikningum hans frá 1570, (DI XV), 460. Jörðin fór í eyði 1699 og var enn óbyggð 1712. Í eyði frá 1934.

1917: 1.8 ha. 1/10 slétt. Garðar 50 m². 1712: "Útigangur fyrir roskið fje í skárri lagi, þurfti þó jafnan hey nærri til helmínga. Torfrista og stúnga lök. Lýngrif til eldiviðar bjarglegt. Silúngsveiði í Ólafsfjarðará ut supra. Grastekja lítil. Túnið er fordjarfað af lángrandi órækt. Enginu spillir Ólafsfjarðará með landbroti og sandsáburði. Úthagarnir eru bjarglegir. Hætt er kvikfje fyrir síkjum. Enginn brúkar nú þessa jörð, nema hvað búfje nágranna gengur yfir landið. Ekki sýnist mönnum líklegt að þessi jörð muni aftur byggjast sakir heyskaparleysis og lángrandi óræktar" (JÁM X, 34). 1839:

"Vesaldarkot með litlu og grýttu túni og litlu engi." (SSE, 58). 1918: "Stærð túns er talin 1,6 ha og fást af því 40 hestar. Það er í meðallagi grösugt" (HHII, 116) 1990: "Heimatúnið er lítið en töluverð engjalönd voru nýtt til beitar og slæгна." (BE 1990, 105)

EY-044:001 Lón bæjarhóll bústaður

66°01.952.N 18°42.697.V

Gamli bærinn í Lóni stóð þar sem nú stendur sumarhús. Sumarhúsið er á háum hól, fast austan við þjóðveg.

Lón fór í eyði árið 1934.

Hóllinn er grasivaxinn. Trjám hefur verið plantað í hann. Umhverfis hann er þýfður mói.

Hóllinn snýr austur-vestur. Hann er um 43 x 24 m stór og um 3-4 m hár úr vestri en fellur inn í hlíðina til austurs. Gamli bærinn sneri norður-suður. Hann var ein burst sem var frambærinn en aftan við hann var skáli. Samkvæmt Kristjáni Jónssyni heimildamanni voru kýr hafðar í frambænum. Sumarhúsið sem nú er á bæjarhólnum stendur nálega þar sem frambærinn var. Framan (vestan) við það eru tveir stórir steinar sem voru hluti af bænum. Í annan þeirra er klappað "HJ" sem eru upphafsstafir Helga Jóhannessonar sem var bóndi á Lóni á árunum 1921-1925. Sumarhúsið var byggt árið 1934, þegar Lón fór í eyði sem bújörð. Húsið brann þann 17. október 1952. Það var endurbyggt á árunum 1953-54. Húsið er steinsteypt. Enginn kjallari er á því. Um bæinn á Lóni segir í Hundrað árum í Horninu, II bindi: "Árið 1918 fór fram fasteignamat allra jarða í hreppnum sem þá voru í byggð ásamt húsakosti þeirra ..• Til þess að lýsa húsaskipan bæjanna nánar skulu þrír bæir teknir sem dæmi: Ytri-Á, Grund og Lón Minnstur og fábrotastur er bærinn að Grund ... Nokkru reisulegri var að líta heim að Lóni. Bæjardyr og skáli voru þar 3, 76 x 1,9 m, búr 2,5 x 2,2 m, eldhús 2,5 x 2,5 og baðstofa 3,76 x 3,14 m að stærð. Lón er greinilega í flokki smábæja miðað við landið allt."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; HH II, 97-98.

EY-044:002 heimild um fjárhús

66°01.908.N 18°42.770.V


Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 80 m suður af bæ 001. Kristján Jónsson sagði að þar hefðu verið fjárhús.

Þar sem fjárhúsin voru er nú þýft grasivaxið svæði en austar og sunnar eru hálfgróin malarholt.

Kristján Jónsson sagði að fjárhúsið hefði haft fjórar krær og að hlaða hefði verið sambyggð þeim. Fjárhúsunum var rutt fram af árbakka sunnan við þar sem þau stóðu og svæðið sléttað. Nú sjást engin ummerki húsanna.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Túnakort 1917



Túnakort fyrir EY-043 Lón

EY-044:003 heimild um fjós

66°01.914.N 18°42.806.V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 90 m sunnan við bæ 001 og um 5-10 m vestan við annað útihús 002. Kristján Jónsson heimildamaður man eftir sumarfjosi á þessum stað en á vetrum voru kýrnar í fjósi sambyggðum gamla bænum.

Þar sem fjósið var er þýft grasivaxið svæði. Norðar og austar eru hálfgróin urðarholt.

Engin ummerki hússins sjást en svæðið hefur verið sléttað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

EY-044:004 heimild um útihús

66°01.947.N 18°42.683.V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 5 m austan við bæ 001.

Húsið hefur verið austast á bæjarhólnum. Þar er nú sléttur grasivaxinn flötur. Skammt austan við hann rennur lækur.

Engin ummerki hússins eru sjáanleg, en svæðið hefur verið sléttað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-044:005 Þjófavað þjóðsaga vað

66°01.804.N 18°43.245.V

"Þjófavaðshylur er í Fjarðará rétt sunnan við Egilsá, Er þetta einskonar vík upp í graseyramar og grynnsli í miðjum hylnum. Þjófavað er á Fjarðaránni (Sumir tala um Þjófavatnshyl, en það er öruggleg rangnefni)" segir í örnefnaskrá. Vaðið er yfir Fjarðará, um 500 m suðvestan við bæ 001.


Þar sem vaðið er á ánni er vík inn í austurbakkann þar sem Egilsá rennur í Fjarðará. Bakkarnir eru

fremur lágir beggja vegna ár. Að austan er graslendi fast við ána en að vestan eru sléttuð og framræst tún. Umhverfi vaðsins hefur á efa breyst því malarnám fór fram á svæðinu þegar þjóðvegurinn var lagður.

"Um Þjófavað og Egilsá gengur sú munnmælasaga, að þrír illræðismenn (þjófar) hafi komið frá Svarfaðardal yfir Dranga og Barkarkollu og gert Lónsbónda atfö, en hann snúizt illa við og kálað tveim, en einn á að hafa komizt vestur yfir og upp á fjall ofan við Þóroddsstaði, náðst þar og verið drepinn í Aftökuviki þar. Annar ku hafa fallið á Þjófvaði og sá fyrsti við Egilsá. Sá hafði heitið Egill, en á hinum höfðu menn eigi nöfn." segir í örnefnaskrá.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 50



EY-044:006, útihúsatóft, mynd tekin til vesturs

EY-044:006 tóft útihús


66°01.915.N 18°42.654.V

Um 75 m SSA við bæ 001 og um 40 m suðaustan við kvíar 012 er tóft.

Tóftin er fast austan við lækjarsprænu sem rennur niður hlíðina, á grasivöxnu svæði.

Tóftin er einföld, snýr austur-vestur og er um 5 x 4 m stór. Suðurveggur hennar er hlaðinn og glittir í grjóthleðslur í honum. Að öðru leyti virðist tóftin vera niðurgráfin. Hugsanlegar dyr eru á henni í suðvesturhorni. Hleðsluhæð suðurveggjarins er um 70 cm en ef mælt er að innan er hæð veggja mest um 1,2m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



EY-044:007, stekkartóft, mynd tekin til austurs

EY-044:007 tóft stekkur

66°01.753.N 18°42.942.V


Tóft er fast við norðurbakka Egilsár, um 300 m austan við þjóðveg og um 410 m SSV við bæ 001.

Samkvæmt heimildarmanni Kristjáni H. Jónssyni var þetta stekkur.

Tóftin er í hvammi við árbakka sem á þessum slóðum er vaxinn grasi og lyngi.

Tóftin er um 10 x 10 m stór, tvískipt. Austara hólfið er hlaðið úr torfi. Það snýr austur-vestur og er um 5 x 3 m stórt. Hleðslur þess eru hæstar um 60 cm. Op eru á hólfið á miðjum austurvegg og á miðjum vesturvegg, inn í vestara hólfið. Það er um 7 x 5 m stórt og snýr norður-suður. Austur-, norður- og suðurhlíðar þess eru stungnar niður í hvamminn og grjóti hefur verið hlaðið upp með skurðinum, mest 4 umför. Vesturveggur þess er hlaðinn úr torfi og grjóti. Op er á vestara hólfið sunnarlega á vesturvegg. Hleðslur þess eru hæstar um 1,1 m, mun hærri en hleðslur austara hólfsins.

Hættumat: engin hætta



EY-044:008, þúst, mynd tekin til vesturs

EY-044:008 þúst

66°01.780.N 18°43.118.V

Þúst er um 450 m sunnan við bæ 001 og um 50 m austan við veg. Hún er um 150 m VSV við stekkjartóft 007.

Þústin er fýfðum grasivöxnum móa. Ofar (austar) er hálfgróinn melur.

Þústin er einföld, um 3 x 2 m stór og snýr austur-vestur. Hleðslur hennar eru hæstar um 40 cm sem að hluta skýrist af þýfi. Í henni miðri er ógreinileg dæld. Op er á þústinni sunnarlega á austurvegg. Kristján Jónsson kannaðist við tóftina en vissi ekki hvað hlutverk hún hafði. Hugsanlega er hún heystæði.

Hættumat: engin hætta

EY-044:009 frásögn vað

66°01.963.N 18°42.777.V

Kristján Jónsson heimildamaður man eftir vaði á Fjarðará, um 60 m beint vestur af bæ 001.

Umhverfi árinna hefur breyst á þessum stað vegna vegagerðar og malarnáms sem henni fylgdi. Nú er skurður á milli vegar og ár á þessum stað. Bakkar árinna eru brattir en grasivaxnir beggja vegna.

Hættumat: engin hætta

EY-044:010 frásögn heystæði

66°02.043.N 18°42.461.V

Kristján Jónsson heimildamaður man eftir heystæði um 250 m norðan við bæ 001 og um 30 m VSV af Litla-Lóni, litlu sumarhúsi á Jörðinni.

Þar sem heystæðið var er nú hálfgróinn melur, aflíðandi til vesturs.

Engin ummerki heystæðisins sjást en svæðinu hefur verið umturnað við efuistöku.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-044:011 Leiðið þúst legstaður

66°02.072.N 18°42.399.V

Um 320 m norðan við bæ 001 og um 60 m austan við þjóðveg er þúst. Þar segir sagan að einhver sé grafinn og gengur þústin undir nafninu "Leiðið".

Þústin er í aflíðandi brekku. Fast við hana og á henni vex lyng en umhverfis er hálfgróinn melur.

Þústin snýr austur-vestur. Hún er um 8,5 x 4 m stór og um 70 cm há. Hún er er egglega og mjókkar til endanna þar sem það er um 2 m breitt.

Hættumat: engin hætta



EY-044:012, kvíatóft, mynd tekin til vesturs

EY-044:012 tóft kvíar


66°01.927.N 18°42.609.V

Um 80 m suðaustan við bæ 001 er kvíatóft á háum hól sem heitir Kvíahóll.

Kvíahóll er gróinn í toppinn er hlíðar hans eru hálfgrónar. Austar, ofar, skiptast á hálfgrónir melar og þýfðir móar.

Tóftin er einföld, snýr norður-suður og er um 4 x 3 m stór. Hún er opin í suðausturhorni. Hleðslur hennar eru hæstar um 30 cm. Hvergi sér í grjóti í tóftinni sem líklega er eingöngu hlaðin úr torfi.

Hættumat: engin hætta



EY-044:013, gerði, mynd tekin til NNV

EY-044:013 gerði

66°01.912.N 18°42.569.V

Gerði er um 120 m suðaustan við bæ 001 í suðurhlíð Kvíahóls, um 40 m suðaustan við kvíatóft 012.


Gerðið er á grasi- og lyngivöxnu svæði, aflíðandi til suðurs.

Gerðið er tvískipt. Það snýr austur-vestur og er um 14 x 11 m að stærð. Vestara hólfið er um 11 x 8 m stórt. Það er alveg opið til suðurs. Í hólfinu miðju er stallur, um 10 cm hár og 4 m breiður sem nær að milliveggnum. Á stallinum er lítil kró, hlaðin úr torfi, upp við vegginn, hún er um 3 x 1 m stór, snýr eins og hólfið. Hólfið er niðurgrafið í hlíðina að norðan en aðrir veggir eru hlaðnir úr torfi. Hleðslan er hæst um 40 cm. Eystra hólfið er um 10 x 6 m stórt og snýr norður-suður. Op er á miðjum norðurvegg þess. Allir veggir eystra hólfsins eru upphlaðnir en hólfið er einnig að hluta stungið niður. Þannig er hleðsluhæðin, mæld að innan um 80 cm en að utan einungis um 40 cm. Fast austan við eystra hólfið er dæld í hliðinni líklega stungusár eftir torfristu. Hún er um 2 x 3 m stór og snýr norður-suður. Hlutverk gerðisins er ekki þekkt en hugsanlega er það einhverskonar fjáraðhald.

Hættumat: engin hætta

EY-045 Vatnsendi

30 hdr. 1712. Bændaeign. 1468 er jörðin seld fyrir 30 hdr. (DI V, 520) Grænatóft eyðihjáleiga. Talin aðeins 16. hdr. 1839 og 1847. Í eyði frá 1983 en búskapur lagðist af á sjöunda áratugnum og hefur Verkstjórafélag síðan byggt hér orlofshús



Túnakort fyrir EY-044 Vatnsenda

1917: 4.0 ha. 1/3 slétt. Garðar 340 m². 1712: "Útigángur sem áður segir um Lón [fyrir rosíð fé í skárra lagi, þurfti þó jafnan hey nærri til helminga]. Torfrista og stúnga næg, Móskurður til eldiviðar lakur. Reiðfngsrísta bjargleg fyrir heimilið. Silúngsveiði hefur verið litil í Ólafsjarðarvatni, sem brugðist hefur í margt ár, og verður ekki brúkuð fyrir grynningum af sandi, sem Kálfsá hefur borið.

Eggver af önd og kríu í smáhólmum í Ólafsfjarðará, mjög lítið og valla til hlunninda teljandi. Grastekja lítil. Túninu grandar einn lækur úr fjallinu með grjótsáburði, og hefur eyðilagð það nærri til þriðjunga, og því eru byggingakostir aftur færðir. Enginu grandar sami lækur skaðlega með grjótsáburði. Það er og mjög votsókt og ilt að vinna, verður því svipull heyskapur oftlega. Þó eru nokkrar slægjur á fjallinu, sem ekki eru votunnar. Úthagarnir eru bjarglegir. hætt er kvikfje fyrir holgryfjulækjum" (JÁM X, 34- 35). 1839: "Hefir lítið tún, en sæmilegan heyskap á votu þurru engi [!], Undir bæ þennan liggur ... hólmi [í Ólafsfjarðarvatni] sem gefur af sér 80 hesta af stór í góðu grasári." Um hólma þennan segir ennfremur: "[Fjarðará rennur] í 2 ósum út í Ólafsfjarðarvatn, í kringum 3-hyrndan hólma, sem ár[lega] vex að utan og er bezta slægjuland. Hann er þó undirorpinn vatnsflóðum úr Fjarðaránni, einkanlega þegar hafbrim ber grjót og mól í ósinn og beygir farveg hans mikið austur á við út við sjóinn, svo að hann nær ekki góðri framrás, heldur stíflar vatnið svo það flóir á öll lönd, eins og nú vor og sumar 1838." (SSE, 56, 58). 1918: "Tún er talið 5,75 ha og af því fást 80 hestar afhevi. Það er snögglengt og að mestu leyti þýft. Af engjum fást 350 hestar af hollu hevi. Fjórðungur engjanna er þurr og þýfður en afgangurinn votlendur og sléttur og að hluta véltaður. Þær eru samliggjandi og nærtækar en að þeim liggur vondur engjavegur. haglendi er frekar gott en bæði snjóþungt og skjóllítið. Torfrista er allgóð á jörðinni en mótak ekkert" (HHII, 115) 1973: "Beitiland má heita gott." (BE II, 23) 1990: "Túnið er lítið og liggur einkum sunnan bæjarins ... Hinar víðlendu og grasgefnu mýrar austan [Fjarðarár] skipuðu Vatnsenda í hóp bestujarða sveitarinnar hér áður." (BE 1990, 105)

EY-045:001 *Vatnsendi* bæjarhóll bústaður 66°02.550.N 18°41.449.V

Gamli bærinn á Vatnsenda stóð nálega þar sem nú stendur steinsteyp, tveggja hæða íbúðarhús með kjallara. Það er um 30 m austan við þjóðveg. Vatnsendi fór endanlega í eyði árið 1983 en búskapur lagðist af á sjöunda áratugnum. Orlofshús hafa verið byggð innan landareignarinnar.

Núverandi hús stendur framan við háan hól. Að framan, eða vestan við húsið er malarplan en austan við er tréfallur.

Hóllin snýr norður-suður. Hann er um 40 m langur en ekki er hægt að ákvarða breidd hans þar sem hann fellur inn í hlíðina til austurs og eru mörk hans þar ógreinileg. Hóllinn er um 2-3 m hár. Hann er eflaust að mestu leyti uppsöfnuð mannvistarlög en ljóst er að þeim hefur verið raskað við byggingu hússins sem nú stendur á hólum. Ekki er vitað hvenær það var byggt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917,

EY-045:002 *Gvendargerði* heimild um fjárhús 66°02.523.N 18°41.550.V

"Gvendarhóll og Gvendargerði eru sunnan við Gránulæk, fráskilinn gamla túninu. Á Gvendargerði að vera kennt við mann, sem hengdi sig þar fyrir löngu." segir í örnefnaskrá. Útihús er merkt inn á túnakort frá árinu 1917 í Gvendargerði. Bára Sæmundsdóttir sagði að þar hefðu verið fjárhús. Þau voru um 5 m austan við þjóðveg og um 80 m SSV við bæ 001.

Þar sem fjárhúsin voru er nú urð og grjót. Austar er gróinn melur.

Engin ummerki hússins sjást en líklegt er að svæðinu hafi verið raskað við vegagerð.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-045:003 heimild um hesthús 66°02.535.N 18°41.411.V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 40 m austan við bæ 001. Bára Sæmundsdóttir man eftir húsinu og telur að það hafi verið verið hesthús.

Þar sem hesthúsið var er nú steinsteypur skúr, fast austan við hann rennur lækur.

Engin ummerki hesthússins sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1917

EY-045:004 *Syðra-Gerði* tóft fjárhús 66°02.413.N 18°41.614.V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 280 m SSV við bæ 001. Þar er tóft af fjárhúsum 150-200 m austan við þjóðveg.

Tóftin er á grónum, þýfðum hól. Ofar (austar) er gróinn melur en í aðrar áttir er mói.

Tóftin snýr norður-suður. Hún er um 10 x 12 m stór og þrískipt. Hólfir verða hér merkt með bókstöfum til aðgreiningar. Stærsta hólfid a, er vestast. Það er um 6 x 10 m stórt og snýr norður-suður. Op er á hólfid í norðvesturhorni. Í því er grjóthlaðin kró, upp við suðurvegginn. Hún er um 4 x 3 m stór, snýr norður-suður. Opið er úr krónni inn í hólfid í norðvesturhorni hennar. Hólf b er austan við hólf a en sunnan við hólf c. Það er um 3 x 2 m stórt og snýr norður-suður. Ekkert op er á hólfinu. Hólf c er austan við a, en norðan við b. Það er líkt og hólf b um 3 x 2 m stórt og snýr norður-suður. Ekkert op er



EY-045:004, fjárhústóft, mynd tekin til norðausturs

á því. Hleðsluhæð tóftarinnar er hæst um 1 m og stöku stað glittir í grjót í hleðslunum. Lægstur er vesturveggurinn sem er einungis um 20 cm hár. Hugsanlega er sú hleðsla einungis grunnur fyrir timburþil sem þar hefur verið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

EY-045:005 *Vatnsendalaug* laug þvottalaug 66°02.180.N 18°41.576.V

"Neðan [Laugarhjalla] er Vatnsendalaug (volgra) og fellur frá henni Laugarlækur (sunnan við Laugarengið), mjög stutt norðan við Grundarána." segir í örnefnaskrá. Í öðru bindi af Hundrað árum í Horninu segir: "Í landi jarðarinnar er lítill laug, en hún liggur þó langt frá bænum." Um 10 m norðan við Grundará rennur lækur sem á upptök í Vatnsendalaug. Laugin er um 600 m norðaustur af bæ 001 og um 150 m suðaustan við fjárhústóft 004.

Laugin er um það bil í miðri fjallshlíð. Norðanmegin við lækinn sem rennur úr henni er tún sem eitt sinn hefur verið sléttað og framræst en er nú vaxið sinu. Sunnan við lækinn skiptast á hálfgrónir melar og þýfðir móar.

Í Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðar frá 1839 segir: "2 laugar eru í sókn þessari, önnur á Reykjum ... en hin suður og upp frá Vatnsenda, sem notaðar eru við þóf og þvotta." Ekki sást í laugina sjálfa þegar staðurinn var skoðaður á vettvangi 3. maí 2005 vegna snjós. Hnit var tekið við upptök lækjarins sem rennur norðan við Grundarána þar sem líklegt er að laugin hafi verið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 51; SSE, 57; HH II, 115

EY-045:006 *Reiðholt* vegur leið 66°02.376.N 18°41.560.V

"Reiðholt er sunnan við Gránulæk." segir í örnefnaskrá. Um 80 m austan við fjárhústóft 004 eru ummerki gamla vegarins um sveitina þar sem hann liggur norður-suður um Reiðholt. Hann liggur þó nokkuð ofarlega í hlíðinni ofan bæja. Núverandi þjóðvegurinn er um 2 km vestar.

Vegurinn liggur um gróin móa.

Hann er um 2-2,5 m breiður og hefur augljóslega verið ruddur í seinni tíð. Vegurinn er nú akfær á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 52

EY-045:007 *Grænatóft* bæjarstæði býli

1712: "Grænatóft heitir örnefni utarlega í landinu, þar eru litlar girðingar og nokkrar tóftaleifar, og rómast að þar hafi hafi í fyrndinni bygð verið, er þó túnstæði lítið, og atla því sumir það hafi fjárhús verið. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæði er met alt í mýri komið." segja Árni og Páll í jarðabók sinni. Ekki kannaðist heimildarmaður Bára Sæmundsdóttir við nafnið né vissi hún um tóftir á fyrr lýstu svæði. Engar tóftir sem gætu verið afbýlinu fundust við vettvangsathugun á jörðinni.

Heimildir: JÁM X, 35.

EY-045:008 *Ausuhóll* þjóðsaga legstaður

66°02.415.N 18°41.763.V

Í Ausuhóli á að vera legstaður samkvæmt sögunni. Hóllinn er um 50 m norðan við Ausu 012, sem er djúp kvos fast austan Þjóðvegjar. Hann er um 340 m suðvestan við bæ 001.

Þjóðvegurinn liggur yfir hólinn og þar er blindhæð á honum. Hóllinn er hálfgróin mosa og lyngi vestan vegar en hann er ógreinilegur austan hans.

Í fornleifaskýrslu Ólafs Þorleifssonar (1781-1866) frá 1817, sem prentuð er í bókinni Frásögur um Fornaldarleifar segir: "Í Bæjarins Vatnsenda Landar Eign, er ogsvo einn Hóll, nefndur Ausu Hóll, hvar Fólki tíðir einn Fornaldar Madur hafi látid sig í Skipi heigia, enn án þess Menn viti Hans Nafn; Í þessum Hól Sunnanverdt er síáanleg - nú Grasi vaxinn - Gröf med Haug fyrir nedann, sem upp úr Henni hefir líklega verid mokadur; þar skildu Erfidis Menninnir hafa komid ofanná Skips Stafn, nád þar Messings Fati og Hring, er þeir lafhræddir hétu að skeinkia Kirkiunni hér á Qviabeck, þar þeir þóktust síá Hana standa í líósum Loga, og - hættu sídann med Skindi Verkinu. /:NB Allstadar þar sem grafid hefur verid í Hauga, hvadann síá hefur mátt til einhverrar Kirkiu fortelur gömul Trú þar hafi sindst brenna:/ Messings Fat þetta ofannnefnda /:hvert þess Uppruna Historia er Sannleikur edur ecki:/ hefur firrum verid brúkad fyrir Skírnar Fat, enn er nu fyrir 26 árum fargad sem ónít; Hringurinn þarámót er ennþá vid Kirkiuna geimdur undir minni Hendi; Hann er 8tt kantadur í díameter 4 tommer, med 2r Dýra Höfdum á 2r Endum, med miórri sívólum þumlungs laungum - nu brostnum - Parti samföstum, innaní eins þickvu Kopar Sviftar Höfdi, hvers hali steiptur er utannum Jarn Keing afláagann, sem geingid hefur gégnum hæfi Kirkiu Hurdina, edur að það Tre er Hringurinn hefur ádur verid í festur, med Loku fyrir að innan." Ausuhól hefur verið raskað töluvert við vegagerð.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: FF II, 532

EY-045:009 frásögn fjós

66°02.546.N 18°41.442.V

Bára Sæmundsdóttir man eftir fjósi fáeinum metrum austan við bæ 001.


Þar sem fjósið var er nú steinsteypt útihús sem áður var fjós. Trépallur er á milli íbúðarhússins og fjóssins en sunnar er grasivaxið og þýft svæði.

Engin ummerki eldra fjóss sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



EY-045:010, kvíatóft, mynd tekin í VSV



EY-045:010 Kvíhóll tóft kvíar

66°02.569.N 18°41.333.V

Um 70 m ANA fá bæ 001 er hóll er kallast Kvíhóll, norðan við hann er laut með tóft.

Þýfð grasivaxin hlíð. Tóftin er vestarlega í lítilli laut en að vestan við hana tekur hlíðin við.

Tóftin er einföld og snýr austurestur og er um 12 x 5 m að stærð. Hæð veggja er mest um 0,3-0,4 m. Tóftin er dropalaga og hvergi sést í grjóti á henni. Hún er opin til vesturs en í austurendanum er hún

aðeins dýpri. Vesturhluti suðurveggjar er frekar óljós vestast.

Hættumat: engin hætta

EY-045:011 náma mógrafir

66°02.494.N 18°41.245.V



Mógrafir eru um 180 m suð-austan við bæ 001 og um 150 m SSA afkvíatóft 010.

Mýrar lækur rennur fast norðan við grafirnar. Allt svæðið er komið í þúfur. Til suðurs liggja grafirnar utan í hól sem er grasivaxin.

Grafirnar eru um 70 x 20 m að stærð og snúa austur-vestur. Þær eru allt að 0,4 m djúpar. Bára Sæmundsdóttir heimildamaður telur að á þessum slóðum hafi verið tekinn mór lengi.

Hættumat: engin hætta

EY-045:012 Ausa álagablettur

66°02.453.N 18°41.683.V

Bára Sæmundsdóttir, heimildamaður man eftir því að Ausan, kvosin norðan við Ausuhól 008 var talin álagablettur. Ausan er um 250 m suðvestan við

EY-045:011, mógrafir, horft til norðausturs

bæ 001 og um 50 m norðan við Ausuhól 008.

Ausan er djúp kvos, fast austan við þjóðveg. Kvosin er hálfgróin en á bökkum hennar er þýfður mói.

Kvosinni hefur verið raskað við vegagerð.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

EY-045:013 garðlag landamerki

1468: "at gardr redi fyrir vtan. Enn fyrir sunnan langa gardr upp j fiall ok ofan j siki ok settsyni or gardinum yfer i ana."

Heimildir: DI V, 521

EY-046 Hólkot

10 hdr. 1712. Bændaeign. Í eyði frá 1984 og mun Ólafsfirðingafélagið í Reykjavík hafa í hyggju að reisa hér sumarhúsabyggð.

1917: 2.62 ha. 1/3 slétt. Garðar 460 m². 1712: "Útigangur litlu lakari en áður segir um Lón [fyrir rosíð fje í skárri lagi, þurfti þó jafnan hey nærri til helminga]. Torfrista og stúnga lök. Móskurður til eldiviðar bjarglegur. Silúngsveiði í lagnetjum að góðu gagni, og nokkur í dráttarnetjum, fer mjög til rýrðar í nokkur ár, sem menn atla að orðsakist afleir og óhreinindum, sem Kálfsá ber í Ólafsfjarðarvatn úr jöklum framar venju. Kola og maurúngsveiði í sama vatni, bæði á ís og skipum, hefur verið að góðu gagni og er enn nokkur, einkanlega af smáfiskinum. Upsaveiði er og lítil í sama vatni. Grasatekja lítil. Enginu hafa að fornu skirður grandað, sem nú er uppvaxið til hagbeitar, en ekki til slægna, so það sje teljandi. Úthagarnir litlir, og er því hætt að engið heitist. Hætt er kvikfje fyrir holgryfjulækjum." (JÁM X, 35). 1839: "Heyjakot, en hættujörð fyrir skepnur, þegar snjóá leysir á vorum, fyrir djúpt grafna læki í engjum þess." (SSE, 58). 1918: "Stærð túna er talin 3,8 ha og gefa þau af sér 85 hesta. Þau eru snöggland og er fjórðungur þeirra sléttur. Matjurtagarður er 40 m². Af engjum fást 270 hestar af léttu en hollu heyi. Þau eru skammt frá bænum en liggja þó ekki saman. Beitiland er gott en snjóþungt og er opið fyrir vðri og vindum. Mótak er takmarkað og torfrista ekki góð." (HHII, 114-115) 1973: "Beitarskilyrði allgóð. Veiðiréttur í Ólafsfjarðarvatni." (BE II, 24). 1990: "Tún liggja niður frá bænum að þjóðveginum en neðan hans tekur vatnið við." (BE 1990, 107)

EY-046:001 Hólkot bæjarhóll bústaður

66°02.807.N 18°40.913.V

Gamli bærinn í Hólkoti stóð nálega þar sem steinsteypt íbúðarhús á jörðinni stendur nú. Það er á allstórum hól um 100 m austan við þjóðveg. Íbúðarhúsið er með kjallara. Hólkot fór í eyði árið 1984

en Ólafsfirðingafélagið í Reykjavík hefur í hyggju að reisa hér sumarhúsabyggð


Hóllinn er grasivaxinn í hlíðum og sléttur í toppinn. Umhverfis hann eru sléttuð tún.

Gamli bærinn sneri norðaustur-suðvestur. Göng voru á milli hans og fjóss en þau voru einungis notuð á veturna. Hóllinn snýr norður-suður. Hann er um 70 x 35 m stór og um 4-5 m hár frá vestri en lægri úr

öðrum áttum. Hóllinn hefur verið sléttaður f toppinn og á honum stendur nú íbúðarhús auk steinsteypst súrheysturns austast. Trjám hefur verið plantað sunnan við sunnan íbúðarhússins. Framan, vestan, við húsið er um 1 m hár stallur á hólum sem húsið er byggt inn í. Hann hefur eflaust myndast við byggingu þess. Ekki er vitað hvenær húsið var byggt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



Túnakort fyrir EY-046 Hólkot

EY-046:002 heimild um útihús

66°02.777.N 18°40.848.V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 80 m austan við bæ 001 og um 10 m norðan við útihús 003. Sigríður Kristinsdóttir man eftir fjárhúsum á þessum stað.

Þar sem fjárhúsin voru er nú lág hæð á sinuvöxnu og smápýfðu svæði. Svæðið var sléttað í tún.

Engin ummerki fjárhúsanna sjást. Hugsanlega hefur hæðin myndast þegar húsunum var rutt út en ekki er hægt að fullyrða um það.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-046:003 heimild um fjárhús

66°02.776.N 18°40.872.V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 60 m ASA við bæ 001. Sigríður Kristinsdóttir man eftir fjárhúsum á þessum stað.

Þar sem fjárhúsin voru er nú lág hæð á sinuvöxnu og smápýfðu svæði. Svæðið var sléttað í tún.

Engin ummerki fjárhúsanna sjást. Líkt og með fjárhús 002 má vera að hæðin hafi myndast við það að

Þessum húsum var rutt út.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-046:004 þúst hesthús

66°02.755.N 18°40.954.V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 100 m sunnan við bæ 001. Sigríður Kristinsdóttir man eftir hesthús á þessum stað. Hesthúsið hefur verið um 30 m norðan við núverandi hesthús ájörðinni.


Þar sem hesthúsið var er nú kargabyfi.

Ekki er óhugsandi að byggingarlag sé á sumum þúfnanna þar sem hesthúsið var og eru þær hugsanlega hleðsluleifar. Þær mynda þó ekki skýra tóft svo erfitt er að fullyrða um hvort þær séu leifar hesthússins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-046:005 tóft stekkur

66°02.721.N 18°40.776.V



EY-046:005, stekkjartóft, mynd tekin í SSA

Um 200 m SSA (upp) frá bæ 001 er stekkjartóft á hól.

Grasivaxið svæði sem er farið að hlaupa í þúfur. Til norðurs er lítið gil.

Stekkurinn er norðarlega á hólnum og er niðurgraffinn í hólinn að sunnan. Stekkurinn er einfaldur og um 10 x 4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hvergi sést í grjóthleðslu en veggirnir eru um 0,6 m háir. Það skín í beranjarðveginn inni tóftinni og hún er alveg opin til norðvesturs.

Hættumat: engin hætta

EY-046:006 álagablettur huldufólksbústaður

66°02.680.N 18°40.632.V

Um 330 m suðaustur af bæ 001, við útjaðarinn á túninu var iðagrænn blettur sem aldrei var slegin, því

þar var trúað að huldufólk byggi samkvæmt Ástu Sigríði Kristinsdóttur heimildamanni.

Þýft svæði í kring en bletturinn er við fjallsrætur. Til norðurs er lækur og lítið gil en til suðurs rennur lítill lækjarspræna í votlendu grasi.

Ásta Sigríður Kristinsdóttir sagði að einhvern tímana hafi verið slegið á svæðinu í seinni tíð og eftir það hafi faðir hennar alltaf verið í einhverjum smá vandræðum með hrífurnar og eitthvað annað smávægilegt. Sigríður sagði einnig að móðir hennar hafi sagt henni að hún hafi hitt konu sem sagðist ætla að hugsa um hana því hún léti aldrei slá blettinn þó hann væri grænni og að góður vöxtur væri á honum alltaf.

Hættumat: engin hætta

EY-046:007 gerði kálgarður


66°02.765.N 18°40.798.V

Um 130 metra suðaustur af bæ 001 og um 80 metra norðvestur af stekk 005 er gerði líklega kartölfugarður

Gerðið er á smáþýfðu svæði sem eflaust hefur verið sléttað, fast vestan við gerðið er lækur.

Gerðið er um 1 0x20 metra stórt og snýr austur-vestur. Það er opið til austurs upp í fjallið, hleðsluhæð þess er um 0,2-0,3 m.

Hættumat: engin hætta



EY-046:007, kálgarður, mynd tekin til vesturs

EY-027 Burstabrekka

20 hdr. 1712. Hólastólseign. Jarðarinnar er getið á skrá um kúgildi með jörðum Hólastaðar frá 1449, (DI V, 38). Þá er hennar getið í Sigurðarregisteri sem inniheldur máldaga Hóladómkirkju þegar Jón Arason biskup tók við, máldaga klaustranna og nokkurra kirkna fyrir norðan land frá árinu 1525, (DI IX, 301). Jörðin er á skrá yfir eignir Hólastóls eftir að Jón Arason féll frá árið 1550, (DI XI, 862). Einnig er hennar getið í reikningi stólsins frá 1569, (DI XV, 230), og í kúgildareikningum hans frá 1570, (DI XV, 460) .. 1712 voru Neskot og Hallfríðarstaðir eyðihjáleigur (JÁM X, 36), Neskot var byggt aftur um og eftir síðustu aldamót. Nýbýlið Hlíð byggt 1917 á hálfu Burstabrekkulandi. Nokkrir sumarbústaðir hafa verið byggðir meðfram Ólafsfjarðarvatni í Burstabrekkulandi. (BE II, 86).

1917: 4.4 ha. 1/3 slétt. Garður 350 m². 1712: "Útigangur ut supra. Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi. Móskurður til eldiviðar lakur, brúkast ei. Lýngrif til eldiviðarstyrks með taði undan kvikfje. Silungsveiði ut supra. Kola og maurúngsveiði ut supra. Grasatekja lítil. Úthagarnir bjarglegir. Enginu hefur Burstabrekkuá spilt með grjótsáburði og eyðilagt þess besta part þar fyrir. Hætt er kvikfje ut supra" (JÁM X, 36). 1839: "Harðbalajörð, því tún hennar liggur á háum brekkum; hefir sæmilega stórt, en slitrótt og snögggt engi fyrir sunnan ána." (SSE, 58) 1918: "Stærð túna er 3,8 ha og eru þau í misgóðri rækt en þriðjungur þeirra er sléttur. Töðufall er um það bil 130 hestar. Af engjunum fást 300 hestar af léttu en hollu heyi." (HHII, 113) 1973: "Lélegt beitoland fyrir nautgripi en gott fyrir sauðfé. Silungsveiði í Ólafsfjarðarvatni." (BE II, 25) 1990: "Burstabrekkutúnið liggur framundan bænum en landamerki liggja nokkuð framan við ána þannig að dalurinn allur, beggja megin ár, tilheyrir Burstabrekku." (BE 1990, 86)

EY-047:001 Burstabrekka bæjarhóll bústaður

66°03.400.N 18°39.683.V

Bæjarhóllinn í Burstabrekku er beint vestur af núverandi fjárhúsi. Samkvæmt Jóni Konráðssyni heimildamanni stóð gamli bærinn í mörg ár eftir að nýja húsið var byggt 1966. Nýja íbúðarhúsið stendur austur af gamla bænum um 150 m.

Grasivaxið svæði sem liggur í aflíðandi hlíð. Norðar rennur lækur í skurði, í jaðri bæjarhólsins austurvestur. Heimreiðin að nýja húsinu er rétt norðan við lækinn.

Enginn merki sjást um bæjarhól þar sem gamli bærinn stóð þar sem allt hefur verið sléttað. Iðagrænt svæði er þar sem bæjarstæðið var, á svæði sem er 13 x 14 m að stærð og snýr norður-suður. Bæjarstæðið liggur í hlíðinni en varla er hægt að tala um eiginlegan bæjarhól á þessum stað. **Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-047:002 heimild um fjárhús

66°03.371.N 18°39.643.V

Fjárhús stóð um 60 m suð-austur af bæ 001 samkvæmt túnakorti 1917. Rétt norðan við fjárhúsið liggur


malarvegur að Dranga 012.

Gróíð svæði með leifum af gömlum steiptum grunni.

Á þessum stað eru leifar af steiptum grunni auk þess glittir f grjót á stangli, þó ekkert reglulegt. Mikil röskun hefur átt sé stað á svæðinu en eflaust hefur eitthvað af þessu tilheyrt gamalla fjárhúsinu. Svæðið er um 5 x 5 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



Túnakort fyrir EY-04 7 Burstabrekka

EY-047:003 heimild um fjárhús

66°03.395.N 18°39.639.V

Fjárhús var um 30 m beint austur af bæ 001 samkvæmt túnakorti frá 1917. Það hefur verið þar sem norðurendi núverandi fjárhús stendur. Heimreiðin að nýja húsinu er norðan við fjárhúsið.

Nýlegt fjárhús stendur þar sem fjárhúsið stóð og hefur nýja fjárhúsið verið stækkað töluvert.

Engar minjar sjást en Jón Konráðsson heimildarmaður sagði að fjárhúsið hafi lengið staðið á þessum stað og alla vega þrjár kynslóðir affjárhúsum og hið nýja alltafbyggt ofan á hið gamla.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-047:004 Hlíð bæjarstæði býli

66°03.455.N 18°39.596.V

Bærinn Hlíð var byggður í landi Burstabrekku 1917 segir í Byggðum Eyjarfjarðar. Stóð hann um 120 m norð-austur af bæ 001. Núverandi íbúðarhús í Hlíð, byggt 1955, stendur um 40 m norð-austur af þar

gamli bærinn stóð. Nýlegt fjárhús frá Hlíð er um 50-60 m suð-austur af gamla bæjarstæðinu. Túnið hefur verið sléttað og er grasivaxið. Vestan við er lítil brekka sem hallar niður til vesturs að heimreiðinni að Burstabrekku. Gamli vegurinn lá austanmegin við bæinn Hlíð samkvæmt Jóni Konráðssyni. Engar minjar sjást um gamla bæinn enda hefur allt verið sléttað. Bærinn stóð á litlum stall sem er 14 x 14 m að stærð. Ekki er hægt að tala um eiginlegan bæjarhól.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; BE 1990, 86

EY-047:005 heimild um útihús 66°03.402.N 18°39.657.V

Samkvæmt túnakorti 1917 stóð útihús um 20 m norð-austur af bæ 001. Húsin voru um 10-15 m norðvestan við núverandi fjárhús. Um 50 m norðar er heimreið að nústandandi íbúðarhúsi í Burstabrekku. Útihúsið stóð þar sem nú er skurður en hann liggur einnig í gegnum þústina þar sem gamli bærinn 001. Annað er grasivaxið og vel gróið.

Engar minjar er að sjá þar sem mikil röskun hefur átt sér stað þegar skurðurinn var grafinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-047:006 heimild um fjárhús 66°03.530.N 18°39.632.V

Fjárhús frá bænum Hlíð 004 stóð um 150 m norð-vestan af bænum Hlíð, samkvæmt túnakorti 1917.

Á þessum stað er grasivaxið svæði sem hefur verið sléttað.

Engar minjar sjást. Fjárhúsið stóð á lágum hól sem hét Rani samkvæmt Jóni Konráðssyni heimildamanni tilheyrðu rústirnar Hlíð. Hólinn er um 33 x 22 m að stærð og norður-suður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-047:007 frásögn fjárhús 66°03.397.N 18°39.554.V

Suðaustur um 110 m af bænum Hlíð 004 er lítill hóll og á honum voru tvö fjárhús (sjá einnig 008) frá Hlíð samkvæmt Jóni Konráðssyni heimildamanni. Núverandi íbúðarhús í Burstabrekku er um 3-40 m SSV.

Allt hefur verið sléttað undir tún. Heimildarmaður Jón Konráðsson sagði að hólinn hafi verið töluvert hærri eða allt um 2 m hár eða jafnvel hærri áður en hann var sléttaður niður.

Engar minjar sjást nú þar sem nú er sléttað tún þar er hólinn var.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-047:008 frásögn útihús 66°03.392.N 18°39.556.V

Um 10 m beint suður af fjárhúsi 007 og 120 m suðaustur af bæjarstæði Hlíðar 004 stóð útihús er sem tilheyrði Hlíð samkvæmt heimildarmanni Jóni Konráðssyni.

Þar sem útihúsið stóð er nú sléttað tún. Jón Konráðsson heimildarmaður segir að hólinn hafi verið töluvert hærri eða allt um 2 m hár eða hærri.

Engar minjar sjást nú þar sem nú er sléttað tún þar er hólinn var.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-047:009 Neskot bæjarstæði býli 66°03.385.N 18°39.987.V

1712: "Neskot, forn eyðihjálga, sunnanvert við Burstabrekkuá. Ekki hefur hún bygst í manna minni, og því veit enginn um byggingarkosti að undirjetta. Ekki má hjer aftur byggja, því áin hefur túnstæðið að mestu eyðilaggt." segir í Jarðabók Áma og Páls. Um sama kot er getið í örnefnaskrá: "Neskot er talið hafa verið niðri við árósin, fast við Burstabrekkuána. Sumir kalla nú þarna Kringugerði ... " Í Byggðum Eyjafjarðar segir um býlið: "Á eyrarodda sunnan við ána þar sem hún fellur í vatnið stóð bærinn Neskot um og eftir síðustu aldamót ... " Neskot/Kringlugerði var um 230 m VSV af bæ 001. Kotið var um 250 m austan við Ólafsfjarðarvatn. Það stóð þar sem þjóðvegurinn liggur nú að Lágheiðinni, nálega þar sem Burstabrekkuá rennur í austri undir veginn. Áin rennur nú beint þar sem Neskot stóð samkvæmt Jóni Konráðssyni en farvegur hennar breyttist töluvert er farið var að virkja Burstabrekku á ofar í hlíðinni.

Malbikaður Þjóðvegur liggur nú þar sem Neskot stóð. Austan við það er gil sem áin rennur úr hlíðinni. Að vestan er hallinn ekki eins mikill.

Í Hundrað árum í Horninu (II bindi) segir: "Ólafsfirðingum fjölgaði mikið á seinustu árum 19. aldar „ásóknin í jarðnæði jókst líka mikið. Víða urðu til hjáleigur og tómthús sem í sumum tilfellum er vart hægt að kalla annað en kot. Svo var t.d. um ... Neskot í landi Burstabrekku Þessi kot voru agnarsmá og byggð af miklum vanefnum. Það eru kot afþessari gerð sem séra Magnús Jósefsson lýsti

svo í Norðanfara árið 1883: "Að utan sjezt ekki annað en að það sje fjárhús, komum inn í baðstofuna, þár er rúm fyrir gafli og annað til hliðar og ekkert bil á milli, en við enda annars rúmsins stendur kýrin og er flórin rjett fyrir innan dýrnar 4-5 ferálnir; það er hey í rúmunum, en engin sæng, en leppar breddir yfir heyið, annað er ekii itil að breiða ofan á sig.""

Engar minjar sjást vegna vegagerðar og rask vegna árinna. Jón Konráðsson segist muna vel eftir staðsetningu býlisins enda hefði áin aðeins breytt um farveg eftir að farið var að virkja hana.

Hættumat: hætta, vegna vatnsaga

Heimildir: Járn X, 36; ÖÖL, 53; BE 1990, 86; HH II, 101

EY-047:010 Hallfredarstaðir garðlag býli

66°03.237.N 18°40.097.V



EY-047:010 Hallfredarstaðir, horft til vesturs


1712: "Hallfredarstader heitir önnur eyðihjáleiga suður og upp frá Neskoti [009]. Um hana er sama að segja og hina [Neskoti 009] að hún hefur ekki byggt í manna minni, og því skrifast hjer ekki hennar byggíngarkostir. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæði er lítið og mest alt í holt uppblásið." segir í Jarðabók Áma og Páls. Í örnefnaskrá segir: "Neskoti [009] er talið hafa verið niðri við árósin, fast við Burstabrekkuána. Sumir kalla nú þarna Kringlugerði og Litlagerði ofar, nálægt Hallfredarstöðum." Ekki er alveg ljóst hvar Hallfredarstaðir voru en um 430 m suðvestan við bæ 001 og um 200 m austan við þjóðveg er garðlag sem hugsanlega er leifar túngarðs á Hallfredarstöðum og hefur lifað í munnmælum sem slíkt.

Garðlagið er í grasivöxnum móa en hér og þar umhverfis eru mýrarspildur. Bæði norðan og sunnan við svæðið sem garðlagið afmarkar renna lækir sem hafa grafið sig niður í jarðveginn.

Garðlagið er L-laga. Það liggur frá vestri til austurs, tekur svo sveig og liggur þá norður-suður. Garðlagið er samtals um 77 m langt, all víða rofið vegna vatnságangs. Það er um 1 m á breidd og hæst um 70 cm. Garðlagið er gróið og hvergi sér í grjóti í því. Það afmarkar svæði sem er um 35 x 35 m stórt.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: JÁM X, 36. ÖÖL, 53



EY-047:011, Kringulegrði, mynd tekin til suðurs

EY-047:011 Kringlugerði tóft rétt

66°03.255.N 18°40.199.V

"Sumir kalla nú þarna [hjá Neskoti 009] Kringlugerði og Litlagerði ofar, nálægt Hallfredarstöðum."

segir í örnefnaskrá. Tóft er um 300 m suðvestur frá Neskoti og um 25 m vestan við þjóðveg. Allt í kring er vel þýft og norðan við liggur vegur heim að sumarhúsum við Ólafsfjarðará. Tóftin er einföld og er um 11 x 9 m stórt og snýr austur-vestur en er opið til norðurs. Að inna er grasið vel þjappað og mýrlendi hefur myndast þar í seinni tíð. Suðurhlíðin hefur verið stungin niður í hólinn og er hæðin um 1,8 m en svo lækka veggirnir báðu megin (austur- og vesturveggur). Þeir eru hlaðnir úr torfi. Heimildarmaður segist vel muna eftir réttinni og að hún hafi verið notuð við fráfærur. Samkvæmt Örnefnaskrá mætti draga þá ályktun að nafnið Kringlugeri væri annað heiti yfir Neskot 009. Hins vegar er sennilegt að nafnið hafi færst til á þá rétt er hér er skráð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ól, 53

EY-047:012 Drangi gata leið


66°03.250.N 18°39.489.V

Í Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðar frá 1839 segir: "Upp frá Burstabrekku er gengið en ekki riðið yfir Dranga að Karlsá á Upsaströnd ...". Í örnefnaskrá er ítarlegri lýsing á sömu leið. "[Burstabrekkudalur] skerst suðaustur og suður í fjallgarðinn og nær að fjalli því, sem Drangi kallast. Þaðan þvert austur yfir liggur gönguleiðin "yfir Dranga" og verður þar þá fljótt fyrir botn Karsárdals í Svarfaðardalshreppi." segir í örnefnaskrá. Leiðin liggur úr Ólafsfirði og til Dalvíkur. Hún lá hjá Burstabrekku, til austurs upp fjallshlíðina. Þar sem leiðin liggur í landi Burstabrekku eru slétt tún norðan við hana, neðst eða vestast og mói sunnan við. Eftir því sem hærra kemur breytist gróðurinn í lyng og síðar er þar ber melur.

Nú er mjór en að einhverjum hluta akfær slóði þar sem leiðin lá. Í Lýsingu Eyjafjarðarsýslu frá 1949 segir um leiðina yfir Dranga: "'Drangi kallast leið, sem farin er upp úr Karlsárdal á Upsaströnd ... Norður úr skarðinu er hlíðin snarbrött niður í Burstabrekkudal, sem er gróðurnauður en girtur bröttum klettahlíðum. Í honum er dálítið stöðuvatn. Norður dalinn er greiðfær leið niður að Burstabrekku í Ólafsfirði ... Yfirleitt þykir leiðin yfir Dranga auðfarin gangandi mönnum og skemmtileg. Hún er 3-4 stunda ferð bæja á milli."

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSE, 63. Ö-Ól, 53. LE I, 175.



EY-047:013 Gamlistekkur

EY-047:013 Gamlistekkur tóft+garðlag stekkur

66°03.054.N 18°39.913.V

"Neðan við Hæðir er Engið, og í því miðju eru tóftarbrotin Gamlistekkur." segir í örnefnaskrá. Gamlistekkur er um 660 m SSV af bæ 001 og um 370 m norðan við Kirkjustein 016. Umhverfis þær er garðlag. Tóftirnar og garðlagið eru í þýfðum móa. Hér og þar eru mýrarspildur.

Tvær tóftir eru á Enginu á svæði sem er um 26 x 20 m stórt og snýr norður-suður. Tóft A er um 12 m norðan við tóft B. Hún er þrískipt, um 11 x 9 m stór og snýr austurvestur. Hólfir eru hlið við hlið og snúa öll austur-vestur. Syðsta hólfið (1) er um 4 x 2 m að stærð, það er opið alveg til austurs. Næsta hólfið (2) er norðan við (1). Það er öllu stærra, um 5 x 3 m stórt. Hólfið er einnig opið alveg til austurs. Norðurveggur þess (2) nær lengra til vesturs en aðrir veggir tóftarinnar og myndar eins konar innrekstraraðhald við tóftina. Nyrsta hólfið (3) er minnst og óskýrast. Það er um 3 x 1 m stórt. Ekkert op er á því en það hefur líklega verið heygardur. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 70 cm og hvergi sér í grjóti. Tóft B er 12 m sunnan við A. Hún er einnig þrískipt. Tóftin er um 10 x 4 m stór og snýr austur-vestur. Vestasta hólfið (1) er um 4 x 3 m stórt, það snýr eins og tóftin. Dyr eru á því



EY-046:013 Gamlistekkur mynd tekin til NNV

norðarlega á vesturvegg. Hólf (2) er austan við (1) það er um 3 x 3 m stórt. Ekkert op er á því hólf. Hólf (3) er loks austan við hólf (2). Það er um 3 x 2 m stórt og snýr austur-vestur. Hólf (3) er opið á miðjum austurvegg. Hleðslur tóftarinnar eru um 50 cm háar þar sem þær eru hæstar og hvergi sér í grjóti í þeim. Sunnan og austan við tóftirnar er óskýrt garðlag sem liggur í sveig frá vestri til suðurs og þá til norðausturs. Brotnað hefur úr því að hluta sunnan við syðri tóftina vegna lækjar sem þar rennur. Garðlagið er um 1 m hátt þar sem það er hæst, ef mælt er norðan og vestan við það, en svo er sem það sé að hluta stungið niður.

Garðlagið er því ekki jafn hátt ef mælt er austan og sunnan við það, þar er það einungis um 40 cm hátt. Hvergi sér í grjóti í garðlaginu

sem virðist eingöngu hafa verið hlaðið úr torfi. Það er alls um 70 m langt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-ÖL, 53

EY-047:014 heimild um útihús

66°03.222.N 18°39.260.V

Jón Konráðsson man eftir tóftum í suðausturhorni núverandi túns, við fjallsrætur. Tóftirnar voru um 460 m suðaustan við bæ 001 og um 750 m austan við tóft 017.

Þar sem tóftirnar voru er nú ræktað tún. Um 5 m vestar er skurður sem liggur nálega norður-suður. Ofar (austar) er brött lyngivaxin hlið og þá snarbrött fjallshlíðin.


Engin ummerki tóftanna sjást nú á yfirborði. Hér er túnið fremur dældótt en ekkert byggingarlag er greinanlegt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-047:015 garðlag

66°02.799.N 18°39.484.V

Um 900 m suðaustur af bæ 001 og um 270 m austan við Kirkjustein 016 er garðlag.



Garðlagið liggur í móa, hann er þýfður á stöku stað og allvíða lyngivaxinn. Norðvestan við garðlagið eru sléttuð tún.

Garðlagið liggur nálega norðurvegur-suðaustur. Það er nokkuð hlykkjótt, sérstaklega nyrst og víða er það sundurskorið af leysingalækjum. Það er þó allstórt og greinilegt víðast hvar. Garðlagið er alls um 150 m langt, það er um 80 cm breitt og hæst um 1, 1 m en lægst einungis um 20 cm. Það hverfur í sléttuð tún að norðan en deyr smám saman út að sunnan. Vel má vera að það hafi náð lengra til beggja átta, sérstaklega til norðurs. Hlutverk garðlagsins er ekki þekkt, það er nokkuð nálægt merkjum mótis Hólkoti (EY-046) en þar sem það liggur nær því á merkin verður að teljast ólíklegt að hér sé um landamerkjagard að ræða. Garðlagið liggur einnig upp í mót í fjallshlíðinni en ekki því á hana svo það hefur virkað illa sem varnargarður.

Hættumat: engin hætta

EY-047:016 frásögn stekkur

66°03.065.N 18°40.276.V

Jón Konráðsson heimildamaður man eftir annarri stekkjartóft (en 020) á sumarþústaðalóð sinni. Umrædd tóft var um 50 m norðaustan við tóft (020). Stekkurinn var um 770 m sunnan við bæ 001.

Þar sem stekkurinn var hafa verið settir niður stöplar sem eru grunnur af íbúðarhúsi sem Jón hefur í hyggju að byggja. Fast vestan, sunnan og norðan við vaxa tré en austan við er malarplan.

Engin ummerki stekkjans sjást. Samkvæmt heimildamanni var hann tvískiptur.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


EY-047:015, garðlag,
horft til norðvesturs

EY-047:017 tóft útihús

66°03.297.N 18°40.227.V

Tóft er um 150 m norðvestur af Hallfreðastöðum 010. Þetta eru útihús er tilheyrðu Hallfreðarstöðum 010. Um 100m vestan við tóftina er sumarhús og Ólafsfjarðarvatn.

Tóftin stendur á litlum hól sem er grasivaxin. Mikið hefur verið sléttað umhverfis að norðan og austan en til suðurs er lítill brekka og þar fyrir neðan er malarplan.



EY-047:017 útihúsatóft, mynd tekin til norðvesturs

Tóftin er einföld og um 10 x 7 m að stærð og snýr austur-vestur. Norðurveggur er um 0,6 m að hæð og sést glitta í grjóti á einum stað í norðvesturendanum. Vesturveggurinn er ekki eins greinilegur og sjást eingöngu um 3 m af honum og er hann nokkuð siginn. Að sunnan er veggurinn alveg horfin en austurhliðin er um 7 m löng en frekar sigin eða um 0,2 m að hæð. Hugsanlegt að op hafi verið á tóftinni í suðvesturhorni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-047:018 náma mógrafir

66°03.145.N 18°39.800.V

Mógrafir eru um 160 m norðaustan við Gamlastekk 013 og um 480 m sunnan við bæ 001.

Mógrafimar eru í mýrarspildu sem er umkringd lyngivöxnum holtum.

Grafirnar eru á svæði sem er um 13 x 12 m stórt og snúa norður-suður. Þær eru um það bil þrjár, um 8 x 2 m stórar, um 1 m djúpar og mjög blautar.

Hættumat: engin hætta

EY-047:019 Torfanef heimild um rist

66°03.272.N 18°40.298.V


"Norðan ár er Burstabrekkueyri við vatnið ... sunnar með vatninu er Torfunef og Torfunefsholt" segir í örnefnaskrá. Torf var rist á Torfunefni sem er um 520 m norðvestur af bæ 001, fast við Ólafsfjarðarvatn.

Á Torfunefi eru nú tvö sumarhús. Landið er gróið grasi og tré hafa verið gróðursett næst húsunum.

Engin ummerki ristú sáust á svæðinu enda gróa slík ör fljótt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 54.



EY-047:020, stökkjartóft, mynd tekin til VSV

EY-047:020 tóft stekkur



66°03.062.N 18°40.344.V

Stökkjartóft er um 100 m austan við þjóðveg og um 800 m SSV við bæ 001. Tóftin er á sumarhúsaloð Jóns Konráðssonar.

Tóftin er umkringd trjám og fast sunnan við hana er kartöflugarður.

Tóftinni hefur mikið verið raskað. Jón Konráðsson sagði frá því að hann hafði grafið inn úr henni. Suðurveggur tóftarinnar er horfinn og ekki er ljóst hvar hann var. Tóftin er nú U-laga, um 16 x 6 m stór og snýr norður-suður. Hún er opin til suðurs. Veggir hennar eru hæstir um 1,2 m og hvergi sér í grjóti. Veggirnir eru mjög réttir og ekkert signir sem bendir til þess að hleðslur þeirra hafi verið lagfærðar í seinni tíð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en heimildamaður hélt að þarna hefði jafnvel verið stekkur.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



EY-047:021, stökkjartóft, mynd tekin til vesturs

EY-047:021 tóft stekkur


66°03.335.N 18°39.832.V

Stökkjartóft er um 160 m SSV við bæ 001 og um 400-500 m austan við þjóðveg.

Tóftin er á þýfðu svæði sunnan og vestan undir grýttu og lyngivöxnu holti. Vestan við hana er brött hlíð niður að þjóðvegi.

Tóftin snýr austur-vestur. Hún er tvískipt um 6 x 3 m stór. Hún er stungin inn í holtið að norðan en aðrir veggir eru hlaðnir úr torfi. Hleðslan hæst um 1 m. Eystra hólfið er minna. Það snýr norður-suður og er um 2 x 1 m stórt. Ekkert op er á því. Vestara hólfið snýr eins og tóftin. Það er um 4 x 3 m stórt, opið nyrst á vesturhlið. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en af lögun og staðsetningu hennar að dæma er þetta stekkjartóft.

Hættumat: engin hætta



EY-047:022, kálgarður, mynd tekin til norðurs

EY-047:022 gerði kálgarður

66°03.335.N 18°39.804.V

Um 5 m norðaustan við stekk 021 og um 150 m sunnan við bæ 001 er gerði.

Gerðið er í suðurhlíð hóls sem er skammt sunnan við tún við bakka Burstabrekkuár. Hóllinn er gróinn lyngi, nokkuð grýttur og hér og þar skín í beranjarðvegin.

Gerðið er um 17 x 12 m stórt. Það snýr austur-vestur og op er á það í suðausturhorni. Austur- og norðurhliðar þess eru stungnar inn í hólinn en aðrar hliðar eru hlaðnar úr torfi. Hleðslan er hæst um 1 m í suðurveggnum en annars staðar er hún um 30 cm há. Gerðið afmarkar að öllum líkindum matjurtagarð af einhverju tagi.

Hættumat: engin hætta

EY-048 Hornbrekka

20 hdr. 1712. Hólastólseign. Jarðarinnar er getið í málþaga Kvíabekkjarkirkju frá 1461. Þar segir: "Jtem tok biskup olaf ath sier þriar kyr a hornbrecku oc leit sex dandemenn meta ... " (DI V, 258). Sama ár er þess getið að bænhúsið á Hronbrekku sé lítt standandi. (DI V, 356). 1471 er jörðin gefin Hóladómkirkju (DI V, 600). Þá er hennar getið í Sigurðarregisteri sem inniheldur málþaga Hóladómkirkju þegar Jón Arason biskup tók við, málþaga klaustranna og nokkurra kirkna fyrir norðan land frá árinu 1525, (DI IX, 301). Jörðin er á skrá yfir eignir Hólastóls eftir að Jón Arason féll frá árið 1550, (DI XI, 862). Þá er jarðarinnar getið í reikningi stólsins frá 1569, (DI XV, 230) , og í kúgildareikningum hans frá 1570, (DI XV, 460). Bænhús var hér á miðöldum. 1487: "anno domini m cd lxxx septimo þa er biskup olaf reid j visitacionem norðr Reiknadizt suo margar haltkirkjur oc bænhus [J kviabeckiar]þingvm Jtemj hornbreckv bænhus litt standanda" (DI V, 355-56). Atbýlin Sandkirkja, Háiskáli og Tjarnarkot stóðu á Ólafsfjarðarhorni en þar risu einnig fjölmargar þurrabúðir og grasbýli og síðar verslunarstaðurinn Ólafsfjörður (BE II, 108). 1712: "Verbúðir hafa hér fimm verið, sem nú eru allar af fallnar, skipeigendur hygðu þær á sinn kost, en brúkuðu landið til ristu og stúngu. Sandkirkja, eyðihjáleiga. Bygð út og niður frá heima jörðinni fyrir manna minni, og varaði bygðin inn til næstu 13 ára, afdeild einasta að túni og útslægjum ... ekki má hjer aftur byggja, því túnið er fordjarfað af sandfoki og verður ekki slegið. Háe skále, forn þurrabúð út við sjóinn, hefur ekki bygst í manna minni, nema um fáein ár einum fátækum manni, sem lifði á sjáfarafla. ... Búðina má aftur uppbyggja með sama hætti, ef sjáfarafla gæfist." (JÁM X, 37-38). Jarðarinnar Sands er getið í Guðmundar sögu dýra og gæti verið sama jörð og Sandkirkja. (Sturlunga saga 166-167) Hornbrekka fór í eyði 1935 og var keypt af hreppnum 1944. (BE II, 108). Velflest ömfui í Hornbrekkulandi virðast týnd enda heilt kauptún risið innan marka jarðarinnar og landslag breyst mikið,, 1917: 4.1 ha. 1/3 slétt. 1712: "Útigangur nokkur í fjörunni, en lakur á landi, og þarfrosknu fje að atla hey hjer um bil til helmínga. Torfrista og stúnga lök og sendin. Móskurður hefur að fornu verið, en finst nú ei, þó leitað sje. Lýngrif til eldiviðarstyrks með taði undan kvikfje. Silúngsveiði í Ólafsfjarðarvatni ut supra. Kola og maurúngsveiði ut supra. Rekavon í betra lagi, og nýtur ábúandi leiguliðagagna, en umboðsmaður leggur við til húsanna og tekur það sem auk er til húsbótar öðrum stólsins jörðum. Enginu spilla skriður úr fjallinu. Úthagarnir haglitir fyrir stórgripi. Vatnsból bregst stundum á vetur, og eru þá brynningar mjög torsóktar og óvissar. Heimræði er hjer, og hefur áður lending góð verið, en nú hefur borið í lendinguna, og er hún þar fyrir valla brúkandi. Inntökuskip haf hjaer ekki verið undir 20 ár, en áður voru þau flest 6, það menn til minnast, en oftast færri. Vertollur var ýmist fiskavætt undir hvört skip eður fiskur af hvörjum róðri, kallast lóðarfiskur, og tók stólsins umboðsmaður oftast þessa undirgift." (JÁM X, 37). 1839: "Hún er undirorpin skriðurennslum á völl og engi úr Tindaaxlarfjallinu fyrir ofan bæinn, hefir nokkurt en þar hjá snögglennt engi." (SSE, 58) 1918: "Tún er í góðri rækt en þó snögglennt Stærð þess er óviss en það gefur af sér 80 hesta. Engjar eru snögglenndar og votlendar en eru þó greiðfærar og samliggjandi og þangað er stutt að sækja þá 225 hesta af góðu heyi sem þær gefa af sér. beitarland er gott en það er samt vindasamt og snjóþungt Fjörubeit og mótak er nokkuð ... Torfrista er ekki góð ... " (HHII, 113)

EY-048:001 Hornbrekka bæjarhóll bústaður

66°04.021.N 18°38.944.V

"Bæjarhúsin að Hornbrekku stóðu nokkru utar og ofar en samnefnt dvalarheimili aldraðra stendur nú. Eru þar nú aðeins tóftir." segir í Byggðum Eyjafjarðar. Burstabrekkuþærin stóð neðan við fjallsrætur í aflíðandi brekku um 500 m ofan (austan) við þar sem nú er fótboltavöllur og um 400 m norðaustan við samnefnt dvalarheimili. Þærin stóð fast neðan, vestan við veg sem nú liggur norður-suður í fjallshlíðinni. Jörðin fór í eyði 1935.

Austan vegarins, sem er fast austan við bæjarhólinn eru sléttuð tún en í aðrar áttir er grasivaxinn mói. Milli bæjarhólsins og vegarins er skurður sem liggur norður-suður.

Bæjarhóllinn er mjög stæðilegur. Hann snýr norður-suður og er um 25 x 20 m stór og 3-4 m hár. Hóllinn er ógróinn vestast en þar hefur uppkast úr áðurnefndum skurði verið sett og má ætla að hóllinn hafi raskast við þá framkvæmd. Annars staðar er hann vaxinn sinu. Engar tóftir eða skýrar hleðsluleifar eru á hólnum. Samkvæmt heimildarmanni, Jóni Konráðssyni, stendur til að reista varnargarð á þessum slóðum og gæti hóllinn verið í hættu af þeim sökum.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917; BE 1990, 108

EY-048:002 heimild um bænhús

66°04.029.N 18°38.936.V

1487: " anno domini m cd lxxx septimo þa er biskup olaf reid j visitacionem norðr Reiknadizt suo margar haltkirkjur oc bænhus [J kviabeckiar]þingvm Jtem j hornbreckv bænhus litt standanda"

segir í Íslensku fornbréfasafni, Árni Magnússon og Páll Vídalín minnst ekki á bænhús í Hornbrekku f jarðabók sinni frá 1712 og hefur það þá verið niðurfallið og ef til vill týnt. Ekki er vitað hvar bænhúsið stóð og engar sögur fara af fundnum beinum eða öðru sem gefið gæti vísbendingu um staðsetningu þess. Þar sem bænhús voru undantekningalítið nærri bæ var hnit tekið á norðurbrún bæjarhólsins, fast sunnan við þurran lækjarfarveg sem þar er. Það skal þó ítreka að staðsetning þess er ekki kunn. Bænhúsið er í hættu af sömu sökum og bæjarhóllinn 001.

Austan vegarins, sem er fast austan við bæjarhóllinn eru sléttuð tún en í aðrar áttir er grasivaxinn mói.


Milli bæjarhólsins, oi vegarins er skurður sem liggur norður-suður.

HORNBREKKA I OLAFSFIRÐI (KVIABEKKJARÞING) (E) D BÆNHUS

1487: lítt standanda DI V 356

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: DI V, 355-56.



Túnakort fyrir EY-048 Hornbrekku

EY-048:003 heimild um útihús

66°03.940.N 18°38.994.V

Um 160 m suðvestur af bæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti 1917. Á umræddum stað liggur nú malarvegur norður-suður eftir hliðinni. Um 400 m austur er dvalarheimilið Hornbrekka í um 400 m fjarlægð. Til suðurs um 100 m liggur vegur frá fyrr greindum veg að dvalarheimilinu. Þar sem úthúsið stóð er nú grasivaxin sléttuð hlið.

Engar minjar sjást þar sem bæði vegur hefur verið lagður yfir austurhlutann sem og allt hefur verið sléttað.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar**Heimildir:** Túnakort 1917**EY-048:004** heimild um útihús

66°04.001.N 18°88.946.V

Samkvæmt túnakorti 1917 var útihús um 40 m suður af bæ 001. Um 15 m austur liggur malarvegur. Grasivaxin hlið sem hefur verið sléttuð.

Engar fornleifar sjást þar sem húsið stóð. Allt svæðið hefur verið sléttað og grafið hefur verið fyrir skurði, sem liggur norður-suður, yfir hluta af ofangreindum stað.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar**Heimildir:** Túnakort 1917

EY-048:005, útihúsatóft, mynd tekin til norðausturs

EY-048:005 tóft útihús

66°04.051.N 18°38.870.V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 80 m norðaustur af bæ 001. Um 5 m vestar er skurður en um 20 m fyrir neðan hann til vesturs er malarvegur er liggur norður-suður eftir hliðinni. Tóftin er á suðurendanum á skíðasvæði Ólafsfirðinga.

Þýft og grasivaxið svæði. Til austurs er fremur brött hlið sem að hluta hefur verið sléttuð en annars er hún mosavaxin og grýtt.

Tóftin er einföld og snýr norður-suður. Hún er um 13 x 5 m að stærð. Austurveggurinn hefur verið grafinn niður í hliðina en til norðurs er frekar óljós hryggur sem hugsanlega hefur verið veggur. Á vesturveggnum glittir í nokkra steina sem og við suðurendann hefur orðið mikill röskun þar sem ljósastaur stendur rétt suður af tóftinni. Í bæði austur- og vesturvegg sést sumstaðar glitta í tvær hleðsluraðir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1917**EY-048:006** heimild um útihús

66°04.055.N 18°38.889.V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 20 m vestan við útihús 005 og um 75 m norðan við bæ 001.

Þar sem úthúsið var er nú sinuvaxinn mói og vegslóði sem liggur norður-suður í fjallshlíðinni.

Engin ummerki hússins sjást enda hefur svæðið þar sem það stóð verið sléttað að einhverjum hluta við vegagerð.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-048:007 heimild um lendingu

1712: "Heimræði er hjer, og hefur áður lending góð verið, en nú er hún stórlega fordjörfuð af sandgrynningum sem sjóinn hefur borið í lendinguna, og er hún þar fyrir valla brúkandi." segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Ekki er vitað hvar sú lending sem hér er nefnd hefur verið. Ekki er vitað hvar sú lenging sem Árni og Páll geta um í Jarðarbók sinni hefur verið. Vísast hefur lendingin í Hornbrekku verið færð til í gegnum árin eftir því hvað hentaði hverju sinni og því er ógreiningur að staðsetja lendinguna nákvæmlega.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 37

EY-048:008 heimild um verbúð

"Verbúðir hafa hjer fimm verið, sem nú eru allar af fallnar, skipeigendur hygðu þær á sinn kost, en brúkuðu landið til ristur og stúngu." segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Ekki er vitað hvar nefndar verbúðir voru.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 37

EY-048:009 Sandkirkja bæjarstæði býli

66°04.418.N 18°38.690.V

1712: "Sandkirkia, eyðihjállega. Bygð út og niður frá heimaörðinni fyrir manna minni, og varaði bygðin inn til næstu 13 ára, afdeild einasta að túni og útslægjum ... Fóðrast kunni I kýrþingi ... Ekki má hjer aftur byggja, því túnið er fordjarfað af sandfoki og verður ekki slegið." segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Í örnefnaskrá segir: "Sandkirkja mun hafa verið nálægt Aðalgötu. Líklega hefur þar kirkja verið einhvern tíma í fyrminni." Nákvæm staðsetning býlisins er ekki þekkt. Hnit var tekið við Aðalgötu 1. Þar er nú íbúðahverfi.

Í Hundrað árum í horninu segir "Snemma á þessari öld hugðust bræður tveir frá Hornbrekku, synir Jakobs Ingimundarsonar, auka við húsakost jarðarinnar. Byrjuðu þeir að grafa fyrir húsi á þeim slóðum þar sem prestsetrið gamla stendur nú en komu þá niður á fornt eldstæði og fundu mannabein. ... er vel hugsanlegt að eldstæðið og beininn í grunni gamla prestsetursins vísi til Sandkirkju eða Sands, jarðar á þessum slóðum á fyrstu öldum byggðar í Ólafsfriði." Gamla prestsetrið er þar sem nú stendur Bókasafn Ólafsfjarðar (sjá Sandvelli 011). Hugsanlegt er því að um sama býli sé um að ræða.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM X, 37; Ö-Ól, 5; HH I, 12.

EY-048:010 Háiskáli heimild um bústað

66°04.390.N 18°38.659.V

1712: "Háe skále, forn þurrabúð út við sjóinn, hefur ekki bygt í manna minni, nema um fáein ár einum fátækum manni, sem lifði af sjávarafli Búðina má aftur upp byggja með sama hætti, ef sjáfarafli gæfist." segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Í örnefnaskrá segir "Háiskáli mun hafa verið yzt í landi Hornbrekku, því að Jarðabókin segir hana út við sjóinn." Við Brekkugötu 15 stendur steinsteypt, bárujárnsklætt hús frá árinu 1934. Það ber nafnið Háiskáli og mun vera á svipuðum slóðum og þurrabúðin var.

Brekkugata er í íbúðahverfi í hlíðinni ofan við Aðalgötu.

Í Hundrað árum í horninu segir: "Fardagaárið 1897-98 reistu þau Þorsteinn og Sigurbjörg sér torfbæ rétt fyrir ofan húsaþyrpinguna í Ólafsfjarðarhorni í rótum fjallsins Tindaaxlar á þeim stað þar sem Háiskáli hafði staðið forðum og nefndist þær þeirra einnig Háiskála." Engar minjar sáust við húsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 37; Ö-Ól, 5; HH I, 72

EY-048:011 Sandvellir bæjarstæði býli

66°04.232.N 18°39.122.V

1839: "Þar [er] eyðikot Sandvellir, með graslausum sandbreiðum í kring." segir í Sýslu- og sóknalýsingum Eyjafjarðar. Ekki er vitað hvar býlið stóð. En þegar framkvæmdir fóru fram austan við Bókasafnið í Ólafsfirði kom upp lýsiskola. Skráningarmönnum var sýnd kolan og fylgdi sögunni að við Bókasafnið hefði staðið bærinn Sandhólar sem gæti verið sami bær og Sandvellir sem nefndir eru í Sýslu og sóknarlýsingum Eyjafjarðar. Bókasafnið er um 400 m norðvestan við bæ 001 í Hornbrekku.

Nú er slétt grasflöt austan við safnið.

Í Hundrað árum í horninu segir "Snemma á þessari öld hugðust bræður tveir frá Hornbrekku, synir Jakobs Ingimundarsonar, auka við húsakost jarðarinnar. Byrjuðu þeir að grafa fyrir húsi á þeim slóðum þar sem prestsetrið gamla stendur nú en komu þá niður á fornt eldstæði og fundu mannabein. ... er vel hugsanlegt að eldstæðið og beininn í grunni gamla prestsetursins vísi til Sandkirkju eða Sands, jarðar á

Þessum slóðum á fyrstu öldum byggðar í Ólafsfriði." Í sömu bók segir einnig: "Eins og síðar mun koma fram hét fyrsta þurraþúðin í Ólafsfjarðarhorninu eftir að þéttbýlismyndun hólf, Sandvelliir ... Ég tel því líklegast að einhverntíma eftir ... 1775- 77 hafi kotið Sandvelliir byggst við niður við sjávarsíðuna en fljótlega farið aftur í eyði og verið það allt til 1883 ... " Gamla prestsetrið er þar sem nú stendur Bókasafn Ólafsfjarðar. Hugsanlegt er því að um sama býli og Sandkirkju 009 sé um að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSE, 58; HH I, 20

EY-048:012 Tjarnarkot bæjarstæði býli

66°04.308.N 18°38.939.V


Í Byggðum Eyjafjarðar II bindi segir: "Getið er þriggja afbýla á jörðinni frá fyrri tíð; Sandkirkju [009], Háaskála [010] og Tjarnarkots." Í Hundrað árum í horninu segir "Árið 1889 byggði sér torfbæ maður að nafni Sigurður Sveinsson og hét bærinn Tjarnarkot. ... Tjarnarkot stóð þar sem Hraðfrystihús Ólafsfjarðar stendur nú [1984]."

~taðurinn var ekki skoðaður á vettvangi.

Í Hundrað árum í horninu segir: "Árið 1898 kemur nafnið Tjarnarkot ekki fyrir í gjörðabókum hreppsins. Þess í stað er Eðvald Jónsson sagður eiga heima í ystabæ. Er hér um sama torfbæinn að ræða og var þetta nafn oft síðar notað um bæinn." Einnig nefnd Þorlákshúsið og Tjörn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: BE 1990, 108; HH I, 67, 73.



EY-048:013, útihúsatóft, mynd tekin til norðausturs

EY-048:013 þúst bústaður

66°03.937.N 18°38.928.V

Jón Konráðsson man eftir íbúðarhúsi úr torfi og gjóti sem stóð suðaustan við bæ 001. Það var um 160 m suðaustan við bæ 001, um 500-600 m austan við dvalarheimilið Hornbrekku og um 100-150 m austan við veg sem liggur norður-suður í fjallshlíðinni. Þar eru dældir og hleðslugrjót. Dældirnar eru í sinu vöxnum móa. Norðar eru sléttuð tún.

Jón Konráðsson sem er fæddur árið 1959 og ólst upp á Burstabrekku mundi vel eftir húsinu. Þar sem það stóð eru nú tvær samsíða dældir á svæði sem er um 15 x 9 m stórt og snýr norður-suður. Dældirnar snúa nálega austur-vestur og eru báðar um 9 x 6 m stórar. Sú syðri er um 80 cm djúp en sú nyrðri er grynri um 50 cm á dýpt. Austurbrúnir dældanna eru greinilegastar og í nyrðri dældinni má sjá móta fyrir hleðslugrjóti við hana.

Hættumat: engin hætta

EY-048:014 Sæland frásögn bústaður

66°04.392.N 18°38.812.V

Albert Magnússon, fæddur 1923 og uppalinn í Hringverskoti man eftir bænum Sælandi sem stóð á hól aftan (vestan), við Sparisjóðinn í Ólafsfirði. Hann mundi eftir bæjartóftinni. Bærinn var um 1,2 km norðvestur af bæ í Hornbrekku 001.

Þar sem bærinn var er nú malbikað plan vestan við Sparisjóðshúsið. Næst hús þar vestan við er Kirkjuvegur 4. Það er steinsteyp á þremur hæðum. Byggð er þétt á þessu svæði og engin ummerki fornleifa sjáanleg. Í Hundrað árum í horninu segir "Árið 1899 byggði Gísli Baldvin Finnsson torfbæ sem hann kallaði Sæland ... Nokkur eftir aldamót var byggður angi út úr Sælandi í austur átt árið 1916 og um það leyti er farið að kalla austari hluta Sælands sérstöku nafni, Miðbær."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HH I, 73.

EY-048:015 heimild

Í Hundrað árum í horninu segir: "Þá var kunnáttumaður ð nafni Sigurður Ísfeld sendur til Ólafsfjarðar frá Akureyri árið 1779 til að kenna heimamönnum fiskisöltun. Stafhans, ásamt fleiru, var til þess aðárið 1780 var byggð fiskverkunarstöð eða salthús í Ólafsfjarðarhorni." Húsið lagðist af á árunum 1807-1810.

Heimildir: HH I, 35

EY-048:016 heimild

Í Hundrað árum í horninu segir: "Salthús Gránufélagsins frá 1879 [myndatexti]. Húsið er 7,65x5,20 m að stærð og setundur enn, mjög þó orðið úr sér gengið. Það er nú elsta húsbygging í Ólafsfirði."

Heimildir: HH I, 48

EY-048:017 heimild um verbúð

Í Hundrað árum í horninu segir: "Á seinni hluta 19. aldar áttu flestir helstu útvegsbændur í Ólafsfirði verbúðir niður í Horni. Nyrsta búðin stóð þar sem nú er norður-hafnargarðurinn og voru þær flestar á landamerkjum Brimness og Hornbrekku ... "

"Verbúðirnar voru ömurlegar vistarverur. Þær voru hlaðnar úr torfi og grjóti og var venjulega stærð þeirra við Eyjafjörð um þetta leyti 8-9 álnir á lengd og 4-5 álnir á breidd. Búseta tíðkaðist ekki í þessum sjóbúðum nema meðan á róðrum stóð ... "

Heimildir: HH I, 61

EY-048:018 Sandhóll bærjarstæði bústaður

66°04.416.N 18°30.069.V

Í Hundrað árum í horninu segir: "Það er árið 1883 sem orðið "Tómthús" sést fyrst í gjörðarbókum Þóroddsstaðahrepps. Það ár byggði sér torfbæ maður að nafni Ólafur Gíslason og nefndi hann bæinn Sandhól ... Torfbær þessi stóð nokkrum metrum sunnan við hús þar sem fram á síðustu ár var Kirkjuvegur 2 og norðan við Syðstabæ sem enn stendur. Um 30 árum síðar var á sama stað byggt húsið Leyningur ... Sandhóll var fyrsta "húsið" sem byggt var til íbúðar allt árið um kring." Í dag stendur hús með sama nafni við Strandgötu, og er það eign Slysavarnarfélagsins Landsbjargar.

Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsveggar frá um 1901 og hinsveggar um 1910.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HH I, 62m 77, 107

EY-048:019 Nýibær bærjarstæði bústaður

66°04.402.N 18°28.644.V

Í Hundrað árum í horninu segir: "Árið 1894 fluttist Edvald Jónsson með fjölskyldu sína í Tjarnarkot en Sigurður Sveinsson og Hólmfríður Finnsdóttir hófu byggingu torfbæjar sem nefndur var Nýibær og stóð nokkuð upp frá fjallsrótunum, rétt sunnan við þann stað þar sem í dag er Miðhús." Nákvæmm staðsetning ekki þekkt

Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsveggar frá um 1901 og hinsveggar um 1910.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HH I, 68

EY-048:020 Sæból bærjarstæði bústaður

66°09.441.N 18°38.628.V

Í Hundrað árum í horninu segir: "Árið 1896 var fjórði torfbærinn byggður og hét hann Sæból. Bærinn stóð á sama stað og húsið Sæból stendur í dag." Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar virðist húsið vera á svipuðum slóðum og hús verkalýðsfélagsins Einingar.

Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsveggar frá um 1901 og hinsveggar um 1910.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HH I, 68

EY-048:021 heimild um

66°04.443.N 18°39.057.V

Í Hundrað árum í horninu segir: "1897 byggðu Ólafsfirðingar sér íshús og var því valinn staður norðaustan við Sandhól. Húsið var fyrsta steinhús staðarins og verður nánar rætt um það síðar." Norðaustur af Sandhól er nú nýtt verkstæði og bílaplan.

Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsvegar frá um 1901 og hinsvegar um 1910.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HH I, 68

EY-048:022 Sæbali heimild um

66°04.406.N 18°38.806.V

Í Hundrað árum í horninu segir: "Húsið sem Ingibjörg og Ásgrímur byggðu sumarið 1897 var úr timbri, 5 m að lengd en um 4 má breidd. Var þetta fyrsta timburhúsið ef frá er skilið hús Höepfnars kaupmanns. Húsið kölluðu þau hjónin Sæbala og stóð það þar sem Jón Björnsson, sonur Bása-Björns, byggði síðan húsið Sæborg eða Strandgötu 5. Sæbali var þá ekki rifinn, heldur aðeins fluttur til ... það er enn til, er nú Kirkjuvegur 17, hið fallegasta hús og að mestu eins og það var í upphafi ef frá er skilið að það hefur verið múrhuðað að utan." Nálægt Strandgötu 5

Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsvegar frá um 1901 og hinsvegar um 1910.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HH I, 71-72

EY-048:023 heimild um þingstað

66°04.389.N 18°38.794.V

Í Hundrað árum í horninu segir: "Með landshöfðingjabréfi, dagsettu 2. maí 1901, var síðan þingstaðurinn formlega fluttur niður í Horn, í hið nýreista hús." Við Strandgötu 3.

Húsið var reist þar sem Strandagata 3 er nú og er þar enn sem neðri hæð þess húss. Húsið var 8x8 álna timburhús. Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsvegar frá um 1901 og hinsvegar um 1910.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HH I, 74

EY-048:024 Háagerði heimild um

66°04.381.N 18°38.683.V

Í Hundrað árum í horninu segir: "Sama ár og þinghúsið reis af grunni, árið 1900, byggðu Jón Gíslason og Ingimundur Jónsson sér torfbæ sem þeir nefndu Háagerði og stóð hann rétt sunnan við Háaskála Þorsteins Jónssonar." Enn er til hús sem heitir Háagerði og stendur það við Brekkugötu.

Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsvegar frá um 1901 og hinsvegar um 1910.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HH I, 75

EY-048:025 Jónshús heimild um

66°04.398.N 18°38.711.V

Í Hundrað árum í horninu segir: "Jón Friðriksson, tengdasonur Sigurðar Pálssonar, byggði einnig þetta sumar [1900] timburhús sem kallað var Jónshús og þar bjó hann ásamt konu sinnu, Guðfinnu Sigurðardóttur Jónshús stóð þar sem Jón Þorsteinsson byggði ekki löngu síðar hús því stuttu eftir aldamótin var hús Jóns og Guðfinnu flutt fram að Hornbrekku þar sem þau hófu búskap." Þar er nú auð lóð.

Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsvegar frá um 1901 og hinsvegar um 1910.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HH I, 75

EY-048:026 Önnubúð heimild um

66°04.364.N 18°38.753.V

Í Hundrað árum í horninu segir: "Sumarið 1901 fjölgaði um einn torfbæ í þorpinu. Það var Anna Guðrún Ingimundardóttir sem þann bæ byggði og var hann eftir henni nefndur Önnubúð og stóð þar sem nú í dag er Aðalgata 11." Einnig nefnd Leyningur

Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsvegar frá um 1901 og hinsvegar um 1910.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HH I, 75

EY-048:027 *Norðmannhús* heimild um 66°04.512.N 18°38.500.V
Í Hundrað árum í horninu segir: "Árið eftir, 1904, voru byggð tvö hús, Norðmannhús og Þorsteinshús sem síðar var oftast kallað Svarti skóli. Norðmannhús eða Normandí eins og mjög snemma var farið að kalla húsið, byggðu Helgi Hafliðason og Kristín Eiríksdóttir og var það úr torfi og timbri. Húsið var endurbyggt árið 1925."

Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsvegar frá um 1901 og hinsvegar um 1910.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HH I, 80

EY-048:028 *Þorsteinshús* heimild um 66°04.402.N 18°38.735.V
Í Hundrað árum í horninu segir: "Árið eftir, 1904, voru byggð tvö hús, Norðmannhús og Þorsteinshús sem síðar var oftast kallað Svarti skóli. Norðmannhús eða Normandí eins og mjög snemma var farið að kalla húsið, byggðu Helgi Hafliðason og Kristín Eiríksdóttir og var það úr torfi og timbri. Húsið var endurbyggt árið 1925 Á lóðinni austan við Pálshús var reist stórt timburhús með að minnsta kosti fjórum íbúðum og var það oftast kallað Svarti skóli eða Þorsteinshús ... Svarti skóli var rifinn um miðja öldina og stuttu síðar byggt á lóðinni hús Pósts og síma." Það hús stendur enn.

Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsvegar frá um 1901 og hinsvegar um 1910.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HH I, 80

EY-048:029 heimild um 66°04.405.N 18°38.728.V
Í Hundrað árum í horninu segir: "Laust fyrir 1905 byggðu hjónin Jón Þorsteinsson og Sigurveig Oddsdóttir timburhús sem nú er Aðalgata 3 Húsið var stækkað síðar."

Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsvegar frá um 1901 og hinsvegar um 1910.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HH I, 80

EY-048:030 heimild um 66°04.534.N 18°38.539.V
Í Hundrað árum í horninu segir: "Snorri Jónsson byrjaði að kaupa fisk af Ólafsfirðingum árið 1902. Ári síðan byggði hann salthús á staðnum og umsvifin urðu meiri. Húsið stóð í fjörukambinum, framan við þann stað þar sem Hraðfrystihús Ólafsfjarðar er nú í dag og var því síðar breytt í íbúðarhús." Hnit tekin við frystihúsbygginguna.

Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsvegar frá um 1901 og hinsvegar um 1910.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HH I, 80

EY-048:031 heimild
Í Hundrað árum í horninu segir: "En síðasta orðið hér á Páll, kaupmaður, Bergsson því um þetta leyti byggði hann mikið timburhús sem stóð á lóð Höepfnars þar sem nú er beinamjölsværsmiðja."

"Húsið var notað til margra hluta, t.d. sem pakkhús, svefnpláss fyrir aðkomusjómenn og jafnvel voru þar færð upp leikrit. Það var rífið þegar slippurinn var byggður. (Hugsanlega þegar hafnarframkvæmdir hófust)."

Heimildir: HH I, 80-81

EY-048:032 heimild
Í Hundrað árum í horninu segir: "Aðalrétt fyrir og eftir aldamótin [1900] var Reykjarétt ... Aukaréttir voru Skeggjabrekkurétt, Hornbrekkurétt og Ytri-Árrétt."

Heimildir: HH I, 96

EY-048:033 *Lækjarbakki* heimild um 66°04.445.N 18°38.545.V
Í Hundrað árum í horninu segir: "Guðbrandur bergsson og Halldóra Jónsdóttir byggðu þurrabúð árið 1906 sem þau kölluðu Lækjarbakka. Húðin stóð þar sem nú er Brekkugata 1 og var úr torfi og timbri með pappapaki, 0,22 ha lóð fylgdi og mátti þar fá 6-9 hesta afheyr." Hnit tekin við Brekkugötu 1

Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsvegar frá um 1901 og hinsvegar um 1910.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HH I, 97

EY-048:034 *Lyngholt* heimild um 66°04.405.N 18°38.728.V
"Sama sumar {1906} fluttust hjónin Magnús Sölvason og Halldóra Þorsteinsdóttir inn í nýtt hús, Lyngholt, sem Magnús byggði en hann var trésmiður." Á svipuðum slóðum og 029
Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsvegar frá um 1901 og hinsvegar um 1910.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: HH I, 97

EY-048:035 *Randvershús* heimild um 66°04.506.N 18°38.452.V
"Randvershús hét eitt af húsunum átta sem risu af grunni 1905-1910 stundum líka kallað Brautarholt ... Um 1930 var það stækkað ... Húsið var úr timbri og stóð allnokkru sunnan við Lyngholt. Þar var rífið veturinn 1982/3." Staðsetning nokkuð óljós.
Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsvegar frá um 1901 og hinsvegar um 1910.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: HH I, 97-99

EY-048:036 heimild
"Sigurður Pálsson ... Árið 108 fluttist hann í þorpið og byggði sér timburhús í því yst, norðan við Þorlákshúð"
Heimildir: HH I, 99

EY-048:037 *Guðmundarhús* hús 66°04.414.N 18°38.824.V
Í Hundrað árum í horninu segir af Guðmundi Ólafssyni sem byggði Guðmundarhús ár árunum 1904-1906, stendur það enn við Strandgötu
Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsvegar frá um 1901 og hinsvegar um 1910.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: HH I, 100-101

EY-048:038 *Uppsálar* heimild
Í Hundrað árum í horninu segir af Guðmundi sem byggði Guðmundarhús en missti það. Fluttist hann þá ásamt konu sinni í torfbæ utan við kleifa sem kallaðist Uppsálar.
Heimildir: HH I, 100-101

EY-048:039 *Miðhús* heimild um 66°04.421.N 18°38.601.V
Í Hundrað árum í horninu segir: "Áttunda og síðasta íbúðarhúsið sem reis í Ólafsfjarðarhorni á árunum 1905-1910 var Miðhús Það var, eins og svo mörg hús á þessum árum, bæði úr timbri og torfi og stóð um þremur metrum norðan við Nýjabæ. Það hús sem nú stendur og ber nafnið Miðhús var byggt um 1922 og stendur líklega örlítið neðar en gamla húsið."
Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsvegar frá um 1901 og hinsvegar um 1910.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: HH I, 101

EY-049 Brimnes

10 hdr. 1712. Hólastólseign. Jarðarinnar er hennar getið í Sigurðarregisteri sem inniheldur máldaga Hóladómkirkju þegar Jón Arason biskup tók við, máldaga klaustranna og nokkurra kirkna fyrir norðan land frá árinu 1525, (DI IX, 302). Þá er hennar getið í skrá yfir eignir Hólastóls eftir að Jón Arason féll frá árið 1550, (DI XI, 862), í reikningi stólsins frá 1569, (DI XV, 230), og í kúgildareikningum hans frá 1570, (DI XV, 460). Afbýli frá Brimnesi voru Múlakot, Mýrarlón, Mýrakot og Þrælagerði. Líklega sjóbúðir með einhverjar grasnytjar. (BE II, 90). 1712: "Verbúðir eru hjer 3, og aðrar 3 affallnar. Skipeigendur byggja þær á sinn kost ... Mýrarlón, forn þurrabúð, í eyði í næstu 50 ár, en hygðist þar fyrir lítinn tíma einni fátækri konu, sem var fanggætsla sjófólksins og lifði mest á því sem það gaf henni Búðina má aftur byggja með sama hætti." (JÁM X, 39). Á land frá Ófærugjá og inn í kaupstaðinn en Ólafsfjarðarhreppur keyptijörðina 1944 (BE II, 90).

1917: 1.54 ha. 3/5 slétt. 1712: "Útigangur í fjörunni og á landi fyrir roskið fje, bregst sjaldan í meðalárum. Hestaganga í lakara lagi. Torfrista og stúnga grýtt og lítt nýtandi. Grasatekja lítil og valla teljandi. Hvarmatekja lítil í ógönguklettum, verður ekki brúkuð. Túninu hefur skriða spillt og snjóflóð fyrir nokkrum árum, og er það síðan mjöi grýtt og illt að vinna. Engjar öngvar, nema það lítið sem hent er úr úthögum í svarðleysu mýrum. Uthagarnir eru nægir. Hætt er kvikfje fyrir snjóflóðum og ógönguklettum. Lýngrif til eldiviðar bjarglegt. Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur, og mega ganga so mörg skip sem ábúandi fær við komið, en ekkert á hann nú sakir efnaleysis. Inntökuskip eru hjer nú 3, og stundum hafa áður norkru fleiri verið, síðan landingin spiltist á Hornbrekku, þó aldrei fleiri en 5, so menn viti. ... Selveiði hefur lítil að fornu verið, nú engin í margt ár. Rekavon góð, og nýtur ábúandi þess eina sem lög leyfa. Hronkelsaveiði valla teljandi, heppnast sjaldan." (JÁM X 38- 39). 1839: "Jörð þessi er sárvesöl til heyskapar, en betri fyrir sauðkindur til útigangs. Til gildis má henni telja lóðarfiskagjald af bátum, sem róa ú horninu, og stundum talsverða kópaveiði út með Múlanum á vorum." (SSE, 58). 1918: "Tún í lélegri rækt, snogglent iog mest allt þýft. Stærð þess er talin vera 2,2 ha og töðufall 50 hestar. Engjar jarðarinnar eru snöggglendar og mjög litlar en veitarland er í meðallagi, þó nokkuð spilli fyrir snjóþyngsli og vindnæðingar. Engjarnar eru leigðar 'Oalfsfjarðarkauptúni sem bithagar. Fjörubeit er dálítill. Túnið er girt á tvær hliðar með gaddavirsgirðingu, alls um 760 má lengd" (HHII, 111) 1973: "Beitiland er gott." (BE II, 27.) 1990: " ... eru túnin nú að mestu komin undir byggð. Þó er ónumin smáskák umhverfis Brimnesbæinn." (BE 1990,90)

EY-049:001 Brimnes bæjarhóll bústaður

66°04.669.N 18°37.930.V

Gamla bærinn á Brimnesi var nokkurn veginn á sama stað og núverandi íbúðarhús á bænum. Gamli bærinn kann þó að hafa náð örlítið austar samkvæmt Magnús Sigursteinsson og Sigursteinn Magnússon heimildamönnum. Það íbúðarhús sem nú stendur er steinsteypt og var byggt 1935, er það á tveimur hæðum en enginn kjallari. Austan við nýja húsið standa nýleg útihús. Enginn búskapur er lengur á Brimnesi en íbúðarhúsið er enn notað og verið er að gera endurbætur á því.

Núverandi hús stendur framarlega á gamla bæjarhólnum sem hefur verið sléttaður. Norðan við íbúðarhúsið er heimreiðin, þar er einnig sléttað malarplan sem nær aftur (austur) fyrir það. Á malarplaninu (til NNA) eru nýlegt útihús.

Bæjarhóllinn er mjög stæðilegur. Hann snýr norður-suður og er um 28 x 26 m stór og 1,5-2 m hár. Hólnum hefur töluvert verið raskað við byggingu hússins er þar stendur nú. Samkvæmt Magnúsi Sigursteinssyni og Sigursteini Magnússyni heimildamönnum hefur bærinn alltaf staðið á svipuðum stað og núverandi íbúðarhús gerir. Engar fornleifar sjást lengur á yfirborði þar sem allt hefur verið sléttað og mikið um röskun umhverfis hólinn, sérstaklega austan og sunnan við hann. Nýlega, þegar planið var sléttað fyrir austan íbúðarhúsið kom upp mikið afhleðslugrjóti auk móösku og annarra mannvistarlaga. Ekkert af gripum komu þó fram við þessa röskun. Hluti af því hleðslugrjóti sem kom upp við þessar framkvæmdir hefur verið rutt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-049:002 heimild um útihús


66°04,679.N 18°37.905.V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús í um 20 m norðaustur af bæ 001. Húsið hefur verið um 20 m suður af þjóðvegi að Ólafsfjarðargöngum.

Þar sem útihúsið var er nú norðurgaflinn á nýja fjárhúsinu. Mikið rask er umhverfis svæðið. Engar fornleifar sjást þar sem útihúsið var. Á svipuðum stað voru byggð yngri fjárhús. Talsvert rask hefur átt sér stað kringum nústandandi fjárhús, þ.e.a.s mikið verið sléttað og hreyft við jarðvegnum. Sennilega hefur gamalla útihúsinu verið rutt til norðurs því við norðurgaflinn á núverandi fjárhúsi er mikið af grjóti, torfi og viði, þó er erfitt að segja til hvort þetta sé frá gamla fjárhúsinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



Túnakort fyrir EY-049 Brimnes

EY-049:003 heimild um útihús

66°04.691.N 18°37.898.V

Útihús var um 50 m norðaustur frá bæ 001, samkvæmt túnakorti frá 1917. Það hefur verið þar sem þjóðvegur að Ólafsfjarðargöngum liggur nú. Aðrein og upplýsingaskilti um Ólafsfjarðarbæ sem og smá útsýnisstaður út fjörðinn er um 15-20 m NNA frá þeim stað er útihúsið stóð.

Malbikaður vegur er nú þar sem húsið var.

Vegurinn að göngunum liggur yfir það svæði sem útihúsið stóð á. Því eru engar fornleifar sýnilegar á þessum stað. Magnús Sigursteinsson man eftir tóftarbroti á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-049:004 heimild um útihús

66°04.658.N 18°37.890.V

Um 40 m suðaustur af bæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti 1917.

Þar sem útihúsið stóð er smá hallir til vesturs, nú er þetta svæði sinuvaxið og smáþýft. Svæðið var sléttað í tún.

Engar leifar hússins sjást enda hafa þau sjálfsagt fyrir löngu verið sléttuð í tún. Magnús Sigursteinsson

man ekki eftir tóftum á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-049:005 heimild um útihús

66°04.632.N 18°37.981.V

Um 80 m suðvestur af bæ 001 stóð útihús samkvæmt túnakorti 1917. Húsið hefur verið um 60 m beint vestan við þjóðveg en um 5 m norðan við spennustöð.

Þar sem útihúsið stóð var sléttað tún en nú er það sinuvaxið og smáþýft svæði.

Engin ummerki sjást um húsið enda hefur allt svæðið verið sléttað auk þess sem rafstöð stendur alveg við svæðið. Heimildarmenn telja að þarna hafi staðið einhverjar tóftir en að þeim hafi verið rutt út þegar spennustöðin var gerð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-049:006 heimild um lendingu

1712: "Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur, og mega gánga so mörg skip sem ábúandi fær við komið, en ekkert á hann nú sakir efnaleysis." segir í Jarðabók Áma Magnússonar og Páls Vídalín. Ekki er vitað hvar lendingin var. Líklegt er að þetta hafi horfið við þéttbýlismyndun.

Heimildir: JÁM X, 38

EY-049:007 heimild um uppsátur

1712: "Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur, og mega gánga so mörg skip sem ábúandi fær við komið, en ekkert á hann nú sakir efnaleysis." segir í Jarðabók Áma Magnússonar og Páls Vídalín. Ekki er vitað hvar uppsátrið var.

Heimildir: JÁM X, 38

EY-049:008 heimild um verbúð

1712: "Verbúðir eru hjer 3, og aðrar 3 affallnar. Skipeigendur byggja þær á sinn kost, sem áður segir um Hornbrekku." segir í Jarðabók Áma Magnússonar og Páls Vídalín. Ekki er vitað hvar verbúðirnar voru.

Heimildir: JÁM X, 39

EY-049:009 *Mýrarlón* bæjarstæði bústaður

66°04.631.N 18°38.377.V

Í Jarðabók Áma og Páls frá 1712 er getið um býli í landi Brimness: "Mýrarlón, forn þurrabúð, í eyði næstu 50 ár, en hygðist þar fyrir lítinn tíma einni fátækri konu, sem var fágætsla sjófólksins og lifði mest á því sem það gafhenni. Búðarleigan ætla menn engin hafi verið á þessa konu skilin. Búðina má aftur byggja með sama hætti." Á býlið er einnig minnst í örnefnalýsingu: "... býli var í Brimness landi, líklega um það bil, sem hafnargarðurinn er nú. Það hét Mýrarlón." Mýrarlón var upp við hafnarbakkann um 350 m VSV frá bæ 001. Það hefur verið um 200 m vestan við stóra olíutanka.

Á þessum slóðum er malarplan sem nær frá verkstæði og niður að hafnarbakkanum en þar er mikið af stóru grjóti sem varnargarður.

Engar minjar sjást.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: JÁM X, 39 og Ö-Ól, 4,

EY-049:010 *Mýrnakot* bæjarstæði býli

Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1839 er getið um býlið Mýrnakot í landi Brimness sem líklegast er það sama og Mýrarlón 009 en um það verður ekki fullyrt. Í lýsingunni segir: "... með Mýrnakoti, hjáleigu, nú eyðiholti." Magnús Sigursteinsson kannaðist ekki við Mýrnakot og sé um annað býli en Mýrarlón að ræða er það alveg horfið og staðsetning þess týnd.

Heimildir: SSE, 58

EY-049:011 *Gullþúfa* þjóðsaga fjársjóður

"Flestir telja [merkin] við Gullþúfu og Gullþúfutöng, sem eru norðan í Múlatánni ... Hugsanlegt er að Gullþúfan hafi fyrr á öldum verið þrætuepli því að enn lifa munnmæli um, að í henni hafi átt að vera peningakistill, og grafið eftir honum oftast en einu sinni, þó að lítið muni hafa fundizt. Svarfdælir nefna þar jafnan Gullhúfu og Gullhúfutöng, sem er vafalaust afbakað." segir í örnefnaskrá. Gullþúfa var ekki skoðuð á vettvangi. Hún er á merkjum Ólafsfjarðarhrepps og Svarfaðardals, Dalvíkurbyggðar. Þúfan er norðan í Múlatánni.

Heimildir: Ö-Ól, 3

EY-049:012 *Múlakot* bæjarstæði býli

66°04.793.N 18°27.252.V

"Rétt utan við [Stóralæk] stóð fyrrum býlið Múlakot; þar heitir nú Stekkur." segir í örnefnaskrá. Um 150 m norðan við þar sem Stóralækur rennur nú og um 60 m sunnan við mógrafir 019 var stekkur. Hann var um 560 m norðvestan við bæ 001.

Stekkurinn var þar sem nú er stórþýfður mói, fast vestan við þjóðveg.

Stekkurinn hefur horfið undir vegfyllingu. Magnús Sigursteinsson, fæddur 1938 man eftir tóftinni og hélt að hún hefði frekar verið afbeitarhúsum en stekk. Engar minjar sjást nú á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ól, 4

EY-049:013 *Gvendarskál* heimild um leið

66°04.570.N 18°37.563.V

Í Sýslu og sóknarlýsingum frá 1839 segir: " ... líka má ganga Gvendarskál út og upp frá Brimnesi yfir Múlann að Sauðakoti, yzta bænum á nefndri strönd." Leiðin um Gvendarskál liggur frá Brimnesi og upp í skálina sem er í fjallshlíðinni norðaustur af bæ 001 og þaðan áfram yfir Múlann. Fjallshlíðin ofan Burstabrekku er brött og víðast ógróin.

Engin ummerki leiðarinnar sjást við Burstabrekku enda hafa tún verið sléttuð. Hnit var tekið við Gvendarhól sem er suðvestan við Gvendarskál, við fjallsrætur. Leiðin hefur eflaust legið hjá honum. **Hættumat:** engin hætta

Heimildir: SSE, 63



EY-049:015, huldufólksbústaður, horft til norðausturs

EY-049:014 *Múli* heimild um leið

Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1839 segir:

"Gengið hafa ogsvo nokkrir út fyrir Múlann - yfir Ófærugjá og nokkra faðma breitt flag á blá-bjargbrúninni utan í honum, að [Sauðakoti á Upsaströnd] og er það hættulegasti glæfravegur." Leiðin hefur greinilega ekki verið almenn og var ekki skoðuð á vettvangi.

Heimildir: SSE, 63

EY-049:015 frásögn huldufólksbústaður

66°04.649.N 18°37.881.V

Í túninu á Brimnesi eru þrír steinar þar sem huldufólk á að búa samkvæmt þjóðtrúnni (sjá einnig 016 og 017). Sá syðsti er um 50 ASA við bæ 001.

Steinninn er í sléttu túni.

Hann snýr norður-suður og er um 2 x 1 m stór og um 60 cm hár. Engar sérstakar sögur fylgja steininum, aðrar en að í honum búi huldufólk.

Hættumat: engin hætta

EY-049:016 frásögn huldufólksbústaður

66°04.647.N 18°37.838.V

Í túninu á Brimnesi eru þrír huldufólkssteinar 015, 016 og 017. Sá austasti er um 75 m austan við bæ 001 og um 30 m ANA við 015.

Steinninn er í sléttu túni.

Steinninn snýr norður-suður. Hann er um 2,5 x 1,5 m stór og um 1,3 m hár. Engar sérstakar sögur fylgja steininum, aðrar en að í honum búi huldufólk.

Hættumat: engin hætta

EY-049:017 frásögn huldufólksbústaður

66°04.685.N 18°37.815.V

Í túninu á Brimnesi eru þrír huldufólkssteinar 015, 016 og 017. Sá nyrsti er um 90 m NNA við bæ 001.

Hann er í sléttu túni.

Steinninn er um 2 m í þvermál og um 1,4 m hæð. Engar sérstakar sögur fylgja steininum, aðrar en að í honum búi huldufólk.


Hættumat: engin hætt



EY-049:017, huldufólksbústaður, horft til austurs

Ekki er fráleitt að ætla að hér hafi staðið bygging þó ummerkin séu ekki skýr því hér eru augljós mannaverk á ferð.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar



EY-049:018, þúst, mynd tekin til austurs

EY-049:019 náma mógrafir



EY-049:019 mógrafir, horft til vesturs

66°04.815.N 18°37.198.V

Um 615 m norðvestan við bæ 001 og um 30 m sunnan við garðlag 020 eru mógrafir. Þær eru fastar vestan við þjóðveg. Mógrafirnar eru í mýrarspildu í þýðum móa milli þjóðvegjar og sjávar.

Grafirnar ná yfir svæði sem er um 14 x 17 m stórt og snýr austur-vestur. Þær eru næstum þurrar, um 70 cm djúpar. Um það bil 3-4 grafir eru á svæðinu, um 4 x 4 m stórar.

Hættumat: engin hætt

EY-049:020 garðlag

66°04.843.N 18°37.217.V

Um 640 m norðvestan við bæ 001, fastar vestan við þjóðveg sem liggur að Múlagöngum er garðlag.

Garðlagið er í grónum, þýfðum móa sem er á milli þjóðvegjar og sjávar.



EY-049:020 garðlag, horft til vesturs

Garðlagið liggur austur-vestur, frá vegi og niður að sjó. Það er um 60 m langt, 70 cm breitt og um 30 cm hátt þar sem það er hæst. Garðlagið er á köflum óskýrt vegna þýfis. Hugsanlega er það leifar túngarðs frá Múlakoti 012 en það var þar sem síðar var stekkur um 80 m suðvestan við garðlagið. Garðlagið hefur að öllum líkindum verið lengra og hefur eflaust brotnað af því á báðum endum, vegna vegagerðar og sjávargangs.

Hættumat: engin hætt

EY-049:021 Tjaldstaður heimild um tjaldstaði

66°04.248.N 18°31.938.V

"Tjaldstaður .. sléttur flötur við Hökufell ofanvert og lítið eitt til hliðar. Ætla menn að þar hafi verið legið við þegar sigið var í björgin" segir í

örnefnaskrá um Ólafsfjarðarmúla. Tjaldstaðið var sunnan Tófugjár, vestan vert við Míganda. Það var um 5 km austan við bæ 001.

Þar er grasbali en umhverfis skiptast á hálfgrónir melar og þýfðir móar.

Engar hleðsluleifar eða aðrar minjar sjást á Tjaldstað.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Öl, 74.

EY-049:022 heimild um

66°04.577.N 18°38.433.V

Í Hundrað árum í horninu segir: "Höepfner byrjaði á því að fá tvær lóðir, sjávarlóð úr landi Brimness og aðra minni úr landi Hornbrekku. Sjávarlóðin var ætluð fyrir húsbyggingar, uppsátur og fiskverkun. Árið 1892 lét hann síðan byggja þrjú timburhús. Tvö þeirra, pakkhúsin, voru ætluð til saltfiskverkunar og tilgeymslu vista og veiðarfæra" Hnit tekin þar sem Höepfnersvæðið var samkvæmt korti. Þar er nú geymsluskúrar úr bárujárni og steypu.

"Var hið stærra hús 17,56x65 m en það minna var 12,56x3,75 m. Járnklæðning var á þaki minna hússins en pappi á því stærra. Þessum húsum fylgdi svo sjávarlóðin, 114 metrar á lengd en 38 m á breidd" Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsvegar frá um 1901 og hinsvegar um 1910.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir: HH I, 68

EY-049:023 heimild um

66°04.577.N 18°38.433.V

Í Hundrað árum í horninu segir: "Höepfner byrjaði á því að fá tvær lóðir, sjávarlóð úr landi Brimness og aðra minni úr landi Hornbrekku. Sjávarlóðin var ætluð fyrir húsbyggingar, uppsátur og fiskverkun. Árið 1892 lét hann síðan byggja þrjú timburhús. Tvö þeirra, pakkhúsin, voru ætluð til saltfiskverkunar og tilgeymslu vista og veiðarfæra" Hnit tekin þar sem Höepfnersvæðið var samkvæmt korti. Þar er nú geymsluskúrar úr bárujárni og steypu.

"Var hið stærra hús 17,56x65 m en það minna var 12,56x3,75 m. Járnklæðning var á þaki minna hússins en pappi á því stærra. Þessum húsum fylgdi svo sjávarlóðin, 114 metrar á lengd en 38 m á breidd" Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsvegar frá um 1901 og hinsvegar um 1910.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir: HH I, 68

EY-049:024 heimild um

66°04.577.N 18°38.433.V

Í Hundrað árum í horninu segir: "Höepfner byrjaði á því að fá tvær lóðir, sjávarlóð úr landi Brimness og aðra minni úr landi Hornbrekku. Sjávarlóðin var ætluð fyrir húsbyggingar, uppsátur og fiskverkun. Árið 1892 lét hann síðan byggja þrjú timburhús Þriðja byggingin einlyft timburhús með háu risi, var aftur á móti íbúðarhús, byggt fyrir þá menn Höepfners sem á staðnum þurftu að dvelja og stóð það í landi Hornbrekku. Eins og nánar kemur fram síðar en þetta hús hluti af Strandgötu 4 í dag." Hnit tekin þar sem Höepfnersvæðið var samkvæmt korti.

Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsvegar frá um 1901 og hinsvegar um 1910.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: HH I, 68

EY-049:025 heimild um 66°04.525.N 18°38.570.V
Í Hundrað árum í horninu segir: "Verslun Gudmans Efterfølger varð sér úti um lóð sunnan við sjávarlóð Höepfnars, á þeim slóðum þar sem vegurinn upp frá gömlu bryggjunni liggur nú í dag. Á henni reisti fyrirtækið salthús og minni geymsluskúra" Hnit tekin þar sem Gundmansvæðið var samkvæmt korti. Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsvegar frá um 1901 og hinsvegar um 1910.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: HH I, 68

EY-049:026 *Gamla bryggjan* heimild um 66°04.525.N 18°38.570.V
Í Hundrað árum í horninu segir: "Verslun Gudmans Efterfølger varð sér úti um lóð sunnan við sjávarlóð Höepfnars, á þeim slóðum þar sem vegurinn upp frá gömlu bryggjunni liggur nú í dag. Á henni reisti fyrirtækið salthús og minni geymsluskúra" Hnit tekin þar sem Gundmansvæðið var samkvæmt korti. Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsvegar frá um 1901 og hinsvegar um 1910.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: HH I, 68

EY-049:027 heimild um skemmu 66°04.525.N 18°38.570.V
Í Hundrað árum í horninu segir: "Verslun Gudmans Efterfølger varð sér úti um lóð sunnan við sjávarlóð Höepfnars, á þeim slóðum þar sem vegurinn upp frá gömlu bryggjunni liggur nú í dag. Á henni reisti fyrirtækið salthús og minni geymsluskúra" Hnit tekin þar sem Gundmansvæðið var samkvæmt korti. Til staðsetningar á húsunum var notast við kort úr Hundrað árum í Horninu en höfundur þeirra er Friðrik G. Olgeirsson. Kortin eru annarsvegar frá um 1901 og hinsvegar um 1910.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: HH I, 68

EY-621 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Þóroddsstaðahreppi

EY-621:001 heimild um leið
1839: "Þjóðvegurinn að austan liggur úr fjarðarhorninu suður svonefnda Bala (grandann milli sjóar og vatns) að vatninu. Þá er riðið í því, þar torfærur eru á bakkanum, upp með bakka þess; þaðan að Vatnsenda. Þaðan yfir móa, þar fyrir sunnan ofan að Fjarðaránni, eftir svonefndu Lónsnesi, þaðan að vaðinu fyrir utan og neðan Kálfsá; svo vestur yfir ána og fram eyrnar að kirkjustaðnum, Vegur þessi frá sjónum hingað er nálægt danskri mílu, en sveitin öll inn á Lágheiði 2 1/2 míla."
Heimildir: SSE, 62

EY-621:002 heimild um leið
1839: "Frá Gunnólfsá liggur þjóðvegurinn fyrir ofan Syðriá, fyrir ofan alla bæi fram að Þóroddsstöðum, þá menn ríða þar ofan hlaðinn garð ofan af vallargarði fyrir sunnan völlinn, yfir mýri ofan á árbakkann; svo yfir hana og á hina áðurnefndu þjóðbraut [001] fram eftir. Frá Kirkjustaðnum liggur vegurinn með Fjarðaránni að fremstu bæjum og frá þeim aftur fyrir austan ána inn Lágheiði. Vegur þessi er árlega endurbættur, og er engin hætta að ferðast yfir hann."
Heimildir: SSE, 62

EY-622 Óstaðsetjanlegar fornleifar í Þóroddsstaðahreppi

EY-622:001 *Sandur* bæjarstæði býli

1187: "Björn hét maður. Hann var Gestsson. Hann bjó í Ólafsfirði þar er á Sandi heitir. Hann var fylgdarmaður Önundar [Þorkelssonar goðorðsmanns í Lönguhlíð í Hörgárdal] og þingmaður. Hann var mikilmenni og óeirinn um allt, bæði um menn og fjárhuti. Hann dróst oft þá menn á hendur er óskil gerðu."
Heimildir: Stud, 129

EY-622:002 heimild um bænhus

Árið 1487 eru í Kvíabekkjarpingum 1 hálkirkja og 4 bænhus. Hálkirkjan var á Þóroddsstaðum og vitað er um þrjú bænhus, á Hornbrekku Gunnólfsá og Kálfsá en ekki er vitað nákvæmlega hið fjórða var.

Heimildir: DI V 355-6

EY-623 Lágheiði

Afréttarland Ólafsfirðinga - (SSE, 59, 61)

EY-623:001 *Lágheiði* heimild um leið 65°56.324.N 18°50.495.V

Í sóknarlýsingu Kvíabekkjarsóknar, frá 1839, í Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðar segir: ""Frá kirkjustaðnum liggur vegurinn með Fjarðránni að fremstu bæjum og frá þeim aftur fyrir austan ána inn Lágheiði. Vegur þessi er árlega endurbættur og er engin hætta að ferðast yfir hann Yfir Lágheiði er þjóðvegur inn í Stífluna." Í Lýsingu Eyjafjarðar frá 1949 segir enn fremur: "Um Lágheiði liggur greiðfær vegur, sem nú hefir nýlega verið gerður bílfær. Snjópungt er þar á vetrum, og getur þá oft verið vandratað um hana. Hallgrímur Kráksson, fyrrum Siglufjarðarpóstur, kvartar um það 1904, að heiðin sé óvörðuð, og ekkert sé við þar að styðjast á vetrardegi, þegar kemur á framheiðina. Segir hann að menn hafi oft villzt þar og komizt nauðulega til bæja, og stúlka ein hafi orðið þar úti fyrir skömmu síðan." Gamla leiðin um Lágheiði hefur að líkindum legið um það bil þar sem þjóðvegurinn liggur nú.

Heimildir: SSE, 32. LE I, 181

EY-623:002 *Kofinn* heimild um sæluhus 65°56.324.N 18°50.495.V

"Vegurinn liggur í krappri beygju yfir Þvergil suður um Kjóamýri og upp á Háheiði. Þar er sæluhus, sem kallað er Kofinn undir Smjörskálum og Smjörkrókum í norðurhliðinni (Súlunum)." segir í örnefnaskrá. Kofinn er fast austan við þjóðveginn yfir Lágheiði um 50-100 m sunnar en þar sem nú er skilti við veginn, á merkjum mótis Skagafirði. Kofinn er á þýfðum hól sem hallar til vesturs að veginum, en fellur inn í hliðina til austurs. Ekki er ljóst hvort kofinn sem nú stendur á hólnum, frá Slysavarnarfélagi Íslands, er sá sem nefndur er í örnefnaskrá, eða hvort þar hefur áður staðið sæluhus. Kofinn sem nú er á hólnum er ekki fornleif, en vera má að hann standi á tóft eldri skála. Hóllinn er mjög þýfður og hér og þar skín í grjót upp úr grasinu, þó ekki með neinu lagi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 44

EY-623:003 *Ginfaxatjörn* þjóðsaga draugur 65°56.428.N 18°50.661.V

"Merkjalækur á Lágheiði, niðri í dalnum er Ginfaxi, eða Ginfaxalækur, sem rennur úr Ginfaxatjörn. Ókunnugt er um uppruna þess nafns, að öðru leyti en því, að Ginfaxi var hestur. Í þjóðsögum J.Á. er smásaga um grasakonur, sem voru að grasatíslu þarna nærri í þoku. Þær sáu allt í einu gráan gæðing og hafði önnur þeirra orð á því, að gaman væri að skreppa á bak honum. Hin ráðleggur henni að fara að öllu varlega, breiða svuntu sína yfir hann og gera svo krossmark þar yfir, áður en hún setjist á bak. Stúlkan fer að þessum ráðum, en samstundis og [hún] gerir krossmarkið, er hesturinn horfinn." segir í örnefnaskrá.

Lækurinn er á merkjum og rennur í gróinni hlið, niðri á jafnsléttu skiptast á gróin holt og mýrarspildur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öl, 44

EY-623:004 heimild um leið

"Af Lágheiði liggur fjallvegur til Svarfaðardals um Klaufabrekknadal og er þá komið niður í samnefndan dal Svarfaðardalsmegin. Mun þessi leið hafa verið all fjölfarin í fyrri daga er framsveitarmenn í Svarfaðardal áttu leið í Fljótin."

Heimildir: Björn Þór Ólafsson: "Ólafsfjarðarfjöll" Árbók Ferðafélags Íslands 1990, 51

6. Fornleifar og byggð

Hér á eftir verður fjallað um helstu minjaflokka á skráningarsvæðinu.

Bæjarhólar og býli

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr góflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás, byggingarefni, torfi og grjóti og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem einna verst hefur farið í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld.

Alls voru skráðir 25 bæjarhólar. og eru margir þeirra í allgóðu ástandi þó tóftir hafi víða verið sléttaðar. Þeir bæjarhólar sem eru í ágætu eða góðu ástandi eru á Hornbrekku, í Lóni, á Grund (Syðri Grund), Bakkakoti, Reykjum, Hóli, Vatnsenda, Ósbrekku, Ósbrekkukoti, Hringverskoti, Bakka og ef til vill á Vermundarstöðum, ásamt Ytri-Á og Syðri-Á.

Fyrir utan bæjarhóla á býlum sem verið hafa í byggð fram á þessa öld eru staðir þar sem byggð hefur annaðhvort varað í stuttan tíma eða þar sem hjáleigur eða afbýli hafa lagst í eyði, en um þá staði var að hluta fjallað í byggðasögukaflanum. Í Ólafsfirði voru alls skráð 33 býli og 14 bústaðir. Helsti munurinn á þessum tveimur hlutverkum er sá að þeim minjastöðum sem vitað er að menn bjuggu almennum búskap með skepnum er gefið hlutverkið *býli* en þurrabúðum er gefið hlutverkið *bústaður*. Frá sjónarmiði fornleifafræðinnar eru staðir af þessu tagi ekki síður mikilvægir en bæjarhólar á lögbýlum, því oft er meira eftir af byggingum í kringum bæjarstæðið þ.e. útihúsum og gördum. Þar hefur byggð sjaldan haldist stöðug og lítið verið byggt á mörgum smærri býlum í seinni tíð. Slíkir staðir hafa einnig meira kynningargildi því að á þeim getur verið auðvelt að átta sig á legu og afstöðu bygginga en bæjarhólar eru oftast ekki annað en ólögulegir hólar, margir huldir sjónum af byggingum og uppfyllingum. Hér verður fjallað sérstaklega um bæjarstæði þar sem minjar eru enn sýnilegar. Hluta þessara býla er getið í Jarðabók Áma og Páls frá árinu 1712.

Hallfreðarstaðir (EY-047:010): Ekki er alveg ljóst hvar Hallfreðarstaðir voru en garðlag hefur varðveist sem hugsanlega er leifar túngarðs á Hallfreðarstöðum og hefur lifað í munnmælum sem slíkt. Skeggjabrekkukot (EY- 026:005): Fjárhús var byggt á bæjarstæðinu og eru tóftirnar líka leifar þess en minjar kotsins gætu leynst undir sverði. Þar sem Reykjarétt stendur við Reykjaána var býlið Reykjakot og eru þar nokkrar tóftir og vallargarður (EY-038:013) sem grafið var í árið 2004. Miklar tóftir af býlum eru á Kvíabekkjardal. Má þar fyrst nefna tóftir Sesseljusels (EY-032:010) en þar var líklega bæði býli og sel. Á Sveinavöllum (EY-032:009) eru tóftirnar nokkuð dreifðar en tvær megin tóftaþyrpingar eru á allmiklum hólum (hólar 1 og 2) og er um 120 m á milli þeirra. Einnig eru tóftir á odda sem Skarðsá myndar að vestan og Húngilsáin austan en þar var býlið Þúfnaveilir (EY-032:008).

Kuml, kirkjugarðar og legstaðir

Sóknarkirkjan í Ólafsfirði hefur líklega verið sú sama frá kristnitöku og er það kirkjan á Kvíabekk (SÞ-032:002). Núverandi kirkja var byggð árið 1892. Árið 1916 var kirkja byggð í kaupstaðnum en gamla kirkjan stendur enn. Bænhús var á Ytri-Á (EY-022:008) og var við lýði þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín voru að safna efni í jarðabók sína árið 1712. Á Þóroddsstöðum mun hafa verið útkirkja (EY-029:022) og segja þeir félagar Árni og Páll í sömu ferð, 1712, að bænhús sé aflagt og ekki ernbættað í manna minnum en að húsið standi þó enn. Bænhús voru einnig á Kálfsá (EY-042:002) og Hornbrekku (EY-048:002). Árið 1487 eru í Kvíabekkjarpingum 1 hálkirkja og 4 bænhús en ekki er vitað hvar fjórða bænhúsið var (EY-622:002). Samkvæmt örnefnaskrá var bænhús á Þúfnavöllum (EY- 032:008) í landi Kvíabekkkjar en ekki er vitað um fleiri heimildir sem styðja það. Mannabein fundust í landi Hornbrekku nokkuð frá bæjarhólnum eða þar sem gamla prestsetrið stendur og hafa sumir vilja tengja það sögnum af bænum Sandkirkju sem var þar nálægt. Engin kuml hafa fundist á skráningarsvæðinu. Tvær heimildir eru um legstaði en báðar frásagnirnar eru þjóðsögukenndar. Annar staðurinn er svokallað Brandsleiði (EY-032:015) í landi Kvíabekkkjar en á hinum staðnum á samkvæmt sögninni ónafngreindur fornmaður að hvíla í landi Þóroddsstaða (EY-029:017) en með honum eiga að liggja gull og gersemar. Í Svarfdælu segir af Vémundi (EY-034:005) og Karli (EY-039:008) sem báðir voru

heygðir á jörðum sínum SBR FF? en hólarnir eru líklega báðir náttúrulegir. Einnig er skráður Ausuhóll (EY-045:008) sem hefur verið raskað töluvert við vegagerð.

Útihús og túngarðar

Útihús í túnnum bæja eru einn stærsti minjaflokkurinn í fornleifaskráningu og má þar helst telja fjárhús, hesthús, skemmur, smiðjur, hænsnakofa og fjós. Jafitframt er þetta sá minjaflokkur sem hvað verst hefur orðið úti við jarðabætur og framkvæmdir á 20. öld. Eðli málsins samkvæmt er því sjaldgæft að finna vel varðveittar tóftir útihúsa á bæjum sem enn eru í byggð eða þar sem tún hafa verið sléttuð með jarðýtum. Þar sem byggð hefur lagst af snemma á 20. öldinni eru margar útihúsatóftir varðveittar og margar nokkuð heillegar.

Ekki er vitað um hlutverk 94 útihúsa en þau sem hafa þekkt hlutverk skiptast á eftirfarandi hátt:

hlutverk	fjöldi
fjárhús	36
lambhús	2
hesthús	14
fjós	8

Almennt virðast bændur ekki hafa verið duglegir að girða tún sín í Ólafsfirði en túngarðar eða leifar þeirra eru aðeins skráðar á sex jörðum.

Kvíar og stekkír

Kvíar og stekkír voru yfirleitt á hverjum bæ á Íslandi allt fram á 20. öld, hvorutveggja mikilvæg aðhöld sem tengdust mjóltum á ám. Kvíarnar voru oftast nálægt bæjum, í túnjörðum, en stekkirnir öllu fjær. Alls eru skráðar níu kvíar í Ólafsfirði. Kvíar voru á Ytri-Á (EY-022:015) og er tóftin mjög ógreinileg, í túnjaðri. Einnig var kvíatóft í Garði (EY-027:016) sem er vel greinileg en er skammt ofan bæjar. Greinilegar kvíatóftir eru skráðar í landi Ósbrekku (EY-024:006). Einnig eru tvíhólfa kvíatóft í landi Bakka (EY-035:007) Einnig í landi Hreppsár (EY-037:012). Kvíar eru merktar inná túnakort frá 1917 í landi Karlsstaða (EY-039:007) en þar hefur nú verið sléttað. Kvíar voru frá Syðri-

Grund (EY-041:009) og hafa tóftirnar varðveist sem og kvíatóftir í landi Lóns (EY-044:012) og Vatnsenda (EY-045:010).

Stekkir voru oft fleiri en einn á hverri jörð og voru oftast nokkuð frá bæ, í úthögum. Algengast er norðan beiða að stekkir séu staðsettir á bilinu 400-1000 m frá bæ en þó ræðst það auðvitað af landslagi og landrými á hverjum bæ. Samtals voru skráðir 27 stekkir á skráningarsvæðinu frá öllum bæjum nema Auðnum, Ósl, Ósbrekku, Þverá, Bakkakoti, Vatnsenda, Hornbrekku og Brimnesi. Á Ytri-Á voru tvær stekkjartóftir (EY-022:019; EY-022:030). Í landi Syðri-Ár er ein stekkjartóft, nokkuð heilleg (EY-023:008). Í landi Skeggjabrekku var stekkjartóft utan við Garðsá (EY-026:014). Garðsstekkur (EY-027:018) hefur verið skemmdur vegna vatnsveitu- og vegaframkvæmda. Í landi Hríthóls var tóft (EY-030:012) um 200 m norðaustur frá bæjarhólnum sem líktist helst stekkjartóft þó engar sagnir því tengdar hafi varðveist. Í Hringverskoti voru þrír stekkir; (EY-031 :007 (Hringver); EY-031:012; EY-031:014). Tveir stekkir skáru sig nokkuð úr. Annar er á Kvíabekk (EY-032:021), áberandi uppi á voldugum hóli með vel uppistandandi hleðslur en hinn er í landi Þóroddsstaða (EY-029:020) og er eini stekkurinn í firðinum sem er að langmestu leyti hlaðinn úr grjóti. Í landi Vémundarstaða hefur varðveist stekkjartóft (EY-034:009) sem og í landi Bakka (EY-035:009). Í landi Hreppsár og Reykja var sitthvor stekkjartóftin (EY-037:011; EY-038:020). Á Karlsstöðum eru tvær stekkjartóftir og er önnur þeirra allstæðileg (EY-039:014, 016). Allvegleg stekkjartóft hefur varðveist við fjallsrætur í landi Hóls (EY- 040:013) og einnig er þrískipt stekkjartóft í landi Grundar (EY-041:008). Í landi Kálfsár hafa varðveist tvær stekkjartóftir, önnur nálægt bæ (EY-042014) en hin er ríflega 600 m frá bænum (EY-042:028). Stekkurinn í landi Kálfsárskots er horfinn enda hefur svæðið sem hann var á allt verið vésléttað (EY-043:006). Varðveist hefur greinileg stekkjartóft í landi Lóns (EY-044:007) sem og í landi Hólkots (EY- 046:005). Í landi Burstabrekku var Gamlistekkur (EY-047:013) en þar er tvær stekkjartóftir og garðlag umhverfis þær. Tvær aðrar stekkjartóftir hafa varðveist í landi jarðarinnar (EY-047:020, 021) og einnig greindi heimildarmaður frá tóft sem nú er horfin (EY- 047:016). Þeir stekkir sem skráðir voru eru að meðaltali rétt rúma 500 m frá bæ. Flestir stekkjanna eru stakar, tvískiptar tóftir en dæmi voru þó um að stekkirnir væru tvær tóftir og/eða þústir.

Beitarhús og sel

Flestar íslenskar landnámsjarðir og þó sér í lagi þær sem voru um eða yfir meðalstærð höfðu selsstöðu, oft á gróðursælum svæðum nálægt mörkum jarðarinnar. Mörg dæmi eru um að býli hafi verið byggð á gömlum seljum og öfugt þannig að ekki er alltaf gott að segja til um hvors kyns er því sel gátu verið býsna mikil fyrirtæki, stór og hýst nokkrar manneskjur og skepnur. Stundum voru meira að segja túngarðar umhverfis selin.

Munur á seljum og beitarhúsum er heldur ekki einsýnn og fer það nokkuð eftir landshlutum hvað menn kalla sel og hvað beitarhús. En almennt talað má segja að víðasthvar sé sel haft um stað þar sem menn dvöldu, til lengri eða skemmri tíma, yfir sumar að sinna skepnum og vinna mjólkurafurðir. Beitarhús kallast það yfirleitt þegar átt er við fjárhús í úthögum þar sem kindur voru hýstar yfir veturinn og lítið gefið hey. Kindurnar, gjarnan sauðir, voru látnar krafsa sjálfar en beitarhúsamaður sá um að þær fengju nóg að éta og að reka þær á hús í vondum veðrum. Stundum var lítil hlaða við beitarhúsin. Oft gengu beitarhúsamennirnir á milli húsa og bæjar daglega eða sjaldnar en stundum kom fyrir að þeir dvöldust í húsunum. Því má ætla að seljum hafi verið valinn staður með tilliti til gróðurs og vatns en beitarhúsum frekar með tilliti til snjóalaga ekki síður en gróðurs. Víða um land eru seljarústir að jafnaði stærri en tóftir beitarhúsa en það er alls ekki algilt.

Tvö sel eru á Kleifum, í landi Ytri-Ár. Annað er í mynni Árdals (EY-022:033), og er um 1 km norðvestan bæjar. Tóftasvæðið er um 25 x 50 m að stærð og eru 6 tóftir greinanlegar sem allar eru vallgrónar. Hitt selið (EY-022:020) í landi Ytri-Ár er áleiðis í Fossdal og Hvanndali, um 1,6 km norðaustur frá bænum, í hliðarslakka Selfjalls. Það sel er talsvert mikið um sig: tóftirnar eru í það minnsta 5 á svæði sem er um 80 m x 40.

Örnefnið Sesseljusel (EY-032:010), í landi Kvíabekkjar, bendir til selstöðu en á þessum stað var síðar byggt upp býli. Það er uppi á Kvíabekkjardal og staðurinn hentar ágætlega fyrir selstöðu. Tóftir eru þónokkrar á staðnum en ómögulegt er að segja til um hvað tilheyri býlinu og hvað selinu gamla enda viðbúið að gömlu seltóftirnar hafi verið notaðar þegar býlið var byggt upp.

Vonast var til að finna sel í landi Syðri-Ár en það fannst ekki við fornleifaskráningu sumarið 2004 þrátt fyrir leit í Árdal. Heimildamenn mundu ekki eftir seli á þessum slóðum en örnefni eins og „Selhryggur“ benda til að þar hafi

verið sel samanber fornleif EY-023:016. Örnefui bentu einnig til selstöðu í Garðsdal (EY-027:019) en engar leifar af því fundust við vettvangsskoðun og ekki konnuðust heimildamenn við sel á dalnum. Leifar Skeggjabrekkusels (EY- 026:008) fundust í tæplega 2 km fjarlægð frá bænum og stendur selið á hæð nærri árbakka Garðsár. Þar eru þrjár greinilegar rústir auk vallargarðs sem er fast innan við innstu seltóftina. Upp á miðjum Vémundarstaðadal hafa varðveist þrjár tóftir sem eru taldar seltóftir (EY-034:013). Í landi Kálfsár eru örnefuið Selhóll rétt 200 m VNV við bæjarhólinn (EY-042:017).

Aðeins þrenn beitarhús hafa verið skráð á svæðinu. Eitt er í landi Ytri-Ár (EY-022:022), rétt við vitann á leið í Hvanndali, um 3,2 km norðaustur frá bæ. Einnig var beitarhús í landi Kvíabekkkjar (EY-032:017). Beitarhúsið við vitann er ekki mikil tóft, einföld og lítil. Kvíabekkkjarbeitarhúsin eru allmikil tóft, um 26 x 20 m og 6 - 7 hólf. Þau eru um 1,2 km vestur frá Kvíabekkkjarbænum (gamla). Beitarhús frá Vermundastöðum heita Ásgrímshúsatóftir (EY-034:017) og eru um klukkustundaRgang frammi á dal - heiman frá bæ talið. Þar eru þrjár tóftir,

Mógrafir og torfrista

Mór var eitt helsta eldsneyti sem menn áttu völ á fyrr á öldum en ekki var jafngott mótak á öllumjörðum. Samtals voru skráðr 33 mógrafir og eru minjar um grafirnar sýnilega á öllum stöðunum nema þremur. Engar mógrafir voru á Ósbrekkukoti, Auðnum, Þóroddsstöðum, Þverá og Bakkakoti, Grund, Lóni og Hólkoti. Reyndar er ekki loku fyrir það skotið að mór hafi verið tekinn á fleiri jörðum þótt ekki finnist ritheimildir þar um. Eins gæti það verið að heimildmönnum sé ekki kunnugt um þó að svo hafi verið.

Aðeins eru skráðir þrír torfristastaðir þó torf hljóti að hafa verið rist víðar.

Getið er um ristu í landi Bakka, Kálfsár og Burstabrekku en hvergi sjást neinar minjar um ristuna.

Leiðir

Alls eru skráðar 18 leiðir í Ólafsfirði en aðeins sjást minjar um fjórar götur og tvo vegi. Helstu götur sem skráðar eru lágu til annarra héraða. Upp frá Burstabrekku sést gata sem farin var yfir Dranga að Karlsá á Upsaströnd (EY-047:012). Einnig

má nefna að 1839 segir: frá leið sem lá um Hreppsendárdal (EY-037:007) og einnig eru enn greinilegar minjar um leiðina um Ólafsfjarðarskarð sem var þjóðleið til Fljóta (EY-032:013).

7. Niðurstöður

Tölfræði og hættumat

Með þessari skýrslu er lokið skráningu fornleifa í Ólafsfjarðarhreppi. Ætla má að með skýrslunni fáiist gott yfirlit um dreifingu og ástand fornleifa á svæðinu. Ekki er þar með sagt að skýrslan sé tæmandi, enda leynast fornleifar víða. Gengið var á langflesta þekkta minjastaði og einnig bættist mjög mikið við af fornleifum við vettvangsathugun. Heildarfjöldi skráðra minjastaða reyndist 554 í öllum hreppnum. Hér á eftir fylgja nokkrar staðreyndir um eðli og ástand þessara minja, þ.e. þeirra sem á annað borð var unnt að flokka.

tegund	fjöldi
álagablettur	10
bæiarhóll	25
bæjarstæði	27
frásögn	20
garðlag	24
gata	5
gerði	12
zrvfia	4
heimild	165
hleðsla	1
hús	7
laug	3
lind	1
mannabein	2
náma	28
náttúrumin	1
tóft	131
tóft+garðlag	1
tóftir	21
varða	3
vegur	2
þjóðsaga	17
þúst	24
örnefni	20

hlutverk	fjöldi
aftökustaður	1
beitarhús	3
bústaður	39
býli	33
bænhús	4
draugur	2
fiárhús	36
fiársiódur	3
fiós	8
göngugarður	1
hesthús	14
heygarður	1
heygryfia	1
heystæði	19
hjallur	4
hlaða	1
hrútakofi	2
huldufólksbústaður	12
kálgarður	11
kirkja	1
kvíar	9
lambabyrgi	1
lambhús	2
landamerki	6
legstaður	9
leið	18
lending	3
manndómsraun	1
mógrafir	33
mylla	1
óþekkt	45
reykhús	1
rétt	5
rista	3
sel	7
sjóbúð	1
skemma	3
smalakofi	2
smiðja	2
stekkur	27
sundlaug	1
sæluhús	1
tjaldstæði	1
traðir	1

túngarður	6
uppsátur	3
útihús	94
útkirkja	1
vað	9
vatnsból	1
verbúð	3
vörslugarður	1
þingstaður	2
þvottalaug	2

hættumat	fjöldi
engin hætta	323
hætta	285
stórhætta	6

Staðir sem eru ekki í hættu eru yfirleitt fjarri bæjum. Allir staðir sem eru í heimatúnum þar sem enn er búið eða nærri hugsanlegum framkvæmdum teljast í hættu en í stórhættu eru einungis þær fornleifar sem eru í næsta námunda við stórframkvæmdir eða á barmi eyðileggingar. Helstu hættuorsakir eru eftirfarandi:

hættuorsök	fjöldi
Vegna ábúðar	205
Vegna framkvæmda	38
Vegna jarðræktar	1
Vegna líkagraftar	1
Vegna rasks	1
Vegna rofs	6
Vegna trjáræktar	1
Vegna vatnsaga	4
Vegna vegagerðar	33

EY-026:016 óþekktar tóftir

Í landi Skeggjabrekku. Um 50 m norðan við skurðenda sem liggur inn Brekkudalinn í dalsmynninu er fagurgræn hæð með L-laga tóft um 40 m utar og og neðar er önnur, einföld tóft. . Þær eru í stórhættu vegna vegagerðar

EY-026:007 mógrafir

Greinilegar mógrafir í landi Skeggjabrekku sem liggja beint í mögulegu vegastæði og teljast því í stórhættu.

EY-026:019 óþekktar tóftir

Í landi Skeggjabrekku. Tóftir eru um 40 m norðvestan við Garðsá og um 50 m utar en brúin sem er á hitaveituslóðanum yfir Garðsá. Þær eru í stórhættu vegna vegagerðar

EY-026:020 óþekktar tóftir

Í landi Skeggjabrekku. Beint ofan við innri enda stíflu og um 80 m ofan við skurð sem liggur inn mynni Brekkudals eru tvær tóftir í hlíðinni. Þær eru í stórhættu vegna vegagerðar

EY-047:016 frásögn um stekk

Stekkur í landi Burstabrekku taldist í stórhættu vegna framvkæmda við sumarbústað sem byggður var ofaná tóftinni.

EY-047:020 Stekkjartóft

Stekkjartóft í landi Burstabrekku taldist í stórhættu vegna trjáræktar á áðurnefndri sumarbústaðalóð.

Verndun og kynning minja

Um dreifingu minjastaða gildir sú meginregla að flestar fornleifar eru í heimatúnum, í og við bæi. Því fækkar fornleifum eftir því sem fjær dregur bæ. Á bæjum sem búið hefur verið á alla 20. öld hafa undantekningalítið átt sér stað gagngerar breytingar; ný íbúðarhús hafa verið byggð og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni. Sömuleiðis hafa tún verið sléttuð, skurðir grafnir, vegir heim að bæ byggðir upp, lagfærðir o.s.frv. Það er því algengt að lítið sem ekkert sé eftir af þeim fornleifum sem voru sýnilegar heima við bæi í upphafi 20. aldar. Af þessum sökum er algengt að um eða meira en helmingur fornminja (að meðaltali) á hverri jörð sem haldist hefur í byggð sé horfinn af yfirborði. Brýnt er að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari eyðileggingu fornleifa nærri byggð á svæðinu.

Engir friðlýstir minjastaðir eru í Ólafsfirði en þó er marga athyglisverða minjastaði þar að finna. Góð leið til að varðveita minjastaði getur verið að kynna þá og gera aðgengilega almenningi og því getur vel farið saman kynning og fornleifavernd. Af fornleifum á skráningarsvæðinu sem hafa sérstakt verndunar-, rannsóknar- og eða kynningargildi má nefna.

EY-022:020 og EY-022:033 sel

Ekki eru mörg sel varðveitt í Ólafsfirði. Því hafa selin í landi Ytri-Ár tvímælalaust bæði verndunar- og kynningargildi.

EY-027:022 reykhus

Þótt reykhus sem slík séu sjaldan mjög gömul þá er reykkofinn í Garði gamall og ber handbragði liðins tíma vitni. Kofinn hefur ekki síst kynningargildi þar sem margt ungviðið hefur ekki séð uppistandandi torfhús og hvað þá þar sem matur er reyktur í.

EY-029:020 Grjótstekkur

Grjótstekkur er að mörgu leyti dæmigerður stekkur, tvískipt tóft sem er um 600 NNA frá bæ. Hann er hlaðinn úr grjóti og er fallegt mannvirki sem hefur kynningar- og varðveislugildi.

EY-032.021 stekkur og túngarður

Stekkur staðsettur um 400 m norðan við Kvíabekk er einfaldlega nefndur Stekkurinn. Þetta er vandlega hlaðin tóft úr torfi og grjóti sem er á talsverðum hóli með túngarð umhverfis. Lækur liðast skammt frá. Tóftin er falleg og hefur kynningargildi og varðveislugildi.

EY-032:008; 009;010 Þúfnavellir; Sveinavellir; Sesseljusel

Gömlu býlin á Kvíabekkjardölum hafa afgerandi rannsóknar-, varðveisl- og kynningargildi. Tóftir þeirra eru allar vel sýnilegar og í ágætu ástandi. Á góðum sumardegum er skemmtileg gönguleið frá þjóðvegi upp að tóftunum. Ásamt því að vera heillegar tóftir mætti með skiltum og/eða bæklingagerð nota þessa minjastaði til að miðla upplýsingum um búskap á smærri jörðum fyrri alda auk þess sem hagir og búshættir dalbúa eru athyglisverðir fyrir margra hluta sakir.

EY-034:017 beitarhús

Ásgrímshúsatóftir í landi Vermundarstaða. Tóftirnar eru þrjár í um hálfs kílómeters fjarlægð frá bæ. Þær hafa varðveislugildi enda lítið af skráðum beitarhúsum á svæðinu en einnig mætti hugsa sér að tóftirnar hentuðu vel til kynningar þar sem þær eru aðgengilegar og gott dæmi um forna búskaparhætti.

EY-041 :001 bæjartóftir að Syðri-Grund

Bæjartóftin á Syðri-Grund er stæðileg og vel varðveitt. Bærinn fór í eyði árið 1924 og gefur tóftin góða mynd af húsakosti minni bæja í byrjun 20. aldar. Tóftin hentar vel til kynningar auk þess sem hún geymir upplýsingar um horfna lífshætti og hefur því rannsóknargildi.

EY-048:001 bæjarhóll, Hornbrekka

Bæjarhóllinn á Hornbrekku hefur verið sléttaður og minjunum raskað. Þó er ljóst að hann hefur ótvírætt rannsóknargildi, þar sem vonlegt er að enn séu öröskuð mannvistarlög undir sverði.


EY-038 eða EY-025 Ósbrekkukot eða Reykir

Bæjarhólar og túnstæði bæjanna Ósbrekkukots eða Reykja væri tilvalið að varðveita sem dæmi um horfna búskaparhætti enda mikið af minjum þar stutt frá vegi sem aðgengilegt væri að kynna fyrir áhugasömum.


8. Fornleifakort

Hér á eftir fylgja fornleifakort af skráðum fornleifum í Ólafsfirði

Skýringar: Fornleifar eru merktar með svörtum dílum og númeri sem samsvarar fornleifaskrá. Landamerki eru merkt með rauðum línum. Það svæði sem sýnt er á túnakortum er skyggt á loftmyndunum.




Kort 1. Yfirlitskort af skráningarsvæðinu.



Kort 2 Fornleifakort fyrir EY-022 Ytri- og EY-023 Syðri Á.




Kort 3 Fornleifakortfyrir EY-024 Ósbrekk, EY-025 Ósbrekkukot, EY-026 Skeggjastaði og EY-027 Garð.




Kort 4. Fornleifakort fyrir EY-028 Auðnir, EY-029 Þóroddsstaðir og EY-030 Hrúthól



Kort 5 Fornleifakort fyrir EY-031 Hringverskot






Kort 7, Fornleifakort fyrir EY-034 Vermundarstaði, EY-035 Bakka og EY-036 Bakkakot




Kort 8. Fornleifakort fyrir EY-037 Hreppsá




Kort 9. Fornleifakort fyrir EY-038 Reyki




Kort 10. Fornleifakort fyrir EY-039 Karlsstaðir




Kort 11. Fornleifakort fyrir EY-040 Hól og EY-041 Grund



Kort 12. Fornleifakortfyrir EY-042 Kálfsá og EY-043 Kálfsárkot




Kort 13. Fornleifakort fyrir EY-044 Lón



Kort 14. Fornleifakort fyrir EY-045
Vatnsenda og EY- 046Hólkot



Kort 15. Fornleifakort fyrir EY-047 Burstabrekku



Kort 16. Fornleifakort fyrir EY-048 Hornbrekku og EY-049 Brimnes

Heimildaskrá

- Aldred, Oscar.: *Vegabætur á vegi frá Reykjum í Ólafsfirði upp á Lágheiði*
Fornleifarannsóknir á Reykjum í Ólafsfirði og á Lágheiði
Fornleifastofnun Íslands FS268-04281 Reykjavík 2005
- BE 1990 I:** *Byggðir Eyjafjarðar 1990. 1993. Búnaðarsamband Eyjafjarðar. Björn Þór Ólafsson: "Ólafsfjarðarfjöll" Árbók Ferðafélags Íslands 1990*
- DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI.*
Kaupmannahöfn og Reykjavík 1853-1976.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir: *Fornleifar í landi Reykja í Ólafsfirði* FS 196-03031,
Fornleifastofnun Íslands
- FF:** *Frásögur umfornaldarleifar 1817-1823 I-II. 1983. Sveinbjörn Rafnsson bjó*
til prentunar. Reykjavík.
- Friðrik Gunnar Olgeirsson *Byggðin á Kleifum : saga byggðar á Kleifum frá landnámi til*
loka 20. aldar [Ólafsfirði], 2003.
- Friðrik Gunnar Olgeirsson *Hundrað ár í Horninu I-III bindi [Ólafsfirði]: 1984- 1991*
- IA:** *Íslandske annaler indtil 1578, útgefið af Gustav Storm Kristjánía 1977.*
- ÍF I:** *Íslenzk fornrit I. Íslendingabók og Landnáma. Reykjavík 1968.*
- ÍF IX:** *Íslenzk fornrit XI. Eyfirðinga sögur Reykjavík 1956*
- JÁM X:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IV. Kaupmannahöfn 1943*
- JJ:** Johnses, J: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppnum og*
prestaköllum, ágrip úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslu um sölu
þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn 1847.
- Kalund, Kristian: *Íslenskir Sögustaðir III, Reykjavík 1985*
- Orri Vésteinsson. 2001. *Fornleifakönnun. Jarðgöng milli Ólafsfjarðar og*
Siglufjarðar. FS141-01061. Fornleifastofnun Íslands.
- PP:** Sveinn Nielsson: *Presta tal og prófaste Kaupmannahöfn 1869.*
- SSE:** *Sýslu- og sóknalýsingar Eyjafjarðarsýslu, Eyfirzk fræði II, Akureyri 1972.*
- Steindór Steindórsson: *Lýsing Eyjafjarðar I, [Akureyri], 1949*
Sturlunga saga 1-11. Reykjavík 1946.

Túnakort fyrir Ólafsfjarðarhrepp frá því 1917. Þjóðskjalasafn Íslands.

Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri, I-VI Reykjavík 1954-1961

Ö-Ól: Örnefni í Ólafsfirði og Hvanndölum Jóhannes Óli Sæmundsson skráði.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri.

Heimildamenn:

Albert Magnússon

Annette Maria Ruck

Ármann Þórðarson

Ásgrímur Pálmason

Ásta Sigríður Kristinsdóttir

Bára Sæmundsdóttir

Guðmundur Finnsson

Guðmundur Gíslason

Gunnar Steinsson

Hreinn Bernharðsson

Jóhannes Jóhannesson

Jóhannes Þengilsson

Jón Guðmundsson

Jón Konráðsson

Kristján H. Jónsson

Magnús Sigursteinsson

Ragna Björgvinsdóttir

Sigurður Guðmundsson

Sigursteinn Magnússon

Sigþór Ólason

Sveinbjörn Árnason

